

REGLUGERÐ EVRÓPUPÜINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 2003/2003**2008/EES/10/11****frá 13. október 2003****um áburð (*)**

EVRÓPUPÜINGID OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum
95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álti efnahags- og félagsmálanefndar
Evrópubandalaganna ⁽²⁾,

í samræmi við málsmæðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr.
sáttmálands ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Umtalsverðar breytingar hafa nokkrum sinnum verið gerðar á tilskipun ráðsins 76/116/EBE frá 18. desember 1975 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um tilbúinn áburð ⁽⁴⁾, tilskipun ráðsins 80/876/EBE frá 15. júlí 1980 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um eingildan ammoníumníratáburð sem inniheldur mikjöld köfnunarefni ⁽⁵⁾, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 87/94/EBE frá 8. desember 1986 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um leiðir til að hafa eftirlit með eiginleikum eingilda ammoníumníratáburðar sem inniheldur mikjöld köfnunarefni og mörkum hans fyrir sprengijol ⁽⁶⁾ og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 77/535/EBE frá 22. júní 1977 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um aðferðir við sýnatökum úr og greiningu á tilbúnum áburði ⁽⁷⁾. Til glöggvunar skulu þessar tilskipanir felldar úr gildi og í stað þeirra koma einn löggerningur í samræmi við orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til Evrópupüingsins og ráðsins

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjóð. ESB L 304, 21.11.2003, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 8/2005 frá 4. febrúar 2005 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 32, 23.6.2005, bls. 9.

(¹) Stjóð. EB C 51 E, 26.2.2002, bls. 1 og Stjóð. EB C 227 E, 24.9.2002, bls. 503.

(²) Stjóð. EB C 80, 3.4.2002, bls. 6.

(³) Álit Evrópupüingsins frá 10. apríl 2002 (Stjóð. EB C 127 E, 29.5.2002, bls. 160), sameiginleg aftaða ráðsins frá 14. apríl 2003 (Stjóð. ESB C 153 E, 1.7.2003, bls. 56) og ákvörðun Evrópupüingsins frá 2. september 2003 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindum ESB*).

(⁴) Stjóð. EB L 24, 30.1.1976, bls. 21. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópupüingsins og ráðsins 98/97/EB (Stjóð. EB L 18, 23.1.1999, bls. 60).

(⁵) Stjóð. EB L 250, 23.9.1980, bls. 7. Tilskipuninni var breytt með tilskipun Evrópupüingsins og ráðsins 97/63/EB (Stjóð. EB L 335, 6.12.1997, bls. 15).

(⁶) Stjóð. EB L 38, 7.2.1987, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 88/126/EBE (Stjóð. EB L 63, 9.3.1988, bls. 12).

(⁷) Stjóð. EB L 213, 22.8.1977, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 95/8/EB (Stjóð. EB L 86, 20.4.1995, bls. 41).

um „einfaldari löggjöf fyrir innri markaðinn“ (SLIM) og aðgerðaáætlunina um einn óskiptan markað.

- 2) Löggjöf Bandalagsins um áburð er mjög tæknileg að efni til. Reglugerð er því heppilegasti löggerningurinn því að þær eru gerðar beinar og nákvæmar kröfur til framleiðenda sem þeim ber að uppfylla á sama tíma og á sama hátt í öllu Bandalaginu.
- 3) Áburður verður, í hverju aðildarríki, að hafa tiltekna, tæknilega eiginleika sem mælt er fyrir um með lögboðnum ákvæðum. Þessi ákvæði, sem einkum fjalla um samsetningu og skilgreiningu á mismunandi tegundum áburðar, heiti þessara tegunda, auðkenningu þeirra og umbúðir, eru breytileg eftir aðildarríkjum. Ósamræmi ákvæðanna hindrar viðskipti innan Bandalagsins og því ber að samræma þau.
- 4) Þar eð markmiðið með fyrirhugaðri aðgerð er að tryggja innri markað fyrir áburð og aðildarríkin geta ekki náð þessu markmiði til fulls ef ekki eru til sameiginlegar tækniviðmiðanir og þar eð auðveldara er að ná markmiðinu á vettvangi Bandalagsins vegna þess hve aðgerðin er umfangsmikil getur Bandalagið sampykkt ráðstafanir í samræmi við dreifraðisregluna í 5. gr. sáttmálands. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, ganga ákvæði þessarar reglugerðar ekki lengra en nauðsynlegt er til að þessu markmiði verði náð.
- 5) Nauðsynlegt er að mæla fyrir um heiti, skilgreiningu og samsetningu tiltekinna tegunda áburðar (EB-áburðar) á vettvangi Bandalagsins.
- 6) Einnig ber að setja reglur Bandalagsins um auðkenningu, rekjanleika og merkingu EB-áburðar og um lokun umbúða.
- 7) Koma skal á málsmæðferð á vettvangi Bandalagsins sem beita skal þegar aðildarríki telur nauðsynlegt að setja takmarkanir á setningu EB-áburðar á markað.

- 8) Framleiðsla áburðar getur verið háð sveiflum sem rekja má til framleiðsluaðferða eða grunnefna. Sýnataka og greiningaraðferðir geta einnig verið breytilegar. Af þessum sökum er nauðsynlegt að heimila frávik í næringarefnainnihaldinu sem er gefið upp. Ráðlegt er að setja þessum frávikum þróngar skorður til að gæta hagsmuna notenda í landbúnaði.
- 9) Rannsóknarstofur, sem aðildarríkin hafa samþykkt og tilkynnt til framkvæmdastjórnarinnar, skulu annast opinbert eftirlit með því hvort kröfum í þessari reglugerð um gæði og samsetningu EB-áburðar sé fullnægt.
- 10) Ammoníumnítrat er undirstöðuefni vara í ýmsum vöruflokkum og eru sumar þeirra ætlaðar til notkunar sem áburður en aðrar sem sprengiefni. Með hliðsjón af sérstökum eiginleikum köfnunarefnisríks ammoníumnítratáburðar og þeim kröfum sem þar af leiðir er varða almannaoryggi og heilsu og vernd starfsmanna er nauðsynlegt að mæla fyrir um frekari reglur Bandalagsins um EB-áburð af þessari tegund.
- 11) Sumar þessara vara kunna að vera haettulegar og gætu í tilteknun tilvikum verið notaðar í öðrum tilgangi en til var ætlast. Þetta gæti stofnað öryggi fólks og eigna í haettu. Því ber að skylda framleiðendur til að gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir slíka notkun og einkum að tryggja rekjanleika áburðar af þessu tagi.
- 12) Í þágú almannaoryggis er einkum brýnt að skilgreina á vettvangi Bandalagsins þau einkenni og eiginleika sem greina köfnunarefnisríkan EB-ammoníumnítratáburð frá annars konar ammoníumnítrati sem er notað í framleiðslu vara sem eru notaðar sem sprengiefni.
- 13) Köfnunarefnisíkur EB-ammoníumnítratáburður þarf að hafa tiltekna eiginleika til að öruggt sé að hann sé óskaðlegur. Framleiðendur skulu sjá til þess að köfnunarefnisíkur ammoníumnítratáburður sé ekki settur á markað fyrr en hann hefur staðist sprengipolsprófun.
- 14) Setja þarf reglur um aðferðir þar sem notuð eru lokað varmaferli þótt ekki þurfi endilega í þessum aðferðum að líkja eftir öllum aðstæðum sem kunna að koma upp við flutning og geymslu.
- 15) Áburður getur mengast af efnum sem kunna að vera haettuleg heilbrigði manna og dýra og umhverfinu. Í framhaldi af álti vísdanefndarinnar um eiturhrif, eiturhrif í umhverfinu og umhverfið ætlar framkvæmda-
- stjórnin að fjalla um jarðefnaáburð, sem af slysn inniheldur kadmíum, og semja tillögu, eftir því sem við á, sem hún hyggst leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið. Önnur aðskotaeftni verða tekin til svipaðrar athugunar eftir því sem við á.
- 16) Rétt er að koma á málsméðferð sem framleiðanda eða fulltrúa hans ber að fylgja ef hann sækist eftir að bæta nýrri tegund áburðar við í I. viðauka til að geta notað merkinguna „EB-áburður“.
- 17) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun rásins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið⁽¹⁾.
- 18) Aðildarríkin skulu mæla fyrir um viðurlög við brotum gegn ákvæðum þessarar reglugerðar. Þau geta kveðið á um að sekta megi framleiðanda, sem brýtur gegn ákvæðum 27. gr., um fjárhæð sem jafngildir tífoldu markaðsvirði sendingar sem uppfyllir ekki ákvæðin.
- 19) Tilskipanir 76/116/EBE, 77/535/EBE, 80/876/EBE og 87/94/EBE skulu felldar úr gildi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ PESSA:

I. BÁLKUR

ALMENN ÁKVÆÐI

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar

1. gr.

Gildissvið

Reglugerð þessi tekur til vara sem eru settar á markað sem áburður undir heitinu „EB-áburður“.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „Áburður“: efni sem er fyrst og fremst notað sem næring fyrir plöntur.
- b) „Ádalnæringarefni“ (primary nutrient): einungis frumefnin köfnunarefni, fosfór og kalí (kalfum).
- c) „Aukanæringarefni“ (secondary nutrient): frumefnin kalsíum, magnesíum, natríum og brennisteinn.
- d) „Snefilefni“ (micro-nutrients): frumefnin bór, kóbalt, kopar, járn, mangan, mólybden og sink sem eru nauðsynleg fyrir vöxt plantna en í lithu magni miðað við magn aðal- og aukanæringarefna.

⁽¹⁾ Stjtóð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

- e) „Ólifrænn áburður“: áburður þar sem næringarefnin, sem eru gefin upp, eru í formi steinefna sem hafa verið framleidd með útdrátti eða eðlisfræðilegum og/eða efnafraðilegum iðnferlum. Samkvæmt hefðinni má flokka kalsíumsýanamíð(tröllamjöl), þvagefni (úrea) og afleiður þess og skyld efní, og áburð, sem inniheldur klóbundin eða flókabundin snefilefni, sem ólifrænan áburð.
- f) „Klóbundið snefilefni“ (chelated micro-nutrient): snefilefni sem er bundið einni af lífrænu sameindunum sem eru taldar upp í lið E.3.1 í I. viðauka.
- g) „Flókabundið snefilefni“ (complexed micro-nutrient): snefilefni sem er bundið einni af sameindunum sem eru taldar upp í lið E.3.2 í I. viðauka.
- h) „Áburðartegund“: mismunandi afbrigði áburðar sem eiga það sameiginlegt að bera eitt og sama tegundarheitið eins og tilgreint er í I. viðauka.
- i) „Eingildur áburður“ (straight fertiliser): köfnunarefnis-, fosför- eða kalfáburður sem inniheldur aðeins eitt aðalnæringarefnanna í magni sem skylt er að gefa upp.
- j) „Fjölgildur áburður“ (compound fertiliser): áburður sem er framleiddur á efnafraðilegan hátt eða með blöndun eða báðum þessum aðferðum og inniheldur a.m.k. tvö aðalnæringarefnanna í magni sem skylt er að gefa upp. Í föstu ástandi inniheldur hvert korn öll næringarefnin í þeirri samsetningu sem gefin er upp (einkorna áburður).
- k) „Samþættur áburður“ (complex fertiliser): fjölgildur áburður sem er framleiddur með efnahvarfi eða upplausn eða, í föstu formi, með kyrningu og inniheldur a.m.k. tvö aðalnæringarefnanna í magni sem skylt er að gefa upp. Í föstu ástandi inniheldur hvert korn öll næringarefnin í þeirri samsetningu sem gefin er upp (einkorna áburður).
- l) „Fjölkorna áburður“ (blended fertiliser): áburður sem er framleiddur, án efnahvarfa, með þurblöndun nokkurra tegunda áburðar.
- m) „Blaðáburður“ (foliar fertiliser): áburður sem hentar til notkunar á blöð nytjaplantna sem geta tekið upp næringarefni gegnum blöðin.
- n) „Fljótandi áburður“ (fluid fertiliser): áburður í sviflausn eða í lausn.
- o) „Áburður í lausn“ (solution fertiliser): fljótandi áburður án agna.
- p) „Áburður í sviflausn“ (suspension fertiliser): tvífasa áburður með föstum ögnum í sviflausn.
- q) „Yfirlýsing“: tilgreining á magni næringarefna, sem eru örugglega innan tilgreindra vikmarka, ásamt formi þeirra og leysni.
- r) „Upgefíð innihald“: innihald frumefnis eða oxíðs þess í EB-áburði sem er gefið upp á merkimiða EB-áburðarins eða í viðeigandi fylgiskjali í samræmi við löggjöf Bandalagsins.
- s) „Vikmörk“: leyfilegt frávik mælds innihalds næringarefnis frá uppgefnu innihaldi þess.
- t) „Evrópustaðall“: staðall Staðlasamtaka Evrópu (CEN) sem Bandalagið hefur viðurkennt opinberlega og birt tilvísun til í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.
- u) „Umbúðir“: ílát sem unnt er að loka og er notað til að geyma, verja, meðhöndla og dreifa áburði en inniheldur ekki meira en 1000 kg.
- v) „Áburður í lausu“ (bulk): áburður sem er ekki í umbúðum eins og mælt er fyrir um í þessari reglugerð.
- w) „Setning á markað“: afhending áburðar, hvort sem er gegn greiðslu eða án endurgjalds, eða geymsla hans með afhendingu fyrir augum. Innflutningur áburðar inn á tollsvæði Evrópubandalagins telst setning á markað.
- x) „Framleiðandi“: einstaklingur eða lögaðili sem ber ábyrgð á setningu áburðar á markað. Til framleiðenda teljast einkum iðnrekendur, innflyttjendur og þökkunarfyrirtæki, sem starfa á eigin vegum, og sérhver aðili sem breytir eiginleikum áburðar. Dreifingaraðili, sem breytir ekki eiginleikum áburðar, telst hins vegar ekki framleiðandi.

II. KAFLI

Setning á markað

3. gr.

EB-áburður

Ef áburður tilheyrir áburðartegund, sem er skráð í I. viðauka, og uppfyllir skilyrðin, sem mælt er fyrir í þessari reglugerð, er heimilt að gefa honum heitið „EB-áburður“.

Ekki skal nota heitið „EB-áburður“ um áburð sem uppfyllir ekki skilyrðin í þessari reglugerð.

4. gr.

Staðfesta í Bandalaginu

Framleiðandinn skal hafa staðfestu í Bandalaginu og bera ábyrgð á samræmi „EB-áburðarins“ við ákvæði þessarar reglugerðar.

5. gr.

Frjáls dreifing

- Aðildarríkjunum er óheimilt að banna, takmarka eða hindra setningu áburðar, sem er merktur „EB-áburður“ og er í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar, á markað með skírskotun í samsetningu, auðkenni, merkingu eða umbúðir eða með skírskotun í önnur ákvæði þessarar reglugerðar, sbr. þó 15. gr. og aðra löggjöf Bandalagsins.

2. Dreifing áburðar, sem er merktur „EB-áburður“ í samræmi við þessa reglugerð, er frjáls í Bandalaginu.

6. gr.

Lögboðnar upplýsingar

1. Aðildarríkjunum er heimilt, til að uppfylla kröfur skv. 9. gr., að mæla svo fyrir að köfnunarefnis-, fosfór- og kalínnihald áburðar, sem er settur á markað þeirra, skuli tilgreint með eftifarandi hætti:

- a) köfnunarefni, einungis sem frumefni (N), og annaðhvort
- b) fosfór og kalí, einungis sem frumefni (P, K), eða
- c) fosfór og kalí, einungis sem oxíð (P_2O_5 , K_2O), eða
- d) fosfór og kalí bæði sem frumefni og oxíð.

Sé tekinn så kostur að mæla svo fyrir að fosfór- og kalínnihald skulu tilgreint sem frumefni skal lesa allar tilvísanir í viðaukunum til oxíða eins og þau væru í formi frumefnis og umrekna tölugildin með eftifarandi stuðlum:

- a) fosfór (P) = fosfórpentoxíð (P_2O_5) $\times 0,436$,
- b) kalí (K) = kalíoxíð (K_2O) $\times 0,830$.

2. Aðildarríkjunum er heimilt að mæla svo fyrir að kalsíum-, magnesíum-, natrím- og brennisteinsinnihald í áburðartegundum, sem innihalda aukanæringarefni, og, svo fremi skilyrði skv. 17. gr. hafi verið uppfyllt, áburðartegundum sem innihalda aðalnæringarefni, sem eru settar á markaði þeirra, skuli gefið upp:

- a) sem oxíð (CaO , MgO , Na_2O , SO_3) eða
- b) sem frumefni (Ca, Mg, Na, S) eða
- c) bæði sem oxíð og frumefni.

Við umrekning á kalsíumoxíð-, magnesíumoxíð-, natrúumoxíð- og brennisteinsþríoxíðinnihaldi í kalsíum-, magnesíum-, natrím- og brennisteinsinnihald skal nota eftifarandi stuðla:

- a) kalsíum (Ca) = kalsíumoxíð (CaO) $\times 0,715$,
- b) magnesíum (Mg) = magnesíumoxíð (MgO) $\times 0,603$,
- c) natrúum (Na) = natrúumoxíð (Na_2O) $\times 0,742$,
- d) brennisteinn (S) = brennisteinsþríoxíð (SO_3) $\times 0,400$.

Þegar um er að ræða reiknað oxíð- eða frumefnisinnihald skal hækka eða lækka töluna, sem gefin er upp, í næsta aukastaf.

3. Aðildarríkin skulu ekki hindra setningu „EB-áburðar“ á markað ef hann er bæði merktur sem oxíð og frumefni skv. 1. og 2. mgr.

4. Þegar tveimur eftirtalinna skilyrða er fullnægt skal gefa upp innihald eins eða fleiri snefilefnanna bórs, kóbalts, kopars, járns, mangans, mólýbdens eða sinks í EB-áburðartegundunum sem eru skráðar í A-, B-, C- og D-hluta I. viðauka:

- a) snefilefnunum er bætt við og þau eru a.m.k. í því lágmarksmagni sem er tilgreint í liðum E.2.2 og E.2.3 í I. viðauka,
- b) EB-áburðurinn verður eftir sem áður að standast þær kröfur sem fram koma í A-, B, C og D-hluta I. viðauka.

5. Ef snefilefnin eru eðlilegir efnispættir hráefnanna sem leggja til aðalnæringarefni (N, P, K) og aukanæringarefni (Ca, Mg, Na, S) er heimilt að gefa þau upp, svo fremi þessi snefilefni séu a.m.k. í því lágmarksmagni sem er tilgreint í liðum E.2.2 og E.2.3 í I. viðauka.

6. Snefilefnainnihald skal gefið upp á eftifarandi hátt:

- a) fyrir áburð sem tilheyrir þeim tegundum sem eru skráðar í lið E.1 í I. viðauka, í samræmi við kröfur sem eru settar fram í 6. dálki þess liðar,
- b) fyrir blöndur áburðartegundanna, sem um getur í a-lið og innihalda a.m.k. tvö mismunandi snefilefni og uppfylla kröfur skv. lið E.2.1 í I. viðauka, og fyrir áburð, sem tilheyrir þeim áburðartegundum sem eru skráðar í A-, B-, C- og D-hluta I. viðauka, með því að tilgreina:
 - i) heildarinnihald, gefið upp sem hundraðshlut miðað við massa áburðarins,
 - ii) vatnsleyasanlegt innihald, gefið upp sem hundraðshlut miðað við massa áburðarins, ef leysanlegi hlutinn er a.m.k. helmingur heildarinnihaldsins.

Ef snefilefni er algerlega vatnsleyasanlegt skal einungis gefa upp vatnsleyasanlegt innihald.

Ef snefilefni er efnafræðilega bundið lífrænni sameind skal gefa upp innihald snefilefnisins í áburðinum strax á eftir vatnsleyasanlegu innihaldi sem hundraðshluta miðað við massa vörurnar þar sem annaðhvort hugtakanna „klóbundinn með“ eða „flókabundinn með“ kemur á eftir, ásamt heiti lífrænu sameindarinnar eins og það er sett fram í lið E.3 í I. viðauka. Heimilt er að setja efnatákn lífrænu sameindarinnar í stað heitis hennar.

7. gr.

Auðkenning

1. Framleiðandi EB-áburðar skal merkja hann með þeim auðkennum sem eru tilgreind í 9. gr.
2. Ef áburðurinn er í umbúðum er skyld að hafa þessi auðkenni á umbúðunum eða á áföstum merkimiðum. Ef áburðurinn er í lausu er skyld að hafa auðkennin í fylgiskjölunum.

8. gr.

Rekjanleiki

Framleiðendur skulu halda skrár yfir uppruna áburðar til að tryggja rekjanleika EB-áburðar, sbr. þó ákvæði 3. mgr. 26. gr. Aðildarríkin skulu hafa aðgang að þessum skrám til skoðunar á meðan framleiðandi heldur áfram að setja áburðinn á markað og auk þess í tvö ár eftir að framleiðandi hettir að setja hann á markað.

9. gr.

Merkningar

1. Með fyrirvara um aðrar reglur Bandalagsins skulu umbúðir, merkimiðar og fylgiskjöl, sem um getur í 7. gr., merkt með eftirfarandi hætti:

a) Lögboðin auðkenni:

- orðin „EB-ÁBURÐUR“ með hástöfum,
- tegundarheiti áburðar skv. I. viðauka, ef það er til,
- þegar um er að ræða fjölkorna áburð skal orðið „fjölkorna“ standa á eftir tegundarheitinu,
- viðbótarmerkingar sem eru tilgreindar í 19., 21. eða 23. gr.,
- næringarefni skulu tilgreind bæði með orðum og með viðeigandi efnatáknunum, s.s. köfnunarefni (N), fosfór (P), fosfórpentoxíð (P_2O_5), kalí (K), kalíoxíð (K_2O), kalsíum (Ca), kalsíumoxíð (CaO), magnesíum (Mg), magnesíumoxíð (MgO), natrium (Na), natriumoxíð (Na_2O), brennisteinn (S), brennisteinsþróxið (SO_3), bór (B), kopar (Cu), kóbalt (Co), járn (Fe), mangan (Mn), mólýbden (Mo), sink (Zn),
- ef áburðurinn inniheldur snefilefní og þau öll eða hluti þeirra er efnafræðilega tengdur lífrænni sameind kemur önnur af eftirfarandi skýringum á eftir heiti snefilefnisins:
 - i) „klóbundinn með ...“ (heiti klóbindils (chelating agent)) eða skammstöfun þess eins og sett er fram í lið E.3.1 í I. viðauka),
 - ii) „flókabundinn með ...“ (heiti bindils (complexing agent)) eins og það er sett er fram í lið E.3.1 í I. viðauka),
- snefilefní í áburðinum, skráð í stafrófsröð efnatákna þeirra: B, Co, Cu, Fe, Mn, Mo, Zn,
- sérstakar notkunarleiðbeiningar fyrir vörur sem eru tilgreindar í liðum E.1 og E.2 í I. viðauka,

— magn fljótandi áburðar, gefið upp miðað við massa. Hvort valinn er sá kostur að gefa upp magn fljótandi áburðar í rúmmáli eða sem massa á rúmmál (kilógrömm á hektólítra eða grömm á lítra) er valfrjálst,

— hreinn massi eða brúttómassi og, en það er valfrjálst, rúmmál fljótandi áburðar. Ef brúttómassinn er gefinn upp skal tilgreina törumassa við hlið hans,

— heiti eða viðskiptaheiti og heimilisfang framleiðandans.

b) Valfrjáls auðkenni:

- eins og tilgreint er í I. viðauka,
- leiðbeiningar um geymslu og meðhöndlun og, fyrir áburð sem er ekki tilgreindur í liðum E.1 og E.2 í I. viðauka, sérstakar leiðbeiningar um notkun áburðarins,
- upplýsingar um þá skammta og þau notkunarskilyrði sem hæfa ástandi jarðvegsins og þeim plöntum sem áburðurinn er ætlaður,
- merki framleiðanda og verslunarheiti vörunnar.

Upplýsingarnar, sem um getur í b-lið, mega ekki stangast á við þær sem um getur í a-lið og verða að vera skýrt aðgreindar frá þeim.

2. Allar merkingar, sem um getur í 1. mgr., verða að vera skýrt aðgreindar frá öllum öðrum upplýsingum á umbúðum, merkimiðum og í fylgiskjolum.

3. Ekki má setja fljótandi áburð á markað nema framleiðandi láti í té viðeigandi viðbótarleiðbeiningar sem taki einkum til geymsluhita og hvernig koma megi í veg fyrir slys við geymslu.

4. Samþykka ber ítarlegar reglur um beitingu þessarar greinar samkvæmt málsméðferðinni sem um getur í 2. mgr. 32. gr.

10. gr.

Merking

1. Merkimiðar eða merkingar á umbúðunum með upplýsingum, sem um getur í 9. gr., skulu vera á áberandi stað. Merkimiðar skulu festir á umbúðirnar eða þann búnað sem er notaður til að loka þeim. Sé þessi búnaður innsigli skal heiti eða vörumerki umbúðafyrirtækisins standa á því.
2. Merkingarnar, sem um getur í 1. mgr., skulu vera óafmáanlegar og vel læsilegar og haldast þannig.
3. Þegar um er að ræða áburð í lausu, sem um getur í öðrum málslíð 2. mgr. 7. gr., skal eintak af skjölunum með auðkennismerkingunum fylgja vörunum og vera tiltækt til skoðunar.

11. gr.

Tungumál

Merkimiðar, merkingar á umbúðum og fylgiskjöl skulu a.m.k. vera á þjóðtungu eða þjóðtungum aðildarríkisins þar sem EB-áburðurinn er settur á markað.

12. gr.

Umbúðir

Ef um er að ræða EB-áburð sem er pakkað er skyldt að loka umbúðunum þannig eða með þannig búnaði að festingin, innsigli á festingu eða umbúðirnar sjálfar eyðileggist þegar þær eru opnaðar. Heimilt er að nota sekki með loka.

13. gr.

Vikmörk

1. Neringarefnainnihald í EB-áburði skal vera í samræmi við vikmörkin sem sett eru í II. viðauka og eiga að gefa svigrúm fyrir frávik í framleiðslu, sýnatöku og greiningu.

2. Framleiðandi skal ekki færa sér skipulega í nyt þau vikmörk sem eru tilgreind í II. viðauka.

3. Engin vikmörk eru leyfð í tengslum við lágmarks- og hámarksinnihaldið sem tilgreint er í I. viðauka.

14. gr.

Kröfur sem eru gerðar til áburðar

Því aðeins er heimilt að skrá áburðartegund í I. viðauka:

- að áburðurinn láti greiðlega frá sér næringarefni,
- að séð sé fyrir viðeigandi aðferðum til sýnatöku og greiningar og, ef þörf krefur, prófunaraðferðum,
- að áburðurinn skaði hvorki heilbrigði manna, dýra eða plantna né umhverfið við venjuleg notkunarskilyrði.

15. gr.

Verndarákvæði

1. Hafi aðildarríki gildar ástæður til að ætla að tiltekinn EB-áburður stofni öryggi eða heilbrigði manna, dýra eða plantna í hættu eða umhverfinu, þrátt fyrir að hann uppfylli kröfur samkvæmt þessari reglugerð, er því heimilt að banna

tímabundið setningu þessa áburðar á markað á yfirráðasvæði sínu eða setja sérstök skilyrði sem gildi um hann. Það skal þegar í stað tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum þar um og rökstyðja ákvörðun sína.

2. Framkvæmdastjórnin skal samþykka ákvörðun um málið innan 90 daga frá viðtöku þessara upplýsinga í samræmi við málsmæðferðina sem um getur í 2. mgr. 32. gr.

3. Ákvæði þessarar reglugerðar skulu ekki koma í veg fyrir að framkvæmdastjórnin eða aðildarríki grípi til ráðstafana, sem réttlættar eru á grundvelli almannaoryggis, til að banna, takmarka eða hindra setningu EB-áburðar á markað.

II. BÁLKUR**ÁKVÆÐI UM TILTEKNAR TEGUNDIR ÁBURÐAR***I. KAFLI**Ólifrænn áburður sem inniheldur aðalnæringsarefni*

16. gr.

Gildissvið

Þessi kafli gildir um ólifrænan áburð sem inniheldur aðalnæringsarefni, hvort sem hann er í föstu eða fljótandi formi, eingildur eða fjölgildur, þ.m.t. áburður sem inniheldur aukanæringsarefni og/eða snefilefni, og skal lágmarksinnihald af næringarefnum vera skv. A-, B-, C-hluta, lið E.22. eða lið E.2.3 í I. viðauka.

17. gr.

Yfirlýsing um aukanæringsarefni í áburði sem inniheldur aðalnæringsarefni

Heimilt er að gefa upp kalsíum-, magnesíum-, natríum- og brennisteinsinnihald sem innihald aukanæringsarefna í EB-áburðartegundum, sem eru skráðar í A-, B- og C-hluta I. viðauka, að því tilskildu að þessi frumefni séu í áburðinum í a.m.k. eftirfarandi lágmarksagni:

- 2% kalsíumoxíð (CaO), þ.e. 1,4% Ca,
- 2% magnesíumoxíð (MgO), þ.e. 1,2% Mg,
- 3% natríumoxíð (Na₂O), þ.e. 2,2% Na,
- 5% brennisteinsþríoxíð (SO₃), þ.e. 2% S.

Þegar svo háttar skal bæta viðbótarmerkingsunni, sem er tilgreind í ii-lið 2. mgr. 19. gr., við tegundarheitið.

18. gr.

Kalsíum, magnesíum, natrium og brennisteinn

1. Yfirlýsing um magnesíum-, natrium- og brennisteinsinnihald áburðartegunda, sem eru taldar upp í A-, B- og C-hluta í I. viðauka, skal gefin á einhvern eftifarandi máta:

a) heildarinnihald, gefið upp sem hundraðshlutu áburðarins miðað við massa,

b) heildarinnihald og vatnsleysanlegt innihald, gefið upp sem hundraðshlutu áburðarins miðað við massa, ef leysanlegi hlutinn er a.m.k. fjórðungur heildarinnihaldsins,

c) ef frumefni er algerlega vatnsleysanlegt skal einungis gefa upp vatnsleysanlegt innihald sem hundraðshluta miðað við massa.

2. Einungis skal gefa yfirlýsingum um innihald kalsíums ef það leysist upp í vatni og það skal gefið upp sem hundraðshlutu áburðarins miðað við massa nema annað sé tekið fram í I. viðauka.

19. gr.

Auðkenni

1. Auk lögboðinna auðkennismerkings, sem um getur í a-lið 1. mgr. 9. gr., skal nota merkingarnar sem settar eru fram í 2., 3., 4., 5. og 6. mgr. þessarar greinar.

2. Nota skal eftirfarandi merkingar eftir tegundarheiti fjölgilda áburðar:

i) Efnatákn uppgefinna aukanæringarefna, í sviga og á eftir táknum fyrir aðalnæringarefnin.

ii) Tölur sem tilgreina innihald aðalnæringarefna. Uppgefið innihald aukanæringarefna skal tilgreint í sviga á eftir innihaldi aðalnæringarefna.

3. Á eftir tegundarheiti áburðarins skulu einungis koma tölur sem sýna innihald aðal- og aukanæringarefna.

4. Ef snefilefni eru gefin upp skal nota orðin „með snefilefnum“ eða orðið „með“ og á eftir því heiti og efnatákn snefilefnisins eða snefilefnanna í áburðinum.

5. Innihald aðalnæringarefna og aukanæringarefna skal gefið upp sem hundraðshluti miðað við massa, í heilum tölum eða, ef þörf krefur og viðeigandi greiningaraðferð er fyrir hendi, með einum aukastaf.

Þegar um er að ræða áburð sem inniheldur fleiri en eitt næringarefni sem er gefið upp skulu aðalnæringarefnin talin upp í þessari röð: N, P₂O₅ og/eða P, K₂O og/eða K, og þegar um er að ræða aukanæringarefni: CaO og/eða Ca, MgO og/eða Mg, Na₂O og/eða Na, SO₃ og/eða S.

Þegar snefilefnainnihald er gefið upp skal tiltaka heiti og tákna hvers snefilefnis, hundraðshluta miðað við massa, eins og tilgreint er í liðum E.2.2 og E.2.3 í I. viðauka, ásamt leysni.

6. Einnig skal gefa upp form og leysni næringarefna sem hundraðshluta áburðarins miðað við massa nema skýrt sé tekið fram í I. viðauka að innihald þeirra skuli gefið upp á annan hátt.

Nota skal einn aukastaf nema þegar um er að ræða snefilefni en þá skal hafa þann hátt á sem er tilgreindur í liðum E.2.2 og E.2.3 í I. viðauka.

II. KAFLI

Ólífrænn áburður sem inniheldur aukanæringarefni

20. gr.

Gildissvið

Þessi kafli gildir um ólífrænan áburð sem inniheldur aukanæringarefni, hvort sem hann er í föstu eða fljótandi formi, þ.m.t. áburður sem inniheldur snefilefni, og skal lágmarksinnihald næringarefna vera skv. hluta D, lið E.2.2 og lið E.2.3 í I. viðauka

21. gr.

Auðkenni

1. Auk lögboðinna auðkennismerkings, sem um getur í a-lið 1. mgr. 9. gr., skal nota merkingarnar sem settar eru fram í 2., 3., 4. og 5. mgr. þessarar greinar.

2. Ef snefilefni eru gefin upp skal nota orðin „með snefilefnum“ eða orðið „með“ og á eftir því heiti og efnatákn snefilefnisins eða snefilefnanna í áburðinum.

3. Innihald aukanæringarefna skal gefið upp sem hundraðshluti miðað við massa, í heilum tölum eða, ef þörf krefur og viðeigandi greiningaraðferð er fyrir hendi, með einum aukastaf.

Ef fleiri en eitt næringarefni er í áburðinum skulu þau gefin upp í þessari röð:

CaO og/eða Ca, MgO og/eða Mg, Na₂O og/eða Na, SO₃ og/eða S.

Þegar snefilefnainnihald er gefið upp skal tiltaka heiti og tákna hvers snefilefnis, hundraðshluta miðað við massa, eins og tilgreint er í liðum E.2.2 og E.2.3 í I. viðauka, ásamt leysni.

4. Einnig skal gefa upp form og leysni næringarefna sem hundraðshluta áburðar miðað við massa nema skýrt sé tekið fram í I. viðauka að innihald þeirra skuli gefið upp á annan hátt.

Nota skal einn aukastaf nema þegar um er að ræða snefilefnini en þá skal hafa þann hátt á sem er tilgreindur í liðum E.2.2 og E.2.3 í I. viðauka.

5. Einungis skal gefa yfirlýsingum um kalsíuminnihald ef það leysis upp í vatni og skal það gefið upp sem hundraðshluti miðað við massa áburðarins.

III. KAFLI

Ólifrænn áburður sem inniheldur snefilefni

22. gr.

Gildissvið

Þessi kafli gildir um ólifrænan áburð sem inniheldur snefilefni, hvort sem hann er í föstu eða fljótandi formi, og skal lágmarksinnihald næringarefna vera skv. lið E.1 og E.2.1 í I. viðauka.

23. gr.

Auðkenni

1. Auk lögboðinna auðkennismerringa, sem um getur í a-lið 1. mgr. 9. gr., skal nota merkingarnar sem settar eru fram í 2., 3., 4. og 5. mgr. þessarar greinar.

2. Ef áburðurinn inniheldur fleiri en eitt snefilefni skal nota tegundarheitið „blanda snefilefna“ og á eftir því heiti snefilefnanna í áburðinum og efnatákn þeirra.

3. Ef áburður inniheldur aðeins eitt snefilefni (sjá lið E.1 í I. viðauka) skal gefa upp snefilefnainnihald sem hundraðshluta miðað við massa, í heilum tölum eða, ef þörf krefur, með einum aukastaf.

4. Gefa skal upp form og leysni næringarefna sem hundraðshluta miðað við massa áburðarins nema skýrt sé tekið fram í I. viðauka að innihald þeirra skuli gefið upp á annan hátt.

Fjöldi aukastafa fyrir snefilefni skal vera eins og tilgreint er í lið E.2.1 í I. viðauka.

5. Eftirfarandi skal standa undir lögboðnum eða valfrjálsum yfirlýsingum á merkimiðanum og í fylgiskjölunum þegar um er að ræða vörur sem eru tilgreindar í lið E.1 og E.2.1 í I. viðauka:

„Aðeins til notkunar þar sem viðurkennd þörf er fyrir hendi. Notið ekki stærri skammað en við á.“

24. gr.

Umbúðir

EB-áburður, sem fellur undir ákvæði þessa kafla, skal vera í umbúðum.

IV. KAFLI

Köfnunarefnisríkur ammoníumníratáburður

25. gr.

Gildissvið

Í þessum kafla merkir köfnunarefnisríkur ammoníumníratáburður, hvort heldur er eingildur eða fjölgildur, vörur sem eru að stofni til úr ammoníumnítrati, eru framleiddar til notkunar sem áburður og innihalda yfir 28% af köfnunarefni, miðað við massa, sem hlutfall af ammoníumnítrati.

Þessi tegund áburðar kann að innihalda ólifræn eða óvirk efni.

Efnin, sem eru notuð við framleiðslu þessarar tegundar áburðar megi hvorki auka hitanæmi hans né sprengifimi.

26. gr.

Öryggisráðstafanir og öryggiseftirlit

1. Framleiðandi eingilds, köfnunarefnisríks ammoníumníratáburðar skal sjá til þess að hann sé í samræmi við ákvæði 1. liðar III. viðauka.

2. Þær athuganir, greiningar og prófanir vegna opinbers eftirlits með eingildum, köfnunarefnisríkum ammoníumáburði, sem kveðið er á um í þessum kafla, skulu fara fram í samræmi við aðferðirnar sem lýst er í 3. lið III. viðauka.

3. Til að tryggja rekjanleika köfnunarefnisríks EB-ammoníumníratáburðar, sem er settur á markað, skal framleiðandi halda skrár yfir heiti og heimilisföng verksmiðjanna, þar sem áburðurinn og aðalefnispættir hans eru framleiddir, og rekstraraðila þessara verksmiðja. Aðildarríkin skulu hafa aðgang að þessum skrám til skoðunar á meðan framleiðandi heldur áfram að setja áburðinn á markað og auk þess í tvö ár eftir að framleiðandi hættir að setja hann á markað.

27. gr.

Sprengipolsprófun

Með fyrirvara um ráðstafanirnar, sem um getur í 26. gr., skal framleiðandi köfnunarefnisríks EB-ammoníumníratáburðar, sem er settur á markað, sjá til þess að sérhver tegund hans hafi staðist spengipolsprófunina sem lýst er í 2. og 3. lið (3. liður 1. aðferðar) og 4. lið III. viðauka við þessa reglugerð. Ein þeirra samþykktu rannsóknarstofa, sem um getur í 1. mgr. 30. gr. eða 1. mgr. 33. gr., skal annast þessa prófun. Framleiðendur skulu leggja niðurstöður prófunarinnar fyrir lögbært yfirvald í viðkomandi aðildarríki a.m.k. fimm dögum áður en þeir setja áburðinn á markað eða, þegar um innflutning er að ræða, a.m.k. fimm dögum áður en komið er með áburðinn að landamærum Evrópubandalagsins. Eftir það skal framleiðandi halda áfram að ábyrgjast að allar birgðir áburðarins, sem eru settar á markaðinn, standist framangreinda prófun.

28. gr.

Umbúðir

Köfnunarefnisíkur ammoníumnítratáburður skal ekki tiltækur neytendum nema í umbúðum.

III. BÁLKUR**SAMRÆMISMAT Á ÁBURÐI**

29. gr.

Eftirlitsráðstafanir

1. Aðildarríkjum er heimilt að fella áburð, sem er merktur EB-áburður, undir opinbert eftirlit í þeim tilgangi að sannreyna að hann sé í samræmi við þessa reglugerð.

Aðildarríkjum er heimilt að krefjast þóknunar sem er ekki umfram kostnað við prófanir sem eru nauðsynlegar vegna þessara eftirlitsráðstafana en það skuldbindur framleiðendur ekki til að endurtaka prófanir eða greiða fyrir endurteknar prófanir hafi fyrsta prófunin verið framkvæmd af rannsóknarstofu, sem uppfyllir skilyrði skv. 30. gr., og hafi sú prófun sýnt að viðkomandi áburður sé í samræmi við ákvæðin.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að sýnataka og greining vegna opinbers eftirlits með EB-áburði, sem eru tilgreindar í I. viðauka, fari fram í samræmi við aðferðirnar sem er lýst í III. og IV. viðauka.

3. Adeins er unnt að sannreyna hvort farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar, að því er varðar samræmi við tilteknar tegundir áburðar og samræmi við uppgefið næringarinnihald og/eða uppgefið innihald sem er sett fram sem form og leysanleiki slíksra næringarefna, með því að beita sýnatöku- og greiningaraðferðum, sem fastsettar eru í samræmi við III. og IV. viðauka og að teknu tilliti til vikmarkanna sem eru tilgreind í II. viðauka.

4. Þegar aðferðir við mælingar, sýnatöku og greiningar eru aðlagðar og færðar í nútímahorf skal fylgja málsméðferðinni sem um getur í 2. mgr. 32. gr. og leitast eftir megni við að fylgja Evrópustöðlum. Beita skal sömu málsméðferð við samþykkt þeirra framkvæmdarreglna sem þarf til að segja til um eftirlitsráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari grein og í 8., 26. og 27. gr. þessarar reglugerðar. Þessar reglur skulu einkum fjalla um hversu oft þarf að endurtaka prófanir og um ráðstafanir sem eiga að tryggja að áburður, sem er settur á markað, sé sams konar áburður og sá sem var prófaður.

30. gr.

Rannsóknarstofur

1. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni tilkynningu um skrána yfir samþykktar rannsóknarstofur á yfirráðasvæðum sínum sem eru bærar til að veita þá þjónustu sem þarf til eftirlits með því að EB-áburður sé í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar. Þessar rannsóknarstofur verða að

uppfylla staðhana sem um getur í B-hluta V. viðauka. Tilkynningin skal send eigi síðar en 11. júní 2004 og við hverja breytingu eftir það.

2. Framkvæmdastjórnin skal birta skrána yfir samþykktar rannsóknarstofur í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

3. Hafi aðildarríki gildar ástæður til að ætla að samþykkt rannsóknarstofa uppfylli ekki staðhana, sem um getur í 1. mgr., skal það veikja málssmári um nefndinni sem um getur í 32. gr. Komist nefndin að þeirri niðurstöðu að rannsóknarstofan uppfylli ekki staðhana skal framkvæmdastjórnin fella hana brott úr skránni sem um getur í 2. mgr.

4. Framkvæmdastjórnin skal samþykka ákvörðun um málið innan 90 daga frá viðtökum þessara upplýsinga í samræmi við málsméðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 32. gr.

5. Framkvæmdastjórnin skal birta skrána með áorðnum breytingum í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

IV. BÁLKUR**LOKAÁKVÆÐI***I. KAFLI****Aðlögun viðaukanna***

31. gr.

Nýjar tegundir EB-áburðar

1. Skráning nýrra tegunda áburðar í I. viðauka við þessa reglugerð skal samþykkt í samræmi við málsméðferðina sem um getur í 2. mgr. 32. gr.

2. Ef framleiðandi eða fulltrúi hans hyggst leggja til að ný tegund áburðar verði skráð í I. viðauka og sú krafa er gerð að hann taki saman tækniskjöl í því skyni skal hann, við samantekt tækniskjalanna, hafa hliðsjón af tækniskjölunum sem um getur í A-hluta V. viðauka.

3. Breytingar, sem eru nauðsynlegar til að laga viðaukana að tækniframförum, skulu samþykktar í samræmi við málsméðferðina sem um getur í 2. mgr. 32. gr.

32. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

II. KAFLI***Bráðabirgðaákvæði****33. gr.***Par til bærar rannsóknarstofur**

1. Með fyrirvara um ákvæði 1. mgr. 30. gr. geta aðildarríkin, á tilteknu aðlögunartímabili sem lýkur 11. desember 2007, haldið áfram að beita innlendum ákvæðum um veitingu leyfa til þar til bærra rannsóknarstofa til að veita þá þjónustu sem þarf til eftirlits með því að EB-áburður sé í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni tilkynningu um skrána yfir þessar rannsóknarstofur ásamt upplýsingum um fyrirkomulag á veitingu leyfa til þeirra. Þessi tilkynning skal send eigi síðar en 11. júní 2004 og við hverja breytingu eftir það.

*34. gr.***Pökkun og merking**

Prátt fyrir ákvæði 1. mgr. 35. gr. er heimilt að halda áfram að nota merkingar, umbúðir, merkimiða og fylgiskjöl fyrir EB-áburð, samkvæmt ákvæðum eldri tilskipana, til 11. júní 2005.

III. KAFLI***Lokaákvæði****35. gr.***Niðurfelldar tilskipanir**

1. Tilskipanir 76/116/EBE, 77/535/EBE, 80/876/EBE og 87/94/EBE eru hér með felldar úr gildi.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg, 13. október 2003.

Fyrir hönd Evrópupjingsins,

P. COX

forseti.

2. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipanirnar sem tilvísanir í þessa reglugerð. Einkum skal líta á undanþágur frá ákvæðum 7. gr. tilskipunar 76/116/EBE, sem framkvæmdastjórnin veitti skv. 6. mgr. 95. gr. sáttmálans, sem undanþágur frá ákvæðum 5. gr. í þessari reglugerð og þær gilda áfram án tillits til gildistóku þessarar reglugerðar. Uns viðurlög skv. 36. gr. hafa verið samþykkt er aðildarríkjum heimilt að beita áfram viðurlögum við brotum á innlendum reglum sem settar hafa verið til framkvæmdar þeim tilskipunum sem nefndar eru í 1. mgr.

*36. gr.***Viðurlög**

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn ákvæðum þessarar reglugerðar og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa letjandi áhrif.

*37. gr.***Ákvæði landsлага**

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni fyrir 11. júní 2005 um öll ákvæði landsлага sem þau hafa samþykkt skv. 6. gr. (1. og 2. mgr.), 29. gr. (1. mgr.) og 36. gr. þessarar reglugerðar og tilkynna henni tafarlaust um allar síðari breytingar á þessum ákvæðum.

*38. gr.***Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* nema 8. gr. og 3. mgr. 26. gr. sem öðlast gildi 11. júní 2005.

Fyrir hönd ráðsins,

G. ALEMANNO

forseti.

EFNISYFIRLIT

	Bls.
I. VIÐAUKI – Skrá yfir tegundir EB-áburðar	15
A. Eingildur, ólifrænn áburður sem inniheldur aðalnærингarefni	15
A.1. Köfnunarefnisáburður	15
A.2. Fosfóráburður	19
A.3. Kalíáburður	22
B. Ólifrænn, fjölgildur áburður sem inniheldur aðalnærингarefni	23
B.1. NPK-áburður	23
B.2. NP-áburður	27
B.3. NK-áburður	30
B.4. PK-áburður	32
C. Ólifrænn, fljótandi áburður	34
C.1. Eingildur, fljótandi áburður	34
C.2. Fjölgildur, fljótandi áburður	36
D. Ólifrænn áburður sem inniheldur aukanærингarefni	42
E. Ólifrænn áburður sem inniheldur snefilefní	43
E.1. Áburður sem inniheldur aðeins eitt snefilefní	43
E.1.1. Bór	43
E.1.2. Kóbalt	44
E.1.3. Kopar	45
E.1.4. Járn	46
E.1.5. Mangan	46
E.1.6. Mólýbden	47
E.1.7. Sink	48
E.2. Lágmarksinnihald snefilefna, gefið upp sem hundraðshlutum af þyngd áburðar	49
E.3. Skrá yfir leyfða, lífræna klóbindla (chelating agents) og bindla (complexing agents) fyrir snefilefní	50
II. VIÐAUKI – Víkmörk	51
1. Eingildur, ólifrænn áburður sem inniheldur aðalnærингarefni — raungildi í hundraðshlutum miðað við massa, gefið upp sem N, P ₂ O ₅ , K ₂ O, MgO, Cl	51
2. Ólifrænn, fjölgildur áburður sem inniheldur aðalnærингarefni	52
3. Aukanærингarefni í áburði	52
4. Snefilefní í áburði	52
III. VIÐAUKI – Tæknileg ákvæði fyrir köfnunarefnisríkan ammoníumnítratáburð	53
1. Eiginleikar og viðmiðunarmörk fyrir eingildan, köfnunarefnisríkan ammoníumnítratáburð	53

2.	Lýsing á sprengipolsprófun fyrir köfnunarefnisíkan ammoníumnítratáburð	53
3.	Aðferðir til að sannreyna samræmi við viðmiðunarmörkin sem eru tilgreind í 1. og 2. þætti III. viðauka	54
4.	Ákvörðun á sprengipoli	66
	IV. VIÐAUKI – Aðferðir við sýnatöku og greiningu	73
A.	Aðferð við sýnatöku vegna eftirlits með áburði	73
1.	Markmið og gildissvið	73
2.	Sýnatökumenn	73
3.	Skilgreiningar	73
4.	Búnaður	73
5.	Megindlegar kröfur	74
6.	Fyrirmæli um töku, undirbúning og pökkun sýna	75
7.	Pökkun lokasýna	76
8.	Sýnatökuskrá	76
9.	Viðtökustaður sýna	76
B.	Aðferðir við greiningu á áburði	76
	Almennar athugasemdir	76
	Almenn ákvæði um aðferðir við greiningu áburðar	76
Aðferð 1	— Undirbúningur sýnis fyrir greiningu	76
Aðferðir 2	— Köfnunarefni	78
Aðferð 2.1	— Ákvörðun á ammoníakbundnu köfnunarefni	78
Aðferðir 2.2	— Ákvörðun á nítrat- og ammoníakbundnu köfnunarefni	87
Aðferð 2.2.1	— Ákvörðun á nítrat- og ammoníakbundnu köfnunarefni með aðferð Ulsch	87
Aðferð 2.2.2	— Ákvörðun á nítrat- og ammoníakbundnu köfnunarefni með aðferð Arnds	88
Aðferð 2.2.3	— Ákvörðun á nítrat- og ammoníakbundnu köfnunarefni með aðferð Devardas	90
Aðferðir 2.3	— Ákvörðun á heildarköfnunarefni	94
Aðferð 2.3.1	— Ákvörðun á heildarköfnunarefni í nítratlausu kalsíumsýanamíði (tröllamjöli)	94
Aðferð 2.3.2	— Ákvörðun á heildarköfnunarefni í kalsíumsýanamíði (tröllamjöli) sem inniheldur nítröt	95
Aðferð 2.3.3	— Ákvörðun á heildarköfnunarefni í þvagefni	98
Aðferð 2.4	— Ákvörðun á sýanamíðbundnu köfnunarefni	99
Aðferð 2.5	— Ákvörðun á bíureti í þvagefni með litrófsmælingu	101
Aðferðir 2.6	— Ákvörðun á mismunandi formum köfnunarefnis í sama sýninu	104
Aðferð 2.6.1	— Ákvörðun á mismunandi formum köfnunarefnis í sama sýni áburðar sem inniheldur köfnunarefni í formi nítrats, ammoníaks, þvagefnis og sýanamíðs	104

Aðferð 2.6.2	— Ákvörðun á mismunandi formum köfnunarefnis í áburði sem inniheldur einungis köfnunarefni í formi nitrats, ammoníaks og þvagefnis	116
Aðferð 3	— Fosför	122
Aðferð 3.1	— Útdráttur	122
Aðferð 3.1.1	— Útdráttur á fosför sem leysist upp í ólífrænum sýrum	122
Aðferð 3.1.2	— Útdráttur á fosför sem leysist upp í 2% maurusýru (20 g á lítra)	123
Aðferð 3.1.3	— Útdráttur á fosför sem leysist upp í 2% sítrónusýru (20 g á lítra)	123
Aðferð 3.1.4	— Útdráttur á fosför sem leysist upp í hlutlausu ammoníumsítrati	124
Aðferð 3.1.5	— Útdráttur með basísku ammoníumsítrati	126
Aðferð 3.1.5.1	— Útdráttur á leysanlegum fosför með aðferð Petermanns við 65° C	126
Aðferð 3.1.5.2	— Útdráttur á leysanlegum fosför með aðferð Petermanns við stofuhita	128
Aðferð 3.1.5.3	— Útdráttur á fosför, sem leysist upp í basísku ammoníumsítrati, með aðferð Joulies	129
Aðferð 3.1.6	— Útdráttur á vatnsleysanlegum fosför	130
Aðferð 3.2	— Ákvörðun á útdregnum fosför (þyngdarmæling með kínolínfosfórmólýbdati) ...	131
Aðferð 4	— Kalíum	134
Aðferð 4.1	— Ákvörðun á innihaldi vatnsleysanlegs kalfúms	134
Aðferð 5	—	137
Aðferð 6	— Klór	137
Aðferð 6.1	— Ákvörðun á klóríðum án lífrænna efna	137
Aðferð 7	— Mölunarfinleiki	139
Aðferð 7.1	— Ákvörðun á mölunarfinleika (þurr aðferð)	139
Aðferð 7.2	— Ákvörðun á mölunarfinleika linra, náttúrulegra fosfata	140
Aðferð 8	— Aukanæringarefni	141
Aðferð 8.1	— Útdráttur á öllu kalsíumi, magnesíumi, natríumi og brennisteini í formi súlfata .	141
Aðferð 8.2	— Útdráttur á öllum brennisteini í mismunandi formum	142
Aðferð 8.3	— Útdráttur á vatnsleysanlegu kalsíumi, magnesíumi, natríumi og brennisteini (í formi súlfata)	143
Aðferð 8.4	— Údráttur á vatnsleysanlegum brennisteini ef brennisteinninn er í mismunandi formum	144
Aðferð 8.5	— Útdráttur og ákvörðun á brennisteini í formi frumefnis	145
Aðferð 8.6	— Ákvörðun með kalíumpermanganati á útdregnu kalsíumi sem hefur verið fellt út sem oxalat	147
Aðferð 8.7	— Ákvörðun á magnesíumi með frumeindagleypnimælingu	148
Aðferð 8.8	— Ákvörðun á magnesíumi með flókagreiningu (complexometry)	150
Aðferð 8.9	— Ákvörðun á súlfötum	153
Aðferð 8.10	— Ákvörðun á útdregnu natríumi	154

Aðferðir 9	— Snejilefni í styrk sem er 10% eða minni	156
Aðferð 9.1	— Útdráttur á öllum snejilefnum	156
Aðferð 9.2	— Útdráttur á vatnsleysanlegum snejilefnum	158
Aðferð 9.3	— Hreinsun lífrænna efnasambanda úr útdrátti úr áburði	159
Aðferð 9.4	— Ákvörðun á snejilefnum með frumeindagleypnimælingu í útdrátti úr áburði (almenn aðferð)	160
Aðferð 9.5	— Ákvörðun á bór í útdrátti úr áburði með litrófsgreiningu með asómetíni-H	162
Aðferð 9.6	— Ákvörðun á kóbalti í útdrátti úr áburði með frumeindagleypnimælingu	164
Aðferð 9.7	— Ákvörðun á kopar í útdrátti úr áburði með frumeindagleypnimælingu	166
Aðferð 9.8	— Ákvörðun á járni í útdrátti úr áburði með frumeindagleypnimælingu	167
Aðferð 9.9	— Ákvörðun á mangani í útdrátti úr áburði með frumeindagleypnimælingu	169
Aðferð 9.10	— Ákvörðun á mólýbdeni í útdrátti úr áburði með litrófsmælingu efnaflóka sem inniheldur ammoníumþíosýanat	171
Aðferð 9.11	— Ákvörðun á sinki í útdrátti úr áburði með frumeindagleypnimælingu	173
Aðferðir 10	— Snejilefni í styrk sem er yfir 10%	175
Aðferð 10.1	— Útdráttur á öllum snejilefnum	175
Aðferð 10.2	— Útdráttur á vatnsleysanlegum snejilefnum	176
Aðferð 10.3	— Hreinsun lífrænna efnasambanda úr útdrátti úr áburði	178
Aðferð 10.4	— Ákvörðun á snejilefnum með frumeindagleypnimælingu í útdrátti úr áburði (almenn aðferð)	179
Aðferð 10.5	— Ákvörðun á bór í útdrátti úr áburði með sýrutítrun	181
Aðferð 10.6	— Ákvörðun á kóbalti í útdrátti úr áburði með þyngdarmælingu þar sem 1- nítrósó-2-naftól er notað	183
Aðferð 10.7	— Ákvörðun á kopar í útdrátti úr áburði með titrunarmælingu	184
Aðferð 10.8	— Ákvörðun á járni í útdrátti úr áburði með frumeindagleypnimælingu	186
Aðferð 10.9	— Ákvörðun á mangani í útdrátti úr áburði með titrun	188
Aðferð 10.10	— Ákvörðun á mólýbdeni í útdrátti úr áburði með þyngdarmælingu þar sem 8- hýdroxýkínólín er notað	190
Aðferð 10.11	— Ákvörðun á sinki í útdrátti úr áburði með frumeindagleypnimælingu	191
V. VIÐAUKI	194
A. Skrá yfir skjöl sem framleiðendur eða fulltrúar þeirra skulu hafa hliðsjón af þegar þeir taka saman tækniskjöl fyrir nýja tegund áburðar sem þeir óska eftir að verði bætt við í I. viðauka við þessa reglugerð	194	
B. Staðlar fyrir faggildingu rannsóknarstofa sem eru til þess bærar og hafa heimild til að veita nauðsynlega þjónustu við eftirlit með samræmi EB-áburðar við ákvæði þessarar reglugerðar og viðauka við hana	194	

I. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR TEGUNDIR EB-ÁBURÐAR

A. Eingildur, ólífraður áburður sem inniheldur aðalnæringsrefni

A.1. Köfnunarefni áburður

Nr.	Tegundarheiti	Upplýsingar um framleiðsluaðferð og undirstöðuefni	Lágmarksinnihald næringarefna (hundraðshlutu miðað við þyngd). Upplýsingar um hvernig næringarefnin skuli gefin upp Aðrar kröfur	Aðrar upplýsingar sem tengast tegundarheiti	Næringsrefnainnihald sem skylt er að gefa upp. Form og leysni næringarefna. Aðrar viðmiðanir
1	2	3	4	5	6
1a	Kalsíumnítrat (kalksaltpéttur)	Vara sem er framleidd á efnafraðilegan hátt og inniheldur kalsíumnítrat sem undirstöðuefni og e.t.v. ammoníumnítrat	15% N Köfnunarefni, gefið upp sem heildarköfnunarefni eða sem nítrat- og ammoníakbundið köfnunarefni. Hámarksinnihald ammoníakbundins köfnunarefnis: 1,5% N		Heildarköfnunarefni Frekari, valfrjálsar upplýsingar: Nítratbundið köfnunarefni Ammoníakbundið köfnunarefni
1b	Kalsíummagnesíumnítrat (kalkmagnesíumnítrat)	Vara sem er framleidd á efnafraðilegan hátt og inniheldur kalsíumnítrat og magnesíumnítrat sem undirstöðuefni	13% N Köfnunarefni, gefið upp sem nítratbundið köfnunarefni. Lágmarksinnihald magnesíums í formi vatnsleysanlegra salta, gefið upp sem magnesíumoxið: 5% MgO		Nítratbundið köfnunarefni Vatnsleysanlegt magnesíumoxið
1c	Magnesíumnítrat	Vara sem er framleidd á efnafraðilegan hátt og inniheldur sexvatnað magnesíumnítrat sem undirstöðuefni	10% N Köfnunarefni, gefið upp sem nítratbundið köfnunarefni 14% MgO Magnesíum, gefið upp sem vatnsleysanlegt magnesíumoxið	Sé varan sett á markað sem kristallar er heimilt að bæta við „í kristölluðu formi“	Nítratbundið köfnunarefni Vatnsleysanlegt magnesíumoxið
2a	Natríumnítrat	Vara sem er framleidd á efnafraðilegan hátt og inniheldur natríumnítrat sem undirstöðuefni	15% N Köfnunarefni, gefið upp sem nítratbundið köfnunarefni		Nítratbundið köfnunarefni
2b	Sílenítrat (sflesaltpéttur)	Vara sem er framleidd úr saltpéttursmold (caliche) og inniheldur natríumnítrat sem undirstöðuefni	15% N Köfnunarefni, gefið upp sem nítratbundið köfnunarefni		Nítratbundið köfnunarefni
3a	Kalsíumsýanamíð (tröllamjöl)	Vara sem er framleidd á efnafraðilegan hátt og inniheldur kalsíumsýanamíð sem undirstöðuefni en auk þess kalsíumoxið og e.t.v. lítið magn ammoníumsalta og þvagefnis	18% N Köfnunarefni, gefið upp sem heildarköfnunarefni, þar sem a.m.k. 75% uppgefins köfnunarefnis er bundið í formi sýanamíðs		Heildarköfnunarefni

1	2	3	4	5	6
3b	Köfnunarefnisríkt kalsíumsýanamíð (tröllamjöл)	Vara sem er framleidd á efnafraðilegan hátt og inniheldur kalsíumsýanamíð sem undirstöðuefni en auk þess kalsíumoxíð og e.t.v. lítið magn ammoníumsalta og þvagefnis, að viðbætu nítrati	18% N Köfnunarefni, gefið upp sem heildarköfnunarefni, þar sem a.m.k. 75% uppgefins köfnunarefnis, sem er ekki níratbundið, er í formi sýanamíðs. Níratbundið köfnunarefnisinnihald: – lágmark: 1% N – hámark: 3% N		Heildarköfnunarefni Níratbundið köfnunarefni
4	Ammoníumsúlfat	Vara sem er framleidd á efnafraðilegan hátt og inniheldur ammoníumsúlfat sem undirstöðuefni	20% N Köfnunarefni, gefið upp sem ammoníakbundið köfnunarefni		Ammoníakbundið köfnunarefni
(1) Heildarköfnunarefni (2) Nítratbundið köfnunarefni (3) Ammoníakbundið köfnunarefni (4) Þvagefnisbundið köfnunarefni		Vatnsleysanlegt K ₂ O	(1) Heildarköfnunarefni (2) Ef eitthvert forma köfnunarefnis í (2) til (4) nemur minnst 1% miðað við þyngd er skytt að gefa það form upp (3) Ef innihald bíúrets er innan við 0,2% er heimilt að bæta við orðinu „bíúretsnaður“			(1) Vatnsleysanlegt kalíoxið (2) Einungis er heimilt að nota orðið „klórsnaður“ þegar klórinnihaldið er ekki yfir 2% (3) Heimilt er að gefa upp klórinnihald	

C.2. Fjölgildur, fljótandi áburður (framhald)

C.2.6.	Tegundarheiti:	NK-áburður í sviflausn					
	Upplýsingar um framleiðslaðferð:	Vara í fljótandi formi þar sem næringarefnin eru fengin úr efnum sem eru í senn uppleyst og í sviflausn í vatni, án fblöndunar lífrænna næringarefna úr dýra- eða jurtaríkinu					
	Lágmarksinnihald næringarefna (hundraðshluti miðað við þyngd):	<ul style="list-style-type: none"> – Samtals: 18% (N + K₂O) – Fyrir hvert næringarefni: 3% N, 5% K₂O – Hámarksinnihald bíúrets: þvagefnisbundið köfnunarefni × 0,026 					

Form, leysni og næringarefnainnihald sem er skylt að gefa upp eins og nánar er tiltekið í 4., 5. og 6. dálki Kornastað			Upplýsingar um eiginleika áburðarins Aðrar kröfur		
N	P ₂ O ₅	K ₂ O	N	P ₂ O ₅	K ₂ O
1	2	3	4	5	6
(1) Heildarköfnunar-efni		Vatnsleysanlegt K ₂ O	(1) Heildarköfnunarefni		(1) Vatnsleysanlegt kalíoxið
(2) Nítratbundið köfnunarefni			(2) Ef eitthvert forma köfnunarefnis í (2) til (4) nemur minnst 1% miðað við þyngd er skylt að gefa það form upp		(2) Einungis er heimilt að nota orðið „klórsnauður“ þegar klórinnihaldið er ekki yfir 2%
(3) Ammoníak- bundið köfnunarefni			(3) Ef innihald bíúrets er innan við 0,2% er heimilt að bæta við orðinu „ bíúretsnaður“		(3) Heimilt er að gefa upp klórinnihald
(4) Þvagefnisbundið köfnunarefni					

C.2. Fjölgildur, fljótandi áburður (framhald)

C.2.7.	Tegundarheiti:	PK-áburður í lausn
	Upplýsingar um framleiðslaðferð:	Vara, sem er framleidd á efnafræðilegan hátt og leyst upp í vatni, án fblöndunar lífrænna næringarefna úr dýra- eða jurtaríkinu.
	Lágmarksinnihald næringarefna (hundraðshlutmiðað við þyngd):	<ul style="list-style-type: none"> – Samtals: 18% (P₂O₅ + K₂O) – Fyrir hvert næringarefni: 5% P₂O₅, 5% K₂O.

Form, leysni og næringarefnainnihald sem er skylt að gefa upp eins og nánar er tiltekið í 4., 5. og 6. dálki Kornastað			Upplýsingar um eiginleika áburðarins Aðrar kröfur		
N	P ₂ O ₅	K ₂ O	N	P ₂ O ₅	K ₂ O
1	2	3	4	5	6
	Vatnsleysanlegt P ₂ O ₅	Vatnsleysanlegt K ₂ O		Vatnsleysanlegt P ₂ O ₅	<ul style="list-style-type: none"> (1) Vatnsleysanlegt kalíoxið (2) Einungis er heimilt að nota orðið „klórsnauður“ þegar klórinnihaldið er ekki yfir 2% (3) Heimilt er að gefa upp klórinnihald

C.2.Fjölgildur, fljótandi áburður (framhald)

C.2.8.	Tegundarheiti:	PK-áburður í sviflausn
	Upplýsingar um framleiðsluaðferð:	Vara í fljótandi formi þar sem næringarefnin eru fengin úr efnunum sem eru í senn uppleyst og í sviflausn í vatni, án íblöndunar lífrænna næringarefna úr dýra- eða jurtarfskinu
	Lágmarksinnihald næringarefna (hundraðshlutmiðað við þyngd):	<ul style="list-style-type: none"> – Samtals: 18% ($P_2O_5 + K_2O$) – Fyrir hvert næringarefni: 5% P_2O_5, 5% K_2O

Form, leysni og næringarefnainnihald sem er skyld að gefa upp eins og nánar er tiltekið í 4., 5. og 6. dálki Kornastærð			Upplýsingar um eiginleika áburðarins Aðrar kröfur		
N	P_2O_5	K_2O	N	P_2O_5	K_2O
1	2	3	4	5	6
(1) Vatnsleysanlegt P_2O_5 (2) P_2O_5 , leysanlegt í hlutlausu ammoníumsítrati (3) P_2O_5 , leysanlegt í hlutlausu ammoníumsítrati og í vatni	Vatnsleysanlegt K_2O		(1) Ef vatnsleysanlegt P_2O_5 nær ekki 2% er einungis skyld að gefa upp leysni (2), (2) ef vatnsleysanlegt P_2O_5 nemur a.m.k. 2% er skyld að gefa upp leysni (3) og vatnsleysanlegt innihald P_2O_5 . Áburðurinn má ekki innihalda tómasargjall, álkalsíumfosfat, gleðifosföt, fosföt, sem eru uppleyst að hluta, eða hráfosfat	(1) Vatnsleysanlegt kalíoxið (2) Einungis er heimilt að nota orðið „klórsnauður“ þegar klórinnihaldið er ekki yfir 2% (3) Heimilt er að gefa upp klórinnihald	

D. Ólifrænn áburður sem inniheldur aukanæringarefni

Nr.	Tegundarheiti	Upplýsingar um framleiðsluaðferð og undirstöðuefni	Lágmarksinnihald næringarefna (hundraðshlutu miðað við þyngd). Upplýsingar um hvernig næringarefnin skuli gefin upp Aðrar krófur	Aðrar upplýsingar sem tengjast tegundarheiti	Næringarefnainnihald sem skylt er að gefa upp. Form og leysni næringarefna. Aðrar viðmiðanir
1	2	3	4	5	6
1	Kalsíumsúlfat	Náttúruleg afurð eða iðnaðarvara sem inniheldur kalsíumsúlfat með breytilegu vatnsinnihaldi	25% CaO 35% SO ₃ Kalsíum og brennisteinn, gefin upp sem heildarinnihald CaO + SO ₃ Mölunarfinleiki: – a.m.k. 80% fara í gegnum sigti með 2 mm möskvum, – a.m.k. 99% fara í gegnum sigti með 10 mm möskvum	Heimilt er að bæta við viðteknum vöruheitum	Heildarbrennisteinsþríoxið Valkvætt: heildarinnihald CaO
2	Kalsíumklóríðlausn	Kalsíumklóríðlausn úr iðnaðarframleiðslu	12% CaO Kalsíum, gefið upp sem vatnsleysanlegt CaO		Kalsíumoxið Valkvætt: til úðunar á plöntur
3	Brennisteinn sem frumefni	Meira eða minna hreinsaður brennisteinn af náttúrulegum toga eða úr iðnaðarframleiðslu	98% S (245%: SO ₃) Brennisteinn, gefinn upp sem heildarinnihald SO ₃		Heildarinnihald brennisteinsþríoxiðs
4	Kíserít	Vara úr jarðefnum, aðalinnihaldsefni er einvatnað magnesíumsúlfat	24% MgO 45% SO ₃ Magnesium og brennisteinn, gefin upp sem vatnsleysanlegt magnesiumoxið og brennisteinsþríoxið	Heimilt er að bæta við viðteknum vöruheitum	Vatnsleysanlegt magnesíumoxið Valkvætt: vatnsleysanlegt brennisteinsþríoxið
5	Magnesíumsúlfat	Vara sem inniheldur sjövatnað magnesíumsúlfat sem undirstöðuefni	15% MgO 28% SO ₃ Magnesium og brennisteinn, gefin upp sem vatnsleysanlegt magnesiumoxið og brennisteinsþríoxið	Heimilt er að bæta við viðteknum vöruheitum	Vatnsleysanlegt magnesíumoxið Valkvætt: vatnsleysanlegt brennisteinsþríoxið
5.1	Magnesíumsúlfatlausn	Vara sem er framleidd með því að leysa iðnaðar-magnesíumsúlfat upp í vatni	5% MgO 10% SO ₃ Magnesium og brennisteinn, gefin upp sem vatnsleysanlegt magnesiumoxið og vatnsleysanlegt brennisteinsanhýdríð	Heimilt er að bæta við viðteknum vöruheitum	Vatnsleysanlegt magnesíumoxið Valkvætt: vatnsleysanlegt brennisteinsanhýdríð
5.2	Magnesíumhýdroxið	Vara sem er framleidd á efnafræðilegan hátt og inniheldur magnesíumhýdroxið sem undirstöðuefni	60% MgO Kornastærð: minnst 99% í fara í gegnum sigti með 0,063 mm möskvum		Heildarmagnesíumoxið

1	2	3	4	5	6
5.3	Sviflausn magnesíumhydroxiðs	Vara sem er framleidd með sviflausn tegundar nr. 5.2	24% MgO		Heildarmagnesíumoxið
6	Magnesíumklóríðlausn	Vara sem er framleidd með því að leysa upp iðnaðar-magnesíumklóríð.	13% MgO Magnesíum, gefið upp sem magnesíumoxið Hámarksinnihald kalsíums: 3% CaO		Magnesíumoxið

E. Ólifrænn áburður sem inniheldur snefilefni

Til skýringar: Eftirfarandi athugasemdir gilda um allan E-hlutann.

1. athugasemd: Heimilt er að tilgreina klóbundil með efnatákni hans eins og sett er fram í E.3.

2. athugasemd: Leysist varan upp að fullu í vatni án leifa í föstu formi er heimilt að lýsa henni með orðunum „til upplausnar“.

3. athugasemd: Sé snefilefni fyrir hendi í klóbundnu formi er skyldt að gefa upp á hvaða sýrustigsbili klóbundni hlutinn er nægilega stöðugur.

E.1. Áburður sem inniheldur aðeins eitt snefilefni

E.1.1. Bór

Nr.	Tegundarheiti	Upplýsingar um framleiðsluaðferð og undirstöðuefni	Lágmarksinnihald næringarefna (hundraðshlut miðað við þyngd). Upplýsingar um hvernig næringarefnin skuli gefin upp Aðrar kröfur	Aðrar upplýsingar sem tengast tegundarheiti	Næringsrefnainnihald sem skyldt er að gefa upp. Form og leysni næringarefna. Aðrar viðmiðanir
1	2	3	4	5	6
1a	Bórsýra	Vara sem er framleidd með því að láta sýru verka á bórat	14% vatnsleysanlegt B	Heimilt er að bæta við viðteknun vöruheitum	Vatnsleysanlegt bór (B)
1b	Natrúumbórat	Vara sem er framleidd á efnafraðilegan hátt og inniheldur natrúumbórat	10% vatnsleysanlegt B	Heimilt er að bæta við viðteknun vöruehitum	Vatnsleysanlegt bór (B)
1c	Kalsíumbórat	Vara sem er framleidd úr kólmaníti eða pandermíti og inniheldur kalsíumbórót sem undirstöðuefni	7% heildarinnihald B Kornastærð: a.m.k. 98% fara í gegnum sigti með 0,063 mm möskvum	Heimilt er að bæta við viðteknun vöruehitum	Heildarbór (B)
1d	Bóretanólamín	Vara sem er framleidd með því að láta bórsýru hvarfast við etanólamín	8% vatnsleysanlegt B		Vatnsleysanlegt bór (B)

1	2	3	4	5	6
1e	Bóratáburður í lausn	Vara sem er framleidd með því að leysa upp tegundir nr. 1a og/eða 1b og/eða 1d	2% vatnsleysanlegt B	Skylt er að tilgreina heiti efnisþáttanna í tegundarheitinu	Vatnsleysanlegt bór (B)
1f	Bóratáburður í sviflausn	Vara sem er framleidd með því að leysa upp tegundir nr. 1a og/eða 1b og/eða 1d í vatni	2% vatnsleysanlegt B	Skylt er að tilgreina heiti efnisþáttanna í tegundarheitinu	Vatnsleysanlegt bór (B)

E.1.2. Kóbalt

Nr.	Tegundarheiti	Upplýsingar um framleiðslaðferð og undirstöðuefni	Lágmarksinnihald næringarefna (hundraðshlut miðað við þyngd). Upplýsingar um hvernig næringarefnin skuli gefin upp Aðrar kröfur	Aðrar upplýsingar sem tengjast tegundarheiti	Næringerefnainnihald sem skylt er að gefa upp. Form og leysni næringarefna. Aðrar viðmiðanir
1	2	3	4	5	6
2a	Kóbalsalt	Vara sem er framleidd á efnafræðilegan hátt og inniheldur ólifrænt kóbalsalt	19% vatnsleysanlegt Co	Skylt er að tilgreina heiti ólifrænu mínumsjónarinnar í tegundarheitinu	Vatnsleysanlegt kóbalt (Co)
2b	Klóbundið kóbalt	Vara sem er framleidd á efnafræðilegan hátt með tengingu kóbals og klóbindils	2% vatnsleysanlegt Co, þar af skulu a.m.k. 8/10 af uppgefnu gildi vera klóbundir	Heiti klóbindils	Vatnsleysanlegt kóbalt (Co) Klóbundið kóbalt (Co)
2c	Klóbaltáburður í lausn	Vara sem er framleidd með því að leysa upp tegundir nr. 2a og/eða eina af tegendum nr. 2b í vatni	2% vatnsleysanlegt Co	Skylt er að tilgreina í tegundarheitinu: (1) heiti ólifrænu mínumsjónarinnar eða -jónanna, (2) heiti klóbindla, ef um þá er að ræða	Vatnsleysanlegt kóbalt (Co) Klóbundið kóbalt (Co), ef um þá er að ræða

E.1.3. Kopar

Nr.	Tegundarheiti	Upplýsingar um framleiðsluaðferð og undirstöðuefni	Lágmarksinnihald næringarefna (hundraðshlutu miðað við þyngd). Upplýsingar um hvernig næringarefnin skuli gefin upp Aðrar kröfur	Aðrar upplýsingar sem tengjast tegundarheiti	Næringerarfainnihald sem skylt er að gefa upp Form og leysni næringarefna. Aðrar viðmiðanir
1	2	3	4	5	6
3a	Koparsalt	Vara sem er framleidd á efnafræðilegan hátt og inniheldur ólífraðt koparsalt sem undirstöðuefni	20% vatnsleysanlegur Cu	Skylt er að tilgreina heiti ólífraenu mínusjónarinnar í tegundarheitinu	Vatnsleysanlegur kopar (Cu)
3b	Koparoxíð	Vara sem er framleidd á efnafræðilegan hátt og inniheldur koparoxíð sem undirstöðuefni	70% heildarinnihald Cu Kornastærð: a.m.k. 98% fara í gegnum sigti með 0,063 mm möskvum		Heildarkopar (Cu)
3c	Koparhýdroxið	Vara sem er framleidd á efnafræðilegan hátt og inniheldur koparhýdroxið sem undirstöðuefni	45% heildarkopar Kornastærð: a.m.k. 98% fara í gegnum sigti með 0,063 mm möskvum		Heildarkopar (Cu)
3d	Klóbundinn kopar	Vatnsleysanleg vara sem er framleidd á efnafræðilegan hátt með tengingu kopars og klóbundils	9% vatnsleysanlegur Cu, þar af skulu a.m.k. 8/10 af uppgefnu gildi vera klóbundnir	Heiti klóbundils	Vatnsleysanlegur kopar (Cu) Klóbundinn kopar (Cu)
3e	Koparáburður	Vara sem er framleidd með blöndun tegunda nr. 3a og/eða 3b og/eða 3c og/eða einni tegund nr. 3d og, ef þörf krefur, fylliefni sem er hvorki eitrað né hefur næringargildi	5% heildarinnihald Cu	Skylt er að tilgreina í tegundarheitinu: (1) heiti koparþáttarins eða -þáttanna (2) heiti klóbundla, ef um þá er að ræða	Heildarkopar (Cu) Vatnsleysanlegur kopar (Cu), ef hann nemur a.m.k. fjórðungi heildarkopars Klóbundinn kopar (Cu), ef um hann er að ræða
3f	Koparáburður í lausn	Vara sem er framleidd með því að leysa upp tegundir nr. 3a og/eða eina af tegendum nr. 3d í vatni	3% vatnsleysanlegur Cu	Skylt er að tilgreina í tegundarheitinu: (1) heiti ólífraenu mínusjónarinnar eða -jónanna, (2) heiti klóbundla, ef um þá er að ræða	Vatnsleysanlegur kopar (Cu) Klóbundinn kopar (Cu), ef um hann er að ræða
3g	Koparoxýklóríð	Vara sem er framleidd á efnafræðilegan hátt og inniheldur koparoxýklóríð $[Cu_2Cl(OH)_3]$ sem undirstöðuefni	50% heildarkopar Kornastærð: a.m.k. 98% fara í gegnum sigti með 0,063 mm möskvum		Heildarkopar (Cu)
3h	Koparoxýklóríð í sviflausn	Vara sem er framleidd með sviflausn tegundar nr. 3g	17% heildarinnihald Cu		Heildarkopar (Cu)

E.1.4. Járn

Nr.	Tegundarheiti	Upplýsingar um framleiðsluaðferð og undirstöðuefní	Lágmarksinnihald næringarefna (hundraðshlut miðað við þyngd). Upplýsingar um hvernig næringarefnin skuli gefin upp Aðrar kröfur	Aðrar upplýsingar sem tengjast tegundarheiti	Næringsrefnainnihald sem skylt er að gefa upp. Form og leysni næringarefna. Aðrar viðmiðanir
1	2	3	4	5	6
4a	Járnsalt	Vara sem er framleidd á efnaræðilegan hátt og inniheldur ólifrænt járnsalt sem undirstöðuefní	12% vatnsleysanlegt Fe	Skylt er að tilgreina heiti ólifrænu mínumsjónarinnar í tegundarheitinu	Vatnsleysanlegt járn (Fe)
4b	Klóbundið járn	Vatnsleysanleg vara sem er framleidd með því að láta járn hvarfast við klóbindlana sem eru tilgreindir í skránni í kafla E.3 í I. viðauka	5% vatnsleysanlegt járn (Fe), þar af skal klóbundni hlutinn vera a.m.k. 80%.	Heiti klóbindlanna	<ul style="list-style-type: none"> - Vatnsleysanlegt járn (Fe) - Klóbundinn hluti (EN 13366) - Hver klóbundinn hluti járns (Fe), svo fremi hlutfall hans sé yfir 2% (EN 13368, 1. og 2. hluti)
4c	Járnáburður í lausn	Vara sem er framleidd með því að leysa upp tegundir nr. 4a og/éða eina af tegundum nr. 4b í vatni	2% vatnsleysanlegt Fe	Skylt er að tilgreina í tegundarheitinu: (1) heiti ólifrænu mínumsjónarinnar éða -jónanna, (2) heiti klóbindla, ef um þá er að ræða	Vatnsleysanlegt járn (Fe) Klóbundið járn (Fe), ef um pað er að ræða

E.1.5. Mangan

Nr.	Tegundarheiti	Upplýsingar um framleiðsluaðferð og undirstöðuefní	Lágmarksinnihald næringarefna (hundraðshlut miðað við þyngd). Upplýsingar um hvernig næringarefnin skuli gefin upp Aðrar kröfur	Aðrar upplýsingar sem tengjast tegundarheiti	Næringsrefnainnihald sem skylt er að gefa upp. Form og leysni næringarefna. Aðrar viðmiðanir
1	2	3	4	5	6
5a	Mangansalt	Vara sem er framleidd á efnaræðilegan hátt og inniheldur ólifrænt mangansalt (Mn II) sem undirstöðuefní	17% vatnsleysanlegt Mn	Skylt er að tilgreina heiti mínumsjónarinnar í saltinu í tegundarheitinu	Vatnsleysanlegt mangan (Mn)
5b	Klóbundið mangan	Vara sem er framleidd á efnaræðilegan hátt með tengingu mangans og klóbundils	5% vatnsleysanlegt Mn, þar af skulu a.m.k. 8/10 af uppgefnu gildi vera klóbundnr	Heiti klóbundilsins	Vatnsleysanlegt mangan (Mn) Klóbundið mangan (Mn)
5c	Manganoxíð	Vara sem er framleidd á efnaræðilegan hátt og inniheldur manganoxíð sem undirstöðuefní	40% heildarmangan Mn Kornastærð: a.m.k. 80% fara í gegnum sigti með 0,063 mm möskvum		Heildarmangan (Mn)

1	2	3	4	5	6
5d	Manganáburður	Vara fengin með því að blanda saman tegundum nr. 5a og 5c	17% heildarinnihald Mn	Skylt er að tilgreina heiti efnispáttar mangans í tegundarheitinu	Heildarmangan (Mn) Vatnsleysanlegt mangan (Mn), þar sem það nemur a.m.k. fjórðungi heildarinnihalds mangans
5e	Manganáburður í lausn	Vara sem er framleidd með því að leysa upp tegundir nr. 5a og/eða eina af tegundum nr. 5b í vatni	3% vatnsleysanlegt Mn	Skylt er að tilgreina í tegundarheitinu: (1) heiti ólfífrænu mínumsjónarinnar eða -jónanna, (2) heiti klóbindla, ef um þá er að ræða	Vatnsleysanlegt mangan (Mn) Klóbundið mangan (Mn), ef um það er að ræða

E.1.6. Mólýbden

Nr.	Tegundarheiti	Upplýsingar um framleiðsluaðferð og undirstöðuefní	Lágmarksinnihald næringarefna (hundraðshlut miðað við þyngd). Upplýsingar um hvernig næringarefnin skuli gefin upp Aðrar kröfur	Aðrar upplýsingar sem tengjast tegundarheiti	Næringerarfna innihald sem skylt er að gefa upp. Form og leysi næringarefna. Aðrar viðmiðanir
6a	Natríummólýbdat	Vara sem er framleidd á efnafraðilegan hátt og inniheldur natríummólýbdat sem undirstöðuefní	35% vatnsleysanlegt Mo		Vatnsleysanlegt mólýbden (Mo)
6b	Ammoníummólýbdat	Vara sem er framleidd á efnafraðilegan hátt og inniheldur ammoníummólýbdat sem undirstöðuefní	50% vatnsleysanlegt Mo		Vatnsleysanlegt mólýbden (Mo)
6c	Mólýbdenáburður	Vara fengin með því að blanda saman tegundum nr. 6a og 6b	35% vatnsleysanlegt Mo	Skylt er að tilgreina heiti mólýbdenþáttanna í tegundarheitinu	Vatnsleysanlegt mólýbden (Mo)
6d	Mólýbdenáburður í lausn	Vara sem er framleidd með því að leysa upp tegundir nr. 6a og/eða eina af tegundum nr. 6b í vatni	3% vatnsleysanlegt Mo	Skylt er að tilgreina heiti mólýbdenþáttarins eða -þáttanna í tegundarheitinu	Vatnsleysanlegt mólýbden (Mo)

E.1.7. Sink

Nr.	Tegundarheiti	Upplýsingar um framleiðslaðferð og undirstöðuefni	Lágmarksinnihald næringarefna (hundraðshluti miðað við þyngd). Upplýsingar um hvernig næringarefnin skuli gefin upp Aðrar kröfur	Aðrar upplýsingar sem tengjast tegundarheiti	Næringerefnainnihald sem skylt er að gefa upp. Form og leysni næringarefna. Aðrar viðmiðanir
1	2	3	4	5	6
7a	Sinksalt	Vara sem er framleidd á efnafræðilegan hátt og inniheldur ólífraent sinksalt sem undirstöðuefni	15% vatnsleysanlegt Zn	Skylt er að tilgreina heiti ólífraenu mínujsjónarinnar í tegundarheitinu	Vatnsleysanlegt sink (Zn)
7b	Klóbundið sink	Vatnsleysanleg vara sem er framleidd með efnafræðilegri tengingu sinks og klóbindils	5% vatnsleysanlegt Zn, þar af skulu a.m.k. 8/10 af uppgefnu innihaldi vera klóbundnr	Heiti klóbindilsins	Vatnsleysanlegt sink (Zn) Klóbundið sink (Zn)
7c	Sinkoxíð	Vara sem er framleidd á efnafræðilegan hátt og inniheldur sinkoxíð sem undirstöðuefni	70% heildarsink Kornastærð: a.m.k. 80% fara í gegnum sigti með 0,063 mm móskvum		Heildarsink (Zn)
7d	Sinkáburður	Vara sem er framleidd með því að blanda saman tegundum nr. 7a og 7c	30% heildainnihald Zn	Skylt er að tilgreina heiti sinkþáttanna í tegundarheitinu	Heildarsink (Zn) Vatnsleysanlegt sink (Zn), ef það nemur a.m.k. fjórðungi heildarsinks
7e	Sinkáburður í lausn	Vara sem er framleidd með því að leysa upp tegundir nr. 7a og/eða eina af tegund nr. 7b í vatni	3% vatnsleysanlegt Zn	Skylt er að tilgreina í tegundarheitinu: (1) heiti ólífraenu mínujsjónarinnar eða -jónanna, (2) heiti klóbindla, ef um þá er að ræða	Vatnsleysanlegt sink (Zn) Klóbundið sink (Zn), ef um það er að ræða

E.2. *Lágmarksinnihald snefilefna, gefið upp sem hundraðshluti af þyngd áburðar*E.2.1. *Áburðarblöndur í föstu eða fljótandi formi sem innihalda snefilefni*

	Ef snefilefnið er	
	einungis í formi steinda	klóbundið eða flókabundið
Fyrir snefilefnin		
Bór (B)	0,2	0,2
Kóbalt (Co)	0,02	0,02
Kopar (Cu)	0,5	0,1
Járn (Fe)	2,0	0,3
Mangan (Mn)	0,5	0,1
Mólýbden (Mo)	0,02	—
Sink (Zn)	0,5	0,1

Lágmarksinnihald snefilefnis í blöndu í föstu formi: 5% miðað við massa áburðarins.

Lágmarksinnihald snefilefnis í fljótandi blöndu: 2% miðað við massa áburðarins.

E.2.2. *EB-áburður sem inniheldur aðal- og/eða aukanærингarefni ásamt snefilefnum og er borinn á jarðveg*

	Til notkunar á akra eða graslendi	Til notkunar í garðrækt
Bór (B)	0,01	0,01
Kóbalt (Co)	0,002	—
Kopar (Cu)	0,01	0,002
Járn (Fe)	0,5	0,02
Mangan (Mn)	0,1	0,01
Mólýbden (Mo)	0,001	0,001
Sink (Zn)	0,01	0,002

E.2.3. *EB-áburður sem inniheldur aðal- og/eða aukanærингarefni ásamt snefilefnum og er úðað á lauf*

Bór (B)	0,010
Kóbalt (Co)	0,002
Kopar (Cu)	0,002
Járn (Fe)	0,020
Mangan (Mn)	0,010
Mólýbden (Mo)	0,001
Sink (Zn)	0,002

E.3. Skrá yfir leyfða, lífræna klóbindla (*chelating agents*) og bindla (*complexing agents*) fyrir snefilefni

Eftirfarandi vörur eru leyfðar, að því tilskildu að þær uppfylli kröfurnar í tilskipun 67/548/EBE ⁽¹⁾, með áorðnum breytingum

E.3.1. Klóbindlar ⁽²⁾

Sýrur eða sölt af natríum, kalfum eða ammoníum ásamt:

etýlendíamíntetraediksýru	EDTA	C ₁₀ H ₁₆ O ₈ N ₂
díetýlentríamínpentaediksýru	DTPA	C ₁₄ H ₂₃ O ₁₀ N ₃
[o,o]: etýlendíamín-dí-(o-hýdroxýfený)edikssýru	EDDHA	C ₁₈ H ₂₀ O ₆ N ₂
[o,p]: etýlendíamín-N-(o-hýdroxýfený)edikssýra-N'-(p-hýdroxýfený)edikssýru	EDDHA	C ₁₈ H ₂₀ O ₆ N ₂
2-hýdroxýletýlendíamínréduksýru	HEEDTA	C ₁₀ H ₁₈ O ₇ N ₂
[o,o]: etýlendíamín-dí-(o-hýdroxý-o-metýlfený)edikssýru	EDDHMA	C ₂₀ H ₂₄ O ₆ N ₂
[o,p]: etýlendíamín-dí-(o-hýdroxý-p-metýlfený)edikssýru	EDDHMA	C ₂₀ H ₂₄ O ₆ N ₂
[p,o]: etýlendíamín-dí-(p-hýdroxý-o-metýlfený)edikssýru	EDDHMA	C ₂₀ H ₂₄ O ₆ N ₂
[2,4]: etýlendíamín-dí-(2-hýdroxý -4 karboxýfený)ediksýru	EDDCHA	C ₂₀ H ₂₀ O ₁₀ N ₂
[2,5]: etýlendíamín-dí-(2-karboxý -5 hýdroxýfený)ediksýru	EDDCHA	C ₂₀ H ₂₀ O ₁₀ N ₂
[5,2]: etýlendíamín-dí-(5-karboxý -2 hýdroxýfený)ediksýru	EDDCHA	C ₂₀ H ₂₀ O ₁₀ N ₂

E.3.2. Bindlar:

Skrá yfir bindla verður tekin saman síðar.

⁽¹⁾ Stjúð. EB L 196, 16.8.1967, bls. 1.

⁽²⁾ Klóbindlarnir skulu auðkenndir og magngreindir skv. 1. og 2. hluta Evrópustaðalsins EN 13368 svo fremi hann taki til framangreindra bindla.

*II. VIDAUKI***VIKMÖRK**

Vikmörkin, sem eru tilgreind í þessum viðauka, eru gefin upp sem neikvæð gildi í hundraðshlutum miðað við massa.

Leyfileg vikmörk frá uppgefnu innihaldi næringarefna í mismunandi EB-áburðartegundum eru sem hér segir:

1. **Eingildur, ólífraður áburður sem inniheldur aðalnæringarefni — raungildi í hundraðshlutum miðað við massa, gefið upp sem N, P₂O₅, K₂O, MgO, Cl**

1.1. Köfnunarefnisáburður

kalsíumnítrat	0,4
kalsíummagnesíumnítrat	0,4
natríumnítrat	0,4
sílenítrat	0,4
kalsíumsýanamíð (tröllamjöl)	1,0
 köfnunarefnisíkt kalsíumsýanamíð (tröllamjöl)	1,0
ammoníumsúlfat	0,3
ammoníumnítrat eða kalsíumammoníumnítrat:	
— 32% eða minna	0,8
— meira en 32%	0,6
ammoníumsúlfatnítrat	0,8
magnesíumsúlfónítrat	0,8
magnesíumammoníumnítrat	0,8
þvagefni (úrea)	0,4
kalsíumnítrat í sviflausn	0,4
köfnunarefnisáburður í lausn með þvagefnisformaldehyði	0,4
köfnunarefnisáburður í sviflausn með þvagefnisformaldehyði	0,4
þvagefnisammoníumsúlfat	0,5
köfnunarefnisáburður í lausn	0,6
ammoníumnítratþvagefni í lausn	0,6

1.2. Fosföráburður

Tómasargjall:

- gefið upp í yfirlýsingum innihald með 2% nákvæmni miðað við massa
- gefið upp í yfirlýsingum innihald sem ein tala

Aðrar tegundir fosföráburðar

Leysanleiki P₂O₅ í: (númer áburðartegundar í I. viðauka)

— ólífraðni sýru	(3, 6, 7)	0,8
— maurasýru	(7)	0,8
— hlutlausu ammoníumsítrati	(2a, 2b, 2c)	0,8
— basísku ammoníumsítrati	(4, 5, 6)	0,8
— vatni	(2a, 2b, 3)	0,9
	(2c)	1,3

1.3. *Kalíáburður*

kaínít	1,5
auðgað kaínítsalt	1,0
kalíumklóríð:	
— 55% eða minna	1,0
— meira en 55%	0,5
kalíumklóríð sem inniheldur magnesíumsalt	1,5
kalíumsúlfat	0,5
kalíumsúlfat sem inniheldur magnesíumsalt	1,5

1.4. *Aðrir efnispættir*

klóríð	0,2
--------	-----

2. **Ólifrænn, fjölgildur áburður sem inniheldur aðalnæringsarefni**2.1. *Næringsarefni*

N	1,1
P ₂ O ₅	1,1
K ₂ O	1,1

2.2. *Neikvætt heildarfrávik frá uppgefnu gildi*

tvígildur áburður	1,5
þrígildur áburður	1,9

3. **Aukanæringsarefni í áburði**

Leyfileg vikmörk fyrir uppgefið innihald kalsíums, magnesíums, natríums og brennisteins skulu vera fjórðungur af uppgefnu innihaldi þessara næringarefna en þó að hámarki 0,9% að raungildi fyrir CaO, MgO, Na₂O og SO₃, þ.e. 0,64 fyrir Ca, 0,55 fyrir Mg, 0,67 fyrir Na og 0,36 fyrir S.

4. **Snefilefni í áburði**

Leyfileg vikmörk fyrir uppgefið innihald snefilefna skulu vera:

- 0,4% að raungildi ef innihaldið er yfir 2%,
- fimmtungur af uppgefnu gildi ef innihaldið er ekki yfir 2%.

Leyfileg vikmörk frá uppgefnu innihaldi mismunandi forma köfnunarefnis eða uppgefinni leysni fosfórpentoxíðs er einn tíundi af heildarinnihaldi viðkomandi næringarefnis en þó að hámarki 2% miðað við massa, að því tilskildu að heildarinnihald næringarefnisins verði áfram innan þeirra marka sem tilgreind eru í I. viðauka og innan þeirra vikmarka sem eru tilgreind hér að framan.

*III. VIDAUKI***TÆKNILEG ÁKVÆÐI FYRIR KÖFNUNAREFNISRÍKAN AMMONÍUMNÍTRATÁBURÐ****1. Eiginleikar og viðmiðunarmörk fyrir eingildan, köfnunarefnisríkan ammoniumnítratáburð****1.1. *Grop (olíuupptaka)***

Olíuupptaka áburðar, sem skal tvisvar sinnum hafa fengið hitameðferð við 25 til 50 °C og sem samræmist ákvæðum 2. hluta 3. þáttar þessa viðauka, skal ekki nema meira en 4% miðað við massa.

1.2. *Brennanlegir efnisbættir*

Massahlutfall brennanlegra efna, mælt sem kolefni, skal ekki vera meira en 0,2% í áburði með köfnunarefnisinnihaldi sem nemur a.m.k. 31,5% miðað við massa og ekki meira en 0,4% í áburði með köfnunarefnisinnihaldi sem nemur a.m.k. 28% en innan við 31,5% miðað við massa.

1.3. *Sýrustig*

Sýrustig lausnar, þar sem 10 g af áburði eru leyst í 100 ml af vatni, skal a.m.k. vera 4,5.

1.4. *Kornastærð*

Í mesta lagi 5% áburðar, miðað við massa, skal fara í gegnum sigti með 1 mm möskvum og ekki meira en 3%, miðað við massa, í gegnum sigti með 0,5 mm möskvum.

1.5. *Klór*

Hámarksinnihald klórs má mest vera 0,02% miðað við massa.

1.6. *Þungmálmar*

Forðast ber að bæta þungmálum við í áburð af ásettu ráði en ef þau koma fyrir í snefilmagni vegna framleiðsluferlisins skulu þeir vera innan þeirra marka sem nefndin fastsetur.

Innihald kopars skal ekki vera meira en 10 mg/kg.

Ekki er kveðið á um viðmiðunarmörk fyrir aðra þungmálma.

2. Lýsing á sprengipolsprófun fyrir köfnunarefnisríkan ammoniumnítratáburð

Nota skal dæmigert sýni áburðar við prófunina. Áður en sprengipolsprófun fer fram skal láta allt sýnið fara í gegnum hitaferli fimm sinnum í samræmi við ákvæði 3. hluta 3. þáttar þessa viðauka.

Sprengipol áburðar skal prófað í láréttu stálröri þar sem skilyrði eru sem hér segir:

- heildregið stálrör
- lengd rörs: a.m.k. 1 000 mm
- uppgefið ytra þvermál: a.m.k. 114 mm
- uppgefin þykkt rörs: a.m.k. 5 mm
- forsprengja: tegund forspriegiefnis og stærð forsprengihleðslu skal velja þannig að mesti mögulegi sprengiprýstingur náist á áburðarsýnið,
- prófunarhitastig: 15–25 °C,
- hólkar úr blíyi til að meta sprekirkraftinn: 50 mm að þvermáli og 100 mm á hæð,
- þessi hólkar skulu settir með 150 mm millibili undir lárétt rörið. Prófun skal gerð tvisvar. Niðurstaðan er álitin aferandi ef einn eða fleiri undirstöðuhólkanna aflagast minna en 5% í báðum prófununum.

3. Aðferðir til að sannreyna samræmi við viðmiðunarmörkin sem eru tilgreind í 1. og 2. þætti III. viðauka

Aðferð 1

Aðferðir við notkun hitameðferða

1. Umfang og notkunarsvið

Í þessu skjali er því lýst hvernig hitameðferð er notuð áður en olfugleyppni eingilds, köfnunarefnisríks ammoníumnítratáburðar er ákvörðuð og sprengiþol bæði eingilds og fjölgilds, köfnunarefnisríks ammoníumnítratáburðar er ákvárad.

Talið er að hægt sé, með þeim aðferðum sem byggjast á lokaðum hitameðferðum sem lýst er í þessum þætti, að líkja nægilega eftir aðstæðum sem taka þarf tillit til í tengslum við beitingu II. bálks IV. kafla þótt ef til vill takist ekki að líkja eftir öllum aðstæðum sem kunna að koma upp í flutningi og geymslu.

2. Hitameðferðir sem um getur í 1. þætti III. viðauka

2.1. Notkunarsvið

Aðferðin er notuð við hitameðferð sem er framkvæmd áður en olíuupptaka áburðar er ákvörðuð.

2.2. Grundvöllur aðferðar og skilgreining

Sýnið er hitað í keiluflösku frá stofuhita upp í 50 °C og því haldið við það hitastig í tvær klukkustundir (fasi við 50 °C). Sýnið er síðan kælt niður í 25 °C og haldið við það hitastig í tvær klukkustundir (fasi við 25 °C). Þessir fasar í röð við 50 °C og 25 °C teljast til samans ein hitameðferð. Eftir að þrófunarsýnið hefur tvísvar sinnum fengið hitameðferð skal halda því við 20 ± 3 °C til að ákvára ólíuupptökum þess.

2.3. Búnaður

Venjulegur búnaður á rannsóknarstofu, einkum

- hitastillt vatnsböð við 25 (± 1) eða 50 (± 1) °C,
- 150 ml keiluflöskur.

2.4. Aðferð

Hvert 70 (±5) g þrófunarsýni er látið í keiluflösku sem er síðan lokað með tappa.

Hver flaska er síðan flutt á tveggja tíma fresti úr 50 °C vatnsbaði í 25 °C vatnsbað og öfugt.

Halda skal vatninu í báðum böðunum við stöðugt hitastig og á stöðugri hreyfingu með því að hræra kröftuglega í til að tryggja að vatnsborðið nái upp fyrir sýnið. Tappann skal verja gegn rakaþétingu með svampgúmmihettu.

3. Hitameðferðir sem nota á fyrir 2. þátt III. viðauka

3.1. Notkunarsvið

Aðferðin er notuð við hitameðferð sem er framkvæmd áður en sprengiþol áburðar er kannað.

3.2. Grundvöllur aðferðar og skilgreining

Sýnið er hitað í vatnsheldum kassa úr stofuhita upp í 50 °C og haldið við það hitastig í eina klukkustund (fasi við 50 °C). Sýnið er síðan kælt niður í 25 °C og haldið við það hitastig í eina klukkustund (fasi við 25 °C). Þessir fasar í röð við 50 °C og 25 °C teljast til samans ein hitameðferð. Eftir að þrófunarsýnið hefur farið í gegnum tilskilinn fjölda hitameðferða skal halda því við hitastigið 20 ± 3 °C þangað til sprengiþolsþrófun fer fram.


3.3. Búnaður

- Vatnsbað, sem hægt er að stilla á hitastig frá 20–51 °C og með lágmarkshitunar- og kólnunarhraða sem er 10 °C á klst., eða tvö vatnsböð, annað sem haldið er við 20 °C og hitt við 51 °C. Hræra skal stöðugt í vatnsbaðinu eða -böðunum og skal rúmmál baðs vera svo mikið að nægileg hreyfing vatnsins sé tryggð.
- Kassi úr ryðfríu stáli, algerlega vatnspéttur og með tvinni í miðjunni. Kassinn skal vera 45 (± 2) mm á breidd að ytra máli og með 1,5 mm þykum veggjum (sjá 1. mynd). Miða má hæð og lengd kassans við stærð vatnsbaðsins, t.d. lengd 600 mm, hæð 400 mm.

3.4. Aðferð

Áburðarmagn, sem nægir til að koma einni sprengingu af stað, er sett í kassann og honum lokað. Kassinn er síðan láttinn í vatnsbaðið. Vatnið er hitað upp í 51 °C og hitinn í miðju áburðarins mældur. Einni klukkustund eftir að hitinn í miðju áburðarins hefur náð 50 °C skal láta vatnið kólna. Einni klukkustund eftir að hitinn í miðju áburðarins hefur náð 25 °C skal hita vatnið aftur til að endurtaka ferlið. Ef vatnböðin eru tvö skal flytja flátið yfir í hitt baðið að loknu hverju hitunar- eða kælingartímabili.

1. mynd



Aðferð 2

Ákvörðun á olíuupptökum

1. Umfang og notkunarsvið

Í þessu skjali er fastsett aðferð til að ákvarða olíuupptökum eingilda, köfnunarefnisríks ammoníumnítratáburðar.

Aðferðin er notuð fyrir bæði perlaðan og kornaðan áburð sem inniheldur ekki efni sem leysast upp í olíu.

2. Skilgreining

Olíuupptaka áburðar: magn olíu sem áburðurinn tekur í sig, ákvarðað við tiltekin skilyrði og gefið upp sem hundraðshlutmiðað við massa.

3. Grundvöllur aðferðar

Sýninu er sökkt algerlega í gasolíu í tilgreindan tíma, síðan er afgangsolían látin hripa af við nákvæmlega tilgreind skilyrði. Massaukning sýnislutans er mæld.

4. Prófefni

Gasolía

Hámarksseigja: 5 mPas við 40 °C

Eðlismassi: 0,8 til 0,85 g/ml við 20 °C

Brennisteinsinnihald: ≤ 1,0% (miðað við massa)

aska: ≤ 0,1% (miðað við massa)

5. Búnaður

Venjulegur búnaður rannsóknarstofu og

5.1. vog, með nákvæmni upp á 0,01 g.

5.2. 500 ml bikarglösl.

5.3. Trekt úr plasti, helst keilulöguð efst, u.p.b. 200 mm í þvermál.

5.4. Sigt með 0,5 mm möskvum sem passar í trektina (5.3).

Athugasemd: Stærð trektar og sigtis er þannig valin að einungis örfá korn liggi ofan á öðrum kornum og ólian hripi auðveldlega af.

5.5. Mjúkur, krepauður síupappír sem síast hratt í gegnum, 150 g/m².

5.6. Ídrægur pappír (ætlaður fyrir rannsóknarstofur).

6. Aðferð

6.1. Tvær ákvarðanir úr aðskildum hlutum sama sýnis gerðar með stuttu millibili.

6.2. Allar agnir, sem eru undir 0,5 mm að stærð, eru teknar frá með því að nota prófunarsigt (5.4). Um 50 g af sýninu eru vegin með 0,01 g nákvæmni og látin í bikarglas (5.2). Svo mikil gasolía (4. liður) er látin í bikarglassið svo að hún fljóti yfir perlurnar og hræt varlega saman þannig að allt yfirborð perlanna blotni vel. Úrgler er sett ofan á glasið og það látið standa óhreyft í u.p.b. eina klukkustund við 25 (± 2) °C.

6.3. Allt innihald bikarglassins er síðað í gegnum trektina (5.3) sem sigtið er í (5.4). Sýnið, sem eftir stendur í sigtinu, er látið standa í klukkustund til að tryggja að mestöll umframolía hripi af því.

6.4. Tvær síupappírsarkir (5.5) (u.p.b. 500 x 500 mm) eru lagðar saman ofan á sléttan flöt með um 4 cm uppbrot á öllum fjórum hlíðum til að koma í veg fyrir að perlurnar velti burt. Tvö lög af ídrægum pappír (5.6) eru breidd ofan á síupappírinn. Innihaldi sigtisins (5.4) er öllu hellt yfir ídræga pappírinn og dreift jafnt úr perlunum með mjúkum og flótum pensli. Eftir tvær mínutur er þurrkunum lyft varlega upp öðrum megin og þær dregnar burt svo að perlurnar rúlla niður á síupappírinn fyrir neðan þær sem dreift er úr þeim með penslinum. Ný örök af síupappír, einnig með uppbrettum hlíðum, er lögð ofan á sýnið og perlunum náið í hringi á milli síupappírsarkanna undir dálitum þrýstingi. Gert er hlé eftir hverja áttu hringi til að lyfta upp gagnstæðum jöðrum pappírsins og velta perlunum, sem hafa dreifst út til jaðranna, aftur inn að miðju. Eftirfarandi aðferð er beitt: farið er fjóra hringi réttasælis, síðan fjóra hringi rangsælis. Síðan er perlunum velt aftur inn að miðju eins og lýst var áður. Þetta er endurtekið þrisvar sinnum (24 hringir, jöðrunum lyft tvívars). Nýrrí síupappírsörk er smeygt varlega á milli neðstu og næstneðstu arkanna, næstneðstu örkkinni lyft varlega upp öðrum megin, hún dregin burt og perlurnar látnar renna út á nýju örkinu. Ný síupappírsörk er lögð ofan á perlurnar sem fyrr og aðgerð sú sem lýst var hér að framan er endurtekin. Perlunum er þessu næst hellt strax í taraða skál og vegrar á ný með 0,01 g nákvæmni til að ákvarða massa gasolíunnar sem þær hafa tekið upp.

6.5. *Endurtekning veltiaðgerðar og endurvígutun*

Reynist magn gasolíunnar, sem sýnið hefur tekið upp, vera meira en 2 g er sýnið látið aftur á tvær nýjar síüpappírsarkir og velingurinn endurtekinn, jöðrunum lyft eins og greint var frá í 6.4 (tvisvar sinnum átta hringir, lyft einu sinni). Síðan er sýnið vigtað á ný.

7. **Framsetning niðurstaðna**

7.1. *Útreikningsaðferð og formúla*

Olíuupptakan úr hverri ákvörðun (6.1), gefin til kynna sem hundraðshlutu miðað við massa hins sigtaða prófunarsýnis, er reiknuð samkvæmt eftirfarandi formúlu:

$$\text{Olíuupptaka} = \frac{m_2 - m_1}{m} \times 100$$

þar sem:

m_1 = massi sigtaða sýnisins í grómmum (6.2),

m_2 = massi sýnisins í grómmum þegar vigtað er á ný, annaðhvort skv. lið 6.4 eða 6.5.

Niðurstaða er fengin með því að taka meðaltal ákvárdananna tveggja.

Aðferð 3

Ákvörðun á brennanlega efnispáttum

1. **Umfang og notkunarsvið**

Í þessu skjali er fastsett aðferð til að ákvárda brennanlega efnispætti í eingildum, köfnunarefnisírum ammoníumnítratáburði.

2. **Grundvöllur aðferðar**

Koltvíoxiðið, sem myndast úr ólifrænum fylliefnum, er fyrst fjarlægt með sýrumeðferð. Lífrænu efnasamböndin eru síðan oxuð með blöndu af krómsýru og brennisteinssýru. Baríumhýdroxiðlausn er látin taka til sín koltvíoxiðið sem þá losnar. Botnfallið er leyst upp í saltsýrulausn og mælt með því að titra til baka með natríumhýdroxiðlausn.

3. **Prófefni**

3.1. Króm-(VI)-þríoxið, Cr₂O₃, af greiningarhreinleika.

3.2. Brennisteinssýra, 60% miðað við rúmmál: 360 ml af vatni er hellt í eins lítra bikarglas og 640 ml af brennisteinssýru (eðlismassi við 20 °C = 1,83 g/ml) bætt varlega út í.

3.3. Silfurnítrat: 0,1 mól/l lausn.

3.4. *Baríumhýdroxið*

15 g af baríumhýdroxiði [Ba(OH)₂ · 8H₂O] eru vegin og leyst upp að fullu í heitu vatni. Blandan er látin kólna og sett í eins lítra flösku. Fyllt er að markinu og þessu blandað saman. Þá er blandan síuð gegnum samanbrotinn síüpappír.

3.5. Saltsýrulausn: 0,1 mól/l staðallausn.

3.6. Natríumhýdroxiðlausn: 0,1 mól/l staðallausn.

3.7. Brómfenólblátt: 0,4 g af efninu leyst upp í lítra af vatni.

3.8. Fenóltalín: 2 g í lítra af etanolí sem er 60% miðað við rúmmál.

3.9. Blanda af vítið og kalsíumhýdroxiði: kornastærð u.p.b. 1,0–1,5 mm.

3.10. Steinefnasneytt vatn, nýsoðið til að fjarlægja koldíoxíð.

4. Búnaður

4.1. *Venjulegur rannsóknarstofubúnaður, einkum eftirsarandi:*

- 15 ml síudeigla með plötu úr hertu gleri; glerplatan skal vera 20 mm að þvermáli; hæð samtals: 50 mm; gropstig 4 (opstærð milli 5 og 15 µm),
- 600 ml bikarglas.

4.2. Köfnunarefni undir þrýstingi.

4.3. Búnaður samsettur úr eftirtoldum hlutum og samtengdur, sé þess nokkur kostur, með slípuðum keilusamskeytum (*sjá 2. mynd*).

4.3.1. Ísogsrör A, u.p.b. 200 mm á lengd og 30 mm að þvermáli, fyllt með blöndu af natrúumhýdroxíði og kalsíumhýdroxíði (3.9) sem er halddið á sínum stað með töppum úr trefjagleri fyrir báðum endum.

4.3.2. 500 ml hvarfaflaska B, með hliðarstúti og kúptum botni.

4.3.3. Vigreux-þáttaeimingarsúla (C'), 150 mm á lengd.

4.3.4. Eimsvali C með tvöföldu þéttaryfirborði, 200 mm á lengd.

4.3.5. Drechsels-flaska D, notuð sem gildra til að safna umframsýru sem kann að eimast yfir.

4.3.6. Ísbað E til að kæla Drechsels-flöskuna.

4.3.7. Tvö ísogsglöss, F₁ og F₂, 32–35 mm að þvermáli, með gasdreifi sem er með 10 mm diskí úr hertu gleri með lágu gropstigi.

4.3.8. Sogdæla og sogstjórnunarþúnaður G, ásamt T-röri sem tengt er við hringrásina öðrum megin en hinum megin við hárpípu með gúmmíslöngu sem á er slönguklemma.

Varúð: notkun sjóðandi krómsýrulausnar í búnaði við undirþrýsting hefur hættu í för með sér og krefst viðeigandi varúðarráðstafana.

5. Aðferð

5.1. *Sýni til greiningar*

U.p.b. 10 g sýni af ammoníumnítrati er vigtað með um 0,001 g nákvæmni.

5.2. *Fjarlæging karbónata*

Sýnið er látið í hvarfaflösku B. Við það er bætt 100 ml af H₂SO₄ (3.2). Perlurnar leysast upp á u.p.b. 10 mínútum við stofuhita. Búnaðurinn er settur saman eins og sýnt er á skýringarmyndinni: annar endi íogsrörsins (A) er tengdur við köfnunarefnisgjafa (4.2) um gaslás með þrýstingi, sem svarar til 5–6 mm kvikasílfurssúlu, og hinn endinn við aðrennslisrörið yfir í hvarfaflöskuna Vigreux-þáttaeimingarsúlunni (C') og eimsvalanum (C) með kælivatni er komið fyrir á sínum stað. Hæfilegt magn köfnunarefnis er látið streyma í gegnum lausnina, sem er hituð að suðumarki og halddið við það í tvær mínútur. Að þeim tíma liðnum ætti lausnin að vera hætt að freyða. Myndist enn loftbólur er hitað áfram í þrjátíu mínútur. Lausnin er síðan látin kólna í a.m.k. 20 mínútur og köfnunarefni látið streyma í gegnum hana.

Afgangurinn af búnaðinum er settur saman eins og sýnt er á skýringarmyndinni með því að tengja eimsvalarörið við Drechsels-flöskuna (D) og hana síðan við ísogsglösin (F₁ og F₂). Köfnunarefnið verður að streyma áfram í gegnum lausnina meðan búnaðurinn er settur saman. Síðan er 50 ml af baríumhýdroxíðlausn (3.4) hellt snögglega í bæði ísogsglösin (F₁ og F₂).

Köfnunarefni er látið streyma í gegnum lausnina í u.p.b. tíu mínútur. Lausnin í ísogsglösunum verður að haldast tær allan tímann Ef svo er ekki verður að endurtaka ferlið þar sem karbónötin eru fjarlægd.

5.3. *Oxun og ísog*

Eftir að köfnunarefnisgjafinn hefur verið aftengdur er 20 g af krómþróxiði (3.1) og 6 ml af silfurnítratlausn (3.3) bætt hratt við í flökuna (B) í gegnum hliðarstútinn. Búnaðurinn er tengdur við sogdæluna og streymi köfnunarefnis stillt þannig að stöðugt streymi loftbólna sé gegnum ísogsglösin F₁ og F₂.

Hvarfaflaskan (B) er hituð þangað til vökvinn sýður og honum er haldið sjóðandi í hálfa aðra klukkustund (¹). Nauðsynlegt getur verið að endurstilla ventilinn sem stjórnar sogkraftinum (G) og þar með streymi köfnunarefnis, þar eð baríumkarbónat, sem fallið hefur út í prófuninni, getur stíflað hertu glerplötturnar. Aðgerðin telst fullnægjandi ef baríumhýdroxíðlausnin í ísogsglasinu F₂ er ter. Að öðrum kosti ber að endurtaka hana. Hitun er hætt og búnaðurinn tekinn í sundur. Báðir dreifarnir (3.10) eru skolaðir bæði að innan og utan til að fjarlægja allt baríumhýdroxíð og skolvatninu safnað í tilheyrandi ísogsglas. Dreifarnir eru látnir hvor á eftir öðrum í 600 ml bikarglas sem síðan er notað við ákvörðunina.

Innihald ísogsglasanna, fyrst F₂ og síðan F₁, er síðað hratt og með lagi í glersíudeiglunni. Botnfallinu er safnað með því að skola ísogsglösin með vatni (3.10) og deigan skoluð með 50 ml af sama vatni. Deigan er látin í 600 ml bikarglas og u.p.b. 100 ml af vatni bætt við. 50 ml af soðnu vatni er hellt í hvort ísogsglas og köfnunarefni látið streyma í gegnum búnaðinn í fimm mínútur. Þessu vatni og vatnini úr bikarglasinu er blandað saman. Þetta er endurtekið til að tryggja að dreifarnir hafi skolast rækilega.

5.4. *Mæling á karbónötum úr lífrænu efni*

Fimm dropum af fenóltalíni (3.8) er bætt út í vökvann í bikarglasinu. Lausnin tekur á sig rauðan lit Saltsýru (3.5) er bætt við í dropatali þar til rauði liturinn hverfur. Hrært er vel í lausninni í deiglu til að ganga úr skugga um að rauði liturinn komi ekki aftur fram. Fimm dropum af brómfenólbláu (3.7) er bætt út í og titrað með saltsýru (3.5) þar til lausnin tekur á sig gulán lit. 10 ml af saltsýru er bætt við.

Lausnin er hituð að suðumarki og haldið sjóðandi í eina mínútu að hámarki. Gengið er vandlega úr skugga um að ekkert botnfall verði eftir óuppleyst.

Lausnin er kæld og natríumhýdroxíðlausnin (3.6) notuð til að titra til baka.

6. **Núllprófun**

Núllprófun er gerð með sömu aðferð og sama magni af öllum prófefnum og fyrr.

7. **Framsetning niðurstaðna**

Innihald brennanlegra efna (C), gefið upp sem kolefni, sem hundraðshlut miðað við massa sýnisins, er reiknað samkvæmt eftirfarandi formúlu:

$$C \% = 0,06 \cdot \frac{V_1 - V_2}{E}$$

þar sem:


E = massi prófunarhluta sýnisins í grömmum,

V₁ = heildarrúmmál 0,1 mól/l saltsýrulausnarinnar, sem bætt var út í eftir litarbreytingu fenóltalínsins, í ml

V₂ = rúmmál 0,1 mól/l natríumhýdroxíðlausnarinnar, sem notuð er við titrun til baka, í ml.

(¹) Hálf önnur klukkustund er nægilegur tími til efnahvarfa fyrir flest lífræn efni þegar silfurnítrat er notað sem hvati.

2. mynd



Aðferð 4

Ákvörðun á sýrustigi

1. Umfang og notkunarsvið

Í þessu skjali er fastsett aðferð til að mæla sýrustig í lausn með eingildum, köfnunarefnisrikum ammoníumnítratáburði.

2. Grundvöllur aðferðar

Mæling sýrustigs í ammoníumnítratlausn með sýrustigsmæli.

3. Prófefni

Eimað eða steinefnasneytt vatn sem inniheldur ekki koltvísýring.

Köfnunarefnisgrafi

3.1. *Jafnalausn, pH-gildi = 6,88 við 20 °C*

$3,40 \pm 0,01$ g af kalíumtvívetnisortófosfati (KH_2PO_4) er leyst upp í u.p.b. 400 ml af vatni. Síðan er $3,55 \pm 0,01$ g af tvínafríumvetniortófosfati (Na_2HPO_4) leyst upp í 400 ml af vatni. Báðum lausnum er hellt í 1 000 ml mæliflösku og þess gætt að ekkert fari til spillis, fyllt er að markinu og þessu blandað saman. Lausnin er geymd í loftþéttu fláti.

3.2. *Jafnalausn, pH-gildi = 4,00 við 20 °C*

$10,21 \pm 0,01$ g af kalíumvetnisþalati ($\text{KHC}_8\text{O}_4\text{H}_4$) er leyst upp í vatni og hellt í 1 000 ml mæliflösku og þess gætt að ekkert fari til spillis, fyllt er að markinu og þessu blandað saman.

Lausnin er geymd í loftþéttu fláti.

3.3. Heimilt er að nota staðlaðar sýrustiglausnir sem eru á markaði.

4. Búnaður

Sýrustigsmælir, búinn rafskautum úr gleri og kalómeli eða sambærilegu efni, með næmi upp á 0,05 sýrustigseiningar.

5. Aðferð

5.1. *Kvörðun sýrustigsmælisins*

Sýrustigsmælirinn (4) er kvarðaður við hitastig $20 (\pm 1) ^\circ\text{C}$ með því að nota stuðpúðalausnirnar (3.1), (3.2) eða (3.3). Köfnunarefni er látið streyma hægt um yfirborð lausnarinnar á meðan prófað er.

5.2. *Ákvörðun*

100,0 ml af vatni er hellt yfir $10 (\pm 0,01)$ g af sýninu í 250 ml bikarglassi. Óleyasanlegt efni er skilið frá með því að síða vökvann, hella honum burt eða skilja hann í skilvindu. Sýrustig tæra vökvans er síðan mælt við $20 (\pm 1) ^\circ\text{C}$ með sömu aðferð og notuð er við kvörðun mælisins.

6. **Framsetning niðurstaðna**

Niðurstöðurnar skulu gefnar upp sem sýrustigseiningar með einum aukastaf og hitastigið skal tilgreint.

Aðferð 5

Ákvörðun á kornastærð

1. **Umfang og notkunarsvið**

Í þessu skjali er fastsett aðferð til að ákvarða kornastærð eingilda, köfnunarefnisríks ammoníumnítratáburðar með sigtun.

2. **Grundvöllur aðferðar**

Sýnið er sigtað í gegnum þrjú sigti sem eru hrist, annaðhvort handvirkta eða vélvirkta. Massi efnisins, sem eftir verður í hvert skipti, er skráður og hlutfall efnisins sem fer í gegnum hvert sigti reiknað.

3. Búnaður

3.1. Stöðluð sigti, 200 mm í þvermál með 2,0 mm, 1,0 mm og 0,5 mm möskvum. Eitt lok og eitt viðtökuflát fyrir sigtin þrjú.

3.2. *Vog með 0,1 g nákvæmni.*

3.3. Vélknúinn sigtishristari (ef hann er fáanlegur) sem hristir sýnin bæði lárétt og lóðrétt.

4. Aðferð

4.1. Sýnin er skipt í u.p.b. 100 g hluta

4.2. Einn þessara hluta er veginn með 0,1 g nákvæmni.

4.3. Sigtunum er raðað þannig: neðst kemur viðtökuflátið, þá 0,5 mm, 1 mm og efst 2 mm sigti og vegna sýnið er látið í efsta sigtið. Lokið er sett á efsta sigtið.

- 4.4. Sigtin eru hríst, annaðhvort með handvirkta eða vélvirkt, bæði lárétt og lóðrétt, og bönnuð af og til ef handaflí er beitt. Þessu er halddið áfram í 10 mínútur eða þangað til innan við 0,1 g fer gegnum sigtin á einni mínu.
- 4.5. Sigtin eru tekin af hvert af öðru og efninu, sem eftir verður á þeim, er safnað með því að bursta þau varlega að utanverðu með mjúkum pensli, ef þörf krefur.
- 4.6. Efnið, sem eftir verður í hverju sigti, og efnið, sem safnast hefur í söfnunarflátið, er vigtað með 0,1 g nákvæmni.

5. Mat á niðurstöðum

- 5.1. Massi hvers þáttar er umreknaður í hundraðshluta af samanlögðum massa þáttanna (ekki af upprunalega massanum).

Hundraðshluti efnisins í söfnunarflátinu (þ.e. < 0,5 mm) er reknaður: A%.

Hundraðshluti efnisins, sem eftir verður í sigtinu með 0,5 mm möskvum, er reknaður: B%.

Hundraðshluti efnisins, sem fer í gegnum sigtið með 1,0 mm möskvum, er reknaður, þ.e. (A + B)%.

Samanlagður massi allra þáttanna ætti ekki að víkja meira en 2% frá þeim massa sem var tekinn í upphafi.

- 5.2. Skylt er að framkvæma a.m.k. tvær sjálfstæðar mælingar og tölvulegur mismunur á niðurstöðunum fyrir A ætti ekki að vera meiri en 1,0% og ekki meiri en 1,5% fyrir B. Að öðrum kosti ber að endurtaka prófunina.

6. Framsetning niðurstaðna

Meðaltal gildanna tveggja sem fengust úr A og úr A + B skal gefið upp.

Aðferð 6

Ákvörðun á klórinnihaldi (klóríðjónum)

1. Umfang og notkunarsvið

Í þessu skjali er fastsett aðferð til að ákvarða klórinnihald (klóríðjónir) í eingildum, köfnunarefnisrkum ammonfumnítratáburði.

2. Grundvöllur aðferðar

Klóríðjónir, sem leystar hafa verið upp í vatni, eru ákvarðaðar með spennutítrun með silfurnítrati í súrum miðli.

3. Prófefni

Eimað eða steinefnasneytt vatn, án klóríðjóna.

- 3.1. *Aseton AR*
- 3.2. Óblönduð saltpéturssýra (eðlismassi við 20 °C = 1,40 g/ml).
- 3.3. Silfurnítrat, 0,1 mól/l staðallausn. Lausnin er geymd í brúnni glerflösku.
- 3.4. Silfurnítrat, 0,004 mól/l lausn – lausnin er notuð strax eftir að hún hefur verið tilreidd.
- 3.5. Kalíumklóríð, 0,1 mól/l stöðluð viðmiðunarlausn. Vigtuð eru með 0,1 mg nákvæmni 3,7276 g af kalíumklóríði af greiningarhreinleika, sem hefur verið þurrkað í ofni við 130 °Cí eina klukkustund og kælt niður í stofuhiti í þurrkara. Efnið er leyst upp í dálitlu vatni, því hellt í 500 ml mæliflösku og þess gætt að ekkert fari til spillis, fyllt er að markinu með vatni og þessu blandað saman.
- 3.6. Kalíumklóríð, 0,004 mól/l stöðluð viðmiðunarlausn – lausnin er tilreidd rétt fyrir notkun.

4. Búnaður

- 4.1. Spennudeilir með vísisrafkskauti úr silfri og viðmiðunarrafsskaut úr kalómeli, með næmi 2 mV og mælisvið – 500 til + 500 mV.
- 4.2. Brú, sem inniheldur mettaða kalíumnítratlausn og tengd er við kalómelrafsskautið (4.1), með gropna tappa á endunum.

- 4.3. Segulhrærari með teflonhúðuðum pinna.
- 4.4. Örmælipípa með oddhvössum enda og 0,01 ml kvarða.

5. Aðferð

5.1. Stöðlun silfurnítratlausnarinnar

Í tvö lág bikarglös af hentugri stærð (t.d. 250 ml) eru látnir 5,00 og 10,00 ml af staðlaðri viðmiðunarlausn kalfumklóríðs (3.6). Innihald beggja bikarglasa er síðan titrað eins og greint er frá hér á eftir.

5 ml af saltpéturssýru (3.2) og 120 ml af asetoni (3.1) er bætt út í ásamt nægilegu vatni til þess að heildarrúmmálið verði u.p.b. 150 ml. Pinninn úr segulhræraranum (4.3) er látninn í bikarglasið og hrærarinn settur í gang. Silfurrafkskautið (4.1) er látið ofan í lausnina ásamt lausa endanum á brúnni (4.2). Rafskautin eru tengd við spennudeilinn (4.1) og upphafsspennan mæld eftir að núllgildið hefur verið sannreynrt.

Lausnin er titruð með því að nota örmaelipípuna (4.4) og bætt við 4 eða 9 ml af silfurnítratlausn eins og við á eftir því hvaða staðlaða viðmiðunarlausn kalfumklóríðs er notuð. Áfram er haldið og bætt við 0,1 ml skömmumtum í einu þegar um er að ræða 0,004 mó/l lausn og 0,05 ml skömmumtum þegar 0,1 mó/l lausn er notuð. Eftir hvern skammt er beðið þangað til spennan er orðin stöðug á ný.

Rúmmál lausnanna, sem bætt er út í og samsvarandi spennugildi, eru skráð í fyrstu tveimur dálkum í töflu.

Í þriðja dálki er skráð stigmögnud aukning ($\Delta_1 E$) spennunnar E. Í fjórða dálki er skráður mismunur ($\Delta_2 E$), annaðhvort jákvæður eða neikvæður, milli aukningar í spennunni ($\Delta_1 E$). Títrun er lokið þegar 0,1 eða 0,05 ml viðbótarskammtur af silfurnítratlausn (V_1) gefur hæsta gildi fyrir $\Delta_1 E$.

Til að reikna út nákvæmlega það rúmmál silfurnítratlausnarinnar (V_{eq}), sem þarf til að ljúka efnahvarfinu, er notuð eftirfarandi formúla:

$$V_{eq} = V_0 + (V_1 \times \frac{b}{B})$$

þar sem:

V_0 er heildarrúmmál (í ml) þeirrar silfurnítratlausnar sem er rétt undir því rúmmáli sem veldur mestri aukningu í $\Delta_1 E$,

V_1 er rúmmál (í ml) síðasta skammts silfurnítratlausnarinnar sem bætt er við (0,1 eða 0,05 ml),

b er síðasta jákvæða gildi fyrir $\Delta_2 E$,

B er summa raungildanna fyrir síðasta jákvæða gildi $\Delta_2 E$ og fyrsta neikvæða gildi $\Delta_2 E$ (sjá dæmi í töflu 1).

5.2. Núllprófun

Núllprófun er gerð og tekið mið af henni þegar lokaniðurstöður eru reiknaðar út.

Niðurstaðan V_4 úr núllprófuninni á prófefnum er reiknuð (í ml) samkvæmt eftirfarandi formúlu:

$$V_4 = 2V_3 - V_2$$

þar sem:

V_2 er gildi (í ml) fyrir nákvæmlega það rúmmál (V_{eq}) af silfurnítratlausn sem notað var til að titra 10 ml af stöðluðu kalfumklóríðviðmiðunarlausninni sem notuð var,

V_3 er gildi (í ml) fyrir nákvæmlega það rúmmál (V_{eq}) af silfurnítratlausn sem notað var til að titra 5 ml af stöðluðu kalfumklóríðlausninni sem var notuð.

5.3. Eftirlitsprófun

Einnig er unnt að styðjast við núllprófunina til þess að ganga úr skugga um að búnaðurinn starfi rétt og að prófunaraðferðin sé rétt útfærð.

5.4. Ákvörðun

Milli 10 og 20 g af sýninu eru tekin og vigtuð með 0,01 g nákvæmni. Þetta magn allt er látið í 250 ml bikarglas. 20 ml af vatni, 5 ml af saltpéturssýrulausn (3.2) og 120 ml af asetoní (3.1) er bætt við og nægu vatni til þess að rúmmálið verði u.p.b. 150 ml.

Pinninn úr segulhræraranum (4.3) er láttinn í bikarglasið, það er sett á hrærarann og hann settur í gang. Silfurrafkskautið (4.1) er látið ofan í lausnina ásamt lausa endanum á brúnni (4.2), rafskautin eru tengd við spennudeilinn (4.1) og upphafsspennan mæld eftir að núllgildið hefur verið sannreynt.

Lausnin er tftruð með silfurnítratlausn sem bætt er við í 0,1 ml skömmatum með örmælipípu (4.4). Eftir hvern skammt er beðið þangað til spennan er orðin stöðug.

Áfram er haldið með titrun eins og um getur í 5.1, frá og með fjórðu málsgrein: „Rúmmál lausnanna, sem bætt er út í og samsvarandi spennugildi, eru skráð í fyrstu tveimur dálkum í töflu ...“

6. Framsetning niðurstaðna

Niðurstöður greiningarinnar eru settar fram sem hundraðshlut klórs í sýninu eins og tekið var við því til greiningar. Hundraðshlut klórinnihalds (Cl) er reiknaður samkvæmt eftirfarandi formúlu:

$$\text{Cl \%} = \frac{0,3545 \times T \times (V_5 - V_4) \times 100}{m}$$

þar sem:

T er styrkur silfurnítratlausnarinnar, sem notuð er, í mó/l,

V_4 er niðurstaðan (í ml) úr núllprófuninni (5.2),

V_5 er gildi (í ml) fyrir V_{eq} samkvæmt ákvörðuninni (5.4),

m er massi vegna sýnisins í grómmum.

Tafla 1: Dæmi

Rúmmál silfurnítratlausnarinnar V (ml)	Spenna E (mV)	$\Delta_1 E$	$\Delta_2 E$
4,80	176		
4,90	211	35	+ 37
5,00	283	72	- 49
5,10	306	23	- 10
5,20	319	13	
$V_{eq} = 4,9 + 0,1 \times \frac{37}{37 + 49} = 4,943$			

Aðferð 7

Ákvörðun á kopar

1. Umfang og notkunarsvið

Í þessu skjali er fastsett aðferð til að ákvarða koparinnihald í eingildum, köfnunarefnisríkum ammoníumnítratáburði.

2. Grundvöllur aðferðar

Sýnið er leyst upp í þynnri saltsýru og koparinnihaldið ákvarðað með frumeindagleypnimælingu.

3. Prófefni

- 3.1. Saltsýra (eðlismassi við 20°C = 1,18 g/ml).
- 3.2. Saltsýra: 6 mól/l.
- 3.3. Saltsýra, 0,5 mól/l.
- 3.4. Ammoníumnítrat.
- 3.5. Vetrnisperoxíð, 30%, massi miðað við rúmmál.
- 3.6. Koparlausn (¹) (stofnlausn): 1 g af hreinum kopar er vigtað með 0,001 g nákvæmni og leyst upp í 25 ml af 6 mól/l saltsýrulausn (3.2); út í er bætt 5 ml af vetrnisperoxíði (3.5) í skömmum og fyllt að einum lítra með vatni. Í 1 ml af þessari lausn eru 1 000 µg kopars (Cu).
- 3.6.1. Koparlausn (¹) (þynnt): 10 ml af stofnlausninni (3.6) eru þynntir með vatni að 100 ml, síðan eru 10 ml af þeiri lausn þynntir aftur með vatni að 100 ml; 1 ml af lokaþynningunni inniheldur 10 µg kopars (Cu).

Lausnin er notuð strax eftir að hún hefur verið tilreidd.

4. Búnaður

Frum eingagleypnimælir með koparlampa (324,8 nm).

5. Aðferð

5.1. Tilreiðsla lausnar til greiningar

25 g af sýninu eru vigtuð með 0,001 g nákvæmni, það er látið í 400 ml bikarglas og 20 ml af saltsýru (3.1) bætt út í með varkární (hætta er á kröftugum efnahvörnum vegna myndunar koltvísýrings). Meiri saltsýru er bætt út í, gerist þess þörf. Þegar gosmyndun er hætt er látið gufa upp af lausninni í sjóðandi vatnsbaði þar til hún hefur öll gufað upp og hrært í af og til með glerstaf. 15 ml af 6 mól/l saltsýrulausn (3.2) er bætt við og 120 ml af vatni. Hrært er í með glerstafnum, hann síðan láttinn standa í bikarglasinu og úrgler sett ofan á. Lausnin er soðin við vægan hita þangað til efnið er uppleyst að fullu og hún síðan kæld.

Lausnin öll er flutt yfir í 250 ml mæliflösku þannig að bikarglaðið er skolað einu sinni með 5 ml af 6 mól/l saltsýru (3.2) og tvisvar með 5 ml af sjóðandi heitu vatni, fyllt er að markinu með 0,5 mól/l saltsýru (3.3) og þessu blandað vel saman.

Lausnin er síuð gegnum koparfrían síupappír (²) og fyrstu 50 ml hent.

5.2. Núlllausn

Tilreidd er núlllausn án sýnisins en aðrir þættir eru óbreyttir og tekið mið af henni þegar lokaniðurstöður eru reiknaðar út.

5.3. Ákvörðun

5.3.1. Tilreiðsla sýnis- og núlllausna

Sýnlausn (5.1) og núlllausn (5.2) eru þynntar með 0,5 mól/l saltsýru (3.3) uns fenginn er koparstyrkleiki á því sviði sem hentar best til mælinga með litrófsmæli. Yfirleitt er engin þörf á þynningu.

5.3.2. Tilreiðsla kvörðunarlausna

Með því að þynna staðallausnina (3.6.1) með 0,5 mól/l saltsýrulausn (3.3) eru tilreiddar a.m.k. fimm staðallausnir með þeim koparstyrk sem best hentar til mælinga með litrófsmæli (0–5,0 mg/l Cu). Ammoníumnítrati (3.4) er bætt út í hverja lausn, þangað til styrkur þess er 100 mg í ml, áður en fyllt er að markinu.

¹ Heimilt er að nota staðlaða koparlausn sem er á markaði.
² Whatman 541 eða jafngildur síupappír

5.4. *Mæling*

Litrófsmælirinn (4) er stilltur á bylgjulengd 324,8 nm. Nota skal búnað til mælinga við gasloga (asetýlen og loft). Úðað er þrisvar sinnum með kvörðunarlausninni (5.3.2), sýnislausninni og núlllausninni (5.3.1), hverri á eftir annarri, og tækið skolað með eimuðu vatni eftir hverja úðun. Kvörðunarferill er teiknaður þar sem lóðhnitin eru meðalgleypni hverrar staðallausnar og láhnitin samsvarandi styrkur kopars í $\mu\text{g}/\text{ml}$.

Styrkur kopars í lokasýninu og núlllausnunum er ákvarðaður út frá kvörðunarferlinum.

6. **Framsetning niðurstaðna**

Koparinnihald sýnisins er reiknað með hliðsjón af massa prófunarsýnisins, þeirri þynningu sem átti sér stað við greininguna og gildinu úr núllprófuninni. Niðurstöðurnar eru gefnar upp í mg Cu/kg.

4. Ákvörðun á sprengipoli

4.1. Umfang og notkunarsvið

Í þessu skjali er fastsett aðferð til að ákvarða sprengipol eingilda, köfnunarefnisríks ammoníumnítratáburðar.

4.2. Grundvöllur aðferðar

Sýninu er komið fyrir í stárlöri og látið verða fyrir sprengingarhöggi frá forsprengihleðslu. Útbreiðsla sprengingarinnar er mæld með því að athuga hversu mikið blýhólkar aflagast sem rörið hvílir lárétt á meðan á prófunini stendur.

4.3. Efni

4.3.1. Plestið sprengiefni sem inniheldur 83–86% pentrit

Eðlismassi: 1 500–1 600 kg/m³

Sprengihraði: 7 300–7 700 m/s

Massi: 500 (± 1) grómm.

4.3.2. Sjö bútar af sveigjanlegum kveikiþræði án málmslífar

Fyllimassi: 11–13 g/m

Lengd hvers þráðar: 400 (± 2) mm.

4.3.3. Pressuð kúla úr annars stigs sprengiefni með dæld fyrir hvellhettu

Sprengiefni: hexógen/vax 95/5 eða tetrýl eða sambærilegt annars stigs sprengiefni, með eða án viðbætts grafitis.

Eðlismassi: 1 500–1 600 kg/m³

Þvermál: 19–21 mm

Hæð: 19–23 mm

Dæld í miðju fyrir hvellhettu: þvermál 7–7,3 mm, dýpt 12 mm.

4.3.4. Heildregið stárlór eins og tilgreint er í ISO 65 – 1981 – Heavy Series, nafnmál DN 100 (4")

Ytra þvermál: 113,1–115,0 mm

þykkt rörveggja: 5,0–6,5 mm

Lengd: 1 005 (± 2) mm.

4.3.5. Botnplata

Efni: stál sem auðvelt er að sjóða

Stærð: 160 x 160 mm

þykkt: 5–6 mm

- 4.3.6. Sex blýhólkar
 Þvermál: 50 (± 1) mm
 Hæð: 100–101 mm
 Efni: hreinsað, mjúkt, blý, a.m.k. 99,5% hreint
- 4.3.7. Stálkubbur
 Lengd: a.m.k. 1 000 mm
 Breidd: a.m.k. 150 mm
 Hæð: a.m.k. 150 mm
 Massi: a.m.k. 300 kg ef engin föst undirstaða er fyrir kubbinn.
- 4.3.8. Hólkur úr plasti eða pappa fyrir forsprengjuna
 Þykkt veggja: 1,5–2,5 mm
 Þvermál: 92–96 mm
 Hæð: 64–67 mm
- 4.3.9. Hvellhetta (með eða án rafstýringar) með kveikikrafti 8–10
- 4.3.10. Tréskífa
 Þvermál: 92–96 mm Þvermálið passar við innra þvermál plast- eða pappahólkssins (4.3.8)
 Þykkt: 20 mm
- 4.3.11. Trépinni af sömu stærð og hvellhettan (4.3.9)
- 4.3.12. Títuprjónar (hámarkslenđ 20 mm)
- 4.4. *Aðferð*
- 4.4.1. Undirbúnингur forsprengjunnar áður en henni er komið fyrir í stálrörinu
 Tvær aðferðir eru notaðar við að kveikja í forsprengjunni eftir því hvaða búnaður er fáanlegur.
- 4.4.1.1. Sjö punkta samtímakveiking
 Á 1. mynd má sjá tilbúna forsprengju.
- 4.4.1.1.1. Boruð eru göt í tréskífuna (4.3.10), samsíða ási hennar, í miðjuna og gegnum sex punkta sem dreifast samhverft á sammiðja hring sem er 55 mm að þvermáli. Götin skulu vera 6–7 mm í þvermál (sjá A–B á 1. mynd), eftir því hve sver kveikiþráðurinn (4.3.2) er.
- 4.4.1.1.2. Klipptir eru sjö bútar af sveigjanlegum kveikiþræði (4.3.2), hver um sig 400 mm, og komið er í veg fyrir að spriegiefni fari til spillis til endanna með hreinum skurði og með því að loka endunum strax með lími. Bútunum sjö er þrýst í gegnum götin sjö í tréskífunni (4.3.10) þar til endarnir standa út hinum megin sem nemur nokkrum sentímétrum. Litlum títuprjóni (4.3.12) er stungið þvert í slífar kveikiþráðanna, 5–6 cm frá endunum, og lím borið á 2 cm breitt svæði hjá títuprjónunum á ytra borði kveikiþráðanna. Að lokum er lengri endi hvers þráðar dreginn til baka þar til títuprjónninn smertir skífuna.
- 4.4.1.1.3. Plestið spriegiefnið (4.3.1) er mótað í hólk, 92–96 mm í þvermál, eftir því hve víður hólkurinn (4.3.8) er. Mótaða spriegiefnið er síðan látið ofan í hólkinn sem komið hefur verið fyrir í lóðrétttri stöðu á sléttum fleti. Tréskífan (¹) með kveikiþráðunum sjö er látin inn í hólkinn að ofanverðu og þrýst niður í spriegiefnið. Hæð hólkssins (64–67 mm) skal stillt þannig að efri brúnin nái ekki upp fyrir tréskífunu. Að lokum er hólkurinn festur við tréskífuna meðfram allri röndinni með heftum eða litlum nöglum.
- 4.4.1.1.4. Kveikiþræðirnir sjö eru dregnir saman um trépinnann (4.3.11) þannig að allir endarnir séu í sama fleti sem er hornréttur á pinnann. Þeir eru festir við pinnann með límbandi (²).

(¹) Þvermál skífunnar verður ætíð að samsvara innra þvermáli hólkssins.

(²) Ath.: Þegar strekkt er á þráðunum sex eftir að þeir hafa verið tengdir saman skal miðþráðurinn vera aðeins slakur áfram.

4.4.1.2. Miðlæg kveiking með pressaðri kúlu

Á 2. mynd má sjá tilbúna forsprengju.

4.4.1.2.1. Gerð samanþjappaðrar kúlu

Þegar nauðsynlegar öryggisráðstafanir hafa verið gerðar eru 10 g af annars stigs sprengiefni (4.3.3) látin í móti sem er 19–21 mm að innra þvermáli og efninu þjappað saman í viðeigandi form og þykkt.

(Hlutfall þvermáls og hæðar ætti að vera u.p.b. 1:1.).

Í miðjum botni mótsins er pinni sem er 12 mm á hæð og 7,0–7,3 mm í þvermál (eftir þvermáli hvellhettunnar) og myndar sívalningslagða dæld í pressuðu hleðslunni þar sem hvellhettunni verður síðan komið fyrir.

4.4.1.2.2. Forsprengihleðslan undirbúin

Sprengiefninu (4.3.1) er komið fyrir í hólknum (4.3.8) sem stendur lóðrétt á sléttum fleti og því þrýst niður með tréstimpli til að það verði sívalningslaga með dæld í miðjunni. Pressuðu kúlunni er komið fyrir í dældinni. Ofan á sívalningslagða sprengiefnið með pressuðu kúlunni er látin tréskífa (4.3.10) með gati, 7,0–7,3 cm í þvermál, í miðjunni fyrir hvellhettuna. Tréskífan er fest á sprengiefnissívalninginn með límbandi í kross. Gengið er úr skugga um að boraða gatið í skífunni og dældin standist á með því að reka trépinnann í gegnum gatið (4.3.11).

4.4.2. Stálrörin búin undir sprengipolsprófanir

Tvö gagnstæð göt, 4 mm í þvermál, eru boruð hornrétt á rörvegginn 4 mm frá öðrum enda stálrörsins (4.3.4).

Botnplatan (4.3.5) er logsoðin saman við hinn enda rörsins þannig að rétta hornið milli botnplötunnar og rörveggsins er fyllt með suðumálmi allan hringinn um rörið.

4.4.3. Rörið fyllt og hlaðið

Sjá 1. og 2. mynd.

4.4.3.1. Sýnið, stálrörið og forsprengihleðslan verða að ná um 20 (± 5) °C hita. Til þess að framkvæma tvær sprengiprófanir þarf 16–18 kg af sýninu.

4.4.3.2. Rörið er látið standa upprétt á botnplötunni á föstum, sléttum fleti, helst steinsteypu. Rörið er fyllt að einum þriðja með sýni og látið falla fimm sinnum á flötinn úr 10 cm hæð til að þjappa kúlunum eða kornunum vel saman í rörinu. Til að flýta fyrir samþjóppun er rörið hrist með því að berja það utan með 750–1 000 g hamri milli falla, alls tíu sinnum.

Þessi hleðsluaðferð er endurtekin með öðrum skammti af sýninu. Að lokum er bætt við svo stórum skammti að hleðslan fylli rörið að 70 mm frá opi þegar henni hefur verið þjappað saman með því að láta rörið falla tíu sinnum og slá það með hamri tuttugu sinnum þess á milli.

Haga verður yfirborðshæð sýnisins í stálrörinu þannig að forsprengihleðslan (4.4.1.1 eða 4.4.1.2), sem síðar er sett í rörið, snerti allt yfirborð sýnisins.

4.4.3.3. Forsprengihleðslunni er komið fyrir í rörinu þannig að hún snerti sýnið; efra borð tréskífunnar verður að vera u.p.b. 6 mm fyrir neðan efri enda rörsins. Til að tryggja nána snertingu milli sprengiefnis og sýnisins er smáskómmum af sýni bætt við eða þeir fjarlægðir. Splittum er stungið í götin við efri enda rörsins eins og sýnt er á 1. og 2. mynd og splittisendarnir beygðir aftur að rörvegnum.

4.4.4. Staðsetning stálrörsins og blýhólkanna (sjá 3. mynd)

4.4.4.1. Blýhólkarnir (4.3.6) eru tölusettir 1–6. Sex strik eru mörkuð með 150 mm millibili á miðlinu stálkubbs (4.3.7) sem hvílir á lárétttri undirstöðu og er fyrsta merkið a.m.k. 75 mm frá ytri brún hans. Blýhólkunum sex er komið fyrir í lóðrétttri stöðu á strikunum þannig að botnmiðja hvers og eins sé á strikinu.

- 4.4.4.2. Stálrörinu, sem útbúið hefur verið eins og lýst er í 4.4.3, er lagt lárétt ofan á blýhólkana þannig að ás þess sé samsíða miðlinu stálkubba og soðni endi þess nái 50 mm út fyrir blýhólk nr. 6. Til að koma í veg fyrir að rörið velti eru litlir tréfleygar reknir hvor sínum megin (einn á hvorri hlið) milli hliða rörsins og endaflatar hólkanna eða trékrossi er komið fyrir milli rörsins og stálkubbsins.

Athugasemd: Mikilvægt er að rörið snerti alla blýhólkana sex; sé rörið lítillega sveigt má rétta það með því að snúa því um lengdarás sinn; sé einhver blýhólkanna of hár (100 mm) skal hann sleginn varlega með hamri þar til réttri hæð er náð.

- 4.4.5. Sprenging undirbúin

- 4.4.5.1. Búnaðurinn er settur upp eins og um getur í 4.4.4 í byrgi eða á sérstaklega til þess gerðum stað neðanjarðar (t.d. í námu eða göngum). Áður en sprengt er skal sjá til þess að hita rörsins sé haldið við 20 (± 5) °C.

Athugasemd: Séu slíkir staðir til sprenginga ekki í boði er unnt að láta tilraunina fara fram í gryfju, steyptri að innan og með trébjálkum ofan á. Þar eð sprengingin getur þeytt stálbrotum af miklum krafti í allar áttir er nauðsynlegt að tryggja að hún fari fram í hæfilegri fjarlægð frá byggð eða umferðaræðum.

- 4.4.5.2. Sé notuð forsprengihleðsla með sjö punkta kveikingu er nauðsynlegt að sjá til þess að kveikiþræðir séu strekktir eins og lýst er neðanmáls í 4.4.1.1.4 og hafðir láréttir eftir því sem unnt er.

- 4.4.5.3. Að lokum er trépinninn fjarlægður og hvellhettunni komið fyrir í hans stað. Áður en sprengt er skal gengið úr skugga um að allir hafi yfirgefið hættusvæðið og prófunarmenn leitað skjóls.

- 4.4.5.4. Sprengiefnið er sprengt.

- 4.4.6. Þegar nógu langur tími er liðinn frá því að reykurinn frá sprengingunni (loftkennd og stundum eitruð niðurbrotsefni, s.s. köfnunarefnisgastegundir) hefur náð að dreifast er blýhólkunum safnað saman og hæð þeirra mæld með brotmæli.

Aflögun hvers og eins hinna merktu blýhólka er skráð sem hundraðshlutu af upprunalegri hæð hans sem var 100 mm. Hafi hólkarnir skekkst við aflöguna skal skrá hæsta og lægsta gildi og reikna meðaltalið.

- 4.4.7. Ef þörf krefur má nota nema til samfelldrar mælingar á sprengihraða. Nemanum skal komið fyrir í rörinu, samsíða lengdarási þess eða á hlið rörsins.

- 4.4.8. Gera skal tvær sprengjþolsprófanir á hverju sýni.

4.5. Prófunarskýrsla

Tiltaka ber gildi eftirfarandi færibreytna í prófunarskýrslu fyrir hverja sprengiprófun:


- nákvæmt ytra þvermál stálrörsins eins og það mælist í raun og veggþykkt rörsins,
- Brinell-harka stálrörsins,
- hitastig rörsins og sýnisins skömmu áður en sprengt er,
- eðlismassi pressaða sýnisins í stálrörinu (kg/m^3),
- hæð hvers blýhólks að sprengingu lokinni ásamt númeri hans,
- kveikingaraðferð sem notuð er fyrir forsprengjuna.

- 4.5.1. Mat á niðurstöðum prófunar


Ef aflögun a.m.k. eins hólks í hverju prófi er 5% eða minna teljast niðurstöður prófunarinnar afgerandi og sýnið í samræmi við skilyrði 2. þáttar III. viðauka.

I. mynd

Forsprengja með sjö punkta kveikingu




2. mynd

Forsprengja með miðlægri kveikingu

- | | |
|------------------------------|---|
| ① Stálrör | ⑥ Pressuð kúla |
| ② Tréskífa | ⑦ Prófunarsýni |
| ③ Hólkur úr plasti eða pappa | ⑧ 4 mm borað gat fyrir splitti ⑨ |
| ④ Trépinni | ⑨ Splitti |
| ⑤ Plestið sprengiefni | ⑩ Tréstimpill fyrir plestið sprengiefni ⑤ |

3. mynd



IV. VIDAUKI**AÐFERÐIR VID SÝNATÖKU OG GREININGU****A. AÐFERÐ VID SÝNATÖKU VEGNA EFTIRLITS MED ÁBURÐI****INNGANGUR**

Erfitt er að taka sýni á réttan hátt og það krefst mikillar vandvirkni. Því verður aldrei lögð á það næg áhersla að nauðsynlegt er að sýni, sem tekið er vegna opinbers eftirlits með áburði, sé nægilega dæmigert.

Sýnatökuaðferðinni, sem lýst er hér á eftir, skal beitt af ítrusu nákvæmni af sérfræðingum með reynslu í hefðbundinni sýnatöku.

1. Markmið og gildissvið

Sýni vegna opinbers eftirlits með gæðum og samsetningu áburðar skulu tekin í samræmi við þær aðferðir sem lýst er hér á eftir. Sýni, sem þannig eru fengin, skulu teljast dæmigerð fyrir þær vörueiningar sem þau eru tekin úr.

2. Sýnatökumenn

Sérfræðingar, sem aðildarríkin hafa veitt umboð til þess, skulu taka sýni.

3. Skilgreiningar

Vörueining: Efnismagn sem er ein heild og telst hafa einsleita eiginleika.

Hlutasýni (incremental sample): Sýni sem er tekið á einum stað í vörueiningunni.

Safnsýni: Safn hlutasýna úr sömu vörueiningunni.

Smækkað sýni: Dæmigerður hluti safnsýnis, fenginn með smækkun, þ.e. með því að hluta það niður.

Lokasýni: Dæmigerður hluti smækkaðs sýnis.

4. Búnaður

4.1. Sýnatökubúnaðurinn skal vera úr efnum sem geta ekki haft áhrif á eiginleika varanna sem sýni eru tekin úr. Aðildarríkin geta veitt opinbert samþykki fyrir þessum búnaði.

4.2. *Búnaður sem mælt er með við töku sýna úr áburði í föstu formi*

4.2.1. Handvirk sýnataka.

4.2.1.1. Skófla með flötu blaði og lóðréttum hliðum.

4.2.1.2. Sýnatökuspjót með langri rauf eða hólfum. Mál spjótsins verður að vera í samræmi við eiginleika vörueiningarinnar (dýpt íláts, sekkjarstærð o.s.frv.) og stærð agna í áburðinum.

4.2.2. Vélvirk sýnataka

Heimilt er að nota samþykktan tækjabúnað til sýnatöku úr áburði á hreyfingu.

4.2.3. Sýnadeilir

Heimilt er að nota búnað sem skiptir sýni í jafna hluta, til að taka hlutasýni og til að útbúa smækkuð sýni og lokasýni.

4.3. *Búnaður sem mælt er með við sýnatöku á fljótandi áburði*

4.3.1. Handvirk sýnataka

Opið rör, inntaksnemi, flaska eða annar hentugur búnaður til að taka slembisýni úr vörueiningu.

4.3.2. Vélvirk sýnataka

Heimilt er að nota viðurkenndan tækjabúnað til sýnatöku úr fljótandi áburði á hreyfingu.

5. **Megindlegar kröfur**

5.1. *Vörueining*

Vörueiningin verður að vera svo stór að unnt sé að taka sýni af öllum efnisþáttum sem hún er samsett úr.

5.2. *Hlutasýni*

5.2.1. Fastur áburður í lausu eða fljótandi áburður í umbúðum sem taka meira en 100 kg.

5.2.1.1. Vörueiningar sem vega ekki meira en 2,5 tonn:

Lágmarksfjöldi hlutasýna: 7

5.2.1.2. Vörueiningar sem vega meira en 2,5 tonn en ekki meira en 80 tonn:

Lágmarksfjöldi hlutasýna: $\sqrt{\text{tuttugufaldur fjöldi tonna í vörueiningunni}}^1$

5.2.1.3. Vörueiningar sem vega meira en 80 tonn:

Lágmarksfjöldi hlutasýna: 40

5.2.2. Pakkaður áburður í föstu formi eða fljótandi áburður í flátum (= pakkningar sem taka 100 kg hið mesta).

5.2.2.1. Pakkningar sem rúma meira en 1 kg

5.2.2.1.1. Vörueiningar sem eru færri en 5 pakkningar:

Lágmarksfjöldi pakkninga sem taka á sýni úr ²): allar pakkningar

5.2.2.1.2. Vörueiningar sem eru 5–16 pakkningar:

Lágmarksfjöldi pakkninga sem taka á sýni úr ²): fjórar.

5.2.2.1.3. Vörueiningar sem eru 17–400 pakkningar:

Lágmarksfjöldi pakkninga sem taka á sýni úr ²): $\sqrt{\text{fjöldi pakkninga utan um vörueininguna}}^1$

5.2.2.1.4. Vörueiningar sem eru yfir 400 pakkningar:

Lágmarksfjöldi pakkninga sem taka á sýni úr ²): 20.

5.2.2.2. Pakkningar sem eru ekki yfir 1 kg:

Lágmarksfjöldi pakkninga sem taka á sýni úr ²): fjórar.

5.3. *Safnsýni*

Krafist er eins safnsýnis úr hverri vörueiningu. Heildarmassi hlutasýna í safnsýni skal ekki vera minni en sem hér segir:

5.3.1. Fastur áburður í lausu eða fljótandi áburður í flátum sem rúma meira en 100 kg: 4 kg.

5.3.2. Pakkaður áburður í föstu formi eða fljótandi áburður í flátum (= pakkningar) sem rúma ekki yfir 100 kg.

5.3.2.1. Pakkningar sem rúma meira en 1 kg: 4 kg

5.3.2.2. Pakkningar sem rúma ekki meira en 1 kg: Massi innihalds í fjórum upprunalegum pakkningum.

5.3.3. Sýni úr ammoníumnítratáburði til prófunar í samræmi við 2. þátt III. viðauka: 75 kg

¹) Ef útkoman er ekki heil tala skal hækka hana upp í næstu heilu tölu.

²) Ef um er að ræða pakkningar þar sem innihaldid er ekki meira en 1 kg skal hlutasýni vera innihald einnar upprunalegrar pakkningar.

5.4. *Lokasýni*

Lokasýnin eru tekin úr safnsýninu, eftir smækkun þess ef þörf krefur. Krafist er greiningar á a.m.k. einu lokasýni. Massi sýnis, sem greina á, má ekki vera undir 500 g.

5.4.1. Fastur og fljótandi áburður

5.4.2. Sýni úr ammoníumnítratáburði til prófunar

Lokasýnið til prófunar er tekið úr safnsýninu, eftir smækkun þess ef þörf krefur.

5.4.2.1. Lágmarksmassi lokasýnis til prófunar skv. 1. þætti III. viðauka: 1 kg

5.4.2.2. Lágmarksmassi lokasýnis til prófunar skv. 2. þætti III. viðauka: 25 kg

6. **Fyrirmæli um töku, undirbúning og pökkun sýna**

6.1. *Almenn atriði*

Sýn skulu tekin og undirbúin eins fljótt og unnt er með það í huga að nauðsynlegt er að gera varúðarráðstafanir til að tryggja að þau verði áfram dæmigerð fyrir áburðinn sem þau eru tekin úr. Verkfæri, svo og allt yfirborð og flát sem sýnin komast í snertingu við, verða að vera hrein og þurr.

Þegar um er að ræða fljótandi áburð skal blanda vörueininguna, ef því verður við komið, áður en sýni er tekið úr henni.

6.2. *Hlutasýni*

Hlutasýni skulu tekin af handahófi úr allri vörueiningunni og þau skulu öll vera því sem næst jöfn að stærð.

6.2.1. Fastur áburður í lausu eða fljótandi áburður í flátum sem geta tekið meira en 100 kg.

Hugsa skal sér að vörueiningunni sé skipt í ákveðinn fjölda jafnstórra hluta. Velja skal af handahófi jafnmarga hluta og samsvara fjölda hlutasýna sem krafist er í samræmi við lið 5.2 og taka a.m.k. eitt sýni úr hverjum þessara hluta. Sé ekki hægt að fullnægja kröfum þeim sem gerðar eru í lið 5.1 við sýnatöku úr áburði í lausu eða fljótandi áburði í flátum sem taka meira en 100 kg skal taka sýni á meðan skoðaði skammturinn er á hreyfingu (við hleðslu og afhleðslu). Í því tilviki skal taka sýnin úr hugsuðu hlutunum sem valdir eru af handahófi, eins og skilgreint er hér að framan, á meðan þessir hlutar eru á hreyfingu.

6.2.2. Fastur eða fljótandi áburður í flátum (= umbúðum) sem taka 100 kg hið mesta.

Þegar valinn hefur verið sá fjöldi pakkninga, sem taka á sýni úr skv. lið 5.2, skal taka hluta innihaldsins úr hverjum þeirra. Ef þörf krefur skal taka sýnin eftir að pakkningarnar hafa verið taemdar hverjar fyrir sig.

6.3. *Undirbúnin gur safnsýnis*

Hlutasýnum skulu blandað saman svo að úr verði eitt safnsýni.

6.4. *Undirbúnin gur lokasýnis*

Öllu efninu í safnsýninu skulu blandað vandlega saman (¹)

Ef þörf krefur skal fyrst hluta safnsýnið niður í a.m.k 2 kg (smækkað sýni), annaðhvort með vélrænum sýnadeili eða fjórðungsaðferðinni.

Síðan skal útbúa a.m.k þrjú álfka stór lokasýni sem uppfylla megindlegu kröfurnar í lið 5.4. Hvert sýni skal sett í hentugt, loftþétt flát. Gera skal allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að eiginleikar sýnisins breytist.

Lokasýni, sem prófa skal skv. 1. og 2. þætti III. viðauka, skulu geymd við 0–25 °C.

(¹) Merja skal alla kekki (ef þörf krefur með því að taka þá úr og setja þá svo aftur saman við sýnið.)

7. Pökkun lokasýna

Skylt er að innsigla ílátin eða pakkningarnar og merkja þau (innsiglið verður að ná yfir allt merkið) þannig að ekki sé hægt að opna þau án þess að skaða innsiglið.

8. Sýnatökuskrá

Halda verður skrá yfir öll tekin sýni svo að hægt sé að sanngreina hverja vörueiningu.

9. Viðtökustaður sýna

Úr hverri vörueiningu skal senda am.k. eitt lokasýni eins fljótt og unnt er til viðurkenndrar rannsóknarstofu eða prófunarstofu ásamt upplýsingum sem nauðsynlegar eru fyrir greiningu þess.

B. ADFERÐIR VIÐ GREININGU Á ÁBURÐI

(Sjá efnisyfirlit á bls. 2.)

Almennar athugasemdir

Búnaður á rannsóknarstofu

Í lýsingum á aðferðum er almennur búnaður á rannsóknarstofu ekki skilgreindur nákvæmlega að öðru leyti en því að stærð á flökum og rennipípum er tilgreind. Búnaður verður ávallt að vera vel hreinsaður, einkum þegar mæla á mjög litla skammta efna.

Samanburðarprófanir

Fyrir greiningu er nauðsynlegt að ganga úr skugga um að allur búnaður starfi rétt og greiningaraðferðinni sé beitt á réttan hátt og notuð viðeigandi efnasambond með þekkti samsetningu (s.s. ammoníumsúlfat, einkalífosfat o.s.frv.). Prátt fyrir þetta geta niðurstöður úr greiningu á tilbúnum áburði veitt rangar upplýsingar um efnasamsetninguna ef greiningaraðferðinni er ekki fylgt nákvæmlega. Hins vegar er tiltekinn fjöldi ákvárdana reynslubundinn og varðar vörur sem eru flóknar að efnasamsetningu. Mælt er með því að rannsóknarstofur noti staðlaðan viðmiðunaráburð með vel þekktri samsetningu þegar því verður við komið.

Almenn ákvæði um aðferðir við greiningu áburðar

1. Prófefni

Öll prófefni skulu vera af greiningarhreinleika nema kveðið sé á um annað í greiningaraðferðinni. Þegar greina á snefilefni verður að prófa hreinleika prófefnanna með núllþrófun. Nauðsynlegt kann að reynast að beita frekari hreinsun gefi niðurstöður prófunarinnar tilefni til

2. Vatn

Þegar aðgerðir, s.s. uppleysing, þynning, skolon eða þvottur, eru tilgreindar í greiningaraðferðunum án þess að getið sé um leysa eða þynningarrefni er gert ráð fyrir því að vatn sé notað. Venjan er að vatnið sé steinefnasneytt eða eimað. Í sérstökum tilvikum, sem þá er getið í greiningaraðferðinni, skal hreinsa vatnið á tiltekinn hátt.

3. Búnaður á rannsóknarstofu

Með tilliti til venjulegs búnaðar á rannsóknarstofu takmarkast sá búnaður, sem kveðið er á um í greiningaraðferðum, við sérstök áhöld og tæki eða við áhöld og tæki sem eru nauðsynleg þegar gerðar eru sérstakar kröfur. Þessi búnaður verður að vera tandurhreinn, einkum þegar lítið magn er ákváða. Sé um kvarðaðan búnað úr gleri að ræða skal rannsóknarstofan ganga úr skugga um að kvörðunin standist viðeigandi mælistaðla

Aðferð 1

Undirbúnungur sýnis fyrir greiningu

1. Gildissvið

Í þessu skjali er fastsett aðferð við undirbúnung sýnis, sem tekið er úr lokasýni, fyrir greiningu.

2. Grundvöllur aðferðar

Undirbúnin gildir lokasýnis, sem rannsóknarstofa fær til greiningar, er margþætt og venjulega felst hún í sigtinum, mölun og blöndun, þar sem þess er gætt:

- að annars vegar sé minnsta magn, sem mælt er fyrir um í greiningaraðferðinni, dæmigert fyrir rannsóknarstofusýnið og
- að hins vegar hafi fíneiki áburðarins ekki breyst við meðhöndlunina að því marki að það hafi greinileg áhrif á leysni hans í mismunandi prófefnum sem notuð eru við útdráttinn.

3. Búnaður

Sýnadeilir (valfrjálst).

Sigtí með 0,2 mm og 0,5 mm möskvum.

250 ml flöskur með tappa.

Mortél og stautur úr postulíni eða kvörn.

4. Val á meðferð

Formálsorð

Ef varan er til þess fallin er einungis þörf að geyma dæmigerðan hluta lokasýnis.

4.1. *Lokasýni sem ekki má mala*

Kalsíumnítrat, kalsíummagnesíumnítrat, natríumnítrat, sílenítrat, kalsíumsýanamíð (tröllamjöld), köfnunarefnisríkt kalsíumsýanamíð, ammoníumsulfat, ammoníumnítröt með meira en 30% N, þvagefni (úrea), basískt gjall, náttúrulegt fosfat, gert leysanlegt að hluta, díksíumfosfat, glæðifosfat, álkalsíumfosfat, línt hráfosfat.

4.2. *Lokasýni sem þarf að skipta og skal mala hluta þeirra*

Ákvörðun á þessum vörum þarf að fara fram á tiltekinn hátt án undanfarandi mölunar (t.d. ákvörðun á kornastærð) og síðan aftur eftir mölun. Til þeirra telst allur fjölgildur áburður sem inniheldur eftirfarandi fosfatsambönd: basískt gjall, álkalsíumfosfat, glæðifosfat, línt hráfosfat og náttúrulegt fosfat sem gert hefur verið leysanlegt að hluta. Í þessu skyni skal skipta lokasýninu með sýnadeili eða fjórðungsáðferðinni í two hluta sem eru svo líkir sem framast er unnt.

4.3. *Lokasýni þar sem ákvörðun er eingöngu gerð á malaðri vörum*

Hér nægir að mala aðeins dæmigerðan hluta af lokasýninu. Þetta gildir um allan áburð í skránni sem fellur ekki undir liði 4.1 og 4.2.

5. Aðferð

Sá hluti lokasýnis, sem um getur í liðum 4.2 og 4.3, er sigtaður hratt í sigti með 0,5 mm möskvastærð. Leifin í sigtinu er grófmöluð til að fá fram vörum með sem fæstum fínum ögnum og síðan sigtuð. Mala skal þannig að varan hitni ekki að því er greint verði. Aðgerðin er endurtekin þar til ekkert er eftir í sigtinu og henni skal lokið eins fljótt og auðið er til að koma í veg fyrir að varan taki í sig eða missi efni (vatn, ammoníák). Malaða og sigtaða varan er síðan öll sett í hreina flösku sem unnt er að loka með tappa.

Áður en nokkur vigtun fer fram fyrir greiningu skal blanda öllu sýninu vandlega saman.

6. Sérstök tilvik

- Áburður sem inniheldur tvær eða fleiri tegundir kristalla

Í þessu tilviki skilst varan oft í sundur. Því er alveg nauðsynlegt að merja sýnið og sigta það í sigti með 0,2 mm möskvastærð. Sem dæmi má nefna blöndu ammóníumfosfats og kalíumnítrats. Þegar um þessar vörur er að ræða er mælt með því að allt lokasýnið sé malað.

- Leif sem erfitt er að mala og inniheldur ekki áburðarefnini

Leifin er vegin og tillit tekið til massa hennar þegar lokaniðurstaðan er reiknuð.

- c) Vörur sem brotna niður við hitun

Mala skal þannig að komist verði hjá hitun. Sé hætta á hitun skal helst mala í mortéli. Dæmi: fjölgildur áburður sem inniheldur kalsíumsýnamíð eða þvagefni.

- d) Vörur sem eru óvenjulega rakar eða verða að mauki við mölun

Til að tryggja einsleitni skal velja sigti með minnstu möskvastærð sem nota má til að sigta vöruna þegar kekkirnir eru marðir með höndunum eða stautnum. Þetta getur átt við þegar sumir efnispættirnir innihalda kristalvatn.

Aðferðir 2

Köfnunarefni

Aðferð 2.1

Ákvörðun á ammoníakbundnu köfnunarefni

1. Gildissvið

Í þessu skjali er fastsett aðferð til að ákvarða ammoníakbundið köfnunarefni.

2. Notkunarsvið

Aðferðin er notuð fyrir allan áburð sem inniheldur köfnunarefni, þ.m.t. fjölgildur áburður þar sem köfnunarefni er aðeins á formi ammoníumsalta eða ammoníumsalta og nítrata.

Aðferðinni má ekki beita að því er varðar áburð sem inniheldur þvagefni (úrea), sýnamíð eða önnur lífræn köfnunarefnissambönd.

3. Grundvöllur aðferðar

Ammoníak er losað með umframagni af natríumhýdroxiði; eiming; magn ammoníaksins er ákvarðað í tilteknu rúmmáli af staðlaðri brennisteinssýru og umframagn sýrunnar titrað með staðallausn af natríum- eða kalíumhýdroxiði.

4. Prófefni

Eimað eða steinefnasneytt vatn sem inniheldur hvorki koltvisýring né köfnunarefnissambönd.

4.1. Þynnt saltsýra: einn hluti HCl ($d_{20} = 1,18$ g/ml) og einn hluti af vatni.

4.2. Brennisteinssýra: 0,1 mó/l

4.3. Natríumhýdroxiðlausn, karbónatfrí: 0,1 mó/l

4.4. Brennisteinssýra: 0,2 mó/l

4.5. Natríum- eða kalíumhýdroxiðlausn, karbónatfrí: 0,2 mó/l

4.6. Brennisteinssýra: 0,5 mó/l

4.7. Natríum- eða kalíumhýdroxiðlausn, karbónatfrí: 0,5 mó/l

4.8. Natríumhýdroxiðlausn, um 30% NaOH ($d_{20} = 1,33$ g/ml), ammoníakfrí

4.9. *Litvísislauznir*

4.9.1. Blandaður litvísir

Lausn A: 1 g af metýlrauða er leyst upp í 37 ml af 0,1 mó/l natríumhýdroxiðlausn og fyllt að einum lítra með vatni.

Lausn B: 1 g af metýlenbláma er leyst upp í vatni og fyllt að einum lítra.

Einum hluta af A er blandað saman við tvo hluta af B.

Þessi litvísir er fjólublár í súrri lausn, grár í hlutlausri lausn og grænn í basískri lausn. Notaðir eru 0,5 ml (10 dropar) af þessari litvísislausn.

4.9.2. Metýlrauð litvísislausn

0,1 g af metýlrauða er leyst upp í 50 ml af 95% etanolí. Fyllt er að 100 ml með vatni og síða ef nauðsyn krefur. Nota má þennan litvísí (fjóra eða fimm dropa) í stað fyrrgreinds litvísis.

4.10. Vikurkorn til að varna höggsuðu, þvegin í saltsýru og glædd

4.11. Ammoníumsúlfat af greiningarhreinleika.

Búnaður

5.1. Eimengarbúnaður sem er hæfilega stór flaska með kúptum botni sem er tengd við eimsvala með dropavara.

1. athugasemd

Mismunandi gerðir viðurkennds tækjabúnaðar, sem mælt er með við þessa ákvörðun, eru sýndar á 1., 2., 3. og 4. mynd ásamt öllum upplýsingum um gerð þeirra.

5.2. Rennipípur, 10, 20, 25, 50, 100 og 200 ml

5.3. Mæliflaska, 500 ml

5.4. Snúningshistari (35–40 snúningar á mínútu)

Undirbúningur sýnis

Sjá aðferð 1.

Greiningaraðferð

7.1. Tilreiðsla lausnar

Leysni sýnisins er prófuð í vatni við stofuhita í hlutfallinu 2% (þyngd/rúmmál). 5, 7 eða 10 g af tilreiddu sýni eru vegin samkvæmt leiðbeiningum í töflu 1 með 0,001 g nákvæmni og sett í 500 ml mæliflösku. Haldið er áfram á eftirfarandi hátt í samræmi við niðurstöður leysniprófunarinnar:

a) Vörur sem leysast að fullu í vatni

Vatnsmagni því, sem þarf til að leysa sýnið upp, er bætt í flöskuna, hún hrist og þegar sýnið er alveg uppleyst er fyllt að markinu með vatni og þessu blandað vel saman.

b) Vörur sem leysast ekki að fullu í vatni

Út í flöskuna er bætt 50 ml af vatni og síðan 20 ml af saltsýru (4.1). Lausnin er hrist. Látið standa þar til koltvísýringur er hættur að myndast. 400 ml af vatni er bætt við og lausnin hrist í hálfa klukkustund í snúningshistara (5.4). Fyllt er að markinu með vatni, þessu blandað saman og síða gegnum þurra síu í þurrt flát.

7.2. Greining lausnarinnar

Nákvæmlega mælt magn af staðalbrennisteinssýru samkvæmt töflu 1 er sett í viðtökuflokkuna í samræmi við það afbrigði sem valið er. Viðeigandi magni er bætt út í af þeirri litvísislausn, sem valin er (4.9.1 eða 4.9.2), og vatni, ef þörf krefur, þannig að rúmmálið verði a.m.k. 50 ml. Endir framlengingarrörsins á eimsvalanum verður að vera á kafi í lausninni.

Deiliskammtur af tærri lausninni ⁽¹⁾, sem tilgreindur er í töflunni, er fluttur með mælipípu yfir í eimengarfloku búnaðarins. Vatni er bætt við þannig að heildarrúmmálið verði 350 ml, ásamt nokkrum vikurkornum til að hafa stjórn á suðunni.

⁽¹⁾ Magn ammoníakbundins köfnunarefnis í deiliskammtinum samkvæmt töflu 1 verður u.p.b.:

- 0,05 g fyrir afbrigði a,
- 0,10 g fyrir afbrigði b,
- 0,20 g fyrir afbrigði c.

Eimigarbúnaðurinn er settur saman og þess gætt að ammoníak glatist ekki, 10 ml af óblandaðri natríumhýdroxíðlausn (4.8) er bætt saman við innihald eimigarflöskunnar eða 20 ml af prófefni í þeim tilvikum þegar 20 ml af saltsýru (4.1) hafa verið notaðir til að leysa prófsýnið upp. Flaskan er hituð hægt upp til að varna því að bullsjóði. Þegar suða kemur upp skal eima u.p.b. 100 ml á 10–15 mínútum þar til heildarmagn eimisins er um 250 ml (¹). Þegar ekki eru lengur líkur á því að meira ammoníak myndist er viðtökufaskan lækkuð svo að endinn á framlengingarröri eimsvalans sé fyrir ofan yfirborð vökvans.

Eimið, sem fæst, er prófað með viðeigandi prófefni til að ganga úr skugga um að allt ammoníakið hafi eimast. Framlengingarrör eimsvalans er þvegið með dálitlu vatni og umframsýran titruð með staðallausn af natríum- eða kalíumhýdroxíði, sem er tilskilin fyrir afbrigðið sem valið var (sjá 2. athugasemd).

2. athugasemd

Þegar titrað er til baka er heimilt að nota staðallausnir af öðrum styrkleika, að því tilskildu að rúmmálið, sem notað er við titrunina, fari ekki yfir 40–45 ml svo fremi því verði við komið.

7.3. Núllprófun

Núllprófun er gerð við sömu skilyrði og áður og skal taka mið af henni þegar lokaniðurstöður eru reiknaðar út.

7.4. Samanburðarprófun

Áður en greining hefst skal ganga úr skugga um að búnaðurinn starfi rétt og að greiningaraðferðinni sé beitt á réttan hátt með því að greina deiliskammt af nýtilreiddri staðallausn ammoníumsúlfats (4.11) sem inniheldur tilskilið hámarksagn af köfnunarefni fyrir það afbrigði sem valið er.

8. Framsetning niðurstaðna

Niðurstöður greiningarinnar eru settar fram sem hundraðshlutu ammoníakbundins köfnunarefnis í áburðinum eins og tekið var við honum til greiningar.

9. Viðaukar

Eins og tilgreint er í 1. athugasemd við lið 5.1, „Búnaður“, veita 1., 2., 3. og 4. mynd upplýsingar um gerð mismunandi tækjabúnaðar sem notuð eru í þessu skjali.

Tafla 1

Ákvörðun á ammoníakbundnu köfnunarefni og ammoníak- og nítratbundnu köfnunarefni í áburði

Tafla yfir vegið magn, þynningu og útreikninga fyrir afbrigði a, b og c af aðferðinni, hvert um sig

Afbrigði a

Hámarksagn köfnunarefnis til eimingu: u.p.b. 50 mg.

Brennisteinssýra (0,1 mó/l) sem setja á í viðtökuflosku: 50 ml.

Títrun til baka með NaOH eða KOH (0,1 mó/l).

Uppgefíð innihald (% N)	Magn sem vega á (g)	Þynning (ml)	Lausn sýnis til eimingu (ml)	Framsetning niðurstaðna (a) (% N = (50 — A) F)
0–5	10	500	50	(50 — A) × 0,14
5–10	10	500	25	(50 — A) × 0,28
10–15	7	500	25	(50 — A) × 0,40
15–20	5	500	25	(50 — A) × 0,56
20–40	7	500	10	(50 — A) × 1,00

a) Í formúlunni fyrir framsetningu niðurstaðna merkir:

— 50 eða 35 = ml af staðallausn brennisteinssýru sem setja á í viðtökuflosku,

— A = ml af natríum- eða kalíumhýdroxíði sem þarf til að titra til baka,

— F = stuðull sem tekur til vegins magns, þynningar, deiliskammtur af lausn sýnis til eimingu og til rúmmálsjafngildis.

(¹) Stilla þarf eimsvalann til að tryggja samfellit flæði þéttunnar. Eiminguði ætti að ljúka á 30–40 mínútum.

Afbrigði b

Hámarksagn köfnunarefnis til eimingar: u.p.b. 100 mg.

Brennisteinssýra (0,2 mól/l) sem setja á í viðtökuflösku: 50 ml.

Títrun til baka með NaOH eða KOH (0,2 mól/l).

Uppgefið innihald (% N)	Magn sem vega á (g)	Þynning (ml)	Lausn sýnis til eimingar (ml)	Framsetning niðurstaðna (a) (% N = (50 — A) F)
0–5	10	500	100	(50 — A) × 0,14
5–10	10	500	50	(50 — A) × 0,28
10–15	7	500	50	(50 — A) × 0,40
15–20	5	500	50	(50 — A) × 0,56
20–40	7	500	20	(50 — A) × 1,00

(a) Í formúlunni fyrir framsetningu niðurstaðna merkir:

— 50 eða 35 = ml af staðallausn brennisteinssýru sem setja á í viðtökuflösku,

— A = ml af natrúum- eða kalfumhýdroxiði sem þarf til að titra til baka,

— F = stuðull sem tekur til vegins magns, þynningar, deiliskammtur af lausn sýnis til eimingar og til rúmmálsjafngildis.

Afbrigði c

Hámarksagn köfnunarefnis til eimingar: u.p.b. 200 mg.

Brennisteinssýra (0,5 mól/l) sem setja á í viðtökuflösku: 35 ml.

Títrun til baka með NaOH eða KOH (0,5 mól/l).

Uppgefið innihald (% N)	Magn sem vega á (g)	Þynning (ml)	Lausn sýnis til eimingar (ml)	Framsetning niðurstaðna (a) (% N = (35 — A) F)
0–5	10	500	200	(35 — A) × 0,175
5–10	10	500	100	(35 — A) × 0,350
10–15	7	500	100	(35 — A) × 0,500
15–20	5	500	100	(35 — A) × 0,700
20–40	5	500	50	(35 — A) × 1,400


(a) Í formúlunni fyrir framsetningu niðurstaðna merkir:

— 50 eða 35 = ml af staðallausn brennisteinssýru sem setja á í viðtökuflösku,


— A = ml af natrúum- eða kalfumhýdroxiði sem þarf til að titra til baka,

— F = stuðull sem tekur til vegins magns, þynningar, deiliskammtur af lausn sýnis til eimingar og til rúmmálsjafngildis.


I. mynd




2. mynd



3. mynd



4. mynd



Skýringar við 1., 2., 3. og 4. mynd.

1. mynd

- a) Háslöng 1 000 ml flaska með kúptum botni.
- b) Eimingarrör með dropavara, tengt við eimsvallann með keilusamskeytum (nr. 18) (í stað þeirrar tengingar við eimsvallann má nota viðeigandi gúmmíslöngu).
- c) Trekt með teflonkrana til að bæta við natríumhýdroxíði (í stað kranans má einnig nota gúmmíslöngu með klemmu).
- d) Kúlueimsvali (sex kúlur) með keilusamskeytum (nr. 18) við inntakið sem framlengist með glerröri sem tengt er úttakinu með lítilli gúmmíslöngu (þegar eimingarrörið er tengt við eimsvallann með gúmmíslöngu má nota hentugan gúmmítappa í stað keilusamskeytanna).
- e) 500 ml flaska sem tekur við eiminu.

Tækjabúnaðurinn er úr bórsílfkatgleri.

2. mynd

- a) Hálssstutt 1 000 ml flaska með kúptum botni og keilusamskeytum (nr. 35).
- b) Eimingarrör með dropavara, keilusamskeytum (nr. 35) við inntakið og keilusamskeytum (nr. 18) við úttakið, tengt til hliðar við trekt með teflonkrana til að bæta við natríumhýdroxíði.
- c) Kúlueimsvali (sex kúlur) með keilusamskeytum (nr. 18) við inntakið sem framlengist með glerröri sem fest er við úttakið með lítilli gúmmíslöngu.
- d) 500 ml flaska sem tekur við eiminu.

Tækjabúnaðurinn er úr bórsílfkatgleri.

3. mynd

- a) Háslöng 750 ml eða 1 000 ml flaska með kúptum botni og útvíðum stúti (bell mouth).
- b) Eimingarrör með dropavara og keilusamskeytum (nr. 18) við úttakið.
- c) Hnérör með keilusamskeytum (nr. 18) við inntakið og dropastúti við úttakið (tengja má við eimingarrörið með gúmmíslöngu í stað keilusamskeyta).
- d) Kúlueimsvali (sex kúlur), sem framlengist með glerröri sem fest er við úttakið með lítilli gúmmíslöngu.
- e) 500 ml flaska sem tekur við eiminu.

Tækjabúnaðurinn er úr bórsílfkatgleri.

4. mynd

- a) Háslöng 1 000 ml flaska með kúptum botni og útvíðum stúti.
- b) Eimingarrör með dropavara og keilusamskeytum (nr. 18) við úttakið, tengt til hliðar við trekt með teflonkrana til að bæta við natríumhýdroxíði (nota má hentugan gúmmítappa í stað keilusamskeyta; í stað kranans má nota gúmmíslöngu með viðeigandi klemmu).
- c) Kúlueimsvali (sex kúlur) með keilusamskeytum (nr. 18) við inntakið sem framlengist með glerröri sem fest er við úttakið með gúmmíslöngu (þegar eimingarrörið er tengt við eimsvallann með gúmmíslöngu má nota hentugan gúmmítappa í stað keilusamskeytanna).
- d) 500 ml flaska sem tekur við eiminu.

Tækjabúnaðurinn er úr bórsílfkatgleri.

Aðferðir 2.2

Ákvörðun á nítrat- og ammoníakbundnu köfnunarefni

Aðferð 2.2.1

Ákvörðun á nítrat- og ammoníakbundnu köfnunarefni með aðferð Ulsch1. **Gildissvið**

Í þessu skjali er fastsett aðferð til að ákvarða nítrat- og ammoníakbundið köfnunarefni með afoxun samkvæmt aðferð Ulsch.

2. **Notkunarsvið**

Aðferðin er notuð fyrir allan áburð sem inniheldur köfnunarefni, þ.m.t. fjölgildur áburður, þar sem köfnunarefni er aðeins sem nítröt eða ammoníum- og nítratsambönd.

3. **Grundvöllur aðferðar**

Nítröt og nítrít eru afoxuð í ammoníaki með jármálmi í síru umhverfi og ammoníakið, sem myndast við þetta, er losað með því að bæta við umframmagni af natrúmhýdroxiði: ammoníakið er eimað og magn ammoníaksins ákvarðað í þekktu rúmmáli af staðallausn brennisteinssýru. Umframmagn brennisteinssýrunnar er titrað með staðallausn af natríum- eða kalíumhýdroxiði.

4. **Prófefni**

Eimað eða steinefnasneytt vatn sem inniheldur hvorki koltvísýring né köfnunarefnissambönd.

- 4.1. Þynnt saltsýra: einn hluti HCl ($d_{20} = 1,18$ g/ml) og einn hluti af vatni.
- 4.2. Brennisteinssýra: 0,1 mól/l
- 4.3. Natríum- eða kalíumhýdroxiðlausn, karbónatfrí: 0,1 mól/l
- 4.4. Brennisteinssýrulausn sem inniheldur u.þ.b. 30% af H_2SO_4 (þyngd miðað við rúmmál), ammoníakfrí.
- 4.5. Járnduft, afoxað í vetni (tilskilið magn járns verður að geta afoxað a.m.k. 0,05 g af nítratbundnu köfnunarefni).
- 4.6. Natríumhýdroxiðlausn, um 30% NaOH ($d_{20} = 1,33$ g/ml), ammoníakfrí
- 4.7. *Litvísislauznir*

4.7.1. **Blandaður litvísir**

Lausn A: 1 g af metýlrauða er leyst upp í 37 ml af 0,1 mól/l natríumhýdroxiðlausn og fyllt að einum lítra með vatni.

Lausn B: 1 g af metýlenbláma er leyst upp í vatni og fyllt að einum lítra.

Einum hluta af A er blandað saman við tvo hluta af B.

Þessi litvísir er fjólublár í súrri lausn, grár í hlutlausri lausn og grænn í basískri lausn. Notaðir eru 0,5 ml (10 dropar).

4.7.2. **Litvísislauzn með metýlrauða**

0,1 g af metýlrauða er leyst upp í 50 ml af 95% etanolí. Fyllt er að 100 ml með vatni og síðan ef nauðsyn krefur.

Nota má fjóra til fimm dropa af þessum litvísí í stað fyrrgreinds litvísis.

- 4.8. Vikurkorn til að varna höggsuðu, þvegin í saltsýru og glædd.
- 4.9. Natríumnítrat af greiningarhreinleika.

5. **Búnaður**

Sjá aðferð 2.1: „Ákvörðun á ammoníakbundnu köfnunarefni“.

6. Undirbúningur sýnis

Sjá aðferð 1: „Undirbúningur sýnis“.

7. Greiningaraðferð

7.1. Tilreiðsla lausnarinnar

Sjá aðferð 2.1: „Ákvörðun á ammoníakbundnu köfnunarefni“.

7.2. Aðferð

Nákvæmlega mældir 50 ml af staðalbrennisteinssýru, samkvæmt töflu 1 við aðferð 2.1 (afbrigði a), eru settir í viðtökuflöskuna og bætt við viðeigandi magni af litvísislausn 4.7.1 eða 4.7.2. Endir framlengingarrörsins á eimsvalanum verður að vera á kafi í staðalsýrunni í viðtökuflöskunni.

Deiliskammtur, sem tilgreindur er í töflu 1 við aðferð 2.1 (afbrigði a), af tærri lausninni er fluttur með mælipípu yfir í eimimgarflösku búnaðarins. 350 ml af vatni og 20 ml af 30% brennisteinssýrulausn (4.4) er bætt við og hræt saman og því næst er 5 g af afoxuðu járni (4.5) bætt við. Flöskuhálsinn er skolaður með nokkrum millflítrum af vatni og líftilli trekt með löngum stút stungið í flöskuhálsinn. Flaskan er hituð í sjóðandi vatnsbaði í klukkustund og trehtarstúturinn því næst skolaður með nokkrum millflítrum af vatni.

Við innihald eimimgarflöskunnar er bætt 50 ml af óblandaðri natriumhýdroxiðlausn (4.6), og þess gætt að ammoníak tapist ekki, eða 60 ml af óblandaðri natriumhýdroxiðlausn (4.6) þegar 20 ml af saltsýru (1 + 1) (4.1) hafa verið notaðir til að leysa sýnið upp. Síðan er búnaðurinn settur saman. Ammoníakið er eimað samkvæmt aðferð 2.1.

7.3. Núllprófun

Núllprófun (þar sem sýninu er sleppt) er gerð við sömu skilyrði og skal taka mið af henni þegar lokaniðurstöður eru reiknaðar út.

7.4. Samanburðarprófun

Áður en greining hefst skal ganga úr skugga um að búnaðurinn starfi rétt og að greiningaraðferðinn sé beitt á réttan hátt með því að greina skammt af nýtilreiddri kalfumnítratlausn (4.9) sem inniheldur 0,045–0,050 g af köfnunarefni.

8. Framsetning niðurstaðna

Niðurstöður greiningarinnar eru settar fram sem hundraðshlut ammoníakbundins köfnunarefnis eða hundraðshlut ammoníak- og nítratbundins köfnunarefnis í áburðinum eins og tekið var við honum til greiningar.

Aðferð 2.2.2

Ákvörðun á nítrat- og ammoníakbundnu köfnunarefni með aðferð Arnds

1. Gildissvið

Í þessu skjali er fastsett aðferð til að ákvarða nítrat- og ammoníakbundið köfnunarefni með afoxun samkvæmt aðferð Arnds (löguð að afbrigðunum a, b og c, hverju fyrir sig).

2. Notkunarsvið

Sjá aðferð 2.2.1.

3. Grundvöllur aðferðar

Nítröt og nítrít eru afoxuð í ammoníak í hlutlausri vatnslausn með málblendu úr 60% Cu og 40% Mg (Arnds-blendi) með magnesíumklóríði ($MgCl_2$).

Ammoníakið er eimað og magn þess ákvarðað í þekktu rúmmáli staðallausrar brennisteinssýru. Umframmagn sýrunnar er titrað með staðallausr af natrium- eða kalíumhýdroxiði.

4. Prófefni

Eimað eða steinefnasneytt vatn sem inniheldur hvorki koltvísýring né köfnunarefnissambönd.

- 4.1. Þynnt saltsýra: einn hluti saltsýru ($d = 1,18 \text{ g/ml}$) og einn hluti af vatni.
- 4.2. Brennisteinssýra: 0,1 mól/l
- 4.3. Natrím- eða kalíumhýdroxíðlausn: karbónatfrí: 0,1 mól/l } fyrir afbrigði a.
- 4.4. Brennisteinssýra: 0,2 mól/l
- 4.5. Natrím- eða kalíumhýdroxíðlausn, karbónatfrí: 0,2 mól/l } fyrir afbrigði b (sjá 2. athugasemd, aðferð 2.1).
- 4.6. Brennisteinssýra: 0,5 mól/l
- 4.7. Natrím- eða kalíumhýdroxíðlausn, karbónatfrí: 0,5 mól/l } fyrir afbrigði c (sjá 2. athugasemd, aðferð 2.1).
- 4.8. Natrúmhýdroxíðlausn: u.p.b. 2 mól/l
- 4.9. Arnds-blendi til greiningar: dyft þannig að það fari í gegnum sigti með minna en 1 mm möskvastærð.
- 4.10. 20% magnesíumklóríðlausn

200 g af magnesíumklóríði ($\text{MgCl}_2 \cdot 6\text{H}_2\text{O}$) eru leyst upp í 600–700 ml af vatni í eins lítra, flatbotna flösku. Til að koma í veg fyrir froðumyndun er 15 g af magnesíumsúlfati ($\text{MgSO}_4 \cdot 7\text{H}_2\text{O}$) bætt út í.

Þegar allt er leyst upp er 2 g af magnesíumoxíði, auk nokkura vikurkorna til að varna höggsuðu, bætt út í og sviflausniþykkt með suðu niður í 200 ml og þannig er fjarlægður allur vottur af ammoníaki úr prófefnunum. Eftir kælingu er fyllt að einum lítra og síðað.

4.11. Litvísislausnir

4.11.1. Blandaður litvísir

Lausn A: 1 g af metýlräuða er leyst upp í 37 ml af 0,1 mól/l natrúmhýdroxíðlausn og fyllt að einum lítra með vatni.

Lausn B: 1 g af metýlenbláma er leyst upp í vatni og fyllt að einum lítra.

Einum hluta af A er blandað saman við tvo hluta af B.

Þessi litvísir er fjórlublár í súrri lausn, grár í hlutlausri lausn og grænn í basískri lausn. Notaðir eru 0,5 ml (10 dropar)

4.11.2. Litvísislausn með metýlräuða

0,1 g af metýlräuða er leyst upp í 50 ml af 95% etanolí. Fyllt er að 100 ml með vatni og síðað ef nauðsyn krefur. Nota má fjóra til fimm dropa af þessum litvísí í stað fyrrgreindars litvísis.

4.11.3. Litvísislausn með kongórauða

3 g af kongórauða eru leyst upp í einum lítra af volgu vatni og lausnin síuð, ef þörf krefur, eftir kælingu. Heimilt er að nota þennan litvísí í stað tveggja framangreindra litvísas þegar sýruútdráttur er hlutleystur fyrir eimingu og nota 0,5 ml á hverja 100 ml af vökva sem hlutleysa á.

4.12. Vikurkorn til að varna höggsuðu, þvegin í saltsýru og glædd.

4.13. Natrúumnírat til greiningar.

5. Búnaður

Sjá aðferð 2.1: „Ákvörðun á ammoníakbundnu köfnunarefni“.

6. Undirbúnungur sýnis

Sjá aðferð 1.

7. Greiningaraðferð

7.1. Tilreiðsla lausnar fyrir greiningu

Sjá aðferð 2.1: „Ákvörðun á ammoníakbundnu köfnunarefni“.

7.2. Greining lausnarinnar

Nákvæmlega mælt magn af staðalbrennisteinssýru samkvæmt töflu 1 við aðferð 2.1 er sett í viðtökuflöskuna í samræmi við það afbrigði sem valið er. Viðeigandi magni af þeirri litvíslausn, sem valin er (4.11.1 eða 4.11.2), er bætt út í og að síðustu nægilegu vatni til að rúmmálið verði a.m.k. 50 ml. Endir framlengingarrörsins á eimsvalanum verður að vera á kafi í lausninni.

Tekinn er deiliskammtur (samkvæmt töflu 1) með mælipípu úr tærri lausninni. Deiliskammturinn er settur í eimimgarflöskuna.

Vatni er bætt út í þar til rúmmálið er orðið um 350 ml (sjá 1. athugasemd), 10 g af Arnds-blendi (4.9), 50 ml af magnesíumklóríðlausn (4.10) og nokkrum vikurkornum (4.12). Flaskan er tengd fljótt við eimimgarbúnaðinn. Hitað er við vægan hita í u.p.b. 30 mínútur. Þá er hitinn hækkaður til að eima ammoníakið. Eimungunni er haldið áfram í u.p.b. eina klukkustund. Þá ættu eftirstöðvarnar í flöskunni að vera orðin seigfljótandi. Þegar eimungunni er lokið er umframmagn sýru í viðtökuflöskunni titrað samkvæmt aðferð 2.1.

1. athugasemd

Ef sýnslausnin er súr (20 ml af HCl (1 + 1) (4.1) er bætt við til að leysa sýnið upp) er deiliskammturinn, sem tekinn er til greiningar, hlutleystur á eftirfarandi hátt: 250 ml af vatni er bætt í eimimgarflöskuna, sem inniheldur skammtinn sem tekinn var ásamt því magni sem til þarf af einum litvísanna (4.11.1, 4.11.2, 4.11.3), og lausnин hrist varlega.

Lausnin er hlutleyst með 2 mó/l af natrúmhýdroxíðlausn (4.8) og sýrð aftur með dropa af saltsýru (4.1). Síðan er haldið áfram eins og tilgreint er í 7.2 (annarri línu).

7.3. Núllprófun

Núllprófun (þar sem sýninu er sleppt) er gerð við sömu skilyrði og skal taka mið af henni þegar lokaniðurstöður eru reiknaðar út.

7.4. Samanburðarprófun

Áður en greining hefst skal ganga úr skugga um að búnaðurinn starfi rétt og að greiningaraðferðinni sé beitt á réttan hátt með því að nota nýtilreidda lausn af natrúmnítrati (4.13) sem inniheldur 0,050–0,150 g af nítratbundnu köfnunarefni í samræmi við það afbrigði sem valið er.

8. Framsetning niðurstaðna

Sjá aðferð 2.2.1.

Aðferð 2.2.3

Ákvörðun á nítrat- og ammoníakbundnu köfnunarefni með aðferð Devardas

1. Gildissvið

Í þessu skjali er fastsett aðferð til að ákvarða nítrat- og ammoníakbundið köfnunarefni með afoxun samkvæmt aðferð Devardas (löguð að afbrigðunum a, b og c, hverju fyrir sig).

2. Notkunarsvið

Sjá aðferð 2.2.1.

3. Grundvöllur aðferðar

Nítröt og nítrít eru afoxuð í ammoníak í mjög basískri vatnslausn með málblendindi úr 45% Al, 5% Zn og 50% Cu (Dervardas-blendi). Ammoníakið er eimað og magn ammoníaksins ákvarðað í þekktu rúmmáli af staðalbrennisteinssýru. Umframmagn sýrunnar er titrað með staðallausn af natrúum- eða kalfumhýdroxiði.

4. Prófefni

Eimað eða steinefnasneytt vatn sem inniheldur hvorki koltvísýring né köfnunarefnissambönd.

- 4.1. Þynnt saltsýra: einn hluti HCl ($d = 1,18 \text{ g/ml}$) og einn hluti af vatni
- 4.2. Brennisteinssýra: 0,1 mól/l
- 4.3. Natrúum- eða kalíumhýdroxíðlausn, karbónatfrí: 0,1 mól/l } fyrir afbrigði a.
- 4.4. Brennisteinssýra: 0,2 mól/l
- 4.5. Natrúum- eða kalíumhýdroxíðlausn, karbónatfrí: 0,2 mól/l } fyrir afbrigði b (sjá 2. athugasemd, aðferð 2.1).
- 4.6. Brennisteinssýra: 0,5 mól/l
- 4.7. Natrúum- eða kalíumhýdroxíðlausn, karbónatfrí: 0,5 mól/l } fyrir afbrigði c (sjá 2. athugasemd, aðferð 2.1).
- 4.8. *Devardas-blendi til greiningar*

Dyft þannig að 90–100% fari í gegnum sigti með minni en 0,25 mm möskvum og 50–75% fari í gegnum sigti með minni en 0,075 mm möskvum.

Mælt er með átöppuðum flöskum sem innihalda í mesta lagi 100 g.

- 4.9. Natrúumhýdroxíðlausn, um 30% NaOH ($d_{20} = 1,33 \text{ g/ml}$), ammoníakfrí
- 4.10. *Litvísislauznir*
 - 4.10.1. Blandaður litvísir

Lausn A: 1 g af metýlrauða er leyst upp í 37 ml af 0,1 mól/l natrúumhýdroxíðlausn og fyllt að einum lítra með vatni.

Lausn B: 1 g af metýlenbláma er leyst upp í vatni og fyllt að einum lítra.

Einum hluta af A er blandað saman við tvo hluta af B.

Þessi litvísir er fjólblár í súrri lausn, grár í hlutlausri lausn og grænn í basískri lausn. Notaðir eru 0,5 ml (10 dropar).

- 4.10.2. Metýlrauð litvísislauzn

0,1 g af metýlrauða er leyst upp í 50 ml af 95% etanolí. Fyllt er að 100 ml með vatni og síð ef nauðsyn krefur.

Nota má fjóra til fimm dropa af þessum litvísí í stað fyrrgreinds litvísis.

- 4.11. Etanol, 95–96%
- 4.12. Natrúumnítrat til greiningar.

5. Búnaður

Sjá aðferð 2.1.

- 5.1. Eimigarbúnaður sem er hæfilega stór flaska með kúptum botni, tengd við eimsvala með eimingarröri með dropavara og auk þess búið loftbólugildru á viðtökufloßkunni til að koma í veg fyrir að ammoníak tapist.

Sú tegund búnaðar, sem samþykkt hefur verið fyrir þessa ákvörðun, er sýnd á 5. mynd ásamt öllum upplýsingum um gerð hans.

- 5.2. Rennipípur, 10, 20, 25, 50, 100 og 200 ml
- 5.3. Mæliflaska, 500 ml

5.4. Snúningshristari (35–40 snúningar á mínuá)

6. Undirbúningur sýnis

Sjá aðferð 1.

7. Aðferð

7.1. Tilreiðsla lausnar fyrir greiningu

Sjá aðferð 2.1: „Ákvörðun á ammoníakbundnu köfnunarefni“.

7.2. Greining lausnarinnar

Magn nítrítbundins köfnunarefnis í deiliskammti lausnarinnar má ekki vera meira en hámarksagn samkvæmt töflu 1.

Nákvæmlega mælt magn af staðalbrennisteinssýru samkvæmt töflu 1 er sett í viðtökuflöskuna í samræmi við það afbrigði sem valið er. Viðeigandi magni af þeirri litvísíslausn, sem valin er (4.10.1 eða 4.10.2), er bætt út í og að síðustu nægilegu vatni til að rúmmálið verði am.k. 50 ml. Endir framlengingarrörsins á eimsvalanum verður að vera undir yfirborði lausnarinnar. Loftbólugildran er fyllt með eimuðu vatni.

Tekinn er deiliskammtur samkvæmt töflu 1 við aðferð 2.1. með mælipípu. Deiliskammturinn er settur í eiminguflöskuna.

Nægu vatni er bætt út í eiminguflöskuna svo að rúmmálið verði 250–300 ml, 5 ml af etanóli (4.11) og 4 g af Devardas-blendi (4.8) (sjá athugasemd 2).

Út í flöskuna er bætt 30 ml af 30% natrúmhýdroxíðlausn (4.9) og þess vandlega gætt að ammoníak glatist ekki og að síðustu, ef um er að ræða sýni sem leysast upp í sýru, er nægjanlegu magni bætt við til að hlutleysa saltsýrumagnið (4.1) sem er í deiliskammtinum sem tekinn var til greiningar. Eiminguflaskan er tengd við búnaðinn og þess gætt að samskeytin séu þétt. Flaskan er hrist varlega til að innihaldið blandist saman.

Lausnin er hituð við vægan hita til að verulega dragi úr losun vetrnis á rúmlega hálfum tíma og vökvinn sjóði. Eimungunni er haldið áfram og hitinn hækkaður svo að a.m.k. 200 ml eimist á u.p.b. 30 mínútum (ekki skal eima lengur en í 45 mínútur).

Að eimingu lokinni er viðtökuflaskan losuð frá búnaðinum, framlengingarrörið og loftbólugildran þvegin vandlega og skolvökvanum safnað í titrunarfloßkuna. Umframmagn sýrunnar er titrað í samræmi við aðferð 2.1.

2. athugasemd

Þegar kalsíumsambönd eru til staðar, s.s. kalsíumnítrat og kalsíumammoníumnítrat, er nauðsynlegt að bæta við 0,700 g af natrúmfosfati ($\text{Na}_2\text{HPO}_4 \cdot 2\text{H}_2\text{O}$) á hvert gramm sýnis í deiliskammtinum áður en eimað er til að koma í veg fyrir að $\text{Ca}(\text{OH})_2$ myndist.

7.3. Núllprófun

Núllprófun (þar sem sýninu er sleppt) er gerð við sömu skilyrði og skal taka mið af henni þegar lokaniðurstöður eru reiknaðar út.


7.4. Samanburðarprófun

Áður en greining hefst skal ganga úr skugga um að búnaðurinn starfi rétt og að greiningaraðferðinni sé beitt á réttan hátt með því að greina deiliskammt af nýtilreiddri natrúmnítratlausn (4.12) sem inniheldur, eftir því hvaða afbrigði var valið, 0,050 til 0,150 g af nítratbundnu köfnunarefni.

8. Framsetning niðurstaðna

Sjá aðferð 2.2.1.

5. mynd



Skýringar við 5. mynd

- Háslöng 750 ml (1 000 ml) flaska með kúptum botni og útvíðum stúti.
 - Eimingarrör með dropavara og keilusamskeyti (nr. 18) við úttakið.
 - Hnérör með keilusamskeytum (nr. 18) við inntakið og dropastúti við úttakið (tengja má við eimingarrörið með gúmmíslöngu í stað keilusamskeyta).
 - Kúlueimsvali (sex kúlur) með framlengingarrör sem stungið er í gúmmítappa með áfestri loftbólugildru.
 - 750 ml viðtökuflaska.
 - Loftbólugildra til að koma í veg fyrir að ammoníak tapist.
- Tækjabúnaðurinn er úr bórsílfkatgleri.

Aðferðir 2.3

Ákvörðun á heildarköfnunarefni

Aðferð 2.3.1

Ákvörðun á heildarköfnunarefni í nítratlausu kalsíumsýanamíði (tröllamjöli)

1. **Gildissvið**

Í þessu skjali er fastsett aðferð til að ákvarða heildarköfnunarefni í nítratfríu kalsíumsýanamíði.

2. **Notkunarsvið**

Eingöngu notuð fyrir kalsíumsýanamíð (nítratfrítt).

3. **Grundvöllur aðferðar**

Að loknu Kjeldahls-niðurbroti er ammoníáksköfnunarefnið, sem myndast, losað með natríumhýdroxíði, því safnað og það ákvarðað í staðallausn af brennisteinssýru.

4. **Prófefni**

Eimað eða steinefnasneytt vatn sem inniheldur hvorki koltvísýring né köfnunarefnissambönd.

4.1. Þynnt brennisteinssýra ($d_{20} = 1,54 \text{ g/ml}$): einn hluti brennisteinssýru ($d_{20} = 1,84 \text{ g/ml}$) í einum hluta af vatni.

4.2. Kalíumsúlfat til greiningar.

4.3. Koparoxíð (CuO): 0,3–0,4 g fyrir hverja ákvörðun eða jafngilt magn fimmvatnaðs koparsúlfats ($\text{CuSO}_4 \cdot 5\text{H}_2\text{O}$), frá 0,95–1,25 g fyrir hverja ákvörðun.

4.4. Natríumhýdroxíðlausn, um 30% NaOH ($d_{20} = 1,33 \text{ g/ml}$), ammoníakfrí

4.5. Brennisteinssýra: 0,1 mól/l

4.6. Natríum- eða kalíumhýdroxíðlausn, karbónatfrí: 0,1 mól/l

4.7. Brennisteinssýra: 0,2 mól/l

4.8. Natríum- eða kalíumhýdroxíðlausn, karbónatfrí: 0,2 mól/l

4.9. Brennisteinssýra: 0,5 mól/l

4.10. Natríum- eða kalíumhýdroxíðlausn, karbónatfrí: 0,5 mól/l

fyrir afbrigði a (sjá aðferð 2.1).

fyrir afbrigði b (sjá 2. athugasemd, aðferð 2.1).

fyrir afbrigði c (sjá 2. athugasemd, aðferð 2.1).

4.11. *Litvísislauznir*

4.11.1. Blandaður litvísir

Lausn A: 1 g af metýlrauða er leyst upp í 37 ml af 0,1 mól/l natríumhýdroxíðlausn og fyllt að einum lítra með vatni.

Lausn B: 1 g af metýlenbláma er leyst upp í vatni og fyllt að einum lítra.

Einum hluta af A er blandað saman við tvo hluta af B.

Þessi litvísir er fjórlublár í súrri lausn, grár í hlutlausri lausn og grænn í basískri lausn. Notaðir eru 0,5 ml (10 dropar).

4.11.2. Metýlrauð litvísislauzn

0,1 g af metýlrauða er leyst upp í 50 ml af 95% etanolí og fyllt að 100 ml með vatni. Síðað ef nauðsyn krefur. Nota má fjóra til fimm dropa af þessum litvísí í stað fyrrgreinds litvísis.

4.12. Vikurkorn til að varna höggsuðu, þvegin í saltsýru og glædd

4.13. Kalíumþíósýanat til greiningar

5. Búnaður

5.1. Eimigarbúnaður, sjá aðferð 2.1: „Ákvörðun á ammoníakbundnu köfnunarefni“.

5.2. Hæfilega stór, háslöng Kjeldahls-flaska

5.3. Rennipípur, 50, 100 and 200 ml

5.4. Mæliflaska, 250 ml

6. Undirbúningur sýnis

Sjá aðferð 1.

7. Aðferð

7.1. Tilreiðsla lausnar fyrir greiningu

1 g af sýninu er vegið með 0,001 g nákvæmni og sett í Kjeldahls-flöskuna. 50 ml af þynntri brennisteinssýru (4.1) er bætt við ásamt 10–15 g af kalíumsúlfati (4.2) og tilskildum hvata (4.3). Sýnið er hitað við vægan hita til að fjarlægja vatnið, látið sjóða við vægan hita í tvær klukkustundir, þá er lausnir kæld og þynnt með 100–150 ml af vatni. Aftur er kælt og sviflausnir öll færð yfir í 250 ml mæliflösku, vatni bætt við að markinu, lausnir hrist og síuð og síð gegnum þurra síu í þurra flösku.

7.2. Greining lausnarinnar

50, 100 eða 200 ml (eftir því hvaða afbrigði er valið (sjá aðferð 2.1)) af lausninni, sem fæst með þessu móti, eru fjarlægdir með rennipípu, ammoníakið eimað eins og lýst er í aðferð 2.1 og nægri NaOH-lausn (4.4) bætt við til að tryggja verulegt umframagn.

7.3. Núllprófun

Núllprófun (þar sem sýninu er sleppt) er gerð við sömu skilyrði og skal taka mið af henni þegar lokaniðurstöður eru reiknaðar út.

7.4. Samanburðarprófun

Áður en greining hefst skal ganga úr skugga um að búnaðurinn starfi rétt og að greiningaraðferðinni sé beitt á réttan hátt með því að greina deiliskammt af staðallausn kalíumþíósýanats (4.13) sem inniheldur u.p.b. sama magn köfnunarefnis og sýnið.

8. Framsetning niðurstaðna

Niðurstöður eru settar fram sem hundraðshlutu köfnunarefnis (N) í áburðinum eins og tekið var við honum til greiningar.

$$\text{Afbrigði a: \% N} = (50 - A) \times 0,7$$

$$\text{Afbrigði b: \% N} = (50 - A) \times 0,7$$

$$\text{Afbrigði c: \% N} = (35 - A) \times 0,875$$

Aðferð 2.3.2

Ákvörðun á heildarköfnunarefni í kalsíumsýanamíði (tröllamjöli) sem inniheldur nítröt

1. Gildissvið

Í þessu skjali er fastsett aðferð til að ákvarða heildarköfnunarefni í kalsíumsýanamíði.

2. Notkunarsvið

Aðferðin er notuð fyrir kalsíumsýanamíð sem inniheldur nítröt.

3. Grundvöllur aðferðar

Ekki er hægt að nota aðferð Kjeldahls beint fyrir kalsíumsýanamíð sem inniheldur nítröt. Því er nítratköfnunarefnið afoxad í ammoníak með jármálmi og tinkelóríði fyrir Kjeldahls-niðurbrot.

4. Prófefni

Eimað eða steinefnasneytt vatn sem inniheldur hvorki koltvísýring né köfnunarefnissambönd.

4.1. Brennisteinssýra ($d_{20} = 1,84 \text{ g/ml}$)

4.2. Járnduft, afoxad í vetrni.

4.3. Kalíumsúlfat til greiningar, fínmalað.

4.4. Brennisteinssýra: 0,1 mól/l

4.5. Natríum- eða kalíumhýdroxíðstaðallausn, karbónatfrí: 0,1 mól/l

4.6. Brennisteinssýra: 0,2 mól/l

4.7. Natríum- eða kalíumhýdroxíðstaðallausn, karbónatfrí: 0,2 mól/l

4.8. Brennisteinssýra: 0,5 mól/l

4.9. Natríum- eða kalíumhýdroxíðstaðallausn, karbónatfrí: 0,5 mól/l

} fyrir afbrigði a (sjá aðferð 2.1).

} fyrir afbrigði b (sjá 2. athugasemd, aðferð 2.1).

} fyrir afbrigði c (sjá 2. athugasemd, aðferð 2.1).

4.10. *Litvísislauznir*

4.10.1. Blandaður litvísir

Lausn A: 1 g af metýlrauða er leyst upp í 37 ml af 0,1 mól/l natríumhýdroxíðlausn og fyllt að einum lítra með vatni.

Lausn B: 1 g af metýlenbláma er leyst upp í vatni og fyllt að einum lítra.

Einum hluta af A er blandað saman við tvo hluta af B.

Þessi litvísir er fjórlublár í súrri lausn, grár í hlutlausri lausn og grænn í basískri lausn. Notaðir eru 0,5 ml (10 dropar) af þessari litvísislauznum.

4.10.2. Metýlrauð litvísislauzn

0,1 g af metýlrauða er leyst upp í 50 ml af 95% etanolí, fyllt að 100 ml með vatni og síða ef nauðsyn krefur. Nota má fjóra til fimm dropa af þessum litvísí í stað fyrrgreindars litvísis.

4.11. *Tinkelóríðlausn*

120 g af $\text{SnCl}_2 \cdot 2\text{H}_2\text{O}$ eru leyst upp í 400 ml af óblandaðri saltsýru ($d_{20} = 1,18 \text{ g/ml}$) og fyllt að einum lítra með vatni. Lausnini verður að vera alveg tær og hana verður að nota strax eftir að hún hefur verið tilreidd. Mikilvægt er að kanna afoxunargetu tinkelóríðsins.

Athugasemd

0,5 g af $\text{SnCl}_2 \cdot 2\text{H}_2\text{O}$ eru leyst í 2 ml af óblandaðri saltsýru ($d_{20} = 1,18 \text{ g/ml}$) og fyllt að 50 ml með vatni. Því næst er bætt við 5 g af Rochelle-salti (kalíumnatriumtartrati) og nægilegu magni af matarsóda fyrir greiningu til að lausnin sýni basíkska svörum á lakkmuðspappír.

Títrað er með 0,1 mól/l joðlausn þar sem sterkjulausn er notuð sem litvísir.

1 ml af 0,1 mól/l joðlausn samsvarar 0,01128 g af $\text{SnCl}_2 \cdot 2\text{H}_2\text{O}$.

A.m.k. 80% af heildartininu í lausn, sem er þannig tilreidd, skal vera í tvígildu formi. Því þarf að nota a.m.k. 35 ml af 0,1 mól/l joðlausn við titrunina.

4.12. Natrúmhýdroxíðlausn, um 30% NaOH ($d_{20} = 1,33$ g/ml), ammoníakfrí

4.13. *Staðallausn nítrats og ammoníums*

2,5 g af kalíumnítrati af greiningarhreinleika eru vegin svo og 10,16 g af ammoníumsúlfati af greiningarhreinleika og sett í 250 ml mæliflösku. Leyst upp í vatni og fyllt að 250 ml. Í 1 ml af þessari lausn eru 0,01 g af köfnunarefni.

4.14. Vikurkorn til að varna höggsuðu, þvegin í saltsýru og glædd

5. Búnaður

Sjá aðferð 2.3.1.

6. Undirbúningur sýnis

Sjá aðferð 1.

7. Aðferð

Tilreiðsla lausnarinnar

1 g af sýninu er vegið með 0,001 g nákvæmni og sett í Kjeldahls-flöskuna. Þá er bætt við 0,5 g af járdufti (4.2) og 50 ml af tinklóríðlausn (4.11), þessu er hrært saman og látið standa í hálfíma. Á meðan lausnin stendur er hrært eftir 10 mínútur og síðan aftur eftir 20 mínútur. Þá er bætt við 10 g af kalíumsúlfati (4.3) og 30 ml af brennisteinssýru (4.1). Suðan er látin koma upp og henni viðhaldið í klukkustund í viðbót eftir að hvítar gufur koma í ljós. Lausnin er látin kólna og síðan þynnt með 100–150 ml af vatni. Sviflausnin er öll flutt yfir í 250 ml mæliflösku, kæld og fyllt með vatni að markinu, hrærð og síuð gegnum þurra síu í þurrilát.. Í stað þess að fleyta sviflausnina af með vökvastugu til að geta notað afbrigði a, b eða c af aðferð 2.1 er einnig haegt að eima ammoníakbundna köfnunarefnið í þessari lausn beint eftir að nægilegu natrúmhýdroxíði hefur verið bætt við til að tryggja mikil umframagn (4.12).

7.2. Greining lausnarinnar

50, 100 eða 200 ml af lausninni (eftir því hvort afbrigði a, b eða c er valið (sjá aðferð 2.1)) sem fæst með þessu móti eru fjarlægðir með rennipípu. Ammoníakið er eimað samkvæmt aðferð 2.1 og þess gætt að nægri natrúmhýdroxíðlausn (4.12) sé bætt út í eiminguflöskuna til að tryggja verulegt umframagn.

7.3. Núllprófun

Núllprófun (þar sem sýninu er sleppt) er gerð við sömu skilyrði og skal taka mið af henni þegar lokaniðurstöður eru reiknaðar út.

7.4. Samanburðarprófun

Áður en greining hefst skal ganga úr skugga um að búnaðurinn starfi rétt og að greiningaraðferðinni sé beitt á réttan hátt með því að nota staðallausn (4.13) sem inniheldur ammoníak- og nítratbundið köfnunarefni í magni sem er sambærilegt við magn sýnamíðs og nítratbundins köfnunarefnis í kalsíumsýnamíði sem inniheldur nítrat.

Í þessu skyni eru 20 ml af staðallausninni (4.13) settar í Kjeldahls-flösku.

Greiningin fer fram samkvæmt aðferðinni sem lýst er í 7.1 og 7.2.

8. Framsetning niðurstaðna

Niðurstöður greiningarinnar eru settar fram sem hundraðhluti heildarköfnunarefnis (N) í áburðinum eins og tekið var við honum til greiningar.

Afbrigði a: % N = $(50 - A) \times 0,7$

Afbrigði b: % N = $(50 - A) \times 0,7$

Afbrigði c: % N = $(35 - A) \times 0,875$

Aðferð 2.3.3

Ákvörðun á heildarköfnunarefni í þvagefni

1. **Gildissvið**

Í þessu skjali er fastsett aðferð til að ákvarða heildarköfnunarefni í þvagefni (úrea).

2. **Notkunarsvið**

Aðferðin er eingöngu notuð fyrir nítratfrían þvagefnisáburð.

3. **Grundvöllur aðferðar**

Öllu þvagefninu er breytt í ammoníak með suðu með brennisteinssýru. Ammoníakið, sem þannig fæst, er síðan eimað úr basískum vökva og eiminu safnað í umframmagn staðalbrennisteinssýru. Umframsýran er titruð með basískri staðallausn.

4. **Prófefni**

Eimað eða steinefnasneytt vatn sem inniheldur hvorki koltvíssýring né köfnunarefnissambönd.

4.1. Óblönduð brennisteinssýra ($d_{20} = 1,84$ g/ml)4.2. Natrúmhýdroxíðlausn, um 30% NaOH ($d_{20} = 1,33$ g/ml), ammoníakfrí

4.3. Brennisteinssýra: 0,1 mól/l

4.4. Natríum- eða kalíumhýdroxíðlausn, karbónatfrí: 0,1 mól/l

4.5. Brennisteinssýra: 0,2 mól/l

4.6. Natríum- eða kalíumhýdroxíðlausn, karbónatfrí: 0,2 mól/l

4.7. Brennisteinssýra: 0,5 mól/l

4.8. Natríum- eða kalíumhýdroxíðlausn, karbónatfrí: 0,5 mól/l

} fyrir afbrigði a (sjá aðferð 2.1).

} fyrir afbrigði b (sjá 2. athugasemd, aðferð 2.1).

} fyrir afbrigði c (sjá 2. athugasemd, aðferð 2.1).

4.9. *Litvísislausnir*4.9.1. **Blandaður litvísir**

Lausn A: 1 g af metýlrauða er leyst upp í 37 ml af 0,1 mól/l natrúmhýdroxíðlausn og fyllt að einum lítra með vatni.

Lausn B: 1 g af metýlenbláma er leyst upp í vatni og fyllt að einum lítra.

Einum hluta af A er blandað saman við tvo hluta af B.

Þessi litvísir er fjóluhlár í súrri lausn, grár í hlutlausri lausn og grænn í basískri lausn. Notaðir eru 0,5 ml (10 dropar).

4.9.2. **Litvísislausn með metýlrauða**

0,1 g af metýlrauða er leyst upp í 50 ml af 95% etanolí og fyllt að 100 ml með vatni. Síð ef nauðsyn krefur. Nota má fjóra til fimm dropa af þessum litvísí í stað fyrrgreinds litvísis.

4.10. **Víkurkorn til að varna höggsuðu, þvegin í saltsýru og glædd**4.11. **Þvagefni til greiningar.**5. **Búnaður**

5.1. Eimigarbúnaður, sjá aðferð 2.1: „Ákvörðun á ammoníakbundnu köfnunarefni“.

5.2. Mæliflaska, 500 ml

5.3. Rennipípur, 25, 50 and 100 ml

6. Undirbúningur sýnis

Sjá aðferð 1.

7. Aðferð

7.1. Tilreiðsla lausnarinnar

2,5 g af sýninu er vegið með 0,001 g nákvæmni, sett í 300 ml Kjeldahls-flösku og vætt með 20 ml af vatni. Þá er 20 ml af óblandaðri brennisteinssýru (4.1) bætt við meðan hrært er í og nokkrum glerkúlum bætt út í til að varna höggsuðu. Glertrekt með löngum stút er stungið í háls flöskunnar til að koma í veg fyrir að skvettist upp úr. Hitað við vægan hita í fyrstu en síðan er hitinn aukinn þar til hvítar gufur koma í ljós (30–40 mín.).

Lausnin er kæld og síðan þynnt með 100–150 ml af vatni. Öllum vökvunum er hellt í 500 ml mæliflösku en botnfalli kastað er um það er að ræða. Látið kólna niður í stofuhita. Fyllt er að markinu með vatni, þessu blandað saman og síðan síðað, ef þörf krefur, í gegnum þurra síu í þurrt flát.

7.2. Greining lausnarinnar

25, 50 eða 100 ml af lausninni, eftir því afbrigði sem valið er (sjá aðferð 2.1), sem þannig fæst eru fluttir með mælipípu yfir í eiminarflöskuna. Ammoníakið er eimað samkvæmt aðferð 2.1 og nægu NaOH ($d_{20} = 1,33 \text{ g/ml}$) (4.2) bætt út í eiminarflöskuna til að tryggja verulegt umframmagn.

7.3. Núllprófun

Núllprófun (þar sem sýninu er sleppt) er gerð við sömu skilyrði og skal taka mið af henni þegar lokaniðurstöður eru reiknaðar út.

7.4. Samanburðarprófun

Áður en greining hefst skal ganga úr skugga um að búnaðurinn starfi rétt og að greiningaraðferðinni sé beitt á réttan hátt með því að greina deiliskammt af nýtilreiddri þvagefnislausn (4.11).

8. Framsetning niðurstaðna

Niðurstöður eru settar fram sem hundraðshluti köfnunarefnis (N) í áburðinum eins og tekið var við honum til greiningar.

Afbrigði a: % N = $(50 - A) \times 1,12$

Afbrigði b: % N = $(50 - A) \times 1,12$

Afbrigði c: % N = $(35 - A) \times 1,40$

Aðferð 2.4

Ákvörðun á sýnamíðbundnu köfnunarefni

1. Gildissvið

Í þessu skjali er fastsett aðferð til að ákvarða sýnamíðbundið köfnunarefni.

2. Notkunarsvið

Kalsíumsýnamíð og kalsíumsýnamíð sem inniheldur köfnunarefni.

3. Grundvöllur aðferðar

Sýnamíðbundið köfnunarefni er fellt út sem silfurflóki og botnfallið ákvarðað með aðferð Kjeldahls.

4. Prófefni

Eimað eða steinefnasneytt vatn sem inniheldur hvorki koltvísýring né köfnunarefnissambönd.

- 4.1. Ísedik
- 4.2. Ammoníakslausn sem inniheldur 10% ammoníaks á formi lofttegundar miðað við massa ($d_{20} = 0,96$ g/ml).
- 4.3. *Ammoníakssilfurlausn samkvæmt Tollens*
- 500 ml af 10% lausn silfurnítrats (AgNO_3) er blandað saman við vatn með 500 ml af 10% ammoníaki (4.2.).
- Blandan skal ekki að óþörfu standa í birtu, ekki hitna að óþörfu og skal helst geymast í loftþéttu fláti. Venjulega geymist lausnin árum saman. Meðan lausnin er tær er prófefnið gott.
- 4.4. Óblönduð brennisteinssýra ($d_{20} = 1,84$ g/ml)
- 4.5. Kalíumsúlfat til greiningar.
- 4.6. Koparoxíð (CuO), 0,3–0,4 g fyrir hverja ákvörðun eða jafngilt magn fimmvatnaðs koparsúlfats ($\text{CuSO}_4 \cdot 5\text{H}_2\text{O}$), 0,95–1,25 g fyrir hverja ákvörðun.
- 4.7. Natríumhýdroxíðlausn, um 30% NaOH ($d_{20} = 1,33$ g/ml), ammoníakfrí
- 4.8. Brennisteinssýra: 0,1 mól/l
- 4.9. Natríum- eða kalíumhýdroxíðlausn, 0,1 mól/l.
- 4.10. *Litvísislauznir*
- 4.10.1. Blandaður litvísir
- Lausn A: 1 g af metýlrauða er leyst upp í 37 ml af 0,1 mól/l natríumhýdroxíðlausn og fyllt að einum lítra með vatni.
- Lausn B: 1 g af metýlenbláma er leyst upp í vatni og fyllt að einum lítra.
- Einum hluta af A er blandað saman við tvo hluta af B.
- Þessi litvísir er fjórlublár í súrri lausn, grár í hlutlausri lausn og grænn í basískri lausn. Notaðir eru 0,5 ml (10 dropar).
- 4.10.2. Litvísislauzn með metýlrauða
- 0,1 g af metýlrauða er leyst upp í 50 ml af 95% etanolí og fyllt að 100 ml með vatni. Síðað ef nauðsyn krefur. Nota má fjóra til fimm dropa af þessum litvísí í stað fyrrgreinds litvísís.
- 4.11. Vikurkorn til að varna höggsuðu, þvegin í saltsýru og glædd
- 4.12. Kalíumþíósýanat til greiningar
5. **Búnaður**
- 5.1. Eimigarbúnaður, sjá aðferð 2.1: „Ákvörðun á ammoníakbundnu köfnunarefni“.
- 5.2. Mæliflaska, 500 ml (t.d. Stohmanns-flaska)
- 5.3. Hæfilega stór, hálslöng Kjeldahls-flaska (300 til 500 ml)
- 5.4. Rennipípa, 50 ml
- 5.5. Snúningshristari (35–40 snúningar á mínu síða)
6. **Undirbúningur**
- Sjá aðferð 1.
7. **Aðferð**
- 7.1. *Varúðarráðstafanir*
- Ávallt skal nota hlífðargleraugu þegar fengist er við ammoníakssilfurlauznir. Myndist þunn himna á yfirborði vökvans getur hristingur komið af stað sprengingu og því er nauðsynlegt að sýna ítrrustu verkární.

7.2. Tilreiðsla lausnar fyrir greiningu

Vega skal 2,5 g af sýninu með 0,001 g nákvæmni og setja í lítið glermortél. Sýnið er malað þrisvar í vatni og vatninu hellt eftir hverja mölun í 500 ml Stohmanns-flösku (5.2). Sýnið er allt fært yfir í 500 ml Stohmanns-flöskuna og mortélið, stauturinn og trektin skoluð með vatni. Fyllt er að u.p.b. 400 ml með vatni. 15 ml af ediksýru (4.1) er bætt við. Lausnin er hrist í snúningshristara (5.5) í tvær klukkustundir.

Fyllt er að 500 ml með vatni, þessu blandað saman og síðað.

Greininguna verður að framkvæma eins skjótt og unnt er.

7.3. Greining lausnarinnar

50 ml af síuvökvanum eru færðir í 250 ml bikarglas.

Ammoníakslausn (4.2) er bætt við þar til lausnin er orðin lítilegga basísk og er þá 30 ml af volgu ammoníakssilfurnítrati (4.3) bætt við til að fella út gula sifursýnamíðflókann.

Lausnin er látin standa yfir nótt og síðan síuð og botnfallið þvegið með köldu vatni þar til allt ammonfák er horfið úr því.

Síán og botnfallið, sem enn er rakt, er sett í Kjeldahls-flösku, 10–15 g af kalíumsúlfati (4.5) og tilskildum skammti af hvatanum (4.6) er bætt út í og því næst 50 ml af vatni og 25 ml af óblandaðri brennisteinssýru (4.4).

Flaskan er hituð við vægan hita og hrist varlega um leið þar til innihaldið nær suðumarki. Þá er hitinn hækkaður og innihald flöskunnar soðið þar til það verður litlaust eða fölgrænt.

Suðunni er viðhaldið í klukkustund í viðbót en þá er lausnin látin kólna.

Vökvanum í Kjeldahls-flöskunni er nú öllum hellt yfir í eiminarflöskuna, nokkrum vikurkornum til að varna höggsuðu (4.11) bætt út í og síðan er vatni bætt við þar til heildarrúmmál er u.p.b. 350 ml. Vökvnum er blandað saman og lausnin látin kólna.

Ammoníakið er eimað samkvæmt aðferð 2.1, afbrigði a, og er nægri NaOH-lausn (4.7) bætt við til að tryggja verulegt umframmagn.

7.4. Núllprófun

Núllprófun (þar sem sýninu er sleppt) er gerð við sömu skilyrði og skal taka mið af henni þegar lokaniðurstöður eru reiknaðar út.

7.5. Samanburðarprófun

Áður en greining hefst skal ganga úr skugga um að búnaðurinn starfi rétt og að greiningaraðferðinni sé beitt á réttan hátt með því að nota deiliskammt staðallausnar kalíumþíosýanats (4.12) sem samsvarar 0,05 g köfnunarefnis.

8. Framsetning niðurstæðna

Niðurstöðurnar eru settar fram sem hundraðshlutí sýnamíðbundins köfnunarefnis í áburðinum eins og tekið var við honum til greiningar.

$$\% \text{ N} = (50 - A) \times 0,56$$

$$\text{Aðferð } 2.5$$

Ákvörðun á bíúreti í þvagefni með litrófsmælingu

1. Gildissvið

Í þessu skjali er fastsett aðferð til að ákvarða bíúret í þvagefni.

2. Notkunarsvið

Aðferdin er eingöngu notuð fyrir þvagefni.

3. Grundvöllur aðferðar

Í basískum miðli, sem í er kalíumnatríumtartrat, mynda bíuret og tvígildur kopar fjólublátt koparsamband. Gleypni lausnarinnar er mæld við um 546 nm (nanómetra) bylgjulengd.

4. Prófefni

Eimað eða steinefnasneytt vatn sem inniheldur hvorki koltvíssýring né ammoníak. Gæði vatnsins eru einkum mikilvæg í þessari ákvörðun.

4.1. Metanól

4.2. Brennisteinssýrulausn, um 0,1 mó/l

4.3. Natríumhýdroxíðlausn, um 0,1 mó/l

4.4. Basísk kalíumnatríumtartratlausn

40 g af natríumhýdroxíði eru leyst upp í 500 ml af vatni í eins lítra mæliflösku og lausnin látin kólna. Bætt er við 50 g af kalíumnatríumtartrati ($\text{NaKC}_4\text{H}_4\text{O}_6 \cdot 4\text{H}_2\text{O}$). Fyllt er að markinu. Lausnin er látin standa í sólarhring áður en hún er notuð.

4.5. Koparsúlfatlausn

Í eins lítra mæliflösku eru 15 g af fimmvötnuðu koparsúlfati ($\text{CuSO}_4 \cdot 5\text{H}_2\text{O}$) leyst upp í 500 ml af vatni. Fyllt er að markinu.

4.6. Nýtilreidd bíúretstaðallausn

Í 250 ml mæliflösku eru 0,250 g af hreinu bíúreti⁽¹⁾ leyst upp í vatni. Fyllt er að 250 ml. 1 ml af þessari lausn inniheldur 0,001 g af bíúreti.

4.7. Litvísislauasn

Í 100 ml mæliflösku eru 0,1 g af metýlräuðu leyst upp í 50 ml af 95% etanolí og fyllt með vatni að 100 ml. Verði eftir óleysanleg efni er lausnin síuð.

5. Búnaður

5.1. Litrófsmælir eða ljósmaelir með síum sem eru nákvæmar til að gera megi mælingar, sem unnt er að endurtaka, við T sem er minna en 0,5%⁽²⁾.

5.2. Mæliflöskur, 100, 250 og 1 000 ml.

5.3. Kvarðaðar 2, 5, 10, 20, 25 og 50 ml rennipípur eða 25 ml mælipípa með 0,05 ml kvörðun.

5.4. Bikarglas, 250 ml.

6. Undirbúningur sýnisins

Sjá aðferð 1.

7. Aðferð

7.1. Gerð kvörðunarferilsins

Settir eru 0, 2, 5, 10, 20, 25 og 50 ml deiliskammtar af bíúretstaðallausn (4.6) í röð af sjö 100 ml mæliflöskum. Fyllt er með vatni að u.p.b. 50 ml og 1 dropi af litvísí settur út í (4.7) og lausnirnar hlutleystar, ef þörf krefur, með brennisteinssýru sem er 0,1 mó/l (4.2). Hræra skal 20 ml af basísku tartratlausninni (4.4) saman við og síðan 20 ml af koparsúlfatlausninni (4.5).

Athugasemd

Þessar lausnir (4.4 and 4.5) skulu mældar í tveimur nákvæmnismælipípum eða í rennipípum, sem væri ákjósanlegra.

Fyllt að 100 ml með eimuðu vatni, þessu blandað saman og látið standa í 15 mínútur við 30 (± 2) °C.

⁽¹⁾ Hægt er að hreinsa bíúretið fyrir fram með því að skola það með 10% ammoníaklausn, síðan með asetoní og þurrka það í lofttæmi.

⁽²⁾ Sjá 9. lið „Viðbætir“.

Gleypni hverrar lausnar er mæld á u.þ.b. 546 nm bylgjulengd, með nemum af hæfilegri ljósfræðilengd og með „0“-bíúretstaðallausnina sem viðmiðun.

Teiknaður er kvörðunarferill með gleypni sem lóðhnit og samsvarandi magn bíúrets í millígrömmum sem láhnit.

7.2. *Tilreiðsla lausnar til greiningar*

10 g af undirbúnu sýni eru vegin með 0,001 g nákvæmni, leyst upp í um 150 ml af vatni í 250 ml mæliflösku og fyllt að markinu. Síð ef nauðsyn krefur.

Athugasemd 1

Innihaldi sýnið, sem á að greina, meira en 0,015 g af ammoníakbundnu köfnunarefni er það leyst upp í 50 ml af metanóli (4.1) í 250 ml bikarglasi. Rúmmálið er minnkað með uppgufun niður í um 25 ml. Þetta magn er allt fært yfir í 250 ml mæliflösku. Fyllt að markinu með vatni. Ef þörf krefur er lausnin síuð með þurri fellingsáru yfir í þurrt flát.

Athugasemd 2

Ópalbjarma eytt: ef svifagnir eru í lausninni getur reynst erfitt að sía hana. Í því tilviki er lausnin, sem á að greina, tilreidd á eftirfarandi hátt: sýni til greiningar er leyst upp í 150 ml af vatni, 2 ml af 1 mól/l saltsýru er bætt út í og lausnin síuð í gegnum tvær flatar og mjög fingerðar síur yfir í 250 ml mæliflösku. Síurnar eru skolaðar með vatni og fyllt að markinu. Haldið er áfram samkvæmt aðferðinni sem lýst er í lið 7.3., „Ákvörðun“.

7.3. *Ákvörðun*

Í samræmi við áætlað innihald bíúrets eru 25 eða 50 ml af lausninni, sem um getur í lið 7.2., færðir með rennipípu yfir í 100 ml mæliflösku og hlutleystir, ef þörf krefur, með 0,1 mól/l af prófefni (4.2 eða 4.3), þar sem metýrlauði er notaður sem litvísir, og 20 ml af basísku kalfumnafríumtartratlausninni (4.4) og 20 ml af koparlausninni (4.5) bætt við með sömu nákvæmni og notuð var við gerð kvörðunarferilsins. Fyllt er að markinu, þessu blandað vel saman og látið standa í 15 mínútur við 30 (± 2) °C.

Því næst eru gerðar ljósmælingar og bíúretinnihald þvagefnisins reiknað.

8. *Framsetning niðurstaðna*

$$\% \text{ bíúrets} = \frac{C \times 2,5}{V}$$

Þar sem:

„C“ er massi bíúrets í millígrömmum, lesin af kvörðunarferlinum, og

„V“ er rúmmál deiliskammtsins.

9. *Viðbætir*

Ef „Jo“ er styrkur bunu einlitra geisla (af tiltekinni bylgjulengd) áður en hún fer í gegnum gagnsæjan hlut og „J“ er styrkur þessarar bunu eftir að hún fer í gegnum hlutinn er:

gegnskinsstuðull: $T = (J/Jo)$

ljósdeyfitala: $O = (Jo/J)$

gleypni $E = \log O$

gleypni á ljósfræðilega lengdareiningu: $k = (E/s)$

eðlisgleypnistuðull $K = (E/(C \times S))$

þar sem

$s = \text{þykkt lagsins í sentimetrum.}$

$c = \text{styrkur í millígrömmum á lítra.}$

$k = \text{sértækur stuðull fyrir hvert efni samkvæmt Lambert-Beer lögmálinu.}$

Aðferðir 2.6

Ákvörðun á mismunandi formum köfnunarefnis í sama sýninu

Aðferð 2.6.1

Ákvörðun á mismunandi formum köfnunarefnis í sama sýni áburðar sem inniheldur köfnunarefni í formi nítrats, ammoníaks, þvagefnis og sýnamíðs1. **Gildissvið**

Í þessu skjali er fastsett aðferð við ákvörðun á tilteknu formi köfnunarefnis þegar það er með öðrum formum köfnunarefnis.

2. **Notkunarsvið**

Allur áburður sem kveðið er á um I. viðauka og inniheldur köfnunarefni í mismunandi formum.

3. **Grundvöllur aðferðar**3.1. *Heildarinnihald leysanlegs og óleysanlegs köfnunarefnis*

Samkvæmt skránni yfir staðlaðan áburð (I. viðauki) er þessi ákvörðun notuð fyrir vörur sem innihalda kalsíumsýnamíð (tröllamjöl).

3.1.1. Innihaldi áburðurinn engin nítröt er prófunarsýninu sundrað beint með Kjeldahls-niðurbroti.

3.1.2. Innihaldi áburðurinn nítröt er prófunarsýninu sundrað með Kjeldahls-niðurbroti eftir afoxun með jármálmí og tinklórífi.

Í báðum tilvikum er ammoníakið ákvarðað í samræmi við aðferð 2.1.

Athugasemd

Leiði efnagreining í ljós að innihald óleysanlegs köfnunarefnis er meira en 0,5% má draga þá ályktun að áburðurinn innihaldi önnur form óleysanlegs köfnunarefnis sem eru ekki í skránni í I. viðauka.

3.2. *Form leysanlegs köfnunarefnis*

Úr sömu sýnislauðn eru teknir mismunandi deiliskammtar til ákvörðunar á eftirfarandi:

3.2.1. heildarinnihaldi leysanlegs köfnunarefnis:

3.2.1.1. innihaldi áburðurinn engin nítröt er innihaldið ákvarðað beint með Kjeldahls-niðurbroti,

3.2.1.2. innihaldi áburðurinn nítröt er innihaldið ákvarðað með Kjeldahls-niðurbroti í deiliskammti sem tekinn er úr lausninni eftir afoxun með aðferð Ulsch og er ammoníakið í báðum tilvikum ákvarðað eins og lýst er í aðferð 2.1,

3.2.2. heildarinnihaldi leysanlegs köfnunarefnis, að nítratbundnu köfnunarefni undanskildu, sem er ákvarðað með Kjeldahls-niðurbroti eftir að nítratbundið köfnunarefni hefur verið numið brott í súrum miðli með ferrósulfati og er ammoníakið ákvarðað eins og lýst er í aðferð 2.1,

3.2.3. nítratbundnu köfnunarefni, sem er reiknað sem mismunur:

3.2.3.1. innihaldi áburðurinn ekki kalsíumsýnamíð, sem mismunur á liðum 3.2.1.2 og 3.2.2 eða sem mismunar á heildarinnihaldi leysanlegs köfnunarefnis (3.2.1.2) og summu ammoníakbundins köfnunarefnis og þvagefnisbundins lífræns köfnunarefnis (3.2.4 + 3.2.5),

3.2.3.2. innihaldi áburðurinn sýnamíð, sem mismunur á liðum 3.2.1.2 og 3.2.2 eða sem mismunur á lið 3.2.1.2 og summu liðanna 3.2.4 + 3.2.5 + 3.2.6,

3.2.4. ammoníakbundnu köfnunarefni:

3.2.4.1. ef áburðurinn inniheldur eingöngu ammoníakbundið köfnunarefni eða ammoníak- og nítratbundið köfnunarefni er ákvarðað með því að beita aðferð 1,

3.2.4.2. ef áburðurinn inniheldur þvagefnisbundið köfnunarefni og/eða sýnamíðbundið köfnunarefni er framkvæmd kaldeiming í vægt basísku umhverfi, ammoníakinu er safnað í staðallausn af brennisteinssýru og ákvarðað eins og lýst er í aðferð 2.1,

- 3.2.5. þvagefnisbundnu köfnunarefni:
- 3.2.5.1. ákvarðað er með ummyndun með úreasa í ammoníak, sem er titrað með staðallausn saltsýru, eða
- 3.2.5.2. með byngdarmælingu með xanthýdróli: reikna má bíúretið, sem er fellt út samtímis, með þvagefnisbundna köfnunarefni á þess að það skekki niðurstöðuna að ráði þar eð raungildi innihalds þess í fjölgildum áburði er yfirleitt lítið,
- 3.2.5.3. út frá mismun samkvæmt eftirfarandi töflu:

Dæmi	Nítratbundið köfnunarefni	Ammoníak-bundið köfnunarefni	Sýanamíðbundið köfnunarefni	Mismunur
1	0	+	+	(3.2.1.1) – (3.2.4.2 + 3.2.6)
2	+	+	+	(3.2.2) – (3.2.4.2 + 3.2.6)
3	0	+	0	(3.2.1.1) – (3.2.4.2)
4	+	+	0	(3.2.2) – (3.2.4.2)

- 3.2.6. sýanamíðbundnu köfnunarefni með því að fella það út sem silfursamband og þá er köfnunarefnið í botnfallinu ákvarðað með aðferð Kjeldahls.

4. Prófefni

Eimað eða steinefnasneytt vatn.

- 4.1. Kalíumsúlfat af greiningarhreinleika.
- 4.2. Járnduft, afoxað með vetrni (tilskilið magn járnsins verður að geta afoxað a.m.k. 50 mg nítratbundins köfnunarefnis).
- 4.3. Kalíumþíosýanat af greiningarhreinleika.
- 4.4. Kalíumnítrat af greiningarhreinleika.
- 4.5. Ammoníumsúlfat af greiningarhreinleika.
- 4.6. Þvagefni af greiningarhreinleika.
- 4.7. Þynnnt brennisteinssýra í hlutfallinu 1:1 miðað við rúmmál: einn hluti brennisteinssýru ($d_{20} = 1,84 \text{ g/ml}$) í einum hluta af vatni.
- 4.8. Staðallausn brennisteinssýru: 0,2 mól/l.
- 4.9. Óblönduð natríumhýdroxíðlausn. Vatnslausn með um 30% NaOH (massi miðað við rúmmál), ammoníakfrí.
- 4.10. Staðallausn natríum- eða kalíumhýdroxíðs: 0,2 mól/l, karbónatfrí.

4.11. Tinklóríðlausn

Í 400 ml af óblandaðri saltsýru eru 120 g af $\text{SnCl}_2 \cdot 2\text{H}_2\text{O}$ ($d_{20} = 1,18 \text{ g/ml}$) leyst upp og fyllt að einum lítra með vatni. Lausnin verður að vera alveg tær og hana verður að nota strax eftir að hún hefur verið tilreidd.

Athugasemd

Mikilvægt er að kanna afoxunargetu tinklóríðs: í 2 ml af óblandaðri saltsýru eru 0,5 g af $\text{SnCl}_2 \cdot 2\text{H}_2\text{O}$ ($d_{20} = 1,18 \text{ g/ml}$) leyst upp og fyllt að 50 ml með vatni. Þá er 5 g af Rochellesalti (kalíumnatríumtartrati) bætt við og síðan nægilegu magni natrúumbíkarbónats til að lausnin sé basísk á lakkmúspappír.

Títrað er með 0,1 mól/l joðlausn þar sem sterkjulausn er notuð sem litvísir.

1 ml af 0,1 mól/l joðlausn samsvarar 0,01128 g af $\text{SnCl}_2 \cdot 2\text{H}_2\text{O}$.

A.m.k. 80% af heildartini í lausn, sem er þannig tilreidd, skal vera í tvígildu formi. Því þarf að nota a.m.k. 35 ml af 0,1 mól/l joðlausn við titrunina.

- 4.12. Brennisteinssýra ($d_{20} = 1,84 \text{ g/ml}$)
- 4.13. Þynnt saltsýra: einn hluti saltsýru ($d_{20} = 1,18 \text{ g/ml}$) og einn hluti vatns.
- 4.14. Ediksýra: 96 til 100%
- 4.15. Brennisteinssýrulausn sem inniheldur u.p.b. 30% af H_2SO_4 (massi miðað við rúmmál)
- 4.16. Ferrósúlfat: kristallað, $\text{FeSO}_4 \cdot 7\text{H}_2\text{O}$
- 4.17. Staðallausn brennisteinssýru: 0,1 mól/l
- 4.18. Oktýlalkóhól
- 4.19. Mettuð kalíumkarbónatlausn
- 4.20. Staðallausn nátríum- eða kalíumhýdroxíðs: 0,1 mól/l, (karbónatlaus)
- 4.21. Mettuð baríumhýdroxíðlausn
- 4.22. Nátríumkarbónatlausn: 10% (massi miðað við rúmmál)
- 4.23. Saltsýra: 2 mól/l
- 4.24. Staðallausn saltsýru: 0,1 mól/l

4.25. *Úreasalausn*

Í 100 ml af eimuðu vatni er sett 0,5 g af virkum úreasa. Með því að nota 0,1 mól/l saltsýru (4.24) er sýrustig stillt á 5,4 á sýrustigsmæli.

4.26. *Xanthýdról*

5% lausn í etanóli eða metanóli (4.31) (ekki skal nota vörur sem gefa hátt hlutfall óleysanlegs efnis). Lausnina má geyma í þrjá manuði í flösku, sem er lokað þétt með tappa, og í myrkri.

- 4.27. Koparoxíð (CuO): 0,3–0,4 g fyrir hverja ákvörðun eða jafngilt magn fimmvatnaðs koparsúlfats ($\text{CuSO}_4 \cdot 5\text{H}_2\text{O}$), frá 0,95–1,25 g fyrir hverja ákvörðun.

- 4.28. Korn, þvegin í saltsýru og glædd, notuð sem suðuvatri

4.29. *Litvísislauznir*

- 4.29.1. Lauð A: Í 37 ml af 0,1 mól/l nátríumhýdroxíðlausn er 1 g af metýlrauðu leyst upp og fyllt að einum lítra með vatni.

Lauð B: 1 g af metýlenbláma er leyst upp í vatni og fyllt að einum lítra.

Einum hluta af A er blandað saman við two hluta af B.

Þessi litvísir er fjórlublár í súrri lausn, grár í hlutlausri lausn og grænn í basískri lausn. Notaðir eru 0,5 ml (10 dropar) af þessari litvísislauðnum.

- 4.29.2. Metýlrauð litvísislauð

0,1 g af metýlrauða er leyst upp í 50 ml af 95% etanóli. Fyllt er að 100 ml með vatni og síða ef nauðsyn krefur. Nota má þennan litvísí (fjóra eða fimm dropa) í stað fyrrgreindar litvísís.

4.30. *Litvísispappír*

Lakkmús, brómóþýmólblár (eða annar pappír sem sýnir svörun við sýrustigi 6–8).

- 4.31. Etanól eða metanól: 95% lausn

5. **Búnaður**

5.1. *Eiminingarbúnaður*

Sjá aðferð 2.1.

- 5.2. *Búnaður til að ákvarða ammoníakbundið köfnunarefni samkvæmt greiningaraðferð í lið 7.2.5.3 (sjá 6. mynd)*

Búnaðurinn er settur saman úr sérstaklega lögðuðu fláti með hálsi úr slípuðu gleri og öðrum hálsi til hliðar við hann, tengiröri með dropavara og hornréttu röri sem er loftinntak. Unnt er að tengja rörin við flátin með einföldum, götuðum gúmmítappa. Mikilvægt er að endarnir á loftinntaksrörunum séu með réttu lagi þar eð loftbólurnar verða að dreifast fullkomlega í lausnum um í flátinu og gildrunni. Best er að þeir séu eins og litlir sveppir í laginu, 20 mm að ytra þvermáli og með sex opum, 1 mm hvert, meðfram brúninni.

- 5.3. *Búnaður til að ákvarða þvagefnisbundið köfnunarefni með úreasa-aðferðinni (7.2.6.1)*

Búnaðurinn er 300 ml keiluflaska með skiltrekt og lítilli gildru (sjá 7. mynd).

- 5.4. Snúningshristari (35–40 snúningar á mínuáru)

- 5.5. Sýrustigsmælir

- 5.6. Stillanlegur hitaskápur

- 5.7. *Búnaður úr gleri:*

rennipípur, 2, 5, 10, 20, 25, 50 og 100 ml,

háslangar Kjeldahls-flöskur, 300 og 500 ml,

mæliflöskur, 100, 250, 500 og 1 000 ml,

deiglur úr hertu gleri, opstærð 5–15 µ,

mortél.

6. Undirbúningur sýnis

Sjá aðferð 1.

7. Greiningaraðferð

- 7.1. *Heildarinnihald leysanlegs og óleysanlegs köfnunarefnis*

- 7.1.1. Innihaldi áburðurinn engin nítröt

- 7.1.1.1. Niðurbrot

Sýni, sem inniheldur í mesta lagi 100 mg köfnunarefnis, er vegið með 0,001 g nákvæmni. Sýnið er sett í eiminarflöskuna (5.1). 10–15 g kalfumsúlfats (4.1), hvatanum (4.27) og nokkrum kornum til að varna höggsudu (4.28) er bætt við. Þá er 50 ml af pyntri brennisteinssýru (4.7) bætt út í og þessu blandað vel saman. Fyrst er sýnið hitað við vægan hita og hrært í við og við þar til froða hættir að myndast. Þá er sýnið hitað þar til vökkvinn sýður stöðugt og hann láttinn sjóða áfram í eina klukkustund eftir að lausnin er orðin tær og þess gætt að lífræn efni loði ekki við innra bord flöskunnar. Sýnið er látið kólna. 350 ml af vatni er bætt varlega út í og þessu blandað saman. Gengið er úr skugga um að allt leysist upp eins vel og unnt er. Sýnið er látið kólna og flaskan tengd við eiminarbúnaðinn (5.1).

- 7.1.1.2. Eiming ammoníaks

Fluttir eru 50 ml af 0,2 mó/l staðallausn brennisteinssýru (4.8) með nákvæmnisrennipípu yfir í viðtökuflát búnaðarins. Litvísí er bætt út í (4.29.1 eða 4.29.2). Þess skal gætt að endi eimsvalans sé a.m.k. 1 cm undir yfirborði lausnarinnar.

Um leið og þess er gætt að ekkert ammoníak tapist er nægjanlegu magni af óblandaðri natríumhýdroxíðlausn (4.9) bætt við innihald eiminarflöskurnar til að gera vökvann mjög basískan (120 ml nægja venjulega; þetta skal sannreynt með því að bæta nokkrum dropum af fenóltalíni við. Að eimingu lokinni verður lausnin í flöskunni enn að vera greinilega basísk). Hitinn á flöskunni er stilltur þannig að 150 ml eimist á hálfrí klukkustund. Prófað er með litvísispappír (4.30) hvort eimingu sé lokíð. Ef svo er ekki eru 50 ml eimaðir til viðbótar og prófunin endurtekin þar til litvísispappírinn sýnir að eiminarvökkvinn er orðinn hlutlaus (4.30). Þá er viðtökulátið lækkað, nokkrir millflístra eimaðir í viðbót og endi eimsvalans skolaður. Umframssýra er titruð með 0,2 mó/l staðallausn kalíum- eða natríumhýdroxíðs (4.10) þar til litvísirinn breytir um lit.

7.1.1.3. Núllprófun

Núllprófun (þar sem sýninu er sleppt) er gerð við sömu skilyrði og taka skal mið af henni þegar lokaniðurstöður eru reiknaðar út.

7.1.1.4. Framsetning niðurstaðna

$$\% \text{ N} = \frac{(a - A) \times 0,28}{M}$$

þar sem

a = fjöldi millilítra af 0,2 mól/l staðallausn natrúum- eða kalíumhýdroxiðs sem er notaður við núllprófunina sem framkvæmd er með því að flytja 50 ml af 0,2 mól/l staðallausn brennisteinssýru (4.8) með rennipípu yfir í viðtökuflát búnaðarins (5.1),

A = fjöldi millilítra af 0,2 mól/l staðallausn natrúum- eða kalíumhýdroxiðs sem er notaður við greininguna,

M = massi prófunarsýnis í grömmum.

7.1.2. Innihaldi áburðurinn nítrat

7.1.2.1. Prófunarsýni

Sýni, sem inniheldur ekki meira en 40 mg nítratbundins köfnunarefnis, er vegið með 0,001 g nákvæmni.

7.1.2.2. Afoxun köfnunarefnis

Prófunarsýnин er blandað í litlu mortéli saman við 50 ml af vatni. Það er síðan flutt, ásamt lágmarks magni af eimodu vatni, yfir í 500 ml Kjeldahls-flösku. Þá er bætt við 5 g af afoxuðu járni (4.2) og 50 ml af tinklóriðlausn (4.11). Flaskan er hrist og látin standa í hálfa klukkustund. Á meðan hún stendur er aftur hrist eftir 10 og síðan 20 mínútur.

7.1.2.3. Kjeldahls-niðurbrot

Bætt er við 30 ml af brennisteinssýru (4.12) 5 g af kalíumsúlfati (4.1), tilskildu magni af hvata (4.27) og nokkrum kornum til að varna höggsuðu (4.28). Hitað er við vægan hita og flaskan látin hallast aðeins. Hitinn er aukinn haegt og lausnin hrist með stuttu millibili til að koma í veg fyrir botnfall. Vökvvinn dökknar og verður síðan tær þegar gulgræn, vatnsrí járnsúlfatsviflausn myndast. Haldið er áfram að hita lausnina í eina klukkustund eftir að hún er orðin tær og henni haldið við suðumark. Lausnin er látin kólna. Smám saman er 100 ml af vatni bætt varlega við innihald flöskunnar. Flaskan er hrist og innihaldið flutt yfir í 500 ml mæliflösku. Fyllt er að markinu með vatni. Þessu er blandað saman og lausnin síð í gegnum þurra síu yfir í þurrt flát.

7.1.2.4. Greining lausnarinnar

Deiliskammtur, sem inniheldur í mesta lagi 100 mg köfnunarefnis, er fluttur með rennipípu yfir í eiminarflösku (5.1). Lausnin er þynnt með um 350 ml af eimodu vatni, nokkrum kornum til að varna höggsuðu (4.28) er bætt við, þá er flaskan tengd við eiminingarbúnaðinn og ákvörðuninni haldið áfram á þann hátt sem lýst er í 7.1.1.2.

7.1.2.5. Núllprófun

Sjá 7.1.1.3.

7.1.2.6. Framsetning niðurstaðna

$$\% \text{ N} = \frac{(a - A) \times 0,28}{M}$$

þar sem

a = fjöldi millilítra af 0,2 mól/l staðallausn natrúum- eða kalíumhýdroxiðs sem er notaður við núllprófunina sem framkvæmd er með því að flytja 50 ml af 0,2 mól/l staðallausn brennisteinssýru (4.8) með rennipípu yfir í viðtökuflát búnaðarins (5.1),

A = fjöldi millilítra af 0,2 mól/l staðallausn natrúum- eða kalíumhýdroxiðs sem er notaður við greininguna,

M = massi sýnis í deiliskammtinum (7.1.2.4.), gefinn upp í grömmum.

7.2. *Form leysanlegs köfnunarefnis*

7.2.1. Tilreiðsla lausnar til greiningar

10 g af sýninu eru vegin með 1 mg nákvæmni og sett í 500 ml mæliflösku.

7.2.1.1. Áburður sem inniheldur ekki sýnamíðbundið köfnunarefn

Út í flöskuna er bætt 50 ml af vatni og síðan 20 ml af þynntri saltsýru (4.13). Lausnin er hrist og látin standa þar til koltvísýringur er hættur að myndast. Þá er 400 ml af vatni bætt við og lausnin hrist í hálfa klukkustund í snúningshristara (5.4). Fyllt er að markinu með vatni, þessu blandað saman og síðan síða í gegnum þurra síu yfir í þurr í flát.

7.2.1.2. Áburður sem inniheldur sýnamíðbundið köfnunarefn

Út í flöskuna er bætt 400 ml af vatni ásamt nokkrum dropum af metýlrauða (4.29.2). Ef nauðsyn krefur er lausnin sýrð með ediksýru (4.14). Bætt er við 15 ml af ediksýru (4.14). Lausnin er hrist í snúningshristara (5.4) í tvær klukkustundir. Ef nauðsyn krefur er lausnin sýrð aftur með ediksýru (4.14) meðan hrist er. Fyllt er að markinu með vatni, þessu blandað saman og síða strax gegnum þurra síu yfir í þurr í flát og sýnamíðbundna köfnunarefnid ákvárdæ strax.

Í báðum tilvikum skal ákvárdæ leysanleg form köfnunarefnis sama dag og lausnin er búin til og byrja á sýnamíðbundu köfnunarefn og þvagefnisbundnu köfnunarefn ef um þau form er að ræða.

7.2.2. Heildarinnihald leysanlegs köfnunarefnis

7.2.2.1. Innihaldi áburðurinn ekki nítrat

Deilikammtur af síuvökvanum (7.2.1.1 eða 7.2.1.2), sem inniheldur í mesta lagi 100 mg köfnunarefnis, er fluttur með rennipípu yfir í 300 ml Kjeldahls-flösku. Bætt er við 15 ml af óblandaðri brennisteinssýru (4.12), 0,4 g af koparoxíði eða 1,25 g af koparsúlfati (4.27) og nokkrum kornum til að varna höggsuðu (4.28). Fyrst er vökvinn hitaður við vægan hita til að niðurbrotið hefjist og svo við hærra hita þar til hann er orðinn litlaus eða fölgrænn og hvítar gufur sjást greinilega. Eftir kælingu er lausnin færð öll yfir í eimigarflöskuna, þynnt með vatni að um 500 ml og bætt við nokkrum kornum til að varna höggsuðu (4.28). Flaskan er tengd við eimigarþúnaðinn (5.1) og ákvörðuninni haldið áfram á þann hátt sem lýst er í 7.1.1.2.

7.2.2.2. Innihaldi áburðurinn nítrat

Deiliskammtur af síuvökvanum (7.2.1.1 eða 7.2.1.2), sem inniheldur innan við 40 mg nítratbundins köfnunarefnis, er fluttur með rennipípu yfir í 500 ml keiluflösku. Á þessu stigi greiningarinnar skiptir heildarmagn köfnunarefnis ekki máli. Þá er 10 ml af 30% brennisteinssýru (4.15) og 5 g af afoxuðu járni (4.2) bætt við og keiluflöskunni tafarlaust lokað með úrgleri. Lausnin er hituð við vægan hita þar til efnahvörfin eru stöðug en ekki kröftug. Þá er hætt að hita og flaskan látin standa við stofuhita í a.m.k. þjár klukkustundir. Vökvinn er allur fluttur með vatni yfir í 250 ml mæliflösku en óleysta járnið skilið eftir og fyllt að markinu með vatni. Þessu er blandað vel saman og deiliskammtur, sem inniheldur í mesta lagi 100 mg köfnunarefnis, er fluttur með nákvæmnisrennipípu yfir í 300 ml Kjeldahls-flösku. Bætt er við 15 ml af óblandaðri brennisteinssýru (4.12), 0,4 g af koparoxíði eða 1,25 g af koparsúlfati (4.27) og nokkrum kornum til að varna höggsuðu (4.28). Fyrst er vökvinn hitaður við vægan hita til að niðurbrotið hefjist og svo við hærra hita þar til hann er orðinn litlaus eða fölgrænn og hvítar gufur sjást greinilega. Eftir kælingu er lausnin færð öll yfir í eimigarflöskuna, þynnt með vatni að um 500 ml og nokkrum kornum til að varna höggsuðu (4.28) bætt við. Flaskan er tengd við eimigarþúnaðinn (5.1) og ákvörðuninni haldið áfram á þann hátt sem lýst er í 7.1.1.2.

7.2.2.3. Núllprófun

Sjá 7.1.1.3.

7.2.2.4. Framsetning niðurstaðna

$$\% \text{ N} = \frac{(a - A) \times 0,28}{M}$$

þar sem

a = fjöldi millilítra af 0,2 mól/l staðallausn natrúum- eða kalíumhýdroxiðs sem er notaður við núllprófunina sem framkvæmd er með því að flytja 50 ml af 0,2 mól/l staðallausn brennisteinssýru (4.8) með rennipípu yfir í viðtökuflát búnaðarins (5.1),

A = fjöldi millilítra af 0,2 mól/l staðallausn natrúum- eða kalíumhýdroxiðs sem er notaður við greininguna,

M = massi sýnis í deiliskammtinum (7.2.2.1 eða 7.2.2.2.), gefinn upp í grómmum.

7.2.3. Heildarinnihald leysanlegs köfnunarefnis, að nítratbundnu köfnunarefni undanskildu

Deiliskammtur af síuvökvanum (7.2.1.1 eða 7.2.1.2), sem inniheldur innan við 50 mg köfnunarefnis sem skal ákvæða, er fluttur með rennipípu yfir í 300 ml Kjeldahls-flösku. Þynnt er með vatni að 100 ml og 5 g af ferrósúlfati (4.16), 20 ml af óblandaðri brennisteinssýru (4.12) og nokkrum kornum til að varna höggsuðu (4.28) bætt við. Fyrst er hitað við vægan hita og síðan hitinn aukinn þar til hvítar gufur koma í ljós. Niðurbrotinu er haldið áfram í 15 mínútur. Þá er hætt að hita flöskuna, koparoxföi (4.27) bætt við sem hvata og réttu hitastigi haldið til að hvítar gufur haldi áfram að myndast í 10–15 mínútur í viðbót. Eftir kælingu er innihald Kjeldahls-flöskunnar fært yfir í eiminarflösku búnaðarins (5.1). Þynnt er með vatni að um 500 ml og nokkrum kornum til að varna höggsuðu bætt við (4.28). Flaskan er tengd við eiminarbúnaðinn og ákvörðuninni haldið áfram á þann hátt sem lýst er í 7.1.1.2.

7.2.3.1. Núllprófun

Sjá 7.1.1.3.

7.2.3.2. Framsetning niðurstaðna

$$\% \text{ N} = \frac{(a - A) \times 0,28}{M}$$

þar sem

a = fjöldi millilítra af 0,2 mól/l staðallausn natrúum- eða kalíumhýdroxíðs sem er notaður við núllprófunina sem framkvæmd er með því að flytja 50 ml af 0,2 mól/l staðallausn brennisteinssýru (4.8) með rennipípu yfir í viðtökuflát búnaðarins (5.1),

A = fjöldi millilítra af 0,2 mól/l staðallausn natrúum- eða kalíumhýdroxíðs sem er notaður við greininguna,

M = massi sýnis í deiliskamminum, sem tekinn var til ákvörðunar, gefinn upp í grómmum.

7.2.4. Nítratbundið köfnunarefni

7.2.4.1. Innihaldi áburðurinn ekki kalsíumsýanamíð

er nítratbundið köfnunarefni ákvæðað sem mismunur á niðurstöðum úr 7.2.2.4 og 7.2.3.2 og/eða niðurstöðum úr 7.2.2.4 og summu niðurstaðna úr (7.2.5.2 eða 7.2.5.5) og (7.2.6.3 eða 7.2.6.5 eða 7.2.6.6).

7.2.4.2. Innihaldi áburðurinn kalsíumsýanamíð

er nítratbundið köfnunarefni ákvæðað sem mismunur á niðurstöðum úr 7.2.2.4 og 7.2.3.2 og á niðurstöðum úr 7.2.2.4 og summu niðurstaðna úr (7.2.5.5), (7.2.6.3 eða 7.2.6.5 eða 7.2.6.6) og (7.2.7).

7.2.5. Ammoníakbundið köfnunarefni

7.2.5.1. Þegar áburðurinn inniheldur eingöngu ammoníakbundið köfnunarefni og ammoníak- og nítratbundið köfnunarefni

Deiliskammtur af síuvökvanum (7.2.1.1), sem inniheldur í mesta lagi 100 mg af ammoníakbundnu köfnunarefni, er fluttur með nákvæmnisrennipípu yfir í flösku eimingartækisins (5.1). Vatni er bætt við þannig að heildarrúmmálið sé 350 ml ásamt nokkrum kornum til að varna höggsuðu (4.28) til að auðvelda suðuna. Flaskan er tengd við eiminarbúnaðinn, 20 ml af natrúumhýdroxíðlausn (4.9) bætt við og eimað á þann hátt sem lýst er í 7.1.1.2.

7.2.5.2. Framsetning niðurstaðna

$$\% \text{ N (ammoníakbundið)} = \frac{(a - A) \times 0,28}{M}$$

þar sem

a = fjöldi millilítra af 0,2 mól/l staðallausn natrúum- eða kalíumhýdroxíðs sem er notaður við núllprófunina sem framkvæmd er með því að flytja 50 ml af 0,2 mól/l staðallausn brennisteinssýru (4.8) með rennipípu yfir í viðtökuflát búnaðarins (5.1),

A = fjöldi millilítra af 0,2 mól/l staðallausn natrúum- eða kalíumhýdroxíðs sem er notaður við greininguna,

M = massi sýnis í deiliskamminum, sem tekinn var til ákvörðunar, gefinn upp í grómmum.

7.2.5.3. Innihaldi áburðurinn þvagefni og/eða sýnamíðbundið köfnunarefni

Deiliskammtur af síuvökvánum (7.2.1.1 eða 7.2.1.2), sem inniheldur í mesta lagi 20 mg ammoníakbundins köfnunarefnis, er fluttur með nákvæmnisrennipípu yfir í þurra flösku eimingarbúnaðarins (5.2). Síðan er búnaðurinn settur saman. Með rennipípu eru 50 ml af 0,1 mól/l staðallausn brennisteinssýru (4.17) og nægilegt magn af eimuðu vatni til að borð vökvans sé um 5 cm fyrir ofan opið á aðrennslisrörinu flutt yfir í 300 ml keiluflösku. Eimuðu vatni er hellt niður um hliðarhálsinn á flöskunni þar til innihald hennar er um 50 ml. Þessu er blandað saman. Til að koma í veg fyrir froðumyndun við loftun er nokkrum dropum af oktýlalkóholi (4.18) bætt við. Þá er lausnin gerð basísk með 50 ml af mettaðri kalfumkarbónatlausn (4.19) og strax tekið til við að fjarlægja ammoníakið sem losnar úr kaldri sviflausninni. Til þess þarf sterkan loftstraum (u.p.b. 3 l flæði á mínutíu) sem er hreinsaður áður með því að láta hann fara gegnum skolflöskur sem innihalda þynnta brennisteinssýru og þynnt natríumhýdroxíð. Í stað þrýstilofts er einnig hægt að nota lofttæmi (vatnsdælu), að því tilskildu að tengingin milli inntaksrörsins og flöskunnar, sem tekur við ammoníakinu, sé nóg loftþétt. Fjarlægingu ammoníaks er venjulega lokið á premur klukkustundum. Þó er skynsamlegt að ganga úr skugga um að svo sé með því að skipta um viðtökuflosku. Að þessu loknu er flaskan losuð frá búnaðinum og rörendinn og innra borð flöskunnar skolað með dálitlu af eimuðu vatni. Umframsýra er titruð með 0,1 mól/l staðallausn natríumhýdroxiðs (4.20) þar til litvísirinn verður grár (4.29.1).

7.2.5.4. Núllprófun

Sjá 7.1.1.3.

7.2.5.5. Framsetning niðurstaðna

$$\% \text{ N (ammoníakbundið)} = \frac{(a - A) \times 0,14}{M}$$

þar sem

a = fjöldi millilítra af 0,1 mól/l staðallausn natríum- eða kalíumhýdroxiðs sem er notaður við núllprófunina sem framkvæmd er með því að flytja 50 ml af 0,1 mól/l staðallausn brennisteinssýru (4.17) með rennipípu yfir í 300 ml keiluflösku búnaðarins (5.2),

A = fjöldi millilítra af 0,1 mól/l staðallausn natríum- eða kalíumhýdroxiðs sem er notaður við greininguna,

M = massi sýnis í deiliskammtinum, sem tekinn var til greiningar, gefinn upp í grómmum.

7.2.6. Þvagefnisbundið köfnunarefni

7.2.6.1. Úreasaaðferð

Deiliskammtur af síuvökvánum (7.2.1.1 eða 7.2.1.2), sem inniheldur ekki meira en 250 mg af þvagefnisbundnu köfnunarefni, er fluttur með nákvæmnisrennipípu yfir í 500 ml mæliflösku. Til að fella fosfötin út er dálitlu af mettaðri baríumhýdroxiðlausn (4.21) bætt við þar til útfellingu lýkur. Þá er umframmagn baríumjóna fjarlægt (og uppleystar kalsíumjónir ef þær eru til staðar) með 10% natríumkarbónatlausn (4.22).

Lausnin er látin standa og gengið úr skugga um að útfellingin sé algjör. Fyllt er að markinu, þessu blandað saman og síða í gegnum samanbrotna síu. Þá eru 50 ml af síuvökvá fluttir með rennipípu yfir í 300 ml keiluflösku búnaðarins (5.3). Síuvökvinn er sýrður með 2 mól/l saltsýru (4.23) þar til sýrustigmælir sýnir sýrustig 3,0 (5.5). Þá er sýrustigið hækkað upp í 5,4 með 0,1 mól/l natríumhýdroxiði (4.20).

Til að koma í veg fyrir að ammoníak tapist meðan úreasinn brotnar niður er keiluflöskunni lokað með tappa sem búinn er skiltrekt og lítilli loftbólugildru sem inniheldur nákvæmlega 2 ml af staðallausn 0,1 mól/l saltsýru (4.24). Þá er 20 ml af úreasalausn (4.25) hellt í skiltrektina og lausnin látin standa í eina klukkustund við 20–25 °C. Þá eru 25 ml af staðallausn 0,1 mól/l saltsýru (4.24) fluttir með rennipípu yfir í lausnina gegnum skiltrektina og trektin síðan skoluð með dálitlu vatni. Á sama hátt er allt innihald öryggisílátsins fært yfir í lausnina í keiluflöskunni. Umframsýran er titruð með 0,1 mól/l staðallausn af natríumhýdroxiði (4.20) þar til sýrustigmælir sýnir sýrustigið 5,4.

7.2.6.2. Núllprófun

Sjá 7.1.1.3.

7.2.6.3. Framsetning niðurstaðna

$$\% \text{ N} (\text{þvagefnisbundið}) = \frac{(a - A) \times 0,14}{M}$$

þar sem

a = fjöldi millilítra af 0,1 mól/l staðallausn natrium- eða kalíumhýdroxíðs sem er notaður við nállprófunina sem framkvæmt er við nákvæmlega sömu skilyrði og greiningin,

A = fjöldi millilítra af 0,1 mól/l staðallausn natrium- eða kalíumhýdroxíðs sem er notaður við greininguna,

M = massi sýnis í deiliskammtinum, sem tekinn var til greiningar, gefinn upp í grömmum.

Athugasemd

(1) Eftir útfellingu með baríumhýdroxið- og natriumkarbónatlausnum er fyllt að markinu, síða og lausnin gerð hlutlaus eins fljótt og framast er unnt.

(2) Títrunarprófunina má einnig gera með litvisi (4.29.2) en þá er erfiðara að fylgjast með endapunktinum.

7.2.6.4. Þyngdarmæling með xanthýdróli

Deiliskammtur af síuvökvanum (7.2.1.1 eða 7.2.1.2), sem inniheldur ekki meira en 20 mg þvagefnis, er fluttur með nákvæmisrennipú yfir í 250 ml bikarglas. 40 ml af ediksýru (4.14) er bætt við. Hrært er í með glerstaf í eina mínumáti og lausnin látin standa í fimm mínumáti þannig að hugsanlegt botnfall geti sest til. Lausnin er síuð í gegnum flata síu yfir í 100 ml bikarglas, skolað er með nokkrum millilítrum af ediksýru (4.14) og síðan er 10 ml af xanthýdróli (4.26) bætt við síuvökvaninn í dropatali og um leið hrært án afhláts með glerstaf. Lausnin er látin standa og um leið og útfellingar verður vart er hrært aftur í eina til tvær mínumátar. Síðan er hún látin standa í eina og hálfu klukkustund. Lausnin er síuð við svöltinn undirþrýsting gegnum glersíudeiglu sem hefur áður verið þurrkuð og vegin; botnfallið er þvegið þrisvar sinnum með 5 ml af etanolí (4.31) án þess að reynt sé að losa alla ediksýruna. Síudeiglan er sett í hitaskápinn í eina klukkustund við 130 °C (hitinn má ekki fara yfir 145 °C). Hún er látin kólna í þurrkara og síðan vegin.

7.2.6.5. Framsetning niðurstaðna

$$\% \text{ þvagefnisbundið köfnunarefni + bíúret} = \frac{6,67 \times m_1}{M_2}$$

þar sem

m_1 = massi botnfalla, gefinn upp í grömmum,

M_2 = massi sýnis í deiliskammtinum, sem tekinn var til ákvörðunar, gefinn upp í grömmum.

Leiðrétt er með hliðsjón af niðurstöðum úr nállprófuninni. Yfirleitt er hægt að reikna bíúret með þvagefnisbundna köfnunarefninu án mikillar skekkju þar eð raungildi innihalds þess í fjölgildum áburði er litið.

7.2.6.6. Ákvörðun út frá mismun


Þvagefnisbundið köfnunarefni má einnig reikna samkvæmt eftirfarandi töflu:

Dæmi	Nitratbundið köfnunarefni	Ammoníakbundið köfnunarefni	Sýnamíðbundið köfnunarefni	Þvagefnisbundið köfnunarefni
1	0	+	+	(7.2.2.4) – (7.2.5.5 + 7.2.7)
2	+	+	+	(7.2.3.2) – (7.2.5.5 + 7.2.7)
3	0	+	0	(7.2.2.4) – (7.2.5.5)
4	+	+	0	(7.2.3.2) – (7.2.5.5)

- 7.2.7. Sýnamíðbundið köfnunarefní
- Deiliskammtur síuvökva (7.2.1.2), sem inniheldur 10–30 mg sýnamíðbundins köfnunarefnis, er settur í 250 ml bikarglas. Greiningu er haldið áfram í samræmi við aðferð 2.4.
8. **Sannprófun niðurstaðna**
- 8.1. Í tilteknum tilvikum getur komið fram munur á heildarinnihaldi köfnunarefnis sem er ákvarðað beint í vegnu sýni (7.1) og heildarinnihaldi leysanlegs köfnunarefnis (7.2.2). Mismunurinn ætti þó ekki að vera meiri en 0,5%. Ef svo er ekki inniheldur áburðurinn óleysanlegt köfnunarefni í formum sem eru ekki í skránni í I. viðauka.
- 8.2. Fyrir hverja greiningu skal ganga úr skugga um að búnaðurinn starfi rétt og að greiningaraðferðinn sé beitt á réttan hátt með staðallausn sem inniheldur mismunandi form köfnunarefnis í svipuðum hlutföllum og í prófunarsýninu. Þessi staðallausn er tilreidd úr staðallausnum kalíumpíósýnats (4.3), kalíumnítrats (4.4), ammoníumsúlfats (4.5) og þvagefnis (4.6).


6. mynd

Búnaður til að ákvarða ammoníakbundið köfnunarefni (7.2.5.3)



7. mynd

Búnaður til að ákvarða þvagefnisbundið köfnunarefni (7.2.6.1)



Aðferð 2.6.2

Ákvörðun á mismunandi formum köfnunarefnis í áburði sem inniheldur einungis köfnunarefni í formi nítrats, ammoníaks og þvagefnis

1. **Markmið**

Markmiðið með þessu skjali er að tilgreina einfaldaða aðferð til að ákvarða mismunandi form köfnunarefnis í áburði sem inniheldur einungis köfnunarefni í formi nítrats, ammoníaks og þvagefnis.

2. **Notkunarsvið**

Unnt er að nota þessa aðferð fyrir allan áburð sem um getur í I. viðauka og inniheldur eingöngu nítrat-, ammoníak- eða þvagefnisbundið köfnunarefni.

3. **Grundvöllur aðferðar**

Eftirfarandi ákvarðanir skulu gerðar á mismunandi hlutum sömu sýnislausnar:

3.1. *Heildarinnihald leysanlegs köfnunarefnis:*

- 3.1.1. innihaldi áburðurinn engin nítröt er innihaldið ákvarðað beint með Kjeldahls-niðurbroti á lausninni,
3.1.2. innihaldi áburðurinn nítröt er innihaldið ákvarðað með Kjeldahls-niðurbroti á hluta lausnarinnar eftir afoxun með aðferð Ulsch og er ammoníakið þá ákvarðað í báðum tilvikum eins og lýst er í aðferð 2.1.

- 3.2. Heildarinnihald leysanlegs köfnunarefnis, að nítratbundnu köfnunarefni undanskildu; innihaldið er ákvarðað með Kjeldahls-niðurbroti eftir að nítratbundið köfnunarefni hefur verið numið brott í súrum miðli með ferrósulfati og er ammoníakið þá ákvarðað eins og lýst er í aðferð 2.1.

- 3.3. Nítratbundið köfnunarefni er reiknað sem mismunur á liðum 3.1.2 og 3.2 eða á heildarinnihaldi leysanlegs köfnunarefnis (3.1.2) og summu ammoníaks- og þvagefnisbundins köfnunarefnis (3.4 + 3.5).

- 3.4. Ammoníakbundið köfnunarefni er ákvarðað með kaldeimingu í vægt basísku umhverfi; ammoníakinu er safnað í staðallausn brennisteinssýru og ákvarðað eins og lýst er í aðferð 2.1.

3.5. *Þvagefnisbundið köfnunarefni er ákvarðað:*

- 3.5.1. annaðhvort með ummyndun með úreasa í ammoníák, sem er mælt með titrun með staðallausn saltsýru, eða

- 3.5.2. með þyngdarmælingu með xanthýdróli: reikna má bíuretið, sem er fellt út samtímis, með þvagefnisbundna köfnunarefinu án þess að það skekki niðurstöðuna að ráði þar eð raungildi innihalds þess í fjölgildum áburði er yfirleitt lítið eða

- 3.5.3. út frá mismun samkvæmt eftirfarandi töflu:

Dæmi	Nítratbundið köfnunarefni	Ammoníakbundið köfnunarefni	Mismunur
1	0	+	(3.1.1) – (3.4)
2	+	+	(3.2) – (3.4)

4. **Prófefni**

Eimað eða steinefnasneytt vatn.

- 4.1. Kalíumsúlfat af greiningarhreinleika.
4.2. Járn af greiningarhreinleika, afoxad með vetni (tilgreint járnagn verður að geta afoxad a.m.k. 50 mg af nítratbundnu köfnunarefni).
4.3. Kalíumnítrat af greiningarhreinleika.
4.4. Ammoníumsúlfat af greiningarhreinleika.
4.5. Þvagefni af greiningarhreinleika.
4.6. Brennisteinssýrulausn: 0,2 mól/l
4.7. Oblönduð natríumhýdroxíðlausn: um 30% (massi miðað við rúmmál) vatnslausn NaOH, ammoníakfrí.

- 4.8. Natríum- eða kalíumhýdroxíðlausn: 0,2 mól/l, karbónatfrí
- 4.9. Brennisteinssýra ($d_{20} = 1,84 \text{ g/ml}$)
- 4.10. Þynnt saltsýra: einn hluti saltsýru ($d_{20} = 1,18 \text{ g/ml}$) og einn hluti af vatni.
- 4.11. Ediksýra: 96 til 100%
- 4.12. Brennisteinssýrulausn sem inniheldur u.p.b. 30% af H_2SO_4 (massi miðað við rúmmál), ammoníakfrí.
- 4.13. Ferrósúlfat: kristallað, $\text{FeSO}_4 \cdot 7\text{H}_2\text{O}$
- 4.14. Títruð brennisteinssýrulausn: 0,1 mól/l
- 4.15. Oktýlalkóhól
- 4.16. Mettuð kalíumkarbónatlausn
- 4.17. Natríum- eða kalíumhýdroxíð: 0,1 mól/l
- 4.18. Mettuð baríumhýdroxíðlausn
- 4.19. Natríumkarbónatlausn: 10% (massi miðað við rúmmál).
- 4.20. Saltsýra: 2 mól/l
- 4.21. Saltsýrulausn: 0,1 mól/l
- 4.22. *Úreasalausn*

Búin er til sviflausn úr 0,5 g af virkum úreasa í 100 ml af eimuðu vatni og sýrustig stillt með 0,1 mól/l saltsýru (4.21) þar til sýrustigsmælir sýnir 5,4.

4.23. *Xanthýdról*

5% lausn í etanóli eða metanóli (4.28) (ekki skal nota vörur sem gefa hátt hlutfall óleysanlegs efnis). Lausnina má geyma í þrjá manuði í myrkri í flösku sem er lokað þétt með tappa.

4.24. *Hvati*

Koparoxið (CuO): 0,3–0,4 g fyrir hverja ákvörðun eða jafngilt magn fimmvatnaðs koparsúlfats ($\text{CuSO}_4 \cdot 5\text{H}_2\text{O}$) frá 0,95–1,25 g fyrir hverja ákvörðun.

4.25. Vikurkorn þvegin með saltsýru og glædd

4.26. *Litvísislausnir*

4.26.1. Blandaður litvísir

Lausn A: 1 g af metýlräuða er leyst upp í 37 ml af 0,1 mól/l natríumhýdroxíðlausn og fyllt að einum lítra með vatni.

Lausn B: 1 g af metýlenbláma er leyst upp í vatni og fyllt að einum lítra.

Einum hluta af A er blandað saman við two hluta af B.

Þessi litvísir er fjórlablár í súrri lausn, grár í hlutlausri lausn og grænn í basískri lausn. Notaðir eru 0,5 ml (10 dropar) af þessum litvísí.

4.26.2. Litvísislausn með metýlräuða

0,1 g af metýlräuða er leyst upp í 50 ml af 95% etanóli. Fyllt er að 100 ml með vatni og síðan ef nauðsyn krefur. Nota má fjóra til fimm dropa af þessum litvísí í stað fyrrgreinds litvísí.

4.27. *Litvísispappír*

Lakkmús, brómþýmólblár (eða annar pappír sem sýnir svörun við sýrustigi 6–8).

4.28. Etanól eða metanól: 95% (massi miðað við rúmmál)

5. Búnaður

5.1. *Eiminarbúnaður*

Sjá aðferð 2.1.

5.2. *Búnaður til ákvörðunar á ammoníakbundnu köfnunarefni (7.5.1)*

Sjá aðferð 2.6.1 og 6. mynd.

5.3. *Búnaður til ákvörðunar á þvagefnisbundnu köfnunarefni með úreasaaðferðinni (7.6.1)*

Sjá aðferð 2.6.1 og 7. mynd.

5.4. Snúningshristari (35–40 snúningar á mínútu)

5.5. Sýrustigsmælir

5.6. *Búnaður úr gleri:*

nákvæmnisrennipípur, 2, 5, 10, 20, 25, 50 og 100 ml,

hálslangar Kjeldahls-flöskur, 300 og 500 ml,

mæliflöskur, 100, 250, 500 og 1 000 ml,

deiglur úr hertu gleri, opstærð 5–15 µm,

mortél.

6. Undirbúningur sýnis

Sjá aðferð 1.

7. Aðferðir

7.1. *Tilreiðsla lausnar fyrir greiningu*

Vegin eru 10 g sýnis með 1 mg nákvæmni og sett í 500 ml mæliflösku. Þá er 50 ml af vatni bætt við og síðan 20 ml af þynntri saltsýru (4.10). Hrist. Látið standa þar til allri koltvísýringsmyndun er lokið. 400 ml af vatni er bætt við og lausnin hrist í hálfa klukkustund (5.4), fyllt að markinu með vatni, þessu blandað saman og síðað í gegnum þurra sífu yfir í þurrt flát.

7.2. *Heildarköfnunarefni*

7.2.1. Innihaldi áburðurinn engin nítröt

Skammtur af síuvökvanum (7.1), sem inniheldur í mesta lagi 100 mg N, er fluttur með rennipípu yfir í 300 ml Kjeldahls-flösku. 15 ml af óblandaðri brennisteinssýru (4.9) er bætt við, 0,4 g af koparoxíði eða 1,25 g af koparsúlfati (4.24) ásamt nokkrum glerkúlum til að hafa stjórn á suðunni. Í fyrstu er hitað við vægan hita til að setja efnahvörfin af stað og síðan er hitinn aukinn þar til vökvinn verður litlaus eða fölgrænn og hvítar gufur sjást greinilega. Eftir kælingu er lausnin færð yfir í eiminarflösku, þynnt með vatni að um 500 ml og nokkrum vikurkornum bætt við (4.25). Flaskan er tengd við eiminarbúnaðinn (5.1) og ákvörðunin gerð á þann hátt sem lýst er í 7.1.1.2, aðferð 2.6.1.

7.2.2. Innihaldi áburðurinn nítröt

Hluti af síuvökvanum (7.1), sem inniheldur innan við 40 mg af nítratbundnu köfnunarefni, er fluttur með rennipípu yfir í 500 ml keiluflösku. Á þessu stigi greiningarinnar skiptir heildarmagn köfnunarefnis ekki máli. Þá er 10 ml af 30% brennisteinssýru (4.12) og 5 g af afoxuðu jámi (4.2) bætt við og keiluflöskunni tafarlaust lokað með úrgleri. Lausnin er hituð við vægan hita til efnahvörfin eru stöðug en ekki kröftug. Þegar þar er komið er hætt að hita og lausnin látin standa við stofuhita í minnst þrjá klukkustundir. Vökvinn er allur fluttur yfir í 250 ml mæliflösku en óleyst járn skilið eftir. Fyllt að markinu með vatni. Blandist vel saman. Hluti, sem inniheldur í mesta lagi 100 mg köfnunarefnis, er fluttur með rennipípu yfir í 300 ml Kjeldahls-flösku. 15 ml af óblandaðri brennisteinssýru (4.9) er bætt við ásamt 0,4 g af koparoxíði eða 1,25 g koparsúlfati (4.24) og nokkrum glerkúlum til að hafa stjórn á suðunni. Í fyrstu er hitað við vægan hita til að setja efnahvörfin af stað og síðan er hitinn aukinn þar til vökvinn verður litlaus eða fölgrænn og hvítar gufur sjást greinilega. Eftir kælingu er öll lausnin færð yfir í eiminarflösku, þynnt með vatni að um 500 ml og nokkrum vikurkornum bætt við (4.25). Flaskan er tengd við eiminarbúnaðinn (5.1) og ákvörðuninni haldið áfram á þann hátt sem lýst er í 7.1.1.2, aðferð 2.6.1.

7.2.3. Núllprófun

Núllprófun (þar sem sýninu er sleppt) er gerð við sömu skilyrði og skal tala mið af henni þegar lokaniðurstöður eru reiknaðar út.

7.2.4. Framsetning niðurstaðna

$$\% \text{ N (heildarinnihald)} = \frac{(a - A) \times 0,28}{M}$$

þar sem

a = fjöldi millilítra af títraðri 0,2 mól/l natríum- eða kalíumhýdroxíðlausn (4.8) sem er notaður við núllprófunina sem framkvæmd er með því að flytja 50 ml af títraðri 0,2 mól/l brennisteinssýrulausn yfir í viðtökuflát búnaðarins (4.6),

A = fjöldi millilítra af títraðri 0,2 mól/l natríum- eða kalíumhýdroxíðlausn (4.8) sem er notaður við greininguna,

M = massi prófunarsýnis í deiliskammtinum (7.2.1 eða 7.2.2), gefinn upp í grömmum.

7.3. *Heildarinnihald köfnunarefnis, að því nítratbundna undanskildu*

7.3.1. Greining

Deiliskammtur af síuvökvanum (7.1), sem inniheldur innan við 50 mg köfnunarefnis til ákvörðunar, er fluttur með rennipípu yfir í 300 ml Kjeldahls-flösku. Þynnt er með vatni að 100 ml og 5 g af ferrósúlfati (4.13), 20 ml af óblandaðri brennisteinssýru er bætt við (4.9) ásamt nokkrum glerkúlum til að hafa stjórn á suðunni. Hitað er við vægan hita í fyrstu en síðan við hærri hita þar til hvítar gufur koma í ljós. Efnahvörfunum er haldið áfram í 15 mínútur í viðbót. Þá er hitun hætt og 0,4 g af koparoxíði eða 1,25 g af koparsúlfati (4.24) bætt við sem hvata. Aftur er hitað og hvítar gufur látnar myndast í 10–15 mínútur í viðbót. Eftir kælingu er allt innihald Kjeldahls-flökunnar fært yfir í eimigarflösku búnaðarins (5.1). Þynnt er með vatni að um 500 ml og nokkrum vikurkornum bætt við (4.25). Flaskan er tengd við eimigarbúnaðinn og ákvörðuninni haldið áfram skv. 7.1.1.2, aðferð 2.6.1.

7.3.2. Núllprófun

Sjá 7.2.3.

7.3.3. Framsetning niðurstaðna

$$\% \text{ þvagefnisbundið köfnunarefni + bíúret} = \frac{(a - A) \times 0,28}{M}$$

þar sem

a = fjöldi millilítra af títraðri 0,2 mól/l natríum- eða kalíumhýdroxíðlausn (4.8) sem er notaður við núllprófunina sem framkvæmd er með því að flytja 50 ml af títraðri 0,2 mól/l brennisteinssýrulausn (4.6) með rennipípu yfir í viðtökuflát búnaðarins,

A = fjöldi millilítra af títraðri 0,2 mól/l natríum- eða kalíumhýdroxíðlausn sem er notaður við greininguna,

M = massi prófunarsýnis í deiliskammtinum, sem notaður er til ákvörðunar, gefinn upp í grömmum.

7.4. *Nítratbundið köfnunarefni*

er fundið út frá mismuni á:

7.2.4 – (7.5.3 + 7.6.3)

eða

7.2.4 – (7.5.3 + 7.6.5)

eða

7.2.4 – (7.5.3 + 7.6.6)

7.5. Ammoníakbundið köfnunarefni

7.5.1. Greining

Hluti af síuvökvanum (7.1), sem inniheldur í mesta lagi 20 mg af ammoníakbundnu köfnunarefni, er fluttur með rennipípu yfir í þurra flösku búnaðarins (5.2). Eimingarbúnaðurinn er settur saman. Nákvæmlega 50 ml af titraðri 0,1 mól/l brennisteinssýrulausn (4.14) er sett í 300 ml keiluflösku með rennipípu ásamt svo miklu eimuðu vatni að vökvaborðið sé um 5 cm fyrir ofan opið á inntaksrörinu. Eimuðu vatni er hellt niður um hliðarhálsinn á flökunni þarf til innihald hennar er um 50 ml. Lausnin er hríst. Til að koma í veg fyrir froðumyndum við loftstreymið er nokkrum dropum af oktýlalkóholi (4.15) bætt við. Þá er 50 ml af mettaðri kalíumkarbónatlausn (4.16) bætt við og tafarlaust tekið til við fjarlægja ammoníakið sem losnar þannig úr kaldri sviflausninni. Til þess þarf sterkan loftstraum (u.p.b. 3 l flæði á mínumátu) sem er hreinsaður áður með því að senda hann í gegnum skolflöskur sem innihaldaþynnta brennisteinssýru og þynnt natrúmhýdroxið. Í stað þrystilofts er einnig hægt að nota undirþrýsting (vatnssogdælu) að því tilskildu að tengingin við búnaðinn sé loftþétt.

Ammoníakið er venjulega horfið eftir þrjár klukkustundir.

Þó er æskilegt að gengið sé úr skugga um það með því að skipta um keiluflösku. Þegar ferlinu er lokið er keiluflaskan losuð frá búnaðinum og endi inntaksrörins og innra borð keiluflökunnar skolað með dálitlu að eimuðu vatni og umframsýran titruð með staðlaðri 0,1 mól/l natrúmhýdroxiðlausn (4.17).

7.5.2. Núllprófun

Sjá 7.2.3.

7.5.3. Framsetning niðurstaðna

$$\% \text{ N (ammoníakbundið)} = \frac{(a - A) \times 0,14}{M}$$

þar sem

a = fjöldi millilítra af titraðri 0,1 mól/l natrúum- eða kalíumhýdroxiðlausn (4.17) sem er notaður við núllprófunina sem framkvæmd er með því að flytja 50 ml af titraðri 0,1 mól/l brennisteinssýrulausn (4.14) með rennipípu yfir í 300 ml keiluflösku búnaðarins (5.2),

A = fjöldi millilítra af titraðri 0,1 mól/l natrúum- eða kalíumhýdroxiðlausn sem er notaður við greininguna (4.17),

M = massi sýnis í deiliskammtinum, sem er notaður fyrir greininguna, gefinn upp í grómmum.

7.6. Þvagefnisbundið köfnunarefni

7.6.1. Úreasaaðferðin

Hluti af síuvökvanum (7.1), sem inniheldur ekki meira en 250 mg af þvagefnisbundnu köfnunarefni, er fluttur með rennipípu yfir í 500 ml mæliflösku. Til að fella fosfötin út er viðeigandi magni af mettaðri baríumhýdroxiðlausn (4.18) bætt við þar til frekari viðbót veldur ekki meiri útfellingu. Þá er umframmagn baríumjóna fjarlægt (og uppleystar kalsíumjónir ef þær eru til staðar) með 10% natrúumkarbónatlausn (4.19). Lausnin er látin standa og gengið er úr skugga um að útfellingin sé algjör. Fyllt er að markinu, þessu blandað saman og síð gegnum samanbrotinn síupappír. Þá eru 50 ml af síuvökva fluttir með rennipípu yfir í 300 ml keiliflösku búnaðarins (5.3). Síuvökinn er sýrður með 2 mól/l saltsýru (4.20) þar til sýrustigsmælir sýnir sýrustig 3. Þá er sýrustigið hækkað upp í 5,4 með 0,1 mól/l natrúumhýdroxiði (4.17). Til að koma í veg fyrir ammoníakstap við vatnsrof úreasans er keiluflökunni lokað með tappa sem būinn er trekt með krana og litlu öryggisfílatí sem inniheldur nákvæmlega 2 ml af 0,1 mól/l saltsýrulausn (4.21). 20 ml af úreasalausn (4.22) er hellt niður um trektina. Látíð standa í eina klukkustund við 20–25 °C. Þá eru 25 ml af staðlaðri 0,1 mól/l saltsýrulausn (4.21) settir með rennipípu niður um trektina yfir í lausnina og trektin síðan skoluð með dálitlu vatni. Innihald öryggisfílatíns er einnig flutt yfir í lausnina í keiluflökunni. Umframsýran er titruð með staðlaðri 0,1 mól/l natrúumhýdroxiðlausn (4.17) þar til sýrustigsmælir sýnir sýrustigið 5,4.

Athugasemdir

1. Eftir útfellingu með baríumhýdroxið- og natrúumkarbónatlausnum er fyllt að markinu, síð og lausnin gerð hlutlaus eins fljótt og framast er unnt.
2. Títrunina má einnig meta með litvísí (4.26) þó að erfiðara sé að fylgjast með litarbreytingunni þannig.

7.6.2. Núllprófun

Sjá 7.2.3.

7.6.3. Framsetning niðurstaðna

$$\% \text{ N (sem þvagefni)} = \frac{(a - A) \times 0,14}{M}$$

þar sem

$a =$ fjöldi millilítra af títraðri 0,1 mól/l natríum- eða kalíumhýdroxíðlausn (4.17) sem er notaður við núllprófunina sem framkvæmd er við nákvæmlega sömu skilyrði og greiningin,

$A =$ fjöldi millilítra af títraðri 0,1 mól/l natríum- eða kalíumhýdroxíðlausn (4.17) sem er notaður við greininguna,

$M =$ massi sýnis í deiliskamtinum, sem er notaður fyrir greininguna, gefinn upp í grömmum.

7.6.4. Þyngdarmæling með xanthýdróli

Hluti af síuvökvanum (7.1), sem inniheldur ekki meira en 20 mg af þvagefni, er fluttur með rennipípu yfir í 100 ml bikarglas. 40 ml af ediksýru (4.11) er bætt við. Hrært er í með glerstaf í eina mínútu. Botnfallið er látið setjast til í fimm mínútur. Þá er síð og skolað með nokkrum millilítrum af ediksýru (4.11). Þá er 10 ml af xanthýdróli bætt við síuvökvan í dropatali (4.23) og um leið er hrært stöðugt með glerstaf. Lausnin er látin standa og um leið og útfelling hefst er hrært aftur í eina til tvær mínútur. Lausnin er látin standa í eina og hálfu klukkustund. Síð er við svoltinn undirþrýsting gegnum glersíudeiglu sem hefur áður verið þurrkuð og vegin; botnfallið er þvegið þrisvar sinnum með 5 ml af etanolí (4.28) án þess að reynt sé að fjarlægja alla ediksýruna. Síudeiglan er sett í hitaskáp í eina klukkustund við 130 °C (hitinn má ekki fara yfir 145 °C). Látið kólna í þurrkara og síðan vigtad.

7.6.5. Framsetning niðurstaðna

$$\% \text{ N (þvagefni)} = \frac{6,67 \times m}{M}$$

þar sem

$m =$ massi botnfalla, gefinn upp í grömmum,

$M =$ massi sýnis í deiliskamtinum, sem notaður er til ákvörðunar, gefinn upp í grömmum.

Leiðrétt er með niðurstöðum úr núllprófuninni. Venjulega er hægt að reikna bíúret með þvagefnisbundna köfnunarefninu án þess að það skekki niðurstöðuna að ráði þar eð raungildi innihalds þess í fjölgildum áburði er venjulega lítið.

7.6.6. Ákvörðun út frá mismun

Þvagefnisbundið köfnunarefni má einnig reikna samkvæmt eftirfarandi töflu:

Dæmi	Nítratbundið köfnunarefni	Ammoníakbundið köfnunarefni	Þvagefnisbundið köfnunarefni
1	0	+	(7.2.4) – (7.5.3)
2	+	+	(7.3.3) – (7.5.3)

8. Sannprófun niðurstaðna

Fyrir hverja greiningu skal ganga úr skugga um að búnaðurinn sé í góðu ástandi og að greiningaraðferðum sé beitt á réttan hátt með staðallausn sem inniheldur mismunandi form köfnunarefnis í svipuðum hlutföllum og í sýninu. Staðallausnin er tilreidd úr titruðum lausnum kalíumnítrats (4.3), ammoníumsúlfats (4.4) og þvagefnis (4.5).

Aðferð 3**Fosfór****Aðferð 3.1****Útdráttur****Aðferð 3.1.1****Útdráttur á fosfór sem leysist upp í ólifrænum sýrum****1. Gildissvið**

Í þessu skjali er fastsett aðferð til að ákvarða fosfór sem leysist upp í ólifrænum sýrum.

2. Notkunarsvið

Á einungis við um fosföráburð sem skráður er í I. viðauka

3. Grundvöllur aðferðar

Útdráttur á fosfór úr áburði með blöndu af saltpéturssýru og brennisteinssýru.

4. Prófefni

Eimað eða steinefnasneytt vatn.

4.1. Brennisteinssýra ($d_{20} = 1,84$ g/ml)**4.2. Saltpéturssýra ($d_{20} = 1,40$ g/ml)****5. Búnaður**

Venjulegur rannsóknarstofubúnaður.

5.1. Kjeldahls-flaska sem tekur a.m.k. 500 ml eða 250 ml flaska með kúptum botni og glerpípu sem gegnir hlutverki baksvala.**5.2. Mæliflaska, 500 ml.****6. Undirbúningur sýnis**

Sjá aðferð 1.

7. Aðferð**7.1. Sýni**

2,5 g af undirbunu sýni eru vegin með 0,001 g nákvæmni og sett í þurra Kjeldahls-flösku.

7.2. Útdráttur

15 ml af vatni er bætt við og hrært í til að dreifa efninu. Þá er 20 ml af saltpéturssýru (4.2) bætt við og síðan er 30 ml af brennisteinssýru (4.1) bætt varlega við.

Þegar fyrstu kröftugu efnahörfin eru hætt er innihald flöskunnar hitað hægt að suðumarki og látið sjóða í 30 mínútur. Látið kólna og þá er um 150 ml af vatni blandað varlega út í. Suðunni er viðhaldið í 15 mínútur.

Lausnin er kæld að fullu og allur vökvinn færður yfir í 500 ml mæliflösku. Fyllt er að markinu, þessu blandað saman og síða í gegnum þurra, samanbrotna og fosfatfría síu og fyrsta hlutanum af síuvökvanum er hent.

7.3. Ákvörðun

Fosfór er ákvarðaður með aðferð 3.2 í deiliskammti af lausninni sem þannig er fengin.

Aðferð 3.1.2

Útdráttur á fosfór sem leysist upp í 2% maurasýru (20 g á lítra)**1. Gildissvið**

Í þessu skjali er fastsett aðferð til að ákvarða fosfór sem leysist upp í 2% maurasýru (20 g á lítra).

2. Notkunarsvið

Aðferðin er eingöngu notuð fyrir lin, náttúruleg fosfót.

3. Grundvöllur aðferðar

Til að skilja á milli harðra, náttúrulegra fosfata og linra, náttúrulegra fosfata er fosfór, sem leysist upp í maurasýru, dreginn út við tiltekin skilyrði.

4. Prófefni**4.1. Maurasýra, 2% (20 g á lítra)**

Athugasemd

82 ml of maurasýru (styrkur 98–100%, $d_{20} = 1,22 \text{ g/ml}$) eru þynntir að 5 lítrum með eimuðu vatni.

5. Búnaður

Venjulegur rannsóknarstofubúnaður

5.1. Mæliflaska, 500 ml (t.d. Stohmanns-flaska)**5.2. Snúningshristari (35–40 snúningar á mínuáru)****6. Undirbúningur sýnis**

Sjá aðferð 1.

7. Aðferð**7.1. Sýni**

5 g af undirbúnu sýni eru vegin með 0,001 g nákvæmni og sett í þurra 500 ml Stohmanns-mæliflösku (5.1) með víðum hálsi.

7.2. Útdráttur

Meðan mæliflöskunni er snúið án afláts með handaflí er 2% maurasýru bætt út í við 20 (± 1) °C (4.1) þar til vökvaborðið er um 1 cm fyrir neðan kvarðamerkið og þá er fyllt að því. Flöskunni er lokað með gúmmítappa og hún hrast í 30 mínuáru í snúningshristara við 20 (± 2) °C (5.2).

Lausnin er síuð gegnum þurra, samanbrotna og fosfatfría síu í þurrt glerflát. Fyrsta hluta síuvökvans er hent.

7.3. Ákvörðun

Fosfór er ákvarðaður í deiliskammti af fullkomlega tærum síuvökanum samkvæmt aðferð 3.2.

Aðferð 3.1.3

Útdráttur á fosfór sem leysist upp í 2% sítrónusýru (20 g á lítra)**1. Gildissvið**

Í þessu skjali er fastsett aðferð til að ákvarða fosfór sem leysist upp í 2% sítrónusýru (20 g á lítra).

2. Notkunarsvið

Aðferð þessi á eingöngu við basískt gjall (sjá I. viðauka A)

3. Grundvöllur aðferðar

Útdráttur á fosfór úr áburðinum með 2% sítrónusýrulausn (20 g á lítra) við tiltekin skilyrði.

4. Prófefni

Eimað eða steinefnasneytt vatn.

4.1. 2% sítrónusýrulausn (20 g á lítra), búin til úr kristallaðri sítrónusýru ($C_6H_8O_7 \cdot H_2O$)

Athugasemd

Styrkur sítrónusýrulausnarinnar er sannprófaður með því að titra 10 ml af henni með 0,1 mól/l staðallausn af natrúumhýdroxíði með fenóltalín sem litvísí.

Ef lausnin er rétt ættu að hafa verið notaðir 28,55 ml af staðallausn.

5. Búnaður

5.1. Snúningshristari (35–40 snúningar á mínútu)

6. Undirbúningur sýnis

Greiningin er gerð á vörunni eins og tekið var við henni og eftir að upprunalega sýninu hefur verið blandað vel saman til að tryggja einsleitni þess. Sjá aðferð 1.

7. Aðferð

7.1. Sýni

5 g af undirbúnu sýni eru vegin með 0,001 g nákvæmni og sett í þurra flösku með nægilega víðum hálsi sem tekur a.m.k. 600 ml svo unnt sé að hrista vökvann rækilega.

7.2. Útdráttur

Við sýnið er bætt 500 (± 1) ml af sítrónusýrulausn við 20 (± 1) °C. Þegar fyrstu millflítrunum af prófefnu er bætt út í er flaskan hrist kröftuglega í höndunum til að stöðva kekkjamyndun og koma í veg fyrir að efnið loði við innra borð flöskunar. Flöskunni er lokað með gúmmítappa og hún hrist í nákvæmlega 30 mínútur í snúningshristara við 20 (± 2) °C (5.1).

Sýnið er tafarlaust síað gegnum þurra, samanbrotna og fosfatfria síu í þurrt glerflát og fyrstu 20 ml af síuvökvanum hent. Haldið er áfram að sía þar til fengist hefur nægilegt magn síuvökva til að ákvarða fosfór.

7.3. Ákvörðun

Fosfór, sem dreginn er út, er ákvarðaður með aðferð 3.2 í deiliskammti lausnar sem þannig er fengin.

Aðferð 3.1.4

Útdráttur á fosfór sem leysist upp í hlutlausu ammoníumsítrati

1. Gildissvið

Í þessu skjali er fastsett aðferð til að ákvarða fosfór sem leysist í hlutlausu ammoníumsítrati.

2. Notkunarsvið

Aðferðin er notuð fyrir allan áburð, að því tilskildu að leysni þeirra í hlutlausu ammoníumsítrati sé tilgreind (sjá I. viðauka).

3. Grundvöllur aðferðar

Útdráttur á fosfór við 65 °C með hlutlausri ammoníumsítratlausn (pH-gildi = 7) við tiltekin skilyrði.

4. Prófefni

Eimað eða steinefnasneytt vatn.

4.1. *Hlutlaus ammoníumsítratlausn (pH-gildi = 7,0)*

Lausnin verður að innihalda 185 g kristallaðrar sítrónusýru á lítra og hafa eðlisþyngd 1,09 við 20 °C og pH-gildið 7,0.

Prófefnið er tilreitt á eftirfarandi hátt:

370 g af kristallaðri sítrónusýru ($C_6H_8O_7 \cdot H_2O$) eru leyst upp í 1,5 l af vatni og lausnin gerð u.þ.b. hlutlaus með því að bæta í hana 345 ml af ammoníumhýdroxiðlausn (28–29% NH_3). Ef styrkur NH_3 er minni en 28% er samsvarandi meira magni af ammoníumhýdroxiðlausn bætt út í og sítrónusýran þynnt með samsvarandi minna magni af vatni.

Lausnin er kæld og gerð algjörlega hlutlaus með því að halda rafskautum sýrustigsmælis niðri í lausninni. Ammoníaki er bætt við, 28–29% NH_3 , í dropatali og hrært stöðugt (með vélrænum hræribúnaði) þar til pH-gildið er orðið nákvæmlega 7,0 við 20 °C. Þá er rúmmálið aukið að 2 lítrum og sýrustigið mælt aftur. Prófefnið er geymt í lokaðu fláti og sýrustigið kannað reglulega.

5. Búnaður

5.1. Tveggja lítra bikarglas

5.2. Sýrustigsmælir

5.3. Keiluflaska, 200 eða 250 ml

5.4. Mæliflöskur, 500 ml og ein 2 000 ml mæliflaska

5.5. Vatnsbað sem stilla má við hitastigið 65 °C, búið hentugum hræribúnaði (sjá 8. mynd).

6. Undirbúningur sýnis

Sjá aðferð 1.

7. Aðferð

7.1. Sýni

1 eða 3 g af áburðinum, sem greina á (sjá A- og B-hluta í I. viðauka við reglugerðina), eru sett í 200 eða 250 ml keiluflösku sem inniheldur 100 ml af ammoníumsítratlausn sem hefur verið hituð áður upp í 65 °C.

7.2. Greining lausnarinnar

Tappi er settur í keiluflöskuna og hún hrist svo að áburðurinn dreifist um lausnina án þess að kekkir myndist. Tappinn er tekinn úr eitt andartak til að koma jafnvægi á þrýstinginn og keiluflöskunni síðan lokað aftur. Keiluflaskan er sett í vatnsbað sem er stílt þannig að innihaldin sé stöðugt nákvæmlega við 65 °C og hún tengd við hræribúnaðinn (sjá 8. mynd). Meðan hrært er verður vökvaborðið í keiluflöskunni ávallt að vera undir borði vatnsins í vatnsbaðinu ⁽¹⁾. Vélræni hræribúnaðurinn er stilltur þannig að dreifingin verði fullkomin.

Þegar hrært hefur verið í nákvæmlega klukkustund er keiluflaskan tekin úr vatnsbaðinu.

Keiluflaskan er tafarlaust kæld undir rennandi vatni niður í stofuhita og allt innihald hennar fært þegar í stað úr keiluflöskunni yfir í 500 ml mæliflösku með vatnsbunu (úr sprautuflösku). Fyllt er að markinu með vatni. Blandist vel saman. Síð er á meðalhraða í gegnum þurra, samanbrotna og fosfatfría síu í þurrt flát og fyrsta hluta síuvökvars hent (um 50 ml).


Þannig ætti að fást um 100 ml af tærum síuvökva.

7.3. Ákvörðun

Fosfór er ákvarðaður í útdráttinum, sem þannig er fenginn, samkvæmt aðferð 3.2.

⁽¹⁾ Ef enginn vélrænn hræribúnaður er tiltækur má hrista flöskuna í höndunum á fimm mínútna fresti.

8. mynd



Aðferð 3.1.5

Útdráttur með basísku ammoníumsítrati

Aðferð 3.1.5.1

Útdráttur á leysanlegum fosför með aðferð Petermanns við 65 °C

1. **Gildissvið**

Í þessu skjali er fastsett aðferð til að ákvarða leysanlegan fosför í basísku ammoníumsítrati.

2. **Notkunarsvið**

Aðferðin er eingöngu notuð fyrir tvívatnað tvíkalsíumfosfat ($\text{CaHPO}_4 \cdot 2\text{H}_2\text{O}$).

3. **Grundvöllur aðferðar**

Útdráttur á fosför við 65 °C með basískri ammoníumsítratlausn (Petermann) við tiltekin skilyrði.

4. **Prófefni**

Eimað vatn eða steinefnasneytt vatn sem hefur sömu eiginleika og eimað vatn.

4.1. **Lausn Petermanns**

4.2. *Eiginleikar*

Sítrónusýra ($\text{C}_6\text{H}_8\text{O}_7 \cdot \text{H}_2\text{O}$): 173 g á lítra.

Ammoníak: 42 g á lítra af ammoníakbundnu köfnunarefni.

Sýrustig milli 9,4 og 9,7.

Tilreiðsla úr díammoníumsítrati

931 g af díammoníumsítrati (mólmassi 226,19) eru leyst í um 3 500 ml af vatni í 5 l mæliflösku. Ammoníaki er bætt við í smáskömmum meðan lausnin er hrist og kæld undir rennandi vatni. Til dæmis þarf að nota 502 ml af ammoníaklausn með $d_{20} = 906 \text{ g/ml}$ sem samsvarar 20,81% ammoníakbundnu köfnunarefni miðað við massa. Hitastigi er halddið við 20 °C, fyllt að markinu með eimuðu vatni og þessu blandað saman.

Tilreiðsla úr sítrónusýru og ammoníaki

865 g af einvatnaðri sítrónusýru eru leyst í um 2 500 ml af eimuðu vatni í fláti sem er um 5 lítrar að rúmmáli. Ílátið er sett í ísbað, ammoníaklausn hellt í það í smáskömmum niður um trekt sem er með stútinn niðri í sítrónusýrulausninni og hrist stöðugt um leið. Til dæmis þarf, fyrir $d_{20} = 906 \text{ g/ml}$, sem samsvarar 20,81% innihaldi af ammoníakbundnu köfnunarefni miðað við massa, að bæta við 1 114 ml af ammoníaklausn. Hitastigi er stillt við 20 °C, lausnin færð yfir í fimm lítra mæliflösku, eimuðu vatni bætt við að merkinu og þessu blandað saman.

Innihald ammoníakbundins köfnunarefnis er kannað á eftirfarandi hátt:

Yfir í 250 ml mæliflösku eru færðir 25 ml af lausninni og eimuðu vatni bætt við að markinu. Þessu er blandað saman. Innhald ammoníaks er ákvárdæl í 25 ml af þessari lausn samkvæmt aðferð 2.1. Ef lausnin er rétt þarf að nota 15 ml af 0,5 N mól/l H_2SO_4 .

Ef innihald ammoníakbundna köfnunarefnisins er meira en 42 g á lítra má fjarlægja NH_3 með loftstraumi af eðalgasi eða vægri hitun til að ná aftur pH-gildinu 9,7. Ákvörðunin er endurtekin.

Ef innihald ammoníakbundna köfnunarefnisins er minna en 42 g á lítra er nauðsynlegt bæta við massanum M af ammoníaklausn:

$$M = (42 - n \times 2,8) \times \frac{500}{20,81} \text{ g}$$

$$\text{eða rúmmál } V = \frac{M}{0,906} \text{ við } 20^\circ\text{C}.$$

Ef V er minna en 25 ml er það sett beint í fimm lítra flöskuna með massann $V \times 0,173 \text{ g}$ af dyftri sítrónusýru.

Ef V er meira en 25 ml er heppilegra að tilreiða nýjan lítra af prófefni á eftirfarandi hátt:

173 g af sítrónusýru eru vegin. Þau eru leyst upp í 500 ml af vatni. Í samræmi við tilgreindar varrúðarráðstafanir er bætt við ekki meira en $225 + V \times 1206 \text{ ml}$ af ammoníaklausninni sem notuð var til að tilreiða 5 lítra af prófefninu. Fyllt er að markinu með vatni. Þessu er blandað saman.

Þá er þessum lítra blandað saman við 4 975 ml sem áður voru tilreiddir.

5. **Búnaður**

5.1. Vatnsbað sem stilla má við hitastigið $65 (\pm 1)^\circ\text{C}$

5.2. Mæliflaska, 500 ml (t.d. Stohmanns-flaska)

6. **Undirbúningur sýnis**

Sjá aðferð 1.

7. Aðferð**7.1. Sýni**

1 g af undirbúnu sýni er vegið með 0,001 g nákvæmni og sett í 500 ml mæliflösku (5.2).

7.2. Útdráttur

200 ml af basískri ammoníumsíratlausn (4.1) er bætt við. Mæliflöskunni er lokað með tappa og hún hrist kröftuglega í höndunum til að koma í veg fyrir að kekkir myndist og efnið loði við innra borð flöskunnar.

Flaskan er sett í vatnsbaðið sem stillt er á 65 °C og hrist á fimm mínútna fresti fyrstu hálfu klukkustundina. Tappinn er losaður til að jafna þrýstinginn í hvert sinn eftir að hrist hefur verið. Borðið í vatnsbaðinu ætti að vera jafnhátt og borð lausnarinnar í flöskunni. Flaskan er látin standa í vatnsbaðinu við 65 °C í klukkustund til viðbótar og hrist á 10 mínútna fresti. Þá er hún tekin upp úr, kæld niður í um 20 °C og eimuðu vatni bætt út í upp að 500 ml. Vökvinn er blandaður saman og síður gegnum þurra, fosfatfria fellingarsíu og fyrsta hluta síuvökvans er hent.

7.3. Ákvörðun

Útdreginn fosför er ákvarðaður með aðferð 3.2 í deiliskammti af lausninni sem þannig er fengin.

Aðferð 3.1.5.2**Útdráttur á leysanlegum fosför með aðferð Petermanns við stofuhita****1. Gildissvið**

Í þessu skjali er fastsett aðferð til að ákvarða fosför sem leysist upp í köldu, basísku ammoníumsíratni.

2. Notkunarsvið

Notuð einvörðungu fyrir sundruð fosföt.

3. Grundvöllur aðferðar

Útdráttur á fosför við um 20 °C með basískri ammoníumsíratlausn (lausn Petermanns) við tiltekin skilyrði.

4. Prófefni

Sjá aðferð 3.1.5.1.

5. Búnaður**5.1. Venjulegur rannsóknarstofubúnaður og 250 ml mæliflaska (t.d. Stohmanns-flaska)****5.2. Snúningshristari (35–40 snúningar á mínnitu)****6. Undirbúningur sýnis**

Sjá aðferð 1.

7. Aðferð**7.1. Sýni**

Vegin eru 2,5 g af undirbúnu sýni með 0,001 g nákvæmni og sett í 250 ml mæliflösku (5.1).

7.2. Útdráttur

Smáskammti af lausn Petermanns við 20 °C er bætt við, hrist er mjög kröftuglega til að koma í veg fyrir að kekkir myndist og að efnið loði við innra borð flöskunnar. Fyllt er að markinu með lausn Petermanns og flöskunni lokað með gúmmítappa.

Lausnin er hrist í snúningshristara (5.2) í tvar klukkustundir. Lausnin er tafarlaust síuð í gegnum þurra, samanbrotna og fosfatfria síu í þurrt flát og fyrsta hluta síuvökvans er hent.

7.3. Ákvörðun

Fosför er ákvarðaður með aðferð 3.2 í deiliskammti af lausninni sem þannig er fengin.

Aðferð 3.1.5.3

Útdráttur á fosför, sem leysist upp í basísku ammoníumsítrati, með aðferð Joulies

1. Gildissvið

Í þessu skjali er fastsett aðferð til að ákvarða fosför sem leysist upp í basísku ammoníumsítrati með aðferð Joulies.

2. Notkunarsvið

Aðferðin er notuð fyrir allan eingildan og fjölgildan fosföráburð þar sem fosfórinn er í formi álkalsíumfosfats.

3. Grundvöllur aðferðar

Útdráttur fer fram með því að hrista kröftuglega saman við basísku ammoníumsíratlausn sem gefin er forskrift fyrir (og með oxíni eftir því sem við á) við um 20 °C.

4. Prófefni

Eimað eða steinefnasneytt vatn.

4.1. Basísk ammoníumsíratlausn, kennnd við Joulie

Lausnin inniheldur 400 g sítrónusýru og 153 g NH₃ á lítra. Innihald óbundins ammoníaks í henni er um 55 g á lítra. Lausnina er unnt að tilreiða samkvæmt annarri hvorri aðferðinni sem lýst er hér á eftir.

4.1.1. Í eins lítra mæliflösku eru 400 g sítrónusýru (C₆H₈O₇ · H₂O) leyst upp í um 600 ml af ammoníaki (d₂₀ = 0,925 g/ml, þ.e. 200 g af NH₃ á lítra). Sítrónusýrunni er bætt við í 50–80 g skömmtum og hitastigini haldið undir 50 °C. Fyllt að einum lítra með ammoníaki.

4.1.2. Í eins lítra mæliflösku eru 432 g af tvíbasísku ammoníumsítrati (C₆H₁₄N₂O₇) leyst upp í 300 ml af vatni. Bætt er við 440 ml af ammoníaki (d₂₀ = 0,925 g/ml). Fyllt að einum lítra með vatni.

Athugasemd

Sannprófun á heildarinnihaldi ammoníaks.

10 ml sýni er tekið úr síratlausninni og sett í 250 ml flösku. Fyllt er að markinu með eimuðu vatni. Innihald ammoníakbundins köfnunarefnis er ákvarðað í 25 ml af þessari lausn samkvæmt aðferð 2.1.

$$1 \text{ ml af H}_2\text{SO}_4 0,5 \text{ mol/l} = 0,008516 \text{ g af NH}_3$$

Við þessi skilyrði telst prófefnið rétt ef fjöldi millflítranna við titrun er á bilinu 17,7–18 ml.

Ef svo er ekki er 4,25 ml af ammoníaki (d₂₀ = 0,925 g/l) bætt við fyrir hvern 0,1 ml undir framangreindum 18 ml.

4.2. Dyft 8-hýdroxýkínólín (oxín)

5. Búnaður

5.1. Venjulegur rannsóknarstofubúnaður og lítið gler- eða postulínsmortél með stauti

5.2. Mæliflóskur, 500 ml

5.3. Mæliflaska, 1 000 ml

5.4. Snúningshristari (35–40 snúningar á mínútu)

6. Undirbúningur sýnis

Sjá aðferð 1.

7. Aðferð

7.1. Sýni

1 g af undirbúnu sýninu er vegið með 0,0005 g nákvæmni og sett í lítið mortél. Um 10 dropum af sítrati (4.1) er bætt við til að væta sýnið og síðan er það mulið mjög vandlega með stautnum.

7.2. Útdráttur

20 ml af ammoníumsítrati (4.1) er bætt við, hrært í deig og látið standa í um eina mínútu.

Vökvanum er hellt yfir í 500 ml mæliflösku en agnir, sem kunna að hafa sundrast illa við vætinguna, eru skildar eftir. Þá er 20 ml af sítratlausn (4.1) bætt við leifina, malað eins og ádur og vökanum hellt í mæliflöskuna. Þetta ferli er endurtekið fjórum sinnum þannig að allt sýnið hafi verið fært yfir í flöskuna í lok fimmstu mólunar. Heildarmagn sítrats, sem er notað í þessu ferli, skal vera um 100 ml.

Staturinn og mortélið er skolað yfir mæliflöskunni með 40 ml af eimuðu vatni.

Mæliflöskunni er lokað með tappa og hrist í snúningshristara (5.4) í þrjár klukkustundir.

Mæliflaskan er látin standa í 15–16 klukkustundir og hrist þá aftur í þrjár klukkustundir við sömu skilyrði. Hitastiginu er haldið allan tímann við 20 (± 2) °C.

Fyllt er að markinu með eimuðu vatni. Vökvin er síður í gegnum þurran síupappír, fyrsta hluta síuvökvans er hent og tæra síuvökanum safnað í þurra mæliflösku.

7.3. Ákvörðun

Útdreginn fosfór er ákvarðaður með aðferð 3.2 í deiliskammti lausnar sem þannig er fengin.

8. Viðbætir

Sökum þess að oxín er notað er unnt að beita þessari aðferð fyrir áburð sem inniheldur magnesíum. Mælt er með notkun þess þegar hlutfallið milli magnesíums og fosfóranhýdríðs er stærra en 0,03 ($Mg/P_2O_5 > 0,03$). Ef svo er skal bæta 3 g af oxíni við vætt sýnið sem á að greina. Ekki er líklegt að notkun oxíns trufli ákvörðunina þótt magnesíum sé ekki fyrir hendi. Ef fullvist er að ekkert magníum er í sýninu þarf ekki að nota oxínið.

Aðferð 3.1.6

Útdráttur á vatnsleyasanlegum fosfór

1. Gildissvið

Í þessu skjali er fastsett aðferð til að ákvarða vatnsleyasanlegan fosfór.

2. Notkunarsvið

Aðferðin er notuð fyrir allan áburð, að fjölgildum áburði meðtöldum, þegar ákvarða á vatnsleyasanlegan fosfór.

3. Grundvöllur aðferðar

Útdráttur í vatni með hristingi við tiltekin skilyrði.

4. Prófefni

Eimað eða steinefnasneytt vatn.

5. Búnaður

5.1. Mæliflaska, 500 ml (t.d. Stohmanns-flaska)

5.2. Snúningshristari (35–40 snúningar á mínuártíð)

6. Undirbúningur sýnis

Sjá aðferð 1.

7. Aðferð

7.1. Sýni

5 g af undirbúnu sýni eru vegin með 0,001 g nákvæmni og sett í 500 ml mæliflösku (5.1).

7.2. Útdráttur

Út í flöskuna er bætt við 450 ml af vatni sem skal vera á bilinu 20–25 °C.

Sýnið er hrist í snúningshristaranum (5.2) í þrjátíu mínuártíðum.

Síðan er fyllt að markinu með vatni, hrist vel saman og síðan gegnum þurra, samanbrotna og fosfatfría síu í þurrt flát.

7.3. Ákvörðun

Fosfór er ákvarðaður með aðferð 3.2 í deiliskammti af lausninni sem þannig er fengin.

Aðferð 3.2

Ákvörðun á útdregnum fosfór

(Þyngdarmæling með kínólínfosfórmólýbdati)

1. Gildissvið

Í þessu skjali er fastsett aðferð til að ákvarða fosfór í útdrátti úr áburði.

2. Notkunarsvið

Aðferðin er notuð fyrir hvers kyns útdrátt úr áburði (¹) til að ákvarða mismunandi form fosfórs.

3. Grundvöllur aðferðar

Eftir vatnsrof á öðrum formum fosfórs en ortófosfótum, ef um slíkt vatnsrof er að ræða, eru ortófosfórjónir felldar út í súrum miðli sem kínólínfosfórmólýbdati.

Eftir síun og þvott er botnfallið þurrkað við 250 °C og vegið.

Við framangreind skilyrði hafa efnasamböndin, sem geta verið í lausninni (ólfífrænar og lífrænar sýrur, ammoníumjónir, leysanleg sílköt o.s.frv.), ekki truflandi áhrif ef prófefni, að stofni til úr natríum- eða ammoníummólýbdati, er notað við útfellinguna.

4. Prófefni

Eimað eða steinefnasneytt vatn.

4.1. Óblönduð saltpéturssýra ($d_{20} = 1,40 \text{ g/ml}$)

4.2. *Tilreiðsla prófefnis*

4.2.1. *Tilreiðsla prófefnis sem er að stofni til úr natríummólýbdati*

Lausn A: 70 g af natríummólýbdatdihýdrati eru leyst upp í 100 ml af eimuðu vatni.

Lausn B: 60 g af einvatnaðri sítrónusýru eru leyst upp í 100 ml af eimuðu vatni og 85 ml af óblandaðri saltpéturssýru (4.1) bætt við.

Lausn C: lausn C er tilreidd með því að hræra lausn A út í lausn B.

⁽¹⁾ Fosfór, sem er leysanlegur í ólfífrænum sýrum, vatnsleysanlegur fosfór, fosfór sem er leysanlegur í ammoníumsíratlausnum, fosfór sem er leysanlegur í 2% sítrónusýru og fosfór sem er leysanlegur í 2% maurasýru.

Lausn D: 35 ml af óblandaðri saltpéturssýru (4.1) er bætt út í 50 ml af eimuðu vatni og síðan er 5 ml af nýeimuðu kínolíni bætt við. Pessari lausn er bætt við lausn C, þessu blandað vel saman og látið standa í myrkri yfir nótta. Þá er fyllt að 500 ml með eimuðu vatni, blandað aftur saman og síð gegnum trekt úr hertu gleri (5.6).

4.2.2. Tilreiðsla prófefnis sem er að stofni til úr ammoníummólýbdati

Lausn A: 100 g af ammoníummólýbdati eru leyst upp í 300 ml af eimuðu vatni við vægan hita og hrært í við og við.

Lausn B: 120 g af einvatnaðri sítrónusýru eru leyst upp í 200 ml af eimuðu vatni og 170 ml af óblandaðri saltpéturssýru (4.1) bætt við.

Lausn C: 10 ml af nýeimuðu kínolíni er bætt við 70 ml af óblandaðri saltpéturssýru (4.1).

Lausn D: lausn A er hellt rólega yfir í lausn B og hrært vel í um leið. Þegar lausnunum hefur verið blandað vel saman er lausn C bætt saman við blönduna og fyllt upp að einum lítra. Lausnin er látin standa á dimmum stað í two daga og síð gegnum trekt úr hertu gleri (5.6).

Nota má prófefnin í 4.2.1 og 4.2.2 á sama hátt; þau skulu bæði geymd í myrkri í flöskum úr pólýetýleni sem er lokað með tappa.

5. Búnaður

- 5.1. Venjulegur rannsóknarstofubúnaður og 500 ml keiluflaska með víðum hálsi
- 5.2. Kvarðaðar rennipípur, 10, 25 og 50 ml
- 5.3. Síudeigla, opstærð 5–20 µm
- 5.4. Sogflaska (Buchners-flaska)
- 5.5. Hitaskápur, stilltur á 250 (+ 10) °C
- 5.6. Trekt úr hertu gleri, opstærð 5–20 µm

6. Aðferð

6.1. Meðferð lausnar

Deiliskammtur er tekinn með rennipípu úr útdrátti úr áburði (sjá töflu 2) sem inniheldur um 0,01 g af P₂O₅ og fluttur yfir í 500 ml keiluflösku. 15 ml af óblandaðri saltpéturssýru (¹) (4.1) er bætt við og þynnt með vatni að um 100 ml.

Tafla 2

Ákvörðun á deiliskömmum fosfatlausna

% P ₂ O ₅ í áburðinum	% P í áburðinum	Sýni til greiningar (g)	Þynning (að ml)	Sýni (ml)	Þynning (að ml)	Sýni til útfellingar (ml)	Breytistuðull kínolínfosfómólýbdats (F) í % P ₂ O ₅	Breytistuðull kínolínfosfómólýbdats (F') í % P
5–10	2.2 – 4.4	{ 1 5	500 500	— —	— —	50 10	32,074 32,074	13,984 13,984
10–25	4.4 – 11.0	{ 1 5	500 500	— 50	— 500	25 50	64,148 64,148	27,968 27,968
+ 25	+ 11	{ 1 5	500 500	— 50	— 500	10 25	160,370 128,296	69,921 55,937

(¹) 21 ml þegar lausnin, sem fella á út, inniheldur meira en 15 ml af síratlausn (hlutlaust sírat, basískt sírat Petermanns eða Joulies).

6.2. *Vatnsrof*

Leiki grunur á að metafosföt, pýrófosföt eða fjölfosföt séu í lausninni er vatnsrof framkvæmt á eftirfarandi hátt:

Innihald keiluflöskunnar er hitað að suðumarki við vægan hita og þessu hitastigi haldið þar til vatnsrofinu er lokið (venjulega tekur þetta eina klukkustund). Gæta verður þess að koma í veg fyrir tap sem stafar af skvettum eða af kröftugri uppgufun, sem gæti minnkað upprunalegt rúmmál um meira en helming, með því að setja upp baksvala. Að loknu vatnsrofi er eimuðu vatni bætt við þar til upprunalegu rúmmáli er náð.

6.3. *Deiglan vegin*

Síudeiglan (5.3) er þurrkuð í a.m.k. 15 mínútur í hitaskápnum við 250 (± 10) °C. Eftir kælingu í þurrkara er hún vegin.

6.4. *Útfelling*

Súra lausnin í keiluflöskunni er hituð þar til hún sýður og þá er byrjað að fella kínólínfosfómólýbdatið út með því að bæta við 40 ml af felliefni (prófefni 4.2.1 eða 4.2.2) (¹) í dropatali og hræra stöðugt í um leið. Keiluflaskan er sett í sjóðandi vatnsbað í 15 mínútur og hrist við og við. Lausnina má sía strax eða eftir að hún hefur kólnað.

6.5. *Stun og þvottur*

Lausninni er hellt ofan af og hún síuð við undirþrýsting. Botnfallið er þvegið í keiluflöskunni með 30 ml af vatni. Lausninni er hellt ofan af og hún síuð. Þetta ferli er endurtekið fimm sinnum. Afgangurinn af botnfallinu er allur færður yfir í deigluna og skolað með vatni. Botnfallið er þvegið fjórum sinnum með 20 ml af vatni og allt skolvatnið fjarlægt úr deiglunni hverju sinni áður en nýjum skammti er bætt við. Botnfallið er þurrkað vandlega.

6.6. *Deiglan þurrkuð og vegin*

Ytra borð deiglunnar er þurrkað með síupappír. Deiglan er síðan sett í hitaskáp við 250 °C (5.5) og geymd þar uns massi hennar er orðinn stöðugur (venjulega í 15 mínútur) en þá er hún látin kólna niður í stofuhita í þurrkara og vegin strax á eftir.

6.7. *Núllprófun*

Við hverja ákvörðun er gerð núllprófun þar sem aðeins eru notuð sömu prófefni og leysiefni og í sömu hlutföllum og í útdráettinum (sítratlausninni o.s.frv.) og mið tekið af því þegar lokaniðurstöður eru reiknaðar út.

6.8. *Sannprófun*

Ákvörðunin er gerð með deiliskammti af kalíumtvívetnisfosfatlausn sem inniheldur 0,01 g af P₂O₅.

7. **Framsetning niðurstaðna**

Ef notuð eru sömu sýni til greiningar og þau þynnt á sama hátt og í töflu 2 skal nota eftirfarandi formúlu:

$$\% \text{ P í áburðinum} = (A - a) F'$$

eða

$$\% \text{ P}_2\text{O}_5 \text{ í áburðinum} = (A - a) F$$

þar sem

A = massi kínólínfosfómólýbdats í grömmum,

a = massi kínólínfosfómólýbdats sem fast í núllprófuninni, í grömmum,

F og F' = stuðlar, tilgreindir í síðustu tveimur dálkum í töflu 2.

(¹) Til þess að fella út fosfatlausnir sem innihalda meira en 15 ml af sítratlausn (hlutlaus, Petermanns eða Joulies) og sem hafa verið sýrðar með 21 ml af óblaðaðri saltpéturssýru (sjá neðanmálsgrein við 6.1) skal nota 80 ml af prófefni til útfellingar.

Ef notuð eru önnur sýni til greiningar og þau þynnt á annan hátt en í töflu 2 skal beita eftirfarandi formúlu:

$$\% \text{ P í áburðinum} = \frac{(A - a) \times f' \times D \times 100}{M_2}$$

eða

$$\% \text{ P}_2\text{O}_5 \text{ í áburðinum} = \frac{(A - a) \times f \times D \times 100}{M}$$

þar sem

f og f' = breytistuðlar fyrir kínolínfosfórmólýbdat í $\text{P}_2\text{O}_5 = 0,032074$, (f) eða í $P = 0,013984$ (f'),

D = þynningarstuðull,

M = massi sýnisins, sem er greint, í grömmum.

Aðferð 4

Kalíum

Aðferð 4.1

Ákvörðun á innihaldi vatnsleysanlegs kalíums

1. Gildissvið

Í þessu skjali er skilgreind aðferð til ákvörðunar á vatnsleysanlegu kalíumi.

2. Notkunarsvið

Aðferðin er notuð fyrir allan kalíáburð sem tilgreindur er í I. viðauka.

3. Grundvöllur aðferðar

Kalíum í sýninu, sem greina á, er leyst upp í vatni. Eftir að efni, sem gætu truflað magnákvörðun, hafa verið fjarlægð eða bundin er kalíum fellt út í vægt basískum miðli sem kalíumtetrafenýlbórat.

4. Prófefni

Eimað eða steinefnasneytt vatn.

4.1. Formaldehyð

Tær 25–35% formaldehýðlausn.

4.2. Kalíumklóríð af greiningarhreinleika.

4.3. Natríumhýdroxiðlausn: 10 mól/l

Hafa skal í huga að einungis má nota kalíumfrítt natríumhýdroxið.

4.4. Litvísislauasn

0,5 g af fenóltlíni eru leyst upp í 90% etanóli og fyllt að 100 ml markinu.

4.5. EDTA-lauasn

4 g af tvívötnuðu tvínatríumsalti af etýlendíamíntetraediksýru eru leyst upp í vatni í 100 ml mæliflösku. Fyllt er að markinu og þessu blandað saman.

Prófefnið skal geymt í plastfláti.

4.6. STPB-lausn

32,5 g af natrúumtetrafenýlbóratí eru leyst upp í 480 ml af vatni og 2 ml af natrúumhýdroxíðlausn (4.3) og 20 ml af magnesíumklóríðlausn (100 g af $MgCl_2 \cdot 6H_2O$ í lítra) bætt við.

Hrært er í 15 mínútur og síðan gegnum fíngerða, öskufría síu.

Prófefnið skal geymt í plastfláti.

4.7. Skolvökyi

20 ml af STPB-lausninni (4.6) eru þynntir með vatni að 1 000 ml.

4.8. Brómvatn

Mettuð brómlausn í vatni.

5. Búnaður**5.1. Mæliflaska, 1 000 ml****5.2. Bikarglas, 250 ml.****5.3. Síudeiglur, opstærð 5–20 μm** **5.4. Hitaskápur, stilltur á 120 (± 10) °C****5.5. Þurrkari****6. Undirbúningur sýnis**

Sjá aðferð 1.

Þegar um kalíumsölt er að ræða verður sýnið að vera svo fínmalað að dæmigert sýni fáið til greiningar. Nota skal a-lið 6. liðar í aðferð 1 fyrir þessar vörur.

7. Aðferð**7.1. Sýni**

10 g af undirbúnu sýni eru vegin með 0,001 g nákvæmni (5 g þegar um er að ræða kalíumsölt sem innihalda meira en 50% kalíumoxið). Þetta sýni er sett í 600 ml bikarglas með um 400 ml af vatni.

Hitað er að suðumarki og látið sjóða í 30 mínútur. Vökvinn er kældur og fluttur allur yfir í 1 000 ml mæliflösku, fyllt að markinu, þessu blandað saman og síðan í þurrt flát. Fyrstu 50 ml af síuvökvanum er hent (sjá 7.6, athugasemd varðandi aðferð).

7.2. Tilreiðsla deiliskammts til útfellingar

Deiliskammtur síuvökva, sem inniheldur 25–50 mg af kalíum (sjá töflu 3), er fluttur með rennipípu yfir í 250 ml bikarglas. Fyllt er að 50 ml með vatni ef þörf krefur.

Til að koma í veg fyrir truflanir er 10 ml af EDTA-lausn (4.5) og nokkrum dropum af fenóltalínlausn (4.4) bætt út í og natrúumhýdroxíðlausn (4.3) hrært saman við í dropatali þar til lausnin verður rauð og að lokum er bætt við nokkrum dropum af natrúumhýdroxíði til viðbótar til að tryggja umframmagn (venjulega nægir 1 ml af natrúumhýdroxíði til að gera sýnið hlutlaust og tryggja umframmagn).

Lausnin er soðin við vægan hita í 15 mínútur til að fjarlægja megnið af ammoníakinu (sjá b-lið 7.6, athugasemd varðandi aðferð).

Ef nauðsyn krefur er vatni bætt við að 60 ml.

Lausnin er hituð að suðumarki, þá er hætt að hita bikarglassið og 10 ml af formaldehyði (4.1) bætt út í. Nokkrir dropar af fenóltalíni eru settir út í og, ef þörf krefur, nokkrir dropar í viðbót af natrúumhýdroxíði þar til liturinn verður greinilega rauður. Úrgler er sett ofan á bikarglassið og það látið standa í sjóðandi vatnsbaði í 15 mínútur.

7.3. Deiglan vegin

Síudeiglan (sjá 5 „Búnaður“) er þurruð í hitaskápnum við 120 °C (5.4) þar til hún hefur náð stöðugum massa (u.p.b. 15 mínútur).

Deiglan er látin kólna í þurrkara og síðan vegin.

7.4. Útfelling

Bikarglasið er tekið úr sjóðandi vatnsbaðinu og 10 ml af STPB-lausn (4.6) bætt við í dropatali og hrært á meðan. Þetta tekur um tvær mínútur. Beðið er með að síða í a.m.k. 10 mínútur.

7.5. Síðun og þvottur

Síð er við undirþrýsting í deigluna sem hefur verið vegin, bikarglasið skolað með skolvökva (4.7), botnfallið þvegið þrisvar sinnum með skolvökvanum (alls 60 ml af skolvökva) og tvisvar með 5–10 ml af vatni.

Botnfallið er þurrkað vandlega.

7.6. Þurrkun og vigtun

Ytra borð deiglunnar er þurrkað með síüpappír. Deiglan og innihald hennar er síðan sett í hitaskáp í eina og hálfu klukkustund við 120 °C. Þá er deiglan látin kólna niður í stofuhita í þurrkara og vegin strax á eftir.

Athugasemd varðandi aðferð

- Ef síuvökvinn er dökkur á lit er deiliskammtur, sem inniheldur í mesta lagi 100 mg af K₂O, fluttur með rennipípu yfir í 100 ml mæliflösku, brómvatni bætt út í og látið sjóða til að fjarlægja allt umframagn af brómi. Eftir að lausnin hefur verið kæld er fyllt að markinu, síð og kalíummagnið ákvarðað í deiliskammti af síuvökvanum.
- Ef lítið eða ekkert ammoníáksköfnunarefn er til staðar er óþarf að sjóða í 15 mínútur.

7.7. Deiliskammtar sem teknir eru sem sýni og breytistuðlar

Tafla 3

Fyrir aðferð 4

% K ₂ O í áburðinum	% K í áburðinum	Sýni til greiningar (g)	Sýni af útdráttarlausn til þynningar (ml)	Þynning (að ml)	Deili-skammtur, tekinn sem sýni til útfellingar (ml)	Breytistuðull	Breytistuðull
						(F) % K ₂ O g TPBK	F % K g TPBK
5–10	4,2–8,3	10	—	—	50	26,280	21,812
10–20	8,3–16,6	10	—	—	25	52,560	43,624
20–50	16,6–41,5	10	annadhvort — eða 50	250	10 50	131,400 131,400	109,060 109,060
yfir 50	yfir 41,5	5	annadhvort — eða 50	— 250	10 50	262,800 262,800	218,120 218,120

7.8. Núllprófun

Við hverja ákvörðun er gerð núllprófun þar sem einungis eru notuð sömu prófefni og í sömu hlutföllum og í greiningunni og mið tekið af því þegar lokaniðurstöður eru reiknaðar út.

7.9. Samanburðarprófun

Til að fá samanburð fyrir greiningaraðferðina er ákvörðun gerð á deiliskammti vatnslausnar kalíumklóríðs sem inniheldur að hámarki 40 mg af K₂O.

8. Framsetning niðurstaðna

Ef notuð eru sömu sýni til greiningar og þau þynnt á sama hátt og í töflu 3 skal nota eftirfarandi formúlu:

$$\% \text{K}_2\text{O} \text{ í áburðinum} = (\text{A} - \text{a}) \text{ F}$$

eða

$$\% \text{ K í áburðinum} = (A - a) F'$$

þar sem

A = massi botnfalla úr sýninu, í grömmum,

a = massi botnfalla úr núllprófuninni, í grömmum,

F og F' = stuðlar (sjá töflu 3).

Ef notuð eru önnur sýni til greiningar og þau þynnt á annan hátt en í töflu 3 skal nota eftirfarandi formúlu:

$$K_2O \text{ í áburðinum} = \frac{(A - a) \times f \times D \times 100}{M}$$

eða

$$K \text{ í áburðinum} = \frac{(A - a) \times f' \times D \times 100}{M}$$

þar sem

f = breytistuðull fyrir KTPB í $K_2O = 0,1314$,

f' = breytistuðull fyrir KTPB í $K = 0,109$,

D = þynningarstuðull,

M = massi sýnis til greiningar, í grömmum.

Aðferð 5

Á ekki við

Aðferð 6

Klór

Aðferð 6.1

Ákvörðun á klóríðum án lífrænna efna

1. Gildissvið

Í þessu skjali er fastsett aðferð til að ákvarða klóríð án lífrænna efna.

2. Notkunarsvið

Aðferðin er notuð fyrir allan áburð sem inniheldur engin lífræn efni.

3. Grundvöllur aðferðar

Klóríðin, leyst upp í vatni, eru felld út í sírum miðli með umframmagni af staðallausn silfurnítrats. Umframmagnið er titrað með ammoníumpíósýnatlausn sem í er járnammoníumsúlfat (aðferð Volhards).

4. Prófefni

Eimað eða steinefnasneytt vatn, án klóríða.

4.1. Nítróbensen eða díetýleter

4.2. Saltpéturssýra: 10 mó/l

4.3. *Litvísíslausrn*

40 g af járnammoníumsúlfati, $\text{Fe}_2(\text{SO}_4)_3 \cdot (\text{NH}_4)_2\text{SO}_4 \cdot 24\text{H}_2\text{O}$, eru leyst í vatni og fyllt að einum lítra.

4.4. *Staðallausrn silfurnítrats: 0,1 mól/l*

Tilreiðsla

Þar sem salt þetta er ídrægt og hætt við að það brotni niður þegar það er þurrkað er ráðlegt að vega um 9 g af því, leysa upp í vatni og fylla að einum lítra. Styrkleiki lausnarinnar er stilltur á 0,1 mól/l með því að titra með 0,1 mól/l AgNO_3 .

5. *Búnaður***5.1. Snúningshristari (35–40 snúningar á mínuátu)****5.2. Rennipípur****5.3. Mæliflaska, 500 ml.****5.4. Keiluflaska, 250 ml****6. *Undirbúningur sýnis***

Sjá aðferð 1.

7. *Aðferð***7.1. *Sýni og tilreiðsla lausnar***

5 g af sýni eru vegin með 0,001 g nákvæmni, sett í 500 ml mæliflösku og 450 ml af vatni bætt út í. Hrist er í hálfa klukkustund í snúningshristara (5.1), fyllt að 500 ml með eimuðu vatni, þessu blandað saman og síði í bikarglas.

7.2. *Ákvörðun*

Tekinn er deiliskammtur af síuvökvanum sem inniheldur innan við 0,150 g af klóríði, t.d. 25 ml (0,25 g), 50 ml (0,5 g) eða 100 ml (1 g). Sé sýnið, sem tekið er, minna en 50 ml er nauðsynlegt að bæta við eimuðu vatni að 50 ml.

Bætt er við 5 ml af 10 mól/l saltpéturssýru (4.2), 20 ml af litvísíslausrn (4.3) og tveimur dropum af staðallausrn ammoníumpíósýanats (sýni af síðastnefnda prófefnini er tekið með mælipípu sem stillt er á núll í þessu skyni).

Síðan er staðallausrn silfurnítrats (4.4) bætt við með mælipípu þar til komið er 2–5 ml umframmagn. Þá er 5 ml af nítróbensení eða 5 ml af diátyleter (4.1) bætt út í og hrist vel til að botnfallið loði saman. Umframmagn silfurnítrats er titrað með 0,1 mól/l ammoníumpíósýanati (4.5) þar til rauðbrúnn litur birtist og hverfur ekki þótt glasið sé hrist svolítið.

Athugasemd

Nítróbensení eða diátyleter (en þó einkum nítróbensení) kemur í veg fyrir að silfurklóríð hvarfist við þíósýanatjónir. Þannig fæst skýr litarbreyting.

7.3. *Núllprófun*

Núllprófun (þar sem sýninu er sleppt) er gerð við sömu skilyrði og tekið mið af henni þegar lokaniðurstöður eru reiknaðar út.

7.4. *Samanburðarprófun*

Athuga skal nákvæmni aðferðarinnar, áður en ákvörðun er framkvæmd, með deiliskammti af nýtilreiddri kalíumklóríðlausrn, þannig að skammturinn innihaldi þekkt magn af stærðargráðunni kringum 100 mg af klóríði.

8. Framsetning niðurstaðna

Gefa skal niðurstöðu greiningarinnar upp sem hundraðshluta klóríðs í sýninu eins og það var þegar það var tekið til greiningar.

Hundraðshluti klóríðs (Cl) er reiknaður samkvæmt eftirfarandi formúlu:

$$\% \text{ klóríðs} = 0,003546 \times \frac{(V_z - V_{cz}) - (V_a - V_{ca}) \times 100}{M}$$

þar sem

V_z = fjöldi millílitra 0,1 mól/l silfurnítrats,

V_{cz} = fjöldi millílitra 0,1 mól/l silfurnítrats sem er notað við núllprófunina,

V_a = fjöldi millílitra 0,1 mól/l ammoníumþíósýnats,

V_{ca} = fjöldi millílitra 0,1 mól/l ammoníumþíósýnats sem er notað við núllprófunina,

M = massi sýnis, sem tekið er, í grómmum (7.2).

Aðferð 7

Mölunarfínleiki

Aðferð 7.1

Ákvörðun á mölunarfínleika

(þurr aðferð)

1. Gildissvið

Í þessu skjali er fastsett aðferð til að ákvarða mölunarfínleika með þurrsigtun.

2. Notkunarsvið

Aðferðin er notuð fyrir allar EB-áburðartegundir sem heyra undir kröfur um tiltekinn mölunarfínleika sem er miðaður við sigti með möskvastærð 0,630 mm og 0,160 mm.

3. Grundvöllur aðferðar

Með vélknúnu sigti er ákvarðað hve stór hluti vörunnar er með kornastærð yfir 0,630 mm og kornastærð á bilinu 0,160–0,630 mm og mölunarfínleikinn reiknaður í hundraðshlutum.

4. Búnaður

4.1. Vélknúið sigti

4.2. Stöðluð sigti með 0,160 og 0,630 mm möskvastærð (20 cm í þvermál og 5 cm há)

5. Aðferð

50 g efnis eru vegin með 0,05 g nákvæmni. Sigtin tvö og safnflátið eru sett á hristarann (4.1) þannig að sigtið með stærri möskvunum sé ofar. Sýnið, sem greina á, er sett í efra sigtið. Sigtad er í 10 mínútur og það sem safnast á botninn tekið burt. Búnaðurinn er settur í gang aftur og eftir eina mínútu er gengið úr skugga um að magn þess sem safnast hefur á botninum sé ekki yfir 250 mg. Ferlið er endurtekið (í eina mínútu hverju sinni) þar til magnið sem safnast fyrir er minna en 250 mg. Efnið, sem eftir verður í hvoru sigti, er vegið sérstaklega.

6. Framsetning niðurstaðna

$$\text{fínleiki sýnis í \% úr sigtinu með } 0,630 \text{ mm möskvum} = (50 - M_1) \times 2$$

$$\text{fínleiki sýnis í \% úr sigtinu með } 0,160 \text{ mm möskvum} = [50 - (M_1 + M_2)] \times 2$$

þar sem

M_1 = massi leifar, í grömmum, á sigtinu með 0,630 mm möskvunum,

M_2 = massi leifar, í grömmum, á sigtinu með 0,160 mm möskvunum.

Úrkastið af sigtinu með 0,630 mm möskvunum er ekki reiknað með.

Niðurstöður þessara útreikninga eru hækkaðar upp í næstu heilu tölu.

Aðferð 7.2

Ákvörðun á mölunarfínleika linra, náttúrulegra fosfata

1. Gildissvið

Aðferð til ákvörðunar á mölunarfínleika linra, náttúrulegra fosfata.

2. Notkunarsvið

Aðferðin er notuð fyrir lin, náttúruleg fosfót.

3. Grundvöllur aðferðar

Þegar kornastærð sýna er mjög lítil getur þurrsigtun reynst erfið þar eð kekkir geta myndast. Því er venjan að nota blautsigtun.

4. Prófefni

Natríumhexametafosfatlausn: 1%.

5. Búnaður

5.1. Stöðluð sigti með 0,063 og 0,125 mm möskvastærð (20 cm í þvermál og 5 cm há) og safnflát

5.2. Glertrekt, 20 cm í þvermál, á standi

5.3. Bikarglös, 250 ml

5.4. Hitaskápur

6. Greiningaraðferð

6.1. Sýnataka

50 g efnis eru vegin með 0,05 g nákvæmni. Sigtíð er þvegið að innan og utan með vatni og sigtinu með 0,125 mm möskvunum er komið fyrir yfir sigtinu með 0,063 mm möskvunum.

6.2. Aðferð

Sýnið, sem greina á, er sett í efra sigtið. Sýnið er sigtað undir mjórrri bunu af köldu vatni (nota má kranavatn) þar til vatnið, sem kemur undan sigtinu, er orðið næstum tært. Gæta verður þess að vatnsrennslíð sé þannig að neðra sigtið fyllist aldrei af vatni.

Þegar leifin í efra sigtinu virðist orðin nokkuð stöðug er það sigti tekið burt og sett á safnflátið.

Blautsigtun er haldið áfram gegnum neðra sigtið í nokkrar mínnútur þar til vatnið, sem kemur undan því, er orðið næstum tært.

Sigtíð með 0,125 mm möskvunum er sett yfir sigtið með 0,063 mm möskvunum. Verði efni eftir í safnflátinu er það sett í efra sigtið og sigtunin endurtekin undir mjórrri vatnsbunu þar til vatnið verður aftur næstum tært.

Leifinni í hvoru sigti er allri hellt í gegnum trekt í sitthvort bikarglassið. Hvor leif um sig er komið í sviflausn með því að fylla bikarglösin af vatni. Þetta er látið standa í um 1 mínuðu og síðan er eins miklu vatni og unnt er hellt af.

Bikarglösin eru sett í hitaskáppinn í tvær klukkustundir við 150 °C.

Þau eru látin kólna og leifarnar síðan fjarlægðar með pensli og vagnar.

7. **Framsetning niðurstaðna**

Niðurstöður útreikninganna eru hækkaðar upp í næstu heilu tölu.

fínleiki leifar úr sigti með 0,125 mm möskvum, í % = $(50 - M_1) \times 2$

fínleiki leifar úr sigti með 0,063 mm möskvum, í % = $[50 - (M_1 + M_2)] \times 2$

þar sem

M_1 = massi leifar úr sigti með 0,125 mm möskvum, í grömmum,

M_2 = massi efnis úr sigti með 0,063 mm möskvum, í grömmum.

8. **Athugasemdir**

Ef kekkja verður vart eftir sigtun skal endurtaka greininguna á eftirfarandi hátt:

50 g af sýnин er hellt hægt yfir í eins lítra flösku, sem inniheldur 500 ml af natriumhexametafosfatlausninni, og hrært stöðugt í um leið. Tappi er settur í flöskuna og hún hrast kröftuglega í höndunum til að leysa kekkina upp. Allri sviflausninni er hellt í efra sigtið og flaskan skoluð vandlega. Greiningu er haldið áfram á þann hátt sem lýst er í 6.2.

Aðferð 8

Aukanæringsrefni

Aðferð 8.1

Útdráttur á öllu kalsíumi, magnesíumi, natriúmi og brennisteini í formi súlfata

1. **Gildissvið**

Í þessu skjali er fastsett aðferð til að draga út allt kalsíum, magnesíum og natriúm og allan brennistein, sem er í formi súlfata, þannig að unnt sé að ákvæða öll þessi næringarefni í sama útdrátti.

2. **Notkunarsvið**

Þessi aðferð er notuð fyrir EB-áburð ef kveðið er á um það í þessari reglugerð að gefa skuli yfirlýsingum heildarkalsíum, heildarmagnesíum, heildarnatríum og heildarbrennistein í formi súlfata í áburðinum.

3. **Grundvöllur aðferðar**

Uppleysing fer fram með suðu í þynnri saltsýru.

4. **Prófefni**

4.1. *Pynnt saltsýra*

Einn hluti saltsýru ($d_{20} = 1,18$ g/ml) og einn hluti af vatni.

5. **Búnaður**

Rafmagnshitapla með hitastilli.

6. **Undirbúningur sýnis**

Sjá aðferð 1.

7. Aðferð

7.1. Prófunarsýni

Kalsíum, magnesíum, natríum og brennisteinn í formi súlfata eru dregin út úr fimm gramma sýni sem vegið er með 1 mg nákvæmni.

Innihaldi áburðurinn meira en 15% brennisteins (S), sem svarar til 37,5% SO₃ og meira en 18,8% kalsíums (Ca), sem svarar til 26,3% CaO, er útdráttur á kalsíumi og brennisteini gerður á eins gramms sýni sem vegið er með 1 mg nákvæmni. Sýnið er sett í 600 ml bikarglas.

7.2. Tilreiðsla lausnar

Um 400 ml af vatni er bætt við og 50 ml af þynntri saltsýru (4.1) í smáskömmum og mjög varlega ef sýnið inniheldur verulegt magn karbónata. Hitað er að suðumarki og soðið í hálfa klukkustund. Látið kólna og hrært í við og við á meðan. Því næst er öllum vökvunum hellt af yfir í 500 ml mæliflösku. Fyllt er að markinu og þessu blandað saman. Síð er gegnum þurra sífu í þurr í látt og fyrsta hlutanum hent. Útdrátturinn skal vera alveg tær. Ílátinu er lokað með tappa nema nota eigi síuvökvann strax.

Aðferð 8.2

Útdráttur á öllum brennisteini í mismunandi formum

1. Gildissvið

Í þessu skjali er fastsett aðferð til að draga út allan brennistein sem er í áburði sem frumefni og/eða í mismunandi efnasamböndum.

2. Notkunarsvið

Þessi aðferð er notuð fyrir EB-áburð ef kveðið er á um þau er að ræða, með vetrnisperoxíði. Hin ýmsu form brennisteins eru þannig ummynduð í súlfat sem er ákvároðað með því að fella þau út sem bariumsúlfat (aðferð 8.9).

3. Grundvöllur aðferðar

Brennisteini í formi frumefnis er umbreytt í basískum miðli í fjölsúlfíð og þíósúlfat sem síðan eru oxuð, ásamt súlfítum, ef um þau er að ræða, með vetrnisperoxíði. Hin ýmsu form brennisteins eru þannig ummynduð í súlfat sem er ákvároðað með því að fella þau út sem bariumsúlfat (aðferð 8.9).

4. Prófefni

4.1. Þynnt saltsýra:

Einn hluti saltsýru ($d = 1,18$) og einn hluti af vatni.

4.2. Natríumhýdroxíðlausn, minnst 30% NaOH ($d = 1,33$)

4.3. Vetrnisperoxíðlausn, 30% massahlutfall

4.4. Bariumklóríð í vatnslausn BaCl₂ · 2H₂O, 122 grómm á lítra

5. Búnaður

Rafmagnshitapla með hitastilli.

6. Undirbúningur sýnis

Sjá aðferð 1.

7. Aðferð

7.1. Prófunarsýni

Áburðarskammtur sem inniheldur 80–350 mg af brennisteini (S) eða 200–875 mg af SO₃ er veginn með 1 mg nákvæmni.

Almennt skal (ef S < 15%) vigta 2,5 g. Sýnið er sett í 400 ml bikarglas.

7.2. *Oxun*

20 ml af natríumhýdroxíðlausn (4.2) er bætt við og 20 ml af vatni. Bikarglasinu er lokað með úrgleri. Lausnin er soðin í 5 mínútur á hitaplötunni (5.1). Bikarglaðið er tekið af hitaplötunni. Brennisteinninn, sem loðir við innra bord bikarglassins, er skolaður niður með heitri vatnsbunu og lausnin soðin áfram í 20 mínútur og síðan látin kólna.

Vetnisperoxíði (4.3) er bætt við í 2 ml skömmum í einu þar til ekki greinast nein efnahörf lengur. Að jafnaði þarf að nota 6–8 ml af vetnisperoxíði. Oxunin er látin halda áfram í eina klukkustund og því næst er lausnin soðin í hálfa klukkustund og látin kólna.

7.3. *Tilreiðsla lausnar til greiningar*

Um 50 ml af vatni og 50 ml af saltsýrulausninni (4.1) er bætt við.

— Ef brennisteinsinnihaldið (S) er minna en 5%:

lausnin er síuð í 600 ml bikarglas. Leifin á síunni er skoluð nokkrum sinnum með köldu vatni. Þegar skolun er lokið er sannreynit með baríumklóríðlausn (4.4) að ekkert súlfat sé í síðustu dropum síuvökvans. Síuvökvinn skal vera alveg tær. Súlfat er ákvarðað í síuvökvananum öllum með aðferð 8.9.

— Ef brennisteinsinnihaldið (S) er meira en 5%:

öll lausnin er færð yfir í 250 ml mælflösku, fyllt að markinu með vatni og þessu blandað saman. Þá er síða í gegnum þurra síu í þurr íflát og síuvökvinn skal vera alveg tær. Íflátinu skal lokað með tappa nema nota eigi lausnina strax. Súlfat er ákvarðað í deliskammti af þessari lausn með því að fella það út sem baríumsúlfat (aðferð 8.9).

Aðferð 8.3

**Útdráttur á vatnsleysanlegu kalsíumi, magnesíumi, natríumi og brennisteini
(í formi súlfata)**

1. **Gildissvið**

Í þessu skjali er fastsett aðferð til að draga út allt vatnsleysanlegt kalsíum, magnesíum, natríum og brennistein (í formi súlfata), þannig að unnt sé að ákvarða hvert þessara næringarefna í sama útdrátti.

2. **Notkunarsvið**

Þessi aðferð er eingöngu notuð fyrir áburð ef kveðið er á um það í I. viðauka að gefa skuli yfirlýsingum um innihald vatnsleysanlegs kalsíums, magnesíums, natríums og brennisteins (í formi súlfata) í áburðinum.

3. **Grundvöllur aðferðar**

Næringarefnin eru leyst upp í sjóðandi vatni.

4. **Prófefni**

Eimað vatn eða steinefnasneytt vatn af sambærilegum gæðum.

5. **Búnaður**

Rafmagnshitapla með hitastilli.

6. **Undirbúningur sýnis**

Sjá aðferð 1.

7. **Aðferð**7.1. *Prófunarsýni*

- Ef áburðurinn inniheldur engan brennistein, eða ef hann inniheldur í mesta lagi 3% af brennisteini (S), (þ.e. 7,5% SO₃) og í mesta lagi 4% af kalsíumi (Ca) (þ.e. 5,6% CaO) samtímis, eru 5 g af áburði vegin með 1 mg nákvæmni.

- b) Ef áburðurinn inniheldur meira en 3% af brennisteini (S) og meira en 4% af kalsíum (Ca), er 1 g af áburði vegið með 1 mg nákvæmni.

Sýnið er sett í 600 ml bikarglas.

7.2. *Tilreiðsla lausnar*

Um 400 ml af vatni er bætt við og lausnin soðin í hálfa klukkustund. Lausnin er látin kólna, hrært í við og við á meðan og henni allri hellt yfir í 500 ml mæliflösku. Fyllt er að markinu með vatni og þessu blandað saman.

Lausnin er síuð gegnum þurra síu í þurrt flát. Fyrstu hlutum síuvökvans er hent. Síuvökvinn skal vera alveg tær.

Ílátinu er lokað með tappa nema nota eigi lausnina strax.

Aðferð 8.4

Útdráttur á vatnsleysanlegum brennisteini ef brennisteinninn er í mismunandi formum

1. **Gildissvið**

Í þessu skjali er fastsett aðferð til að draga út vatnsleysanlegan brennistein sem er í áburði í mismunandi formi.

2. **Notkunarsvið**

Þessi aðferð er notuð fyrir áburð ef kveðið er á um það í I. viðauka að gefa skuli yfirlýsingum um innihald vatnsleysanlegs brennisteinsþróxíðs í áburðinum.

3. **Grundvöllur aðferðar**

Brennisteinninn er leystur upp í köldu vatni og síðan umbreytt í súlfat með því að oxa hann í basískum miðli með vetrnisperoxíði.

4. **Prófefni**

4.1. *Dynnt saltsýra*

Einn hluti saltsýru ($d_{20} = 1,18$ g/ml) og einn hluti af vatni.

4.2. *Natríumhýdroxíðlausn* sem inniheldur a.m.k. 30% NaOH ($d_{20} = 1,33$ g/ml)

4.3. *Vetrnisperoxíðlausn*, 30% massahlutfall

5. **Búnaður**

5.1. *Stohmanns-mæliflaska*, 500 ml

5.2. *Snúningshristari*, 30–40 snúnningar á mínútu

5.3. *Rafmagnshitapla* með hitastilli

6. **Undirbúningur sýnis**

Sjá aðferð 1.

7. **Aðferð**

7.1. *Prófunarsýni*

- a) Ef áburðurinn inniheldur í mesta lagi 3% af brennisteini (S) (þ.e. 7,5% SO₃) og í mesta lagi 4% af kalsíum (Ca) (þ.e. 5,6% CaO) samtímis, eru 5 g af áburði vegin með 1 mg nákvæmni.

- b) Ef áburðurinn inniheldur meira en 3% af brennisteini (S) og meira en 4% af kalsíum (Ca), er 1 g af áburði vegið með 1 mg nákvæmni.

Sýnið er sett í 500 ml flösku (5.1).

7.2. *Tilreiðsla lausnar*

Um 400 ml af vatni er bætt við. Flöskunni er lokað með tappa. Þá er sýnið hrist (5.2) í 30 mínútur. Fyllt er að markinu með vatni og þessu blandað saman. Síð er gegnum þurra síu í þurrt flát. Ílátinu er lokað með tappa nema nota eigi lausnina strax.

7.3. *Oxun deiliskammts sem greina á*

Tekinn er deiliskammtur af útdráttarlausninni sem er ekki stærri en 50 ml og inniheldur helst 20–100 mg af brennisteini (S).

Fyllt er að 50 ml með vatni ef þörf krefur. Bætt er við 3 ml af natrúmhýdroxiðlausn (4.2) og 2 ml af vetrnisperoxiðlausn (4.3). Lokað er með úrgleri og soðið við vægan hita í eina klukkustund á hitaplötu (5.3). Haldið er áfram að bæta við vetrnisperoxiðlausn í 1 ml skömmum svo lengi sem efnahvörfin halda áfram (að hámarki 5 ml).

Síðan er lausnin látin kólna. Úrglerið er tekið burt og skolað af því neðanverðu ofan í bikarglassið. Bætt er við u.p.b. 20 ml af þynntri saltsýru (4.1). Fyllt er að um 300 ml með vatni.

Innihald súlfata er ákvarðað í allri oxuðu lausninni í samræmi við aðferð 8.9.

Aðferð 8.5

Útdráttur og ákvörðun á brennisteini í formi frumefnis**Viðvörun**

Greiningaraðferðin felur í sér notkun koldísúlfíðs (CS_2). Því verður að grípa til sérstakra varúðarráðstafana, einkum að því er varðar:

- geymslu á CS_2 ,
- hlífðarbúnað fyrir starfsfólk,
- hollustuhætti á vinnustað,
- bruna- og sprengivarnir,
- förgun prófefnisins.

Aðferðin krefst mjög fær starfsfólks og rannsóknarstofu með viðeigandi búnaði.

1. Gildissvið

Hér er fastsett aðferð til að draga út og ákvarða brennistein í formi frumefnis í áburði.

2. Notkunarsvið

Þessi aðferð er notuð fyrir EB-áburð ef kveðið er á um það í I. viðauka að gefa skuli yfirlýsingum um heildarbrennistein í formi frumefnis í áburðinum.

3. Grundvöllur aðferðar

Þegar leysanleg efnasambönd hafa verið fjarlægð er brennisteinn á frumefnaformi dreginn út með koldísúlfíði og brennisteinninn, sem dreginn var út, síðan ákvarðaður með þyngdarmælingu.

4. Prófefni

Koldísúlfíð.

5. Búnaður

- 5.1. Útdráttarflaska, 100 ml, með slípuðum glertappa
- 5.2. Soxhlet-búnaður með viðeigandi síuhlutum
- 5.3. Hverfieimir við undirþrýsting
- 5.4. Rafmagnshitaskápur, með viftu, stilltur á 90 (± 2) °C

5.5. Ræktunarskálar úr postulíni, 5–7 cm í þvermál og ekki dýpri en 5 cm

5.6. Rafmagnshitapla með hitastilli

6. Undirbúningur sýnis

Sjá aðferð 1.

7. Aðferð

7.1. Prófunarsýni

5–10 g af sýninu eru vegin með 1 mg nákvæmni og sett í útdráttarsokk Soxhlet-búnaðarins (5.2).

7.2. Útdráttur á brennisteini

Innihald útdráttarsokksins er þvegið vandlega með heitu vatni til að fjarlægja öll leysanleg efnasambönd. Þurrkað í hitaskáp við 90 °C (5.4) í a.m.k. eina klukkustund. Þá er sokkurinn settur í Soxhlet-búnaðinn (5.2).

Nokkrar glerkúlur eru settar í flösku búnaðarins (5.1), hún vegin (P_0) og 50 ml af koldísúlfíði (4.1) bætt við.

Búnaðurinn er tengdur og brennisteinn í formi frumefnis dreginn út í 6 klukkustundir. Þá er slökkt á hitanum og þegar flaskan er kólnuð er hún tekin úr búnaðinum. Flaskan er tengd við hverfieiminn (5.3) og uppgufun er stöðvuð þegar innihald flöskunnar er orðið að svampkenndum massa.

Flaskan er þurrkuð í hitaskáp við 90 °C (5.4) (venjulega er ein klukkustund lágmark) þar til stöðugum massa hefur verið náð (P_1).

7.3. Hreinleiki útdregins brennisteins á frumefnaformi ákvarðaður

Tiltekin efni kunna að hafa verið dregin út með koldísúlfíðinu um leið og brennisteinninn í formi frumefnis. Hreinleiki brennisteins á frumefnaformi er ákvarðaður á eftirfarandi hátt:

þegar innihaldi flöskunnar hefur verið blandað eins vel saman og unnt er eru tekin 2–3 g af efninu og þau vegin eru með 1 mg (n) nákvæmni. Efnið er sett í ræktunarskálina (5.5). Skálin er vegin ásamt innihaldi hennar (P_2). Skálin er sett á hitaplötuna (5.6) sem er stillt þannig að hitinn fari ekki yfir 220 °C til að brennisteinninn brenni ekki. Þurrugfun er haldið áfram í 3–4 klukkustundir þar til massinn er orðinn stöðugur (P_3).

Athug asemð

Fyrir sumar tegundir áburðar er ekki nauðsynlegt að ákvarða hreinleika brennisteins. Í slíkum tilvikum er lið 7.2 slept.

8. Framsetning niðurstaðna

Hundraðshlut brennisteins (S) í frumefnaformi í áburðinum er:

$$\text{Óhreinn S (\%)} \text{ í áburðinum} = \frac{P_1 - P_0}{m} \times 100$$

$$\text{Hreinleiki útdregins brennisteins (\%)} = \frac{P_2 - P_1}{n} \times 100$$

$$\text{Hreinn S (\%)} \text{ í áburðinum} = \frac{(P_1 - P_0)(P_2 - P_3)}{m \times n} \times 100$$

Þar sem:

m = massi áburðarsýnisins, í grómmum,

P_0 = massi Soxhlet-flöskunnar, í grómmum,

P_1 = massi Soxhlet-flöskunnar og óhreina brennisteinsins eftir þurrkun,

n = massi óhreina brennisteinsins, sem að hreinsa, í grómmum,

P_2 = massi ræktunarskálarinnar,

P_3 = massi ræktunarskálarinnar, í grómmum, eftir þurrugfun brennisteinsins.

Aðferð 8.6

Ákvörðun með kalíumpermanganati á útdregnu kalsíumi sem hefur verið fellt út sem oxalat

1. Gildissvið

Í þessu skjali er fastsett aðferð til að ákvarða kalsíum í útdrátti úr áburði.

2. Notkunarsvið

Aðferðin er notuð fyrir EB-áburð þegar kveðið er á um það í I. viðauka að gefa skuli upp heildarinnihald og/eða vatnsleysanlegt innihald kalsíums í áburðinum.

3. Grundvöllur aðferðar

Útfelling kalsíums í formi oxalats í deiliskammti af útdráttarlausninni, ákvarðað með titrun með kalíumpermanganati.

4. Prófefni

4.1. *Pynnt saltsýra*

Einn hluti saltsýru ($d_{20} = 1,18$ g/ml) og einn hluti af vatni.

4.2. *Brennisteinssýra, pynnt í hlutfallinu 1:10*

Einn hluti brennisteinssýru ($d_{20} = 1,84$ g/ml) í tíu hlutum af vatni

4.3. *Ammoníakslausn, pynnt í hlutfallinu 1:1*

Einn hluti ammoníaks ($d_{20} = 0,88$ g/ml) og einn hluti af vatni.

4.4. Mettuð ammoníumoxalatlausn $[(\text{NH}_4)_2\text{C}_2\text{O}_4 \cdot \text{H}_2\text{O}]$ við stofuhita (um 40 grömm á lítra)

4.5. Sítrónusýrulausn, 30% (massi miðað við rúmmál)

4.6. Ammoníumklóríðlausn, 5% (massi miðað við rúmmál)

4.7. 95% lausn af brómþýmólbláma í etanóli, 0,1% (massi miðað við rúmmál)

4.8. 95% lausn af brómkresólgrænu í etanóli, 0,04% (massi miðað við rúmmál)

4.9. Staðallausn kalíumpermanganats, 0,02 mól/l

5. Búnaður

5.1. Síudeigla úr hertu gleri, opstærð 5–20 μ

5.2. Heitt vatnsbað

6. Tilreiðsla deiliskammts til greiningar

Deiliskammtur af útdráttarlausninni, sem tilreiddur er með aðferð 8.1 eða 8.3 og inniheldur 15–50 mg af Ca (= 21–70 mg CaO), er tekinn með rennipípu. Rúmmál skammtsins er táknað með v_2 . Skammtinum er hellt í 400 ml bikarglas. Skammturinn er hlutleystur (litvísir (4.7), skiptir úr grænu yfir í blátt) ef þörf krefur með nokkrum dropum af ammoníakslausn (4.3).

1 ml af sítrónusýru (4.5) er bætt við og 5 ml af ammoníumklóríðlausn (4.6).

7. Útfelling kalsíumoxalats

Um 100 ml af vatni er bætt við. Hitað er að suðu og bætt út í 8–10 dropum af litvísilausn (4.8) og síðan varlega 50 ml af heitri ammoníumoxalatlausn (4.4). Ef botnfall myndast er það leyst upp með því að bæta við nokkrum dropum af saltsýru (4.1). Lausnir er hlutleyst ofurhægt með ammoníakslausninni (4.3), um leið og hrært er stöðugt í, þar til sýrustiginu 4,4–4,6 er náð (litvísir (4.8) skiptir úr grænu yfir í blátt). Bikarglassið er sett í sjóðandi vatnsbað (5.2) í um hálfu klukkustund.

Bikarglassið er tekið úr vatnsbaðinu, látið kólna í eina klukkustund og innihaldið síðað í deigluna (5.1).

8. Títrun útfellds oxalats

Bikarglaðið og deiglan eru þegin þar til umframmagn ammoníumoxalats hefur verið algjörlega fjarlægt (unnt er að sannprófa það með því að sýna að ekki er lengur klóríð í þvottavatnini). Deiglan er sett í 400 ml bikarglas og botnfallið leyst upp með 50 ml af heitri brennisteinssýru (4.2). Vatni er bætt við í bikarglaðið þar til rúmmálið er um 100 ml. Hitað upp í 70–80 °C og títrað í dropatali með permanganatlausn (4.9) þar til bleiki liturinn helst í eina mínumtu. Þetta rúmmál er táknað með n.

9. Framsetning niðurstaðna

Innihald kalsíums (Ca) í áburðinum er:

$$\text{Ca (\%)} = n \times 0,2004 \times \frac{t}{0,02} \times \frac{v_1}{v_2 \times m}$$

þar sem

n = fjöldi millflítra sem eru notaðir af permanganati,

m = massi prófunarsýnisins í grömmum,

v₂ = rúmmál deiliskammtsins í millflítrum,

v₁ = rúmmál útdráttarlausnarinnar í millflítrum,

t = styrkur permanganatlausnarinnar í mólum á lítra.

$$\text{CaO (\%)} = \text{Ca (\%)} \times 1,400$$

Aðferð 8.7

Ákvörðun á magnesíumi með frumeindagleypnimælingu

1. Gildissvið

Í þessu skjali er fastsett aðferð til að ákvarða magnesíum í útdrætti úr áburði.

2. Notkunarsvið

Þessi aðferð er notuð fyrir útdrátt, sem fenginn er með aðferðum 8.1 og 8.3, úr EB-áburði ef þess er krafist að gefin sé yfirlýsing um heildarinnihald og/eða vatnsleysanlegt innihald magnesíums í áburðinum, að undanskildum eftirfarandi tegundum áburðar sem skráðar eru í I. viðauka D varðandi aukanæringarefní:

- tegund 4 (kíserít),
- tegund 5 (magnesíumsúlfat) og tegund 5.1 (magnesíumsúlfatlausn),
- og að undanskildum eftirfarandi tegundum áburðar sem skráðar eru í lið A.3 í I. viðauka varðandi kalíáburð:
- tegund 7 (kíserít ásamt kalíumsúlfati)
- sem aðferð 8.8 er notuð fyrir.

Aðferð sú sem lýst er hér á eftir er notuð fyrir allan útdrátt úr áburði sem inniheldur frumefni í þeim mæli að truflað geti flókagreininguna sem beitt er við ákvörðun á magnesíumi.

3. Grundvöllur aðferðar

Ákvörðun á magnesíumi með frumeindagleypnimælingu eftir að útdrátturinn hefur verið þynntur hæfilega.

4. Prófefni

4.1. Saltsýra, 1 mó/l lausn

4.2. Saltsýra, 0,5 mó/l lausn

4.3. *Staðallausn magnesíums, 1,00 mg/ml*

4.3.1. 1,013 g af magnesíumsúlfati ($MgSO_4 \cdot 7H_2O$) eru leyst upp í 0,5 mól/l saltsýrulausn,

4.3.2. vegin eru 1,658 grómm af magnesíumoxiði (MgO) sem hafa áður verið glædd til að fjarlægja merki um kolsýrumettun. Efnið er sett í bikarglas ásamt 100 ml af vatni og 120 ml af 1 mól/l saltsýru (4.1). Þegar það er leyst upp er öllu hellt yfir í 1 000 ml mæliflösku. Fyllt er að markinu með vatni og þessu blandað saman.

eða

4.3.3. staðallausn sem er á markaðnum.

Rannsóknarstofan ber ábyrgð á prófun slíkra lausna.

4.4. *Strontíumklóríðlausn*

75 grómm af strontíumklóríði ($SrCl_2 \cdot 6H_2O$) eru leyst upp í saltsýrulausn (4.2) og fyllt að 500 ml með sömu sýrulausninni.

5. **Búnaður**

Litrófsmælir fyrir frumeindagleypnimælingar með magnesíumlampa, stilltur á 285,2 nm.

Búnaður til mælinga við gasloga (asetýlen og loft).

6. **Undirbúningur sýnis**

Sjá aðferðir 8.1 og 8.3.

7. **Aðferð**

7.1. Sé uppgefið innihald magnesíums (Mg) í áburði meira en 6% (= 10% MgO) eru teknir 25 ml (V_1) af útdráttarlausninni (6). Þeir eru færðir yfir í 100 ml mæliflösku, fyllt er að markinu með vatni og þessu blandað saman. Pynningarstuðullinn er $D_1 = 100/V_1$.

7.2. Með rennipípu eru mældir 10 ml af útdráttarlausninni (6) eða lausninni (7.1). Þeir eru settir í 200 ml mæliflösku. Fyllt er að markinu með 0,5 mól/l saltsýrulausn (4.2) og þessu blandað saman. Pynningarstuðullinn er 200/10.

7.3. Þessi lausn (7.2.) er þynnt með 0,5 mól/l saltsýrulausn (4.2) til að fá styrkleika á kjörsviði litrófsmælisins (5.1). V_2 er rúmmál sýnisins í 100 ml. Pynningarstuðullinn er $D_2 = 100/V_2$.

Lokalausnin skal innihalda 10% (rúmmálshlutfall) af strontíumklóríðlausninni (4.4).

7.4. *Tilreiðsla núlllausnar*

Núlllausnin fæst með því að endurtaka allt ferlið frá útdrátti (aðferð 8.1 eða 8.3) þannig að áburðarsýnini einu sé sleppt.

7.5. *Tilreiðsla kvörðunarlausna*

Með því að þynna staðallausnina (4.3) með 0,5 mól/l saltsýrulausninni eru tilreiddar a.m.k. fimm kvörðunarlausnir með síauknum styrkleika innan ákjósanlegs mælisviðs búnaðarins (5.1).

Þessar lausnir skulu innihalda 10% (rúmmálshlutfall) af strontíumklóríðlausninni (4.4).

7.6. *Mæling*

Litrófsmælirinn (5.1) er stilltur á bylgjulengd 285,2 nm.

Úðað er með kvörðunarlausnunum (7.5), sýnislausninni (7.3) og núlllausninni (7.4), hverri á eftir annarri, og tækið skolað eftir hverja úðun með lausninni sem á að mæla næst. Þetta er endurtekið þrisvar sinnum. Teiknaður er kvörðunarferill þar sem lóðhnitin eru meðalgleypni hvarrar kvörðunarlausnar (7.5) og láhnitin samsvarandi styrkleiki magnesíums í $\mu\text{g}/\text{ml}$. Styrkur magnesíums er ákvárdætur í sýninu (7.3), X_s og í núlllausninni (7.4), X_b , út frá kvörðunarferlinum.

8. Framsetning niðurstaðna

Magn magnesíums (Mg) eða magnesíumoxíðs (MgO) í sýninu er reiknað út frá kvörðunarlausnunum og með hliðsjón af núllprófuninni.

Hundraðshluti magnesíuminnihalds (Mg) í áburðinum jafngildir:

$$\text{Mg (\%)} = \frac{(X_s - X_b) D_1(200/10) D_2 500,100}{1000 \cdot 1000 M}$$

þar sem

X_s = styrkur greiningarlausnarinnar, lesinn af kvörðunarferlinum, í $\mu\text{g}/\text{ml}$,

X_b = styrkur núlllausnarinnar, lesinn af kvörðunarferlinum, í $\mu\text{g}/\text{ml}$,

D_1 = þynningarstuðullinn þegar lausnin er þynnt (7.1).

— Hann er 4 ef teknir eru 25 ml.

— Hann er 1 ef lausnin er óþynnt.

— D_2 = þynningarstuðullinn er 7.3.

— M = massi sýnisins við útdrátt.

— $\text{MgO (\%)} = \text{Mg (\%)} / 0,6$

Aðferð 8.8

Ákvörðun á magnesíumi með flókagreiningu (complexometry)

1. Gildissvið

Í þessu skjali er fastsett aðferð til að ákvarða magnesíum í útdrátti úr áburði.

2. Notkunarsvið

Aðferðin er notuð fyrir útdrátt úr eftirfarandi EB-áburði þegar kveðið er á um að ákvarða skuli heildarmagnesíum og/eða innihald vatnsleysanlegs magnesíums í áburðinum:

— áburð sem skráður er í I. viðauka: eingildur köfnunarefnisáburður af tegund nr. 1b + 1c (kalsíummagnesíumnítrat), tegund nr. 7 (magnesíumsúlfónítrat), tegund nr. 8 (köfnunarefnisáburður með magnesíum) og eingildur kalíaburður af tegund nr. 2 (auðgað kaínít), tegund nr. 4 (kalíumklóríð með magnesíum), tegund nr. 6 (kalíumsúlfat með magnesíumsalti),

— áburð sem skráður er í I. viðauka D varðandi aukanæringarefni.

3. Grundvöllur aðferðar

Magnesíumið er leyst upp með aðferð 8.1 og/eða 8.3. Fyrst er Ca og Mg titrað með EDTA og eríókrómsvörtu-T. Því næst er Ca titrað með EDTA ásamt kalsíni eða kalkonkolsýru. Magnesíum er ákvarðað út frá mismuninum.

4. Prófefni

4.1. Stöðluð 0,05 mol/l magnesíumlausn:

4.1.1. 1,232 g af magnesíumsúlfati ($\text{MgSO}_4 \cdot 7\text{H}_2\text{O}$) eru leyst upp í 0,5 mol/l saltsýru (4.11) og fyllt að 100 ml með sömu sýru

eða

4.1.2. 2,016 grómm af magnesíumoxíði, sem hafa áður verið glædd til að fjarlægja öll merki um kolsýrumettun, eru vegin. Efnið er sett í bikarglas með 100 ml af vatni.

Um 120 ml af 1 mol/l saltsýru (4.12) er hrært saman við.

Þegar efnið hefur verið leyst upp er öll lausnin færð yfir í 1 000 ml mæliflösku. Fyllt er að markinu og þessu blandað saman.

1 ml af þessari lausn á að innihalda 1,216 mg Mg (= 2,016 mg MgO).

Rannsóknarstofunni er skylt að prófa styrk þessarar staðallausnar.

4.2. *0,05 mól/l EDTA-lausn*

18,61 g af tvínátríumetylendíamíntetraediksýrudíhýdrati ($C_{10}H_{14}N_2Na_2O_8 \cdot 2H_2O$) eru vegin og sett í 1 000 ml bikarglas og leyst upp í 600–800 ml af vatni. Öll lausnin er færð yfir í 1 000 ml flösku. Fyllt er að markinu og þessu blandað saman. Lausn þessi er prófuð með staðallausninni (4.1) með því að tekið er 20 ml sýni af síðarnefndu lausninni og titrað í samræmi við greiningarferilinn sem lýst er í (7.2).

1 ml af EDTA-lausninni á að svara til 1,216 mg af Mg (= 2,016 mg MgO) og til 2,004 mg Ca (= 2,804 mg CaO) (sjá athugasemdir 10.1 og 10.6)

4.3. *0,05 mól/l kalsíumstaðallausn*

5,004 g af þurru kalsíumkarbónati eru vegin. Efnið er sett í bikarglas með 100 ml af vatni. 120 ml af u.þ.b. 1 mól/l saltsýru (4.12) er bætt við í smáskómmum um leið og hrært er í.

Lausnin er soðin til að fjarlægja koltvíssýring, kæld, flutt öll yfir í eins lítra flösku, fyllt að markinu með vatni og þessu blandað saman. Prófað er hvort lausnin samsvari EDTA-lausninni (4.2) með greiningaraðferð 7.3. Einn ml af þessari lausn skal innihalda 2,004 mg Ca (= 2,804 mg CaO) og svara til 1 ml af 0,05 mól/l EDTA-lausn (4.2).

4.4. *Kalsínlitvísir*

1 g af kalsíni er blandað varlega saman við 100 g af natrúumklóríði í mortéli. 10 mg af þessari blöndu eru notuð. Litvísirinn breytir um lit frá grænu yfir í appelsínugult. Halda verður titrun áfram þar til fram kemur appelsínugulur litur án grænna blæbrigða.

4.5. *Kalkonkolsýrulitvísir*

400 ml af kalkonkolsýru eru leystir upp í 100 ml af metanolí. Þessi lausn geymist aðeins í um fjórar vikur. Notaðir eru þrír dropar af lausninni. Litvísirinn breytir um lit frá rauðu yfir í blátt. Halda verður titrun áfram þar til fram kemur blár litur án rauðra blæbrigða.

4.6. *Eríókrómsvartur-T-litvísir*

300 mg af eríókrómsvörtu-T eru leystir upp í blöndu af 25 ml af própanóli-1 og 15 ml af þríetanólamíni. Þessi lausn geymist aðeins í um fjórar vikur. Notaðir eru 3 dropar af lausninni. Þessi litvísir breytir um lit frá rauðu yfir í blátt og halda verður titrun áfram þar til fram kemur blár litur án rauðra litbrigða. Hann breytir aðeins um lit ef magnesíum er í lausninni. Ef þörf krefur er bætt við 1 ml af staðallausninni (4.1).

Ef bæði kalsíum og magnesíum eru í lausninni myndar EDTA fyrst flóka með kalsíumi og því næst með magnesiúmi. Í því tilviki eru frumefnin tvö ákvörðuð saman.

4.7. *Kalíumsýaníðlausn*

2% KCN í vatnslausn. (Ekki má sjúga upp í mælipípu með munnum; sjá athugasemd 10.7).

4.8. *Kalíumhýdroxíð- og kalíumsýaníðlausn*

280 g af KOH og 66 g af KCN eru leystir upp í vatni, fyllt að einum lítra og þessu blandað saman.

4.9. *Jafnalausn með pH-gildi = 10,5*

33 g af ammoníumklóríði eru leystir upp í 200 ml af vatni í 500 ml mæliflösku, 250 ml af ammoníaki ($d_{20} = 0,91$ g/ml) er bætt við, fyllt að markinu með vatni og þessu blandað saman. Sýrustig lausnarinnar skal athugað reglulega.

4.10. *Þynnt saltsýra: einn hluti saltsýra ($d_{20} = 1,18$ g/ml) og einn hluti vatns.*

4.11. *Saltsýrulausn, um 0,5 mól/l.*

4.12. *Saltsýrulausn, um 1 mól/l.*

4.13. *Natríumhýdroxíðlausn, 5 mól/l.*

5. Búnaður

- 5.1. Segulhræribúnaður eða vélrænn hræribúnaður.
- 5.2. Sýrustigsmælir.

6. Samanburðarprófun

Ákvörðun er gerð á deiliskömmum lausna (4.1 og 4.3) þannig að hlutfall Ca/Mg sé u.p.b. það sama og í greiningarlausninni. Í þessu skyni eru teknir (a) ml af Mg-staðallausninni (4.3) og (b-a) ml af staðallausninni (4.1) Bókstafirnir (a) og (b) tákna fjölda ml af EDTA-lausn sem notaður er í titranirnar tvær við greiningu sýnisins. Pessi aðferð á því aðeins við að staðallausnir EDTA, kalsíums og magnesíums séu nákvæmlega jafngildar. Að öðrum kosti skal leiðréttá viðeigandi hátt.

7. Tilreiðsla lausnar til greiningar

Sjá aðferð 8.1 og 8.3.

8. Ákvörðun

8.1. Deiliskammtar sem taka skal

Deiliskammturinn skal innihalda 9–18 mg af magnesíum (= 15–30 mg MgO) ef þess er nokkur kostur.

8.2. Títrun með eríókrómsvörtu-T.

Deiliskammtur (8.1) af greiningarlausninni er færður með rennipípu yfir í 400 ml bikarglas. Umframmagn sýru er hlutleyst með 5 mól/l natríumhýdroxiðlausn (4.12) og mælt með sýrustigsmæli. Þynnt er með vatni að u.p.b. 100 ml. Því næst er 5 ml af jafnalausninni (4.9) bætt við. Gildið á sýrustigsmælinum skal vera $10,5 \pm 0,1$. 2 ml af kalíumsýaniðlausn (4.7) og 3 dropum af eríókrómsvörtum-T litvísí (4.6) er bætt við. Títrað er með EDTA-lausninni (4.2). Hrært er rólega í á meðan með hræribúnaðinum (5.1) (sjá athugasemdir 10.2, 10.3 og 10.4). „b“ er látið tákna fjölda ml af 0,05 mól/l EDTA-lausn.

8.3. Títrað er með kalsíni eða kalkonkolsýru.

Deiliskammtur af greiningarlausninni, sem svarar til þess sem tekinn var fyrir framangreinda tírun, er fluttur með rennipípu yfir í 400 ml bikarglas. Umframmagn sýru er hlutleyst með 5 mól/l natríumhýdroxiðlausn (4.13) og mælt með sýrustigsmæli. Þynnt er með vatni að u.p.b. 100 ml. 10 ml af KOH/KCN-lausninni (4.8) er bætt við ásamt litvísínum (4.4 eða 4.5). Títrað er með EDTA-lausn (4.2) og hrært rólega í á meðan með hræribúnaðinum (5.1) (sjá athugasemdir 10.2, 10.3 og 10.4). „a“ er látið tákna fjölda ml af 0,05 mól/l EDTA-lausn.

9. Framsetning niðurstaðna

Þær tegundir EB-áburðar, sem aðferðin er notuð fyrir (5 g áburðar í hverjum 500 ml af útdrætti), innihalda í hundraðshlutum:

$$\text{MgO (\%)} \text{ í áburðinum} = \frac{(b - a) \times T}{M}$$

$$\frac{(b - a) \times T'}{M} \text{ Mg (\%)} \text{ í áburðinum} = \frac{(b - a) \times T'}{M} \text{ þar sem:}$$

a = fjöldi ml af 0,05 mól/l EDTA-lausninni sem notaður er við titrun með kalsíni eða kalkonkolsýru,

b = fjöldi ml af 0,05 mól/l EDTA-lausninni sem notaður er við titrun með eríókrómsvörtu-T,

M = massi sýnisins, í g, í deiliskammtinum sem tekinn var sem sýni,

T = $0,2016 \times \text{mól/l af EDTA lausn}/0,05$ (sjá 4.2),

T' = $0,1216 \times \text{mól/l af EDTA lausn}/0,05$ (sjá 4.2).

10. Athugasemdir

- 10.1. Efnahlutfallið milli EDTA og málms í flókagreiningum er alltaf 1:1, óháð gildi málmsins og þrátt fyrir að EDTA sé fjórgilt. EDTA-títrunarlausnir og staðallausnir mælast því í mólstyrk en ekki í normalstyrk.
- 10.2. Litvísar, sem eru notaðir í flókagreiningum, eru oft viðkvæmir fyrir áhrifum lofts. Litur lausnarinnar kann að dofna við titrun. Í slíkum tilvikum verður að bæta við 1–2 dropum af litvísí. Þetta á einkum við um eríókrómsvart og kalkonkolsýru.
- 10.3. Málmlitvisaflókarnir eru oft tiltölulega stöðugir og litarbreytingin getur því tekið nokkra stund. Því verður að bæta síðustu EDTA-dropunum við mjög hægt og bæta við dropa af 0,05 mól/l magnesíumlausn (4.1) eða kalsíumlausn (4.3) til að tryggja að litarbreyting hafi ekki þegar átt sér stað. Þetta á einkum við um eríókróm-magnesíum-flókann.
- 10.4. Ekki skal fylgjast með breytingu litvísis lóðrétt heldur lárétt í lausninni og bikarglassið verður að vera á hvítum grunni og í góðri birtu. Auðvelt er að fylgjast með breytingu litvísis með því að setja bikarglassið á matt gler sem er lýst neðan frá með mildu ljósi (25 vatta pera).
- 10.5. Þessi greining krefst nokkurrar reynslu. Verkefnið felst m.a. í því að fylgjast með litarbreytingum í staðallausnum 4.1 og 4.3. Mælt er með því að sami efnaræðingurinn á rannsóknarstofunni sé láttinn framkvæma allar ákvárdanirnar.
- 10.6. Ef notuð er EDTA-lausn með öruggum styrkleika (t.d. Titrisol, Normex) auðveldar það sannprófun á jafngildi staðallausna 4.1, 4.2 og 4.3.
- 10.7. Ekki má hella lausnum, sem innihalda kalíumsýnið, í vaskinn fyrr en sýanfðinu hefur verið breytt í skaðlaust efnasamband, t.d. með því að oxa það með natríumhýpóklóríti eftir að það hefur verið gert basískt.

Aðferð 8.9

Ákvörðun á súlfotum

1. Gildissvið

Í þessu skjali er fastsett aðferð til að ákvárdan brennistein í formi súlfata í útdrátti úr áburði.

2. Notkunarsvið

Þessi aðferð er notuð við ákvörðun á súlfotum sem fengust með útdrátti með aðferðum 8.1, 8.2, 8.3 og 8.4.

3. Grundvöllur aðferðar

Ákvörðun með þyngdarmælingu á súlfati sem fellt er út sem baríumsúlfat.

4. Prófefni

4.1. Þynnt saltsýra

Einn hluti saltsýru ($d_{20} = 1,18 \text{ g/ml}$) og einn hluti af vatni.

4.2. Baríumklóríðlausn, $\text{BaCl}_2 \cdot 2\text{H}_2\text{O}$: 122 g/l

4.3. Silfurnítratlauasn: 5 g/l

5. Búnaður

5.1. Postulínsdeiglur

5.2. Heitt vatnsbað

5.3. Hitaskápur, stilltur á $105 (\pm 1)^\circ\text{C}$

5.4. Rafmagnsofn, stilltur á $800 (\pm 50)^\circ\text{C}$

6. Aðferð

6.1. Taka sýna úr lausninni

Deiliskammtur, sem inniheldur 20–100 mg af S eða 50–250 mg af SO₃, er tekinn með rennipípu úr einni af útdráttarlausnunum sem vísað er til f 2. lið.

Deiliskammturinn er settur í bikarglas af hentugri stærð. 20 ml af þynntri saltsýru (4.1) er bætt við. Fyllt er að u.p.b. 300 ml með vatni.

6.2. Botnfelling

Suðan er látin koma upp í lausninni. 20 ml af baríumklóríðlausninni (4.2) er bætt við í dropatali um leið og hrært er kröftuglega í bikarglasinu. Lausnin er látin sjóða í nokkrar mínnútur.

Glasinu er lokað með úrgleri og það sett í sjóðandi vatnsbað (5.2) í klukkustund. Því næst er heitur vökvinn (u.p.b. 60 °C) látinna standa þar vökvinn yfir botnfallinu er orðinn tær. Tærri lausninni er hellt af og síuð rólega í gegnum öskufría síu. Botnfallið er skolað nokkrum sinnum með heitu vatni. Haldið er áfram að skola botnfallið í síunni þar til engin klóríð greinast í síuvökvanum. Þetta er unnt að prófa með silfurnítratlausninni (4.3).

6.3. Botnfallið brennt og vegið

Sían með botnfallinu er sett í postulínsdeiglu (5.1) sem hefur áður verið vegin með 0,1 mg nákvæmni. Þetta er þurrkað í hitaskápnum (5.3) og askað í hálftíma við u.p.b. 800 °C (5.4). Því næst er kælt í þurrkara og vegið með 0,1 mg nákvæmni.

7. Framsetning niðurstaðna

Eitt mg af baríumsúlfati samsvarar 0,137 mg af S eða 0,343 mg af SO₃.

Brennisteinsinnihald áburðarins í hundraðshlutum er:

$$S (\%) = w \times 0,0137 \times \frac{v_1}{v_2 \times m}$$

$$SO_3(\%) = S (\%) \times 2,5$$

þar sem:

w = massi baríumsúlfatbotnfallins í mg,

v₁ = rúmmál útdráttarlausnarinnar í ml,

v₂ = rúmmál deiliskammtsins í ml,

m = massi prófunarsýnisins í grómmum.

Aðferð 8.10

Ákvörðun á útdregnu natríumi

1. Gildissvið

Í þessu skjali er fastsett aðferð til að ákvarða natríum í útdrátti úr áburði.

2. Notkunarsvið

Þessi aðferð er notuð fyrir EB-áburð ef kveðið er á um það í I. viðauka að skylt sé að gefa yfirlýsingum um natríuminnihald í áburðinum.

3. Grundvöllur aðferðar

Þegar útdrátturinn, sem fékkst með því að beita aðferðum 8.1 og/eða 8.3, hefur verið þynntur á viðeigandi hátt er natriúminnihald lausnarinnar ákvarðað með logalitrófsmælingu

4. Prófefni

4.1. Þynnt saltsýra

Einn hluti saltsýru til greiningar ($d_{20} = 1,18 \text{ g/ml}$) og einn hluti af vatni.

4.2. Álnítrat $\text{Al}(\text{NO}_3)_3 \cdot 9\text{H}_2\text{O}$

4.3. Sesíumklóríð, CsCl

4.4. Vatnsfrítt natriúmklóríð, NaCl

4.5. Sesíumklóríð og álnítratlausn

50 g af sesíumklóríði (4.3) og 250 g af álnítrati (4.2) eru leyst upp í vatni í 1 000 ml mæliflösku. Fyllt er að markinu með vatni og þessu blandað saman.

4.6. Staðallausn natriúms sem inniheldur 1 mg/ml Na

2,542 g af natriúmklóríði (4.4) eru leyst upp í vatni í 1 000 ml mæliflösku. Bætt er við 10 ml af saltsýru (4.1). Fyllt er að markinu með vatni og þessu blandað saman.

5. Búnaður

Litrófsmælir fyrir logamælingar er stilltur á 589,3 nm.

6. Kvörðunarlausnir

6.1. 10 ml af staðallausn (4.6) eru settir í 250 ml mæliflösku. Fyllt er að markinu og þessu blandað saman. Styrkur lausnar: 40 $\mu\text{g}/\text{ml}$ af Na

6.2. 0, 5, 10, 15, 20 og 25 ml af millialusn (6.1) eru settir í 100 ml mæliflöskur. Bætt er við 10 ml af lausninni (4.5). Fyllt er að markinu og lausnumunum blandað saman. Styrkur lausna: 0, 2, 4, 6, 8 og 10 $\mu\text{g}/\text{ml}$ af Na

7. Tilreiðsla lausna sem á að mæla

Þynnt er í samræmi við eftirfarandi töflu og með hliðsjón af ráðgerðu natriúminnihaldi í útdráttarlausninni eins og í aðferð 8.1 eða 8.3 (5 g áburðar í 500 ml):

$\text{Na}_2\text{O} (\%)$	Na (%)	Millipynning		Lokaþynning		þynningar-margfeldi
		Sýni (ml) (v_2)	Fjöldi ml eftir þynningu (v_3)	Sýni (ml) (v_4)	Fjöldi ml eftir þynningu	
3–5	2,2–3,7	10	50	10	100	50
5–10	3,7–7,4	10	100	10	100	100
10–20	7,4–15	10	100	5	100	200
20–38	15–28	5	100	5	100	400

Millipynningin er gerð með vatni. Lokaþynning fæst með því að 10 ml af lausninni (4.5) er bætt í 100 ml mæliflöskuna.

Þegar prófunarsýnið er 1 g er rúmmál lokaþynningarinnar (v_4) margfaldað með fimm.

8. Ákvörðun

Litrófsmælirinn (5.1) er hafður til reiðu fyrir mælingar við 589,3 nm. Tækið er kvarðað með því að mæla svörum kvörðunarlausnanna (6.2). Þá er næmi tækisins stillt þannig að allt mælisviðið sé notað þegar sterkasta kvörðunarlausnir er mæld. Þá er mæld svörum sýnislausnarinnar sem greina á (7). Þetta er endurtekið þrisvar sinnum.

9. Útreikningur á niðurstöðum

Kvörðunarferillinn er teiknaður með því að nota meðalsvörun hverrar kvörðunarlausnar sem lóðhnit og samsvarandi styrkleika í $\mu\text{g}/\text{ml}$ sem láhnit. Af honum er lesinn styrkleiki natríums í profunarlausninni. Innihald natríums er reiknað út frá staðallausnum með hliðsjón af þynningunum. Niðurstöðurnar eru settar fram sem hundraðshlutar í sýninu.

Natrúminnihald (Na) áburðarins í hundraðshlutum er:

$$\text{Na (\%)} = x \cdot \frac{v_3}{v_4} \frac{v_1}{v_2} \frac{10^{-2}}{m}$$

$$\text{Na}_2\text{O (\%)} = \text{Na (\%)} \times 1,348$$

þar sem:

x = styrkur lausnarinnar, sem sett er í litrófsmælinn, í $\mu\text{g}/\text{ml}$,

v_1 = rúmmál útdráttarlausnarinnar í ml,

v_2 = rúmmál deiliskammtsins í milliþynningunni í ml,

v_3 = rúmmál milliþynningarinnar í ml,

v_4 = rúmmál deiliskammts af lokaþynningunnni í ml (í 100 ml),

m = massi profunarsýnisins í grómmum.

Aðferðir 9

Snefilefni í styrk sem er 10% eða minni

Aðferð 9.1

Útdráttur á öllum snefilefnum

1. Gildissvið

Í þessari aðferð er því lýst hvernig heildarinnihald snefilefnanna bórs, kóbalts, kopars, járns, mangans, mólýbdens og sinks er dregið út. Markmiðið er að draga þurfi sem sjaldnast út og að nota einn útdrátt, þar sem því verður við komið, til að ákvarða heildarinnihald hvers og eins af þeim snefilefnum sem eru talin upp hér að framan.

2. Notkunarsvið

Þessi aðferð er notuð fyrir EB-áburð sem fellur undir E-þátt I. viðauka og inniheldur eitt eða fleiri af snefilefnunum bór, kóbalti, kopar, járni, mangani, mólýbdeni og sinki. Hana má nota fyrir snefilefni ef uppgefið innihald þess er 10% eða minna.

3. Grundvöllur aðferðar

Uppleysing í sjóðandi, þynntri saltsýru.

Athugasemd

Útdrátturinn er reynslubundinn og e.t.v. ekki megindlegur, en það ræðst af vörunni eða öðrum efnispáttum áburðarins þetta á einkum við þegar um er að ræða tiltekin manganoxið en þá getur útdregið magn verið verulega minna en heildarinnihald mangans í vörunni. Það er á ábyrgð áburðarframleiðenda að tryggja að uppgefið innihald svari í raun til þess magns sem dregið er út við þau skilyrði sem gert er ráð fyrir í aðferðinni.

4. Prófefni

4.1. *Pynnt saltsýrulausn (HCl), u.p.b. 6 mó/l*

Einum hluta af saltsýru ($d_{20} = 1,18 \text{ g/ml}$) er blandað saman við einn hluta af vatni.

4.2. Óblönduð ammoníaklausn (NH_4OH , $d_{20} = 0,9 \text{ g/ml}$)

5. Búnaður

Rafmagnshitaplata með hitastilli.

Athugasemd

Eigi að ákvarða bórinnihald í útdrátti skal ekki nota gleríflát úr bórsilfkatí Þar sem aðferðin krefst suður er æskilegt að nota teflon eða kvars. Búnað úr gleri skal skola vandlega hafi hann verið þveginn með hreinsiefni sem inniheldur bóröt.

6. Undirbúningur sýnis

Sjá aðferð 1.

7. Aðferð

7.1. Prófunarsýni

Tekinn er skammtur af áburði sem vegur 2–10 g, allt eftir uppgefnu innihaldi frumefnisins í vörunni. Styðjast skal við eftirfarandi töflu til þess að fá út lokalausnina sem, eftir hæfilega þynningu, verður innan marka mælisviðs hverrar aðferðar. Sýnin skulu vegin með 1 mg nákvæmni.

Uppgefið innihald snefilefna í áburðinum (%)	< 0,01	0,01–< 5	≥ 5–10
Massi prófunarsýnis (g)	10	5	2
Massi frumefnis í sýninu (mg)	1	0,5–250	100–200
Rúmmál útdráttar V (ml)	250	500	500
Styrkur frumefnis í útdrátti (mg/l)	4	1–500	200–400

Sýnið er látið í 250 ml bikarglas

7.2. Tilreiðsla lausnarinnar

Sýnið er vætt ef nauðsyn krefur með örlistu vatni, síðan er varlega og í smáskómmum bætt við 10 ml af þynnri saltsýru (4.1) fyrir hvert gramm af áburði, þá er bætt við u.p.b. 50 ml af vatni. Bikarglasinu er lokað með úrgleri og þessu blandað saman. Hitað er að suðumarki á hitaplötunni og látið sjóða í 30 mínútur. Látið kólna og hrært í við og við á meðan. Öll lausnin er færð yfir í 250 eða 500 ml mæliflösku (sjá töflu). Fyllt er að markinu með vatni og þessu blandað vel saman. Lausnin er síuð í gegnum þurra síu í þurrt íslát. Fyrsta skammti er hent. Útdrátturinn skal vera alveg tær.

Mælt er með því að ákvörðun á deiliskómmum tæra síuvökvans fari fram án tafar; ef ekki skal flátunum lokað með tappa.

Athugasemd

Útdráttir þar sem ákvarða þarf bórinnihald: pH-gildi er stillt milli 4 og 6 með óblönduðu ammoníaki (4.2).

8. Ákvörðun

Hvert snefilefni skal ákvarðað með þeim deiliskómmum sem tilgreindir eru í aðferðinni fyrir viðkomandi snefilefni.

Ef nauðsyn krefur eru lífrænir klóbindlar eða bindlar fjarlægðir úr deiliskammti af útdráettinum með því að beita aðferð 9.3. Þegar um er að ræða ákvörðun með frumeindagleypnimælingu kann að reynast óþarf að fjarlægja slísk efni.

Aðferð 9.2

Útdráttur á vatnsleysanlegum snefilefnum

1. Gildissvið

Í þessari aðferð er því lýst hvernig vatnsleysanleg form snefilefnanna bórs, kóbalts, kopars, járns, mangans, mólýbdens og sinks eru dregin út. Markmiðið er að draga þurfi sem sjaldnast út og að nota einn útdrátt, þar sem því verður við komið, til að ákvarða innihald hvers og eins af þeim snefilefnum sem eru talin upp hér að framan.

2. Notkunarsvið

Þessi aðferð er notuð fyrir EB-áburð sem fellur undir I. viðauka og inniheldur eitt eða fleiri af snefilefnunum bór, kóbalti, kopar, járni, mangani, mólýbdeni og sinki. Hana má nota fyrir snefilefni ef uppgefið innihald þess er 10% eða minna.

3. Grundvöllur aðferðar

Snefilefnin eru dregin út með því að hrista áburðinn í vatni við 20 (± 2) °C.

Athugasemd

Útdrátturinn er reynslubundinn og e.t.v. ekki megindlegur.

4. Prófefni

4.1. Pynnt saltsýrulausn (HCl), u.p.b. 6 mó/l/l

Einum hluta af saltsýru ($d_{20} = 1,18$ g/ml) er blandað saman við einn hluta af vatni.

5. Búnaður

5.1. Snúningshristari, stilltur á u.p.b. 35 til 40 snúninga á mínútu.

5.2. Sýrustigmælir

Athugasemd

Eigi að ákvarða bórinnihald í útdrátti skal ekki nota glerbúnað úr bórsilíkati. Æskilegt er að nota teflon eða kvars fyrir þennan útdrátt. Glerbúnaðurinn skal skolaður vandlega hafi hann verið þveginn með hreinsiefni sem inniheldur bóröt.

6. Undirbúningur sýnis

Sjá aðferð 1.

7. Aðferð

7.1. Prófunarsýni

Tekinn er skammtur af áburði sem vegur 2–10 g, allt eftir uppgefnu innihaldi frumefnisins í vörunni. Styðjast skal við eftirfarandi töflu til þess að fá út lokalausnina sem, eftir hæfilega þynningu, verður innan marka mælisviðs hverrar aðferðar. Sýnin skulu vegin með 1 mg nákvæmni.

Uppgefið innihald snefilefna í áburðinum (%)	< 0,01	0,01–< 5	≥ 5 –10
Massi prófunarsýnis (g)	10	5	2
Massi frumefnis í sýninu (mg)	1	0,5–250	100–200
Rúmmál útdráttar V (ml)	250	500	500
Styrkur frumefnis í útdrátti (mg/l)	4	1–500	200–400

Sýnið er látið í 250 eða 500 ml flösku (samkvæmt töflunni).

7.2. *Tilreiðsla lausnarinnar*

Um 200 ml af vatni er hellt í 250 ml flöskuna eða 400 ml af vatni í 500 ml flöskuna.

Flöskunni er lokað þétt með tappa. Hún er hríst rækilega í höndunum til að dreifa sýninu og síðan sett í hristarann í 30 mínútur.

Fyllt er að markinu og þessu blandað vel saman.

7.3. *Tilreiðsla prófunarlausnarinnar*

Lausnin er síuð án tafar í hreina, þurra flösku. Flöskunni er lokað með tappa. Ákvörðunin er framkvæmd strax að sífun lokinni.

Athugasemd

Verði síuvökvinn smátt og smátt gruggugur er dregið út aftur skv. 7.1 og 7.2, í mæliflösku með rúmmálið Ve. Lausnin er síuð í kvarðaða flösku með rúmmálið W, sem áður hefur verið þurrkuð og 5,00 ml af þynntri saltsýru (4.1) hellt í. Hætt er að sía um leið og lausnin nær réttu kvarðamerki. Blandist vel saman.

Við þessi skilyrði er gildi V í framsetningu niðurstaðna:

$$V = V_e \times W / (W - 5)$$

Þynningarar í framsetningu niðurstaðna ráðast af gildinu V.

8. Ákvörðun

Hvert snefilefni skal ákvarðað með þeim deiliskömmum sem tilgreindir eru í aðferðinni fyrir hvert viðkomandi snefilefni.

Ef nauðsyn krefur eru lífrænir klóbindlar eða bindlar fjarlægðir úr deiliskammti með því að beita aðferð 9.3. Þegar um er að ræða ákvörðun með frumeindagleypnimælingu kann að reynast óþarf að fjarlægja slík efni.

Aðferð 9.3

Hreinsun lífrænna efnasambanda úr útdrátti úr áburði

1. Gildissvið

Í þessari aðferð er því lýst hvernig lífræn efnasambönd eru fjarlægð úr útdrátti úr áburði.

2. Notkunarsvið

Þessi aðferð er notuð við greiningu á áburðarsýnum, sem dregin eru út með aðferðum 9.1 og 9.2, ef þess er krafist í E-þætti I. viðauka við þessa reglugerð að gefin sé yfirlýsingum um heildarinnihald og/eða vatsnsleysanlegt innihald efna í áburðinum.

Athugasemd

Lífræn efni í litlum mæli hafa venjulega ekki áhrif á ákvarðanir sem gerðar eru með frumeindagleypnimælingu.

3. Grundvöllur aðferðar

Lífrænu efnasamböndin í deiliskammti af útdráttinum eru oxuð með vetrnisperoxíði.

4. Prófefni

4.1. *Pynnt saltsýrulausn (HCl), u.p.b. 0,5 mol/l*

Einum hluta af saltsýru ($d_{20} = 1,18$ g/ml) er blandað saman við einn hluta af vatni.

4.2. *Vetrnisperoxíðlausn (30% H₂O₂, d₂₀ = 1,11 g/ml), án snefilefna.*

5. Búnaður

Rafmagnshitapla með hitastilli.

6. Aðferð

25 ml af útdráttalausninni, sem fæst með aðferð 9.1 eða aðferð 9.2, eru teknir og settir í 100 ml bikarglas. Sé aðferð 9.2 beitt er 5 ml af þynntu saltsýrulausninni (4.1) bætt við. Þá er 5 ml af vetrnisperoxíðalausninni (4.2) bætt við. Lokað er með úrgleri. Oxun er látin eiga sér stað í eina klukkustund við stofuhita, þá hitað smátt og smátt að suðu og soðið í hálfa klukkustund. Ef nauðsyn krefur er öðrum 5 ml af vetrnisperoxíði bætt við lausnina eftir að hún hefur kólnað. Þá er soðið til að fjarlægja umframmagn af vetrnisperoxíði. Lausnin er látin kólna og hún öll færð yfir í 50 ml mæliflösku og fyllt að markinu. Síðan ef nauðsyn krefur.

Reikna skal með þessari þynningu þegar deiliskammtar eru teknir og hundraðshlut snefilefna í vörunni er reiknaður.

Aðferð 9.4

Ákvörðun á snefilefnum með frumeindagleypnimælingu í útdrátti úr áburði

(almenn aðferð)

1. Gildissvið

Í þessu skjali er fastsett almenn aðferð til að ákvarða innihald tiltekinna snefilefna í útdrátti úr áburði með frumeindagleypnimælingu.

2. Notkunarsvið

Þessi aðferð er notuð við greiningu á áburðarsýnum, sem dregin eru út með aðferðum 9.1 og 9.2, ef þess er krafist í E-þætti I. viðauka við þessa reglugerð að gefin sé yfirlýsing um heildarinnihald og/eða vatnsleysanlegt innihald efna í áburðinum.

Laga má þessa aðferð að mismunandi snefilefnum og er því lýst í þeim aðferðum sem eru sérstaklega skilgreindar fyrir hvert frumefni.

Athugasemd

Lífræn efni í litlum mæli hafa venjulega ekki áhrif á ákvarðanir sem gerðar eru með frumeindagleypnimælingu.

3. Grundvöllur aðferðar

Eftir að útdrátturinn hefur verið meðhöndlaður, þar sem nauðsyn krefur, til að minnka eða fjarlægja truflandi efni er hann þynntur þannig að styrkur hans verði á kjörsviði litrófsmælisins á bylgjulengd sem hæfir því snefilefni sem ákvarða á.

4. Prófefni

4.1. Pynnt saltsýrulausn (HCl), u.p.b. 6 mó/l

Einum hluta af saltsýru ($d_{20} = 1,18 \text{ g/ml}$) er blandað saman við einn hluta af vatni.

4.2. Pynnt saltsýrulausn (HCl), u.p.b. 0,5 mó/l

Einum hluta af saltsýru ($d_{20} = 1,18 \text{ g/ml}$) er blandað saman við 20 hluta af vatni.

4.3. Lantansaltlausnir (10 g af La í lítra)

Betta prófefni er notað til að ákvarða kóbalt, járn, mangan og sink. Það má tilreiða með tvønns konar hætti:

- með lantanoxíði sem leyst er upp í saltsýru (4.1). 11,73 g af lantanoxíði (La_2O_3) er hellt saman við 150 ml af vatni í eins lítra mæliflösku og 120 ml af 6 mó/l saltsýru (4.1) bætt við. Efnið er látið leysast upp og fyllt að einum lítra með vatni og þessu blandað vel saman. Saltsýrustyrkur þessarar lausnar er u.p.b. 0,5 mó/l,

- b) eða lausnir með lantanklóríði, lantsúlfati eða lantannítrati. 26,7 g af lantanklóríðheptahýdrati ($\text{LaCl}_3 \cdot 7\text{H}_2\text{O}$) eða 31,2 g af lantannítrathexahýdrati [$\text{La}(\text{NO}_3)_3 \cdot 6\text{H}_2\text{O}$] eða 26,2 g af lantsúlfatnónahýdrati [$\text{La}_2(\text{SO}_4)_3 \cdot 9\text{H}_2\text{O}$] eru leyst í 150 ml af vatni, síðan er 85 ml af 6 mól/l saltsýru (4.1) bætt við. Efnið er látið leysast upp og fyllt að einum lítra með vatni. Blandist vel saman. Saltsýrustyrkur þessarar lausnar er u.p.b. 0,5 mól/l.

4.4. Kvörðunarlausnir

Upplýsingar um tilreiðslu þessara lausna er að finna í þeim aðferðum sem eru tilgreindar fyrir ákvörðun hvers snefilefnis.

5. Búnaður

Litrófsmælir fyrir frumeindagleypnimælingar, búinn geislagjöfum sem senda frá sér geisla sem eru einkennandi fyrir snefilefnin sem á að ákvarða.

Sá sem annast greininguna skal fylgja leiðbeiningum framleiðandans og kunna skil á búnaðinum. Tækið skal þannig gert að koma megi við bakgrunnsleiðréttingu svo að það megi nota í öllum tilvikum (Co og Zn). Nota skal loft og asetýlen.

6. Tilreiðsla lausnar til greiningar

6.1. Tilreiðsla útdráttarlausna með snefilefnum sem á að ákvarða.

Sjá aðferð 9.1 og/eða 9.2 og, ef við á, 9.3.

6.2. Meðhöndlun prófunarlausnar

Deiliskammtur af útdráettinum, sem fæst með aðferð 9.1, 9.2 eða 9.3, er þynntur með vatni og/eða saltsýru (4.1) eða (4.2) til að fá fram, í endanlegri mælingarlausn, styrkleika frumefnisins, sem á að ákvarða, er á við það kvörðunarsvið sem er notað (7.2) og saltsýrustyrkleika á bilinu 0,5 mól/l til 2,5 mól/l. Ef til vill er nauðsynlegt að þynna á ný, einu sinni eða oftar.

Deiliskammtur (rúmmál hans er táknað með (a)) af lokalausn, sem fæst með því að þynna útdráttinn, er tekinn og hellt í 100 ml mæliflösku. Þegar ákvarða skal kóbalt, járn, mangan eða sink er 10 ml af lantansaltlausn (4.3) bætt við. Fyllt er að markinu með 0,5 mól/l saltsýrulausninni (4.2) og þessu blandað vel saman. Þetta er lokalausnin sem mæla á. Þynningarstuðullinn er D.

7. Aðferð

7.1. Tilreiðsla núlllausnar

Núlllausnin fæst með því að endurtaka allt ferlið frá útdráttarstigi þannig að einungis prófunarsýni áburðar sé slept.

7.2. Tilreiðsla kvörðunarlausna

A.m.k. fimm kvörðunarlausnir eru tilreiddar í röð í 100 ml mæliflöskum, út frá þeirri kvörðunarlausn sem unnið er með og tilreidd er samkvæmt aðferðinni sem tilgreind er fyrir sérhvert snefilefni, í vaxandi styrkleika innan kjörmælisviðs litrófsmælisins. Ef nauðsyn krefur er styrkleiki saltsýrunnar lagaður eins nákvæmlega og frekast er unnt að styrkleika þynntu prófunarlausnarnar (6.2). Þegar ákvarða á kóbalt, járn, mangan eða sink er 10 ml af sömu lantansaltlausn (4.3) og tilgreind er í 6.2 bætt við. Fyllt er að markinu með 0,5 mól/l saltsýrulausn (4.2) og þessu blandað vel saman.

7.3. Ákvörðun

Litrófsmælirinn (5) er hafður til reiðu fyrir ákvörðunina og stilltur á þá bylgjulengd sem tiltekin er samkvæmt þeirri aðferð sem hæfir viðkomandi snefilefni.

Kvörðunarlausninni (7.2), prófunarlausninni (6.2) og núllausninni (7.1) er úðað þrisvar í röð og niðurstaðan skráð hverju sinni og tækið skolað með eimuðu vatni í hvert sinn eftir að úðað hefur verið.

Kvörðunarferillinn fæst með því að setja meðaltal aflestra litrófsmælisins fyrir hverja kvörðunarlausn (7.2) á lóðhnit og samsvarandi styrkleika viðkomandi frumefnis, gefinn upp í $\mu\text{g}/\text{ml}$, á láhnit.

Styrkleiki viðkomandi snefilefnis í prófunarlausninni x_s (6.2) og núllausninni x_b (7.1) er ákvarðaður eftir þessum ferli, gefinn upp í $\mu\text{g}/\text{ml}$.

8. Framsetning niðurstaðna

Hundraðshluti snefilefnis (E) í áburðinum jafngildir:

$$E (\%) = [(x_s - x_b) \times V \times D] / (M \times 10^4)$$

Hafi aðferð 9.3 verið beitt:

$$E (\%) = [(x_s - x_b) \times V \times 2D] / (M \times 10^4)$$

þar sem

E = magn þess snefilefnis sem er ákvarðað, gefið upp sem hundraðshluti í áburðinum,

x_s = styrkleiki þróunarlausnarinnar (6.2), í $\mu\text{g}/\text{ml}$,

x_b = styrkleiki nállausnarinnar (7.1), í $\mu\text{g}/\text{ml}$,

V = rúmmál útdráttarins, sem fæst með aðferð 9.1 eða 9.2, í ml ,

D = stuðull sem samsvarar þynningunni sem gerð er samkvæmt lið 6.2,

M = massi þróunarsýnисins í grömmum, sem tekið er í samræmi við aðferð 9.1 eða 9.2.

Útreikningur á þynningarstuðlinum D :

Ef (a1), (a2), (a3),..., (ai) og (a) er röð deiliskammta og (v1), (v2), (v3),..., (vi) og (100) er rúmmál samsvarandi þynninga þeirra, í sömu röð, í ml verður þynningarstuðullinn D jafn:

$$D = (v1/a1) \times (v2/a2) \times (v3/a3) \times . \times . \times . \times (vi/ai) \times (100/a)$$

Aðferð 9.5

Ákvörðun á bór í útdrátti úr áburði með litrófsgreiningu með asómetíni-H

1. Gildissvið

Í þessari aðferð er lýst ákvörðun á bór í útdrátti úr áburði.

2. Notkunarsvið

Þessi aðferð er notuð við greiningu áburðarsýna, sem dregin eru út með aðferð 9.1 og 9.2, ef þess er krafist í I. viðauka við þessa reglugerð að gefin sé yfirlýsing um heildarinnihald og/eða vatnsleysanlegt innihald bórs í áburðinum.

3. Grundvöllur aðferðar

Bóratjónir mynda gulan efnaflóka í asómetín-H-lausn, en styrkleiki hans er ákvarðaður með sameindagleynimælingu við 410 nm. Truflandi jónir eru huldar með EDTA.

4. Prófefni

4.1. EDTA-jafnalausn

Í 500 ml mæliflösku sem inniheldur 300 ml af vatni eru sett:

- 75 g af ammoníumasetati ($\text{NH}_4\text{OOCCH}_3$),
- 10 g af dínatríumsalti af etýlendíamíntetraediksýru (Na_2EDTA),
- 40 ml af ediksýru (CH_3COOH , $d_{20} = 1,05 \text{ g/ml}$).

Fyllt er að markinu og þessu blandað vel saman. pH-gildi lausnarinnar, sem kannað er með glerrafskauti, skal vera $4,8 \pm 0,1$.

4.2. Asómetín-H-lausn

- Í 200 ml mæliflösku eru sett
- 10 ml af jafnalausninni (4.1),
 - 400 mg af asómetín-H ($C_{17}H_{12}NNaO_8S_2$),
 - 2 g af askorbínsýru ($C_6H_8O_6$).
- Fyllt er að markinu og þessu blandað vel saman. Ekki er ráðlegt að tilreiða þetta prófefni í stórum skömmum þar eð það geymist aðeins í fáeina daga.

Bórkvörðunarlausnir

4.3.1. Bórstofnlausn (100 µg/ml)

0,5719 g af bórsýru (H_3BO_3) eru leyst í vatni í 1 000 ml mæliflösku. Fyllt er að markinu með vatni og þessu blandað vel saman. Lausninni er hellt í plastflösku sem geymd er í kæli.

4.3.2. Bórvinnulausn (10 µg/ml)

50 ml af stofnlausn (4.3.1) er hellt í 500 ml mæliflösku. Fyllt er að markinu með vatni og þessu blandað vel saman.

5. Búnaður

Litrófsmælir fyrir sameindagleypnimælingar, stilltur á 410 nm bylgjulengd og með nemum sem hafa 10 mm ljósfræðilengd.

6. Tilreiðsla lausnar til greiningar

6.1. Tilreiðsla bórlausnarinnar

Sjá aðferð 9.1 og/eða 9.2 og, ef við á, 9.3.

6.2. Tilreiðsla prófunarlausnarinnar

Deiliskammtur af útdrætti (6.1) er þynntur til að fá bór í þeim styrkleika sem tilgreindur er í 7.2. Nauðsynlegt kann að reynast að þynna tvisvar í röð. Þynningarstuðullinn er D.

6.3. Tilreiðsla leiðréttigarlausnarinnar

Sé litur á prófunarlausninni (6.2) er samsvarandi leiðréttigarlausn tilreidd á þann hátt að 5 ml af prófunarlausn (6.2), 5 ml af EDTA-jafnalausn (4.1) og 5 ml af vatni er hellt í plastflösku og þessu blandað vel saman.

7. Aðferð

7.1. Tilreiðsla núlllausnarinnar

Núlllausn fæst með því að endurtaka allt ferlið frá útdráttarstigi þannig að einungis prófunarsýni áburðar sé slept.

7.2. Tilreiðsla kvörðunarlausnanna

0, 5, 10, 15, 20 og 25 ml af kvörðunarvinnulausninni (4.3.3) er hellt í röð af 100 ml mæliflöskum. Fyllt er að markinu með vatni og þessu blandað vel saman. Þessar lausnir innihalda 0–2,5 µg/ml af bóri.

7.3. Litaframköllun

5 ml af kvörðunarlausninni (7.2), prófunarlausninni (6.2) og núlllausninni (7.1) er hellt í röð plastflaskna. Þá er bætt við 5 ml af EDTA-jafnalausninni (4.1). Því næst er bætt við 5 ml af asómetín-H-lausninni (4.2).

Öllu er blandað vel saman og liturinn látið koma fram í myrkri í tvær og hálfa til þrjár klukkustundir.

7.4. Ákvörðun

Gleypni lausnarnar, sem fæst samkvæmt lið 7.3, er mæld, einnig gleypni leiðréttigarlausnarnar ef nauðsyn krefur (6.3), í samanburði við vatn við bylgjulengdina 410 nm. Nemarnir eru skolaðir með vatni fyrir hvern nýjan aflestur.

8. Framsetning niðurstaðna

Teiknaður er kvörðunarferill þar sem styrkleiki kvörðunarlausnanna (7.2) er á láhniti og gleypni samkvæmt litrófsmælinum (7.4) á lóðhniti.

Af kvörðunarferlinum er lesinn styrkur bórs í núlllausninni (7.1), styrkur bórs í prófunarlausninni (6.2) og leiðréttur styrkur prófunarlausnarinnar, sé próflausnin lituð. Til að reikna út hið síðastnefnda er gleypni leiðrétingarlausnarinnar (6.3) dregin frá gleypni prófunarlausnarinnar (6.2) og leiðréttur styrkur prófunarlausnarinnar ákvarðaður. Styrkur prófunarlausnarinnar (6.2) er skráður með eða án leiðrétingar, $X(x_s)$, og núllprófunarinnar (x_b).

Hundraðshluti bórs í áburðinum er fundinn út frá:

$$B\% = [(x_s - x_b) \times V \times D] / (M \times 10^4)$$

Hafi aðferð 9.3 verið beitt:

$$B\% = [(x_s - x_b) \times V \times 2D] / (M \times 10^4)$$

þar sem

B = magn bórs, gefið upp sem hundraðshluti í áburðinum,

x_s = styrkleikinn ($\mu\text{g/ml}$) í prófunarlausninni (6.2), með eða án leiðrétingar,

x_b = styrkleikinn ($\mu\text{g/ml}$) í núlllausninni (7.1),

V = rúmmál útdráttarins, sem fæst með aðferð 9.1 eða 9.2, í ml,

D = stuðull sem samsvarar þynningunni sem gerð er samkvæmt lið 6.2,

M = massi prófunarsýnisins í grömmum, sem tekið er samkvæmt aðferð 9.1 eða 9.2.

Útreikningur á þynningarstuðlinum D : ef (a1) og (a2) eru röð deiliskammta og (v1) og (v2) (í sömu röð) er rúmmál samsvarandi þynninga þeirra, í sömu röð, í ml er þynningarstuðullinn D jafn:

$$D = (v1/a1) \times (v2/a2)$$

Aðferð 9.6

Ákvörðun á kóbalti í útdrátti úr áburði með frumeindagleypnimælingu

1. Gildissvið

Í þessari aðferð er lýst ákvörðun á kóbalti í útdrátti úr áburði.

2. Notkunarsvið

Bessi aðferð er notuð við greiningu áburðarsýna, sem dregin eru út með aðferðum 9.1 og 9.2, ef þess er krafist í E-þætti I. viðauka við þessa reglugerð að gefin sé yfirlýsing um heildarinnihald og/eða vatnsleysanlegt innihald kóbaltí áburðinum.

3. Grundvöllur aðferðar

Eftir að útdráettirnir hafa hlutið viðeigandi meðhöndlun og þynningu er kóbaltinnihaldið ákvarðað með frumeindagleypnimælingu.

4. Prófefni

4.1. Saltsýrulausn, u.p.b. 6 mó/l/l.

Sjá aðferð 9.4 (4.1).

4.2. Saltsýrulausn, u.p.b. 0,5 mó/l/l.

Sjá aðferð 9.4 (4.2).

4.3. *Lantansaltlausnir (10 g af La í hvern lítra)*

Sjá aðferð 9.4 (4.3).

4.4. *Kóbaltkvörðunarlauasnir*

4.4.1. Kóbaltstofnlausn (1 000 µg/ml)

1 g af kóbalti er vegið með 0,1 mg nákvæmni og sett í 250 ml bikarglas, bætt er við 25 ml af 6 mól/l saltsýru (4.1) og hitað á hitaplötu uns kóbaltið er algjörlega uppleyst. Þegar lausnir er orðin köld er hún öll færð yfir í 1 000 ml mæliflösku. Fyllt er að markinu með vatni og þessu blandað vel saman.

4.4.2. Kóbaltvinnulausn (100 µg/ml)

Hellt er 10 ml af stofnlausn (4.4.1) í 100 ml mæliflösku. Fyllt er að markinu með 0,5 mól/l saltsýrulausn (4.2) og þessu blandað vel saman.

5. **Búnaður**

Litrófsmaelir fyrir frumeindagleypnimælingar: sjá aðferð 9.4 (5). Tækið skal búið geislagjafa sem sendir frá sér geisla sem eru einkennandi fyrir kóbalt (240,7 nm). Litrófsmælirinn skal þannig gerður að koma megi við bakgrunnsleiðréttingu.

6. **Tilreiðsla lausnar til greiningar**6.1. *Kóbaltútdráttarlausn*

Sjá aðferð 9.1 og/eða 9.2 og, ef við á, 9.3.

6.2. *Tilreiðsla prófunarlausnarinnar*

Sjá aðferð 9.4 (6.2). Prófunarlausnir skal innihalda 10% (rúmmálshlutfall) af lantansaltlausn (4.3).

7. **Aðferð**7.1. *Tilreiðsla núlllausnar*

Sjá aðferð 9.4 (7.1). Núlllausnir skal innihalda 10% (rúmmálshlutfall) af lantansaltlausninni sem er tilgreind í lið 6.2.

7.2. *Tilreiðsla kvörðunarlauasnir*

Sjá aðferð 9.4 (7.2).

Til að fá kjörmælisvið fyrir ákvörðun á kóbalti, sem er 0–5 µg/ml, er (í sömu röð) 0, 0,5, 1, 2, 3, 4 og 5 ml af tilsvarendi vinnulausn (4.4.2) hellt í röð af 100 ml mæliflöskum. Ef nauðsyn krefur er styrkleiki saltsýrunnar lagaður eins nákvæmlega og unnt er að styrkleika prófunarlausnarinnar. 10 ml af lantansaltlausninni, sem er tilgreind í lið 6.2, er bætt í hverja flösku. Fyllt er að 100 ml með 0,5 mól/l saltsýrulausn (4.2) og þessu blandað vel saman. Þessar lausnir innihalda (í sömu röð) 0, 0,5, 1, 2, 3, 4 og 5 µg/ml af kóbalti.

7.3. *Ákvörðun*

Sjá aðferð 9.4 (7.3). Litrófsmælirinn (5) er hafður til reiðu fyrir mælingar við bylgjulengd 240,7 nm.

8. **Framsetning niðurstaðna**

Sjá aðferð 9.4 (8).

Hundraðshluti kóbalti í áburðinum er fundinn út frá:

$$\text{Co \%} = [(x_s - x_b) \times V \times D] / (M \times 10^4)$$

Hafi aðferð 9.3 verið notuð:

$$\text{Co \%} = [(x_s - x_b) \times V \times 2D] / (M \times 10^4)$$

þar sem

x_s = magn kóbalti, gefið upp sem hundraðshluti í áburðinum,

x_b = styrkleiki núlllausnarinnar (7.1), í µg/ml,

V = styrkleiki kóbaltstofnlausnir (4.4.1), í µg/ml,

V = rúmmál útdráttarins, sem fæst samkvæmt aðferð 9.1 eða 9.2, í ml,

D = stuðull sem samsvarar þynningunni sem gerð er samkvæmt lið 6.2,

M er massi prófunarsýnisins í grömmum, sem tekið er samkvæmt aðferð 9.1 eða 9.2.

Útreikningur á þynningarstuðlinum D: ef (a1), (a2), (a3),..., (ai) og (a) eru röð deiliskamma og (v1), (v2), (v3),..., (vi) og (100) er rúmmál samsvarandi þynninga þeirra, í sömu röð, í ml er þynningarstuðullinn D jafn:

$$D = (v1/a1) \times (v2/a2) \times (v3/a3) \times . \times . \times . \times (vi/ai) \times (100/a)$$

Aðferð 9.7

Ákvörðun á kopar í útdrátti úr áburði með frumeindagleypnimælingu

1. Gildissvið

Í þessari aðferð er lýst ákvörðun á kopar í útdrátti úr áburði.

2. Notkunarsvið

Þessi aðferð er notuð við greiningu áburðarsýna, sem dregin eru út með aðferðum 9.1 og 9.2, ef þess er krafist í E-þætti I. viðauka við þessa reglugerð að gefin sé yfirlýsing um heildarinnihald og/eða vatnsleysanlegt innihald kopars í áburðinum.

3. Grundvöllur aðferðar

Eftir að útdráttirmir hafa hlotið viðeigandi meðhöndlun og þynningu er koparinnihaldið ákvárdar með frumeindagleypnimælingu.

4. Prófefni

4.1. Saltsýrulausn, u.p.b. 6 mó/l

Sjá aðferð 9.4 (4.1).

4.2. Saltsýrulausn, u.p.b. 0,5 mó/l

Sjá aðferð 9.4 (4.2).

4.3. Vetrnisperoxíðlausn (30% H₂O₂, d₂₀ = 1,11 g/ml), án snefilefna

4.4. Koparkvörðunarlausn

4.4.1. Koparstofnlausn (1 000 µg/ml)

1 g af kopar er vegið með 0,1 mg nákvæmni og sett í 250 ml bikarglas, bætt er við 25 ml af 6 mó/l saltsýru (4.1) og 5 ml af vetrnisperoxíðlausn (4.3) og hitað á hitaplötu uns koparinn er algjörlega uppleystur. Öll lausnin er færð yfir í 1 000 ml mæliflösku. Fyllt er að markinu með vatni og þessu blandað vel saman.

4.4.2. Koparvinnulausn (100 µg/ml)

20 ml af stofnlausninni (4.4.1) er hellt í 200 ml mæliflösku. Fyllt er að markinu með 0,5 mó/l saltsýrulausn (4.2) og þessu blandað vel saman.

5. Búnaður

Litrófsmælir fyrir frumeindagleypnimælingar: sjá aðferð 9.4 (5). Tækið skal búið geislagjafa sem sendir frá sér geisla sem eru einkennandi fyrir kopar (324,8 nm).

6. Tilreiðsla lausnar til greiningar

6.1. Koparútdráttarlausn

Sjá aðferð 9.1 og/eða 9.2 og, ef við á, 9.3.

6.2. *Tilreiðsla prófunarlausnarinnar*

Sjá aðferð 9.4 (6.2).

7. **Aðferð**7.1. *Tilreiðsla núlllausnar*

Sjá aðferð 9.4 (7.1).

7.2. *Tilreiðsla kvörðunarlausna*

Sjá aðferð 9.4 (7.2).

Til að fá kjörmælisvið fyrir ákvörðun á kopar, sem er 0 til 5 µg/ml, er (í sömu röð) 0, 0,5, 1, 2, 3, 4 og 5 ml af tilsvarandi lausn sem unnið er með (4.4.2) hellt yfir í röð af 100 ml mæliflöskum. Ef nauðsyn krefur er styrkleiki saltsýrunnar lagaður eins nákvæmlega og unnt er að styrkleika prófunarlausnarinnar (6.2). Fyllt er að 100 ml með 0,5 mó/l saltsýrulausn (4.2) og þessu blandað vel saman. Þessar lausnir innihalda (í sömu röð) 0, 0,5, 1, 2, 3, 4 og 5 µg/ml af kopar.

7.3. *Ákvörðun*

Sjá aðferð 9.4 (7.3). Litrófsmælirinn (5) er hafður til reiðu fyrir mælingar við bylgjulengd 324,8 nm.

8. **Framsetning niðurstæðna**

Sjá aðferð 9.4 (8).

Hundraðshluti kopars í áburðinum er fundinn út frá:

$$\text{Cu \%} = [(x_s - x_b) \times V \times D] / (M \times 10^4)$$

Hafi aðferð 9.3 verið beitt:

$$\text{Cu \%} = [(x_s - x_b) \times V \times 2D] / (M \times 10^4)$$

þar sem

Cu = magn kopars, gefið upp sem hundraðshluti í áburðinum,

x_s = styrkleiki prófunarlausnarinnar (6.2), í µg/ml,

x_b = styrkleiki núllausnarinnar (7.1), í µg/ml,

V = rúmmál útdráttarins, sem fæst samkvæmt aðferð 9.1 eða 9.2, í ml,

D = stuðull sem samsvarar þynningunni sem gerð er samkvæmt lið 6.2,

M = massi prófunarsýnisins í grömmum, sem tekið er samkvæmt aðferð 9.1 eða 9.2.

Útreikningur á þynningarstuðlinum D: ef (a1), (a2), (a3), ..., (ai) og (a) er röð deiliskammta og (v1), (v2), (v3), ..., (vi) og (100) er rúmmálið samsvarandi þynninga þeirra, í sömu röð, í ml er þynningarstuðullinn D jafn:

$$D = (v1/a1) \times (v2/a2) \times (v3/a3) \times . \times . \times . \times (vi/ai) \times (100/a)$$

Aðferð 9.8

Ákvörðun á járni í útdrátti úr áburði með frumeindagleypnimælingu

1. **Gildissvið**

Í þessari aðferð er lýst ákvörðun á járni í útdrátti úr áburði.

2. **Notkunarsvið**

Þessi aðferð er notuð við greiningu áburðarsýna, sem dregin eru út með aðferðum 9.1 og 9.2, ef þess er krafist í E-þætti I. viðauka við þessa reglugerð að gefin sé yfirlýsing um heildarinnihald og/eða vatnsleysanlegt innihald járns í áburðinum.

3. Grundvöllur aðferðar

Eftir að útdráettirnir hafa hlotið viðeigandi meðhöndlun og þynningu er járninnihaldið ákvarðað með frumeindagleypnimælingu.

4. Prófefni

4.1. *Saltsýrulausn, u.p.b. 6 mól/l*

Sjá aðferð 9.4 (4.1).

4.2. *Saltsýrulausn, u.p.b. 0,5 mól/l*

Sjá aðferð 9.4 (4.2).

4.3. Vetrnisperoxíðlausn (30% H₂O₂, d₂₀ = 1,11 g/ml), án snefilefna

4.4. *Lantansaltlausnir (10 g af La í hvern lítra)*

Sjá aðferð 9.4 (4.3).

4.5. *Járnkvörðunarlausnir*

4.5.1. Járnstofnlausn (1 000 µg/ml)

1 g af járvír er vegið með 0,1 mg nákvæmni og hann settur í 500 ml bikarglas, bætt er við 200 ml af 6 mól/l saltsýru (4.1) og 15 ml af vetrnisperoxíðlausn (4.3). Hitað á hitaplötu uns járnioð er algjörlega uppleyst. Þegar lausnir er orðin köld er hún öll færð yfir í 1 000 ml mæliflösku. Fyllt er að markinu með vatni og þessu blandað vel saman.

4.5.2. Járnvinnulausn (100 µg/ml)

20 ml af stofnlausn (4.5.1) er hellt í 200 ml mæliflösku. Fyllt er að markinu með 0,5 mól/l saltsýrulausn (4.2) og þessu blandað vel saman.

5. Búnaður

Litrófsmælir fyrir frumeindagleypnimælingar: sjá aðferð 9.4 (5). Tækið skal búið geislagjafa sem sendir frá sér geisla sem eru einkennandi fyrir járn (248,3 nm).

6. Tilreiðsla lausnar til greiningar

6.1. *Járnútdráttarlausn*

Sjá aðferð 9.1 og/eða 9.2 og, ef við á, 9.3.

6.2. *Tilreiðsla prófunarlausnarinnar*

Sjá aðferð 9.4 (6.2). Prófunarlausnir skal innihalda 10% (rúmmálshlutfall) af lantansaltlausn.

7. Aðferð

7.1. *Tilreiðsla núlllausnar*

Sjá aðferð 9.4 (7.1). Prófunarlausnir skal innihalda 10% (rúmmálshlutfall) af lantansaltlausninni sem er tilgreind í lið 6.2.

7.2. *Tilreiðsla kvörðunarlausna*

Sjá aðferð 9.4 (7.2).

Til að fá kjörmælisvið fyrir ákvörðun á járni, 0 til 10µg/ml, sem er (í sömu röð) 0, 2, 4, 6, 8, og 10 ml af tilsvarandi lausn sem unnið er með (4.5.2) hellt yfir í röð af 100 ml mæliflöskum. Ef nauðsyn krefur er styrkleiki saltsýrunnar lagaður eins nákvæmlega og unnt er að styrkleika prófunarlausnarinnar. 10 ml af lantansaltlausninni, sem er tilgreind í lið 6.2, er bætt við. Fyllt er að markinu með 0,5 mól/l saltsýrulausn (4.2) og þessu blandað vel saman. Þessar lausnir innihalda (í sömu röð) 0, 2, 4, 6, 8, og 10 µg/ml af járni.

7.3. *Ákvörðun*

Sjá aðferð 9.4 (7.3). Litrófsmælirinn (5) er hafður til reiðu fyrir mælingar við bylgjulengd 248,3 nm.

8. Framsetning niðurstaðna

Sjá aðferð 9.4 (8).

Hundraðshluti járns í áburðinum er fundinn út frá:

$$\text{Fe \%} = [(x_s - x_b) \times V \times D] / (M \times 10^4)$$

Hafi aðferð 9.3 verið beitt:

$$\text{Fe\%} = [(x_s - x_b) \times V \times 2D] / (M \times 10^4)$$

þar sem

Fe = magn járns, gefið upp sem hundraðshluti áburðarins,

x_s = styrkleiki þróunarlausnarinnar (6.2) í $\mu\text{g}/\text{ml}$,

x_b = styrkleiki núllausnarinnar (7.1) í $\mu\text{g}/\text{ml}$,

V = rúmmál útdráttarins, sem fæst samkvæmt aðferð 9.1 eða 9.2, í ml,

D = stuðull sem samsvarar þynningunni sem gerð er samkvæmt lið 6.2,

M = massi þróunarsýnisins í grómmum, sem tekið er samkvæmt aðferð 9.1 eða 9.2.

Útreikningur á þynningarstuðlinum D : ef (a1), (a2), (a3), ..., (ai) og (a) er röð deiliskammta og (v1), (v2), (v3), ..., (vi) og (100) er rúmmál samsvarandi þynninga þeirra, í sömu röð, í ml er þynningarstuðullinn D jafn:

$$D = (v1/a1) \times (v2/a2) \times (v3/a3) \times \dots \times (vi/ai) \times (100/a)$$

Aðferð 9.9

Ákvörðun á mangani í útdrátti úr áburði með frumeindagleypnimælingu

1. Gildissvið

Í þessari aðferð er lýst ákvörðun á mangani í útdrátti úr áburði.

2. Notkunarsvið

Þessi aðferð er notuð við greiningu áburðarsýna, sem dregin eru út með aðferðum 9.1 og 9.2, ef þess er krafist í E-þætti I. viðauka við þessa reglugerð að gefin sé yfirlýsing um heildarinnihald og/eða vatnsleysanlegt innihald mangans í áburðinum.

3. Grundvöllur aðferðar

Eftir að útdráttirnir hafa hlotið viðeigandi meðhöndlun og þynningu er manganinnihaldið ákvárdæð með frumeindagleypnimælingu.

4. Prófefni

4.1. Saltsýrulausn, u.p.b. 6 mó/l

Sjá aðferð 9.4 (4.1).

4.2. Saltsýrulausn, u.p.b. 0,5 mó/l

Sjá aðferð 9.4 (4.2).

4.3. Lantansaltlausnir (10 g af La í hvern lítra)

Sjá aðferð 9.4 (4.3).

4.4. *Mangankvörðunarlausnir*4.4.1. *Manganstofnlausn (1 000 µg/ml)*

1 g af mangani er vegið með 0,1 mg nákvæmni og sett í 250 ml bikarglas, bætt er við 25 ml af 6 mól/l saltsýrulausn (4.1). Hitað á hitaplötu uns manganið er algjörlega uppleyst. Þegar lausnir er orðin köld er hún öll færð yfir í 1 000 ml mæliflösku. Fyllt er að markinu með vatni og þessu blandað vel saman.

4.4.2. *Manganvinnulausn (100 µg/ml)*

20 ml af stofnlausninni (4.4.1) eru þynntir með 0,5 mól/l saltsýrulausn (4.2) og settir í 200 ml mæliflösku. Fyllt er að markinu með 0,5 mól/l saltsýrulausn (4.2) og þessu blandað vel saman.

5. **Búnaður**

Litrófsmælir fyrir frumeindagleypnimælingar: sjá aðferð 9.4 (5). Tækið skal búið geislagjafa sem sendir frá sér geisla sem eru einkennandi fyrir mangan (279,6 nm).

6. **Tilreiðsla lausnar til greiningar**6.1. *Manganútdráttarlausn*

Sjá aðferð 9.1 og/eða 9.2 og, ef við á, 9.3.

6.2. *Tilreiðsla prófunarlausnarinnar*

Sjá aðferð 9.4 (6.2). Prófunarlausnir skal innihalda 10% (rúmmálshlutfall) af lantansaltlausn (4.3).

7. **Aðferð**7.1. *Tilreiðsla núlllausnar*

Sjá aðferð 9.4 (7.1). Prófunarlausnir skal innihalda 10% (rúmmálshlutfall) af lantansaltlausninni sem er tilgreind í lið 6.2.

7.2. *Tilreiðsla kvörðunarlausna*

Sjá aðferð 9.4 (7.2).

Til að fá kjörmælisvið fyrir ákvörðun á mangani, sem er 0 til 5µg/ml, er (í sömu röð) 0, 0,5, 1, 2, 3, 4 og 5 ml af tilsvarandi lausn, sem unnið er með (4.4.2), hellt yfir í röð af 100 ml mæliflöskum. Ef nauðsyn krefur er styrkleiki saltsýrunnar lagaður eins nákvæmlega og unnt er að styrkleika prófunarlausnarinnar. 10 ml af lantansaltlausn, sem er tilgreind í 6.2, er bætt í hverja flösku. Fyllt er að 100 ml með 0,5 mól/l saltsýrulausn (4.2) og þessu blandað vel saman. Þessar lausnir innihalda (í sömu röð) 0, 0,5, 1, 2, 3, 4 og 5 µg/ml af mangani.

7.3. *Ákvörðun*

Sjá aðferð 9.4 (7.3). Litrófsmælirinn (5) er hafður til reiðu fyrir mælingar við bylgjulengd 279,6 nm.

8. **Framsetning niðurstæðna**

Sjá aðferð 9.4 (8).

Manganinnihald áburðarins í hundraðshlutum er:

$$\text{Mn \%} = [(x_s - x_b) \times V \times D] / (M \times 10^4)$$

Hafi aðferð 9.3 verið beitt:

$$\text{Mn \%} = [(x_s - x_b) \times V \times 2D] / (M \times 10^4)$$

þar sem

Mn = magn mangans, gefið upp sem hundraðshlut í áburðinum,

x_s = styrkleiki prófunarlausnarinnar (6.2), í µg/ml,

x_b = styrkleiki núlllausnarinnar (7.1), í µg/ml,

V = rúmmál útdráttarins, sem fæst samkvæmt aðferð 9.1 eða 9.2, í ml,

D = stuðull sem samsvarar þynningunni sem gerð er samkvæmt lið 6.2,

M = massi prófunarsýnisins í grómmum, sem tekið er samkvæmt aðferð 9.1 eða 9.2.

Útreikningur á þynningarstuðli D; ef (a1), (a2), (a3),..., (ai) og (a) er röð deiliskammta og (v1), (v2), (v3),..., (vi) og (100) eru rúmmál samsvarandi þynninga þeirra, í sömu röð, í ml jafngildir þynningarstuðullinn D:

$$D = (v1/a1) \times (v2/a2) \times (v3/a3) \times . \times . \times . \times (vi/ai) \times (100/a)$$

Aðferð 9.10

Ákvörðun á mólybdeni í útdrætti úr áburði með litrófsmælingu á efnafloka sem inniheldur ammoníumþíósýnat

1. Gildissvið

Í þessari aðferð er lýst ákvörðun á mólybdeni í útdrætti úr áburði.

2. Notkunarsvið

Þessi aðferð er notuð við greiningu áburðarsýna, sem dregin eru út með aðferðum 9.1 og 9.2, ef þess er krafist í E-þetti I. viðauka við þessa reglugerð að gefin sé yfirlýsing um heildarinnihald og/eða vatnsleysanlegt innihald mólybdens í áburðinum.

3. Grundvöllur aðferðar

Í súrum miðli myndar mólybden (V) flóka [MoO(SCN)₅] með SCN-jónum.

Flókinn er dreginn út með n-bútýlsýru. Truflandi jónir, t.d. járnjónir, eru áfram í vatnsfasanum. Gulrauði liturinn er ákvarðaður með sameindagleypnimælingu við 470 nm.

4. Prófefni

4.1. Þynnt saltsýrulausn (HCl), u.p.b. 6 mól/l

Sjá aðferð 9.4 (4.1).

4.2. Koparlausn (70 mg/l) í 1,5 mól/l saltsýru

275 mg af koparsúlfati (CuSO₄ · 5H₂O), vegin með 0,1 mg nákvæmni, eru leyst í 250 ml af 6 mól/l saltsýrulausn (4.1) í 1 000 ml mæliflösku. Fyllt er að markinu með vatni og þessu blandað vel saman.

4.3. Askorbínsýrulausn (50 g/l)

50 g af askorbínsýru (C₆H₈O₆) eru leyst upp í vatni í 1 000 ml mæliflösku. Fyllt er að markinu með vatni, þessu blandað vel saman og geymt í kæli.

4.4. n-bútýlasetat

4.5. Ammoníumþíósýranatlausn, 0,2 mól/l

15,224 g af NH₄SCN eru leyst upp í vatni í 1 000 ml mæliflösku. Fyllt er að markinu með vatni, þessu blandað vel saman og geymt í dökklitaðri flösku.

4.6. Tinklóríðlausn (50 g/l) í 2 mól/l saltsýru

Lausnin verður að vera alveg tær og hana verður að nota strax eftir að hún hefur verið tilreidd. Nota skal mjög hreint tinklóríð, að öðrum kosti verður lausnin ekki tær.

100 ml lausn fæst með því að leysa 5 g af (SnCl₂ · 2H₂O) í 35 ml af 6 mól/l saltsýrulausn (4.1). Bætt er við 10 ml af koparlausninni (4.2). Fyllt er að markinu með vatni og þessu blandað vel saman.

4.7. Mólybdenkvörðunarlauznir

4.7.1. Mólybdenstofnlausn (500 µg/ml)

0,920 g af ammoníummólybdati [(NH₄)₆Mo₇O₂₄ · 4H₂O], vegin með 0,1 mg nákvæmni, eru leyst í 6 mól/l saltsýrulausn (4.1) í 1 000 ml mæliflösku. Fyllt er að markinu með þeiri lausn og þessu blandað vel saman.

4.7.2. Mólýbdenmillilausn (25 µg/ml)

25 ml af stofnlausninni (4.7.1) er hellt í 500 ml mæliflösku. Fyllt er að markinu með 6 mól/l saltsýrulausn (4.1) og þessu blandað vel saman.

4.7.3. Mólýbdenvinnulausn (2,5 µg/ml)

10 ml af millilausninni (4.7.2) er hellt í 100 ml mæliflösku. Fyllt er að markinu með 6 mól/l saltsýrulausn (4.1) og þessu blandað vel saman.

5. **Búnaður**

5.1. Litrófsmælir fyrir sameindagleypnimælingar, með kúvettum með 20 mm ljósfræðilengd og stilltur á 470 nm bylgjulengd.

5.2. 200 eða 250 ml skiltrektir

6. **Tilreiðsla lausnar til greiningar**6.1. *Mólýbdenútdráttarlausn*

Sjá aðferð 9.1 og/eða 9.2 og, ef við á, 9.3.

6.2. *Tilreiðsla prófunarlausnarinnar*

Deiliskammtur af útdráttinum (6.1) er þynntur með 6 mól/l saltsýrulausn (4.1) þannig að réttur styrkleiki mólýbdens komi fram. Þynningarstuðullinn er D.

Deiliskammtur (a) er tekinn úr útdráttarlausninni, sem inniheldur 1–12 µg af mólýbdeni, og settur í skiltrektina (5.2). Fyllt er 50 ml að markinu með 6 mól/l saltsýrulausn (4.1).

7. **Aðferð**7.1. *Tilreiðsla nálllausnarinnar*

Nálllausnin fæst með því að endurtaka allt ferlið frá útdráttarstigi þannig að einungis prófunarsýni áburðar sé sleppt.

7.2. *Tilreiðsla á röð kvörðunarlausna*

Röð af a.m.k. sex kvörðunarlausnum er tilreidd í vaxandi styrkleika sem svarar til kjörmælisviðs litrófsmælisins.

Fyrir bilið 0–12,5 µg af mólýbdeni er (í sömu röð) 1, 2, 3, 4 og 5 ml af tilsvarandi vinnulausn (4.7.3) hellt í skiltrektirnar (5.2). Fyllt er að 50 ml með 6 mól/l saltsýrulausn (4.1). Trektirnar innihalda (í sömu röð) 0, 2,5, 5, 7,5, 10 og 12,5 µg af mólýbdeni.

7.3. *Framköllun og sundurgreining flókans*

Í hverja skiltrekt (6.2, 7.1 og 7.2) er bætt við og í eftirfarandi röð:

— 10 ml af kopralausninni (4.2)

— 20 ml af askorbínsýrulausninni (4.3)

þessu skal blandað vel saman og beðið í tvær til þrjár mínutur. Þá er bætt við:

— 10 ml af n-bútýlastati (4.4) með nákvæmnisrennipípu

— 20 ml af þíosíánatlausninni (4.5).

Lausnir er hrist í eina mínu út til að draga flókann út í lífræna fasanum; þetta er látið botnfalla; eftir að fasarnir tveir hafa verið sundurgeindir er allur vatnsfasinn dreginn frá og honum fleygt; síðan er lífræni fasinn þvegginn með:

— 10 ml af tinklóríðlausninni (4.6).

Þetta er hrist í eina mínu. Látið botnfalla og allur vatnsfasinn dreginn frá. Lífræna fasanum er safnað í tilraunaglas svo unnt sé að safna vatnsdropum sem eru í sviflausninni.

7.4. Ákvörðun

Gleypni lausnanna, sem fengnar eru samkvæmt lið 7.3, er mæld við bylgjulengdina 470 nm og 0 µg/ml mólybdenkvörðunarlausnin (7.2) er notuð sem viðmiðun.

8. Framsetning niðurstaðna

Kvörðunarferillinn fæst með því að setja samsvarandi massa af mólybdeni í kvörðunarlausnum (7.2), sem gefnir eru upp í µg, á láhnitið og samsvarandi gleypnigildi (7.4) samkvæmt litrófsmælinum á lóðhnitið.

Massi mólybdens í prófunarlausninni (6.2) og nálllausninni (7.1) er ákvarðaður út frá þessum ferli. Þessir massar eru táknaðir (í sömu röð) með (x_s) og (x_b).

Hundraðshluti mólybdens í áburðinum er jafn:

$$Mo \% = [(x_s - x_b) \times V/a \times D] / (M \times 10^4)$$

Hafi aðferð 9.3 verið beitt:

$$Mo \% = [(x_s - x_b) \times V/a \times 2D] / (M \times 10^4)$$

þar sem

Mo = magn mólybdens, gefið upp sem hundraðshluti í áburðinum,

a = rúmmál deiliskammtsins í ml sem tekinn er úr síðstu þynningarlausninni (6.2),

x_s = massi Mo í µg í prófunarlausninni (6.2),

x_b = massi Mo í µg í nállausninni (7.1), en rúmmál hans samsvarar rúmmáli (a) deiliskammts prófunarlausnarinnar (6.2),

V = rúmmál útdráttarlausnarinnar í ml, sem fæst samkvæmt aðferð 9.1 eða 9.2,

D = stuðull sem samsvarar þynningunni sem gerð er samkvæmt lið 6.2,

M = massi prófunarsýnisins í grómmum, sem tekið er samkvæmt aðferð 9.1 eða 9.2.

Útreikningur á þynningarstuðlinum D: ef (a1) og (a2) er röð deiliskampta og (v1) og (v2) er rúmmál samsvarandi þynninga þeirra, í sömu röð, í ml er þynningarstuðullinn D jafn:

$$D = (v1/a1) \times (v2/a2)$$

Aðferð 9.11

Ákvörðun á sinki í útdrátti úr áburði með frumeindagleypnimælingu

1. Gildissvið

Í þessari aðferð er lýst ákvörðun á sinki í útdrátti úr áburði.

2. Notkunarsvið

Þessi aðferð er notuð við greiningu áburðarsýna, sem dregin eru út með aðferðum 9.1 og 9.2, ef þess er krafist í E-þætti I. viðauka við þessa reglugerð að gefin sé yfirlýsing um heildarinnihald og/eða vatnsleysanlegt innihald sinks í áburðinum.

3. Grundvöllur aðferðar

Eftir að útdráettirnir hafa hlutið viðeigandi meðhöndlun og þynningu er sinkinnihaldið ákvarðað með frumeindagleypnimælingu.

4. Prófefni

4.1. Saltsýrulausn, u.p.b. 6 mol/l

Sjá aðferð 9.4 (4.1).

- 4.2. *Saltsýrulausn, u.p.b. 0,5 mó/l*
Sjá aðferð 9.4 (4.2).
- 4.3. *Lantansaltlausnir (10 g af La í hvern lítra)*
Sjá aðferð 9.4 (4.3).
- 4.4. *Sinkkvörðunarlausnir*
- 4.4.1. *Sinkstofnlausn (1 000 µg/ml)*
1 g af sinkdufti eða sinkflögum, vegið með 0,1 mg nákvæmni, er leyst í 25 ml af 6 mó/l saltsýrulausn (4.1) og sett í 1 000 ml mæliflösku. Þegar sinkið er algjörlega uppleyst er fyllt að markinu með vatni og þessu blandað vel saman.
- 4.4.2. *Sinkvinnulausn (100 µg/ml)*
20 ml af stofnlausninni (4.4.1) eru þynntir með 0,5 mó/l saltsýrulausn (4.2) og settir í 200 ml mæliflösku. Fyllt er að markinu með 0,5 mó/l saltsýrulausn (4.2) og þessu blandað vel saman.

5. Búnaður

Litrófsmælir fyrir frumeindagleypnimælingar: sjá aðferð 9.4 (5). Tækið skal búið geislagjafa sem sendir frá sér gesla sem eru einkennandi fyrir sink (213,8 nm); litrófsmælirinn skal þannig gerður að koma megi við bakgrunnsleiðrétti.

6. Tilreiðsla lausnar til greiningar

6.1. Sinkútdráttarlausn

Sjá aðferð 9.1 og/eða 9.2 og, ef við á, 9.3.

6.2. Tilreiðsla prófunarlausnarinnar

Sjá aðferð 9.4 (6.2). Prófunarlausn skal innihalda 10% (rúmmálshlutfall) af lantansaltlausn (4.3) miðað við rúmmál.

7. Aðferð

7.1. Tilreiðsla núlllausnar

Sjá aðferð 9.4 (7.1). Prófunarlausn skal innihalda 10% (rúmmálshlutfall) af lantansaltlausninni sem er tilgreind í 6.2.

7.2. Tilreiðsla kvörðunarlausna

Sjá aðferð 9.4 (7.2).

Til að fá kjörmælibils fyrir sink, sem er 0 til 5µg/ml, er (í sömu röð) 0, 0,5, 1, 2, 3, 4 og 5 ml af tilsvarandi lausn sem unnið er með (4.4.2) hellt yfir í röð af 100 ml mæliflöskum. Ef nauðsyn krefur er styrkleiki saltsýrunnar lagaður eins nákvæmlega og unnt er að styrkleika prófunarlausnarinnar. 10 ml af lantansaltlausn, sem er tilgreind í 6.2, er bætt í hverja flösku. Fyllt er að 100 ml með 0,5 mó/l saltsýrulausn (4.2) og þessu blandað vel saman. Þessar lausnir innihalda (í sömu röð) 0, 0,5, 1, 2, 3, 4 og 5 µg/ml af kóbalti.

7.3. Ákvörðun

Sjá aðferð 9.4 (7.3). Litrófsmælirinn (5) er hafður til reiðu fyrir mælingar við bylgjulengd 213,8 nm.

8. Framsetning niðurstaðna

Sjá aðferð 9.4 (8).

Sinkinnihald áburðarins í hundraðshlutum er:

$$\text{Zn \%} = [(x_s - x_b) \times V \times D] / (M \times 10^4)$$

Hafi aðferð 9.3 verið beitt:

$$\text{Zn \%} = [(x_s - x_b) \times V \times 2D] / (M \times 10^4)$$

þar sem

$Zn = \text{magn sinks, gefið upp sem hundraðshluti í áburðinum,}$

$x_s = \text{styrkleiki prófunarlausnarinnar (6.2), í } \mu\text{g/ml,}$

$x_b = \text{styrkleiki núllausnarinnar (7.1), í } \mu\text{g/ml,}$

$V = \text{rúmmál útdráttarins, sem fæst samkvæmt aðferð 9.1 eða 9.2, í ml,}$

$D = \text{stuðull sem samsvarar þynningunni sem gerð er samkvæmt lið 6.2,}$

$M = \text{massi prófunarsýnisins í grömmum, sem tekið er samkvæmt aðferð 9.1 eða 9.2.}$

Útreikningur á þynningarstuðli D: ef (a1), (a2), (a3),..., (ai) og (a) er röð deiliskampta og (v1), (v2), (v3),..., (vi) og (100) er rúmmál samsvarandi þynninga þeirra, í sömu röð, í ml er þynningarstuðullinn D jafn:

$$D = (v1/a1) \times (v2/a2) \times (v3/a3) \times . \times . \times . \times (vi/ai) \times (100/a)$$

Aðferðir 10

Snefilefni í styrk sem er yfir 10%

Aðferð 10.1

Útdráttur á öllum snefilefnum

1. Gildissvið

Í þessari aðferð er því lýst hvernig heildarinnihald snefilefnanna bórs, kóbalts, kopars, járns, mangans, mólýbdens og sinks er dregið út. Markmiðið er að draga þurfi sem sjaldnast út og nota einn útdrátt, þar sem því verður við komið, til að ákvarða heildarinnihald hvers og eins af þeim snefilefnum sem eru talin upp hér að framan.

2. Notkunarsvið

Þessi aðferð er notuð fyrir EB-áburð sem fellur undir E-þátt I. viðauka við þessa reglugerð og inniheldur eitt eða fleiri af snefilefnunum bór, kóbalti, kopar, járni, mangani, mólýbdeni og sinki. Hana má nota fyrir snefilefni ef uppgefið innihald þess er meira en 10%.

3. Grundvöllur aðferðar

Uppleysing í sjóðandi, þynnri saltsýru.

Athugasemd

Útdrátturinn er reynslubundinn og e.t.v. ekki megindlegur, en það ræðst af vörunni eða öðrum efnisþáttum áburðarins. Þetta á einkum við þegar um er að ræða tiltekin manganoxið en þá getur útdregið magn verið verulega minna en heildarinnihald mangans í vörunni. Það er á ábyrgð áburðarframleidenda að tryggja að uppgefið innihald svari í raun til þess magns sem dregið er út við þau skilyrði sem hæfa aðferðinni.

4. Prófefni

4.1. *Pynnt saltsýrulausn (HCl), u.b.b. 6 mó/l*

Einum hluta af saltsýru ($d_{20} = 1,18 \text{ g/ml}$) er blandað saman við einn hluta af vatni.

4.2. Óblönduð ammoníákslausn (NH_4OH , $d_{20} = 0,9 \text{ g/ml}$)

5. Búnaður

5.1. Rafmagnshella með hitastilli.

5.2. Sýrustigsmærir.

Athugasemd

Eigi að ákvarða bórinnihald í útdrátti skal ekki nota glerflát úr bórsilfkatí. Þar sem aðferðin krefst suðu er æskilegt að nota teflon eða kvars Glerbúnaðurinn skal skolaður vandlega hafi hann verið þveginn með hreinsiefnum sem innihalda bór.

6. Undirbúningur sýnis

Sjá aðferð 1.

7. Aðferð

7.1. Prófunarsýni

Tekinn er skammtur af áburði sem vegur 1–2 g, allt eftir uppgefnu innihaldi frumefnisins í vörunni. Styðjast skal við eftifarandi töflu til þess að fá út lokalausnina sem, eftir hæfilega þynningu, verður innan marka mælisviðs hverrar aðferðar. Sýnin skulu vegin með 1 mg nákvæmni.

Uppgefið innihald snefilefna í áburðinum (%)	> 10 < 25	≥ 25
Massi prófunarsýnis (g)	2	1
Massi frumefnis í sýninu (mg)	> 200 < 500	≥ 250
Rúmmál útdráttar V (ml)	500	500
Styrkur frumefnis í útdrátti (mg/l)	> 400 < 1 000	≥ 500

Sýnið er látið í 250 ml bikarglas.

7.2. Tilreiðsla lausnarinnar

Sýnið er vætt ef nauðsyn krefur með örlitlu vatni, síðan er varlega og í smáskömmum bætt við 10 ml af þynnri saltsýru (4.1) fyrir hvert gramm af áburði, þá er bætt við u.þ.b. 50 ml af vatni. Bikarglasinu er lokað með úrgleri og þessu blandað saman. Hitað er að suðumarki á hitaplötunni og látið sjóða í 30 mínútur. Látið kólna og hrært í við og við á meðan. Öll lausnin er færð yfir í 500 ml mæliflösku. Fyllt er að markinu með vatni og þessu blandað vel saman. Lausnin er síuð gegnum þurra síu í þurrt flát. Fyrsta skammti er hent. Útdrátturinn skal vera alveg tær.

Mælt er með því að ákvörðun á deiliskömmum tæra sífvökvars fari fram án tafar, annars skal flátunum lokað með tappa.

Athugasemd

Útdráttir þar sem ákvarða þarf bórinnihald: pH-gildi er stillt milli 4 og 6 með óblönduðu ammoníaki (4.2).

8. Ákvörðun

Hvert snefilefni skal ákvarðað með þeim deiliskömmum sem tilgreindir eru í aðferðinni fyrir viðkomandi snefilefni.

Ekki er hægt að nota aðferðir 10.5, 10.6, 10.7, 10.9 eða 10.10 til að ákvarða klóbundin eða flókabundin frumefni. Í slíkum tilfellum þarf að nota aðferð 10.3 áður en ákvörðunin er gerð.

Venjulega er þetta ekki nauðsynlegt við ákvarðanir með frumeindagleypnimælingu (aðferðir 10.8 og 10.11).

Aðferð 10.2

Útdráttur á vatnsleysanlegum snefilefnum

1. Gildissvið

Í þessari aðferð er því lýst hvernig vatnsleysanleg form snefilefnanna bórs, kóbalts, kopars, járns, mangans, mólýbdens og sinks eru dregin út. Markmiðið er að draga þurfi sem sjaldnast út og að nota einn útdrátt, þar sem því verður við komið, til að ákvarða innihald hvers og eins af þeim snefilefnum sem eru talin upp hér að framan.

2. Notkunarsvið

Þessi aðferð er notuð fyrir EB-áburð sem fellur undir E-þátt I. viðauka við þessa reglugerð og inniheldur eitt eða fleiri af snefilefnunum bór, kóbalti, kopar, járni, mangani, mólýbdeni og sinki. Hana má nota fyrir snefilefni ef uppgefið innihald þess er meira en 10%.

3. Grundvöllur aðferðar

Snefilefnin eru dregin út með því að hrista áburðinn í vatni við 20 (± 2) °C.

Athugasemd

Útdrátturinn er reynslubundinn og e.t.v. ekki megindlegur.

4. Prófefni

4.1. *Pynnt saltsýrulausn (HCl), u.p.b. 6 mó/l/l*

Einum hluta af saltsýru ($d_{20} = 1,18$ g/ml) er blandað saman við einn hluta af vatni.

5. Búnaður

5.1. Snúningshristari stilltur á u.p.b. 35 til 40 snúninga á mínútu.

Athugasemd

Eigi að ákvarða bórrnihald í útdrátti skal ekki nota glerflát úr bórsilíkati. Æskilegt er að nota teflon eða kvars fyrir þennan útdrátt. Glerbúnaðurinn skal skolaður vandlega hafi hann verið þveginn með hreinsiefni sem inniheldur bóröt.

6. Undirbúningur sýnis

Sjá aðferð 1.

7. Aðferð

7.1. *Prófunarsýni*

Tekinn er skammtur af áburði sem vegur 1 eða 2 g, allt eftir uppgefnu innihaldi vörunnar. Styðjast skal við eftirfarandi töflu til þess að fá út lokalausnina sem, eftir að hún hefur verið hæfilega þynnt, verður innan marka þess mælingarsviðs sem gildir fyrir hverja aðferð. Sýnin skulu vegin með innan við 1 mg nákvæmni.

Uppgefið innihald snefilefna í áburðinum (%)	> 10 < 25	≥ 25
Massi prófunarsýnis (g)	2	1
Massi frumefnis í sýninu (mg)	$> 200 < 500$	≥ 250
Rúmmál útdráttar V (ml)	500	500
Styrkur frumefnis í útdrátti (mg/l)	$> 400 < 1\,000$	≥ 500

Sýnið er látið í 500 ml flösku.

7.2. *Tilreiðsla lausnarinnar*

U.p.b. 400 ml af vatni er bætt við.

Flöskunni er lokað þétt með tappa. Hún er hrist rækilega í höndunum til að dreifa sýninu og síðan sett í hristarann í 30 mínútur.

Fyllt er að markinu með vatni og þessu blandað vel saman.

7.3. *Tilreiðsla prófunarlausnarinnar*

Lausnin er síuð án tafar í hreina, þurra flösku. Flöskunni er lokað með tappa. Ákvörðunin er framkvæmd strax að sífun lokinni.

Athugasemd

Verði síuvökvinn smátt og smátt gruggugur er dregið út aftur skv. 7.1 og 7.2, í flösku með rúmmál Ve. Lausnin, sem áður hefur verið þurrkuð og 5 ml af þynntri saltsýru (4.1) hellt í, er sfuð í kvarðaða mæliflösku með rúmmál W. Hætt er að sía um leið og lausnin nær réttu kvarðamerki. Blandist vel saman.

Við þessi skilyrði er gildi V í framsetningu niðurstaðna:

$$V = V_e \times W/(W - 5)$$

Þynningarar í framsetningu niðurstaðna ráðast af gildi V.

8. Ákvörðun

Hvert snefilefni skal ákvarðað með þeim deiliskömmum sem tilgreindir eru í aðferðinni fyrir viðkomandi snefilefni.

Ekki er hægt að nota aðferðir 10.5, 10.6, 10.7, 10.9 eða 10.10 til að ákvarða klóbundin eða flókabundin frumefni. Í slíkum tilfellum þarf að nota aðferð 10.3 áður en ákvörðunin er gerð.

Venjulega er þetta ekki nauðsynlegt við ákvarðanir með frumeindagleypnimælingu (aðferðir 10.8 og 10.11).

Aðferð 10.3

Hreinsun lífrænna efnasambanda úr útdrátti úr áburði

1. Gildissvið

Í þessari aðferð er því lýst hvernig lífræn efnasambönd eru fjarlægð úr útdrátti úr áburði.

2. Notkunarsvið

Þessi aðferð er notuð við greiningu áburðarsýna, sem dregin eru út með aðferðum 10.1 og 10.2, ef þess er krafist í E-þetti I. viðauka við þessa reglugerð að gefin sé yfirlýsing um heildarinnihald og/eða vatnsleysanlegt innihald efna í áburðinum.

Athugasemd

Lífræn efni í litlum mæli hafa venjulega ekki áhrif á ákvarðanir sem gerðar eru með frumeindagleypnimælingu.

3. Grundvöllur aðferðar

Lífrænu efnasamböndin í deiliskammti af útdráttinum eru oxuð með vetrnisperoxíði.

4. Prófefni

4.1. Þynnt saltsýrulausn (HCl), u.b.b. 0,5 mol/l

Einum hluta af saltsýru ($d_{20} = 1,18$ g/ml) er blandað saman við 20 hluta af vatni.

4.2. Vetrnisperoxíðlausn (30% H_2O_2 , $d_{20} = 1,11$ g/ml), án snefilefna

5. Búnaður

Rafmagnshitapla með hitastilli.

6. Aðferð

Teknir eru 25 ml af útdráttarlausninni með aðferð 10.1 eða aðferð 10.2 og þeir settir í 100 ml bikarglas. Sé aðferð 10.2 beitt er 5 ml af þynntri saltsýrulausninni (4.1) bætt við. Þá er 5 ml af vetrnisperoxíðlausninni (4.2) bætt við. Lokað er með úrgleri. Oxun er látin eiga sér stað í eina klukkustund við stofuhita, þá hitað smátt og smátt að suðu og soðið í hálfa klukkustund. Ef nauðsyn krefur er öðrum 5 ml af vetrnisperoxíði bætt við lausnina eftir að hún hefur kólnað. Þá er soðið til að fjarlægja umframagn vetrnisperoxíðsins. Lausnin er látin kólna og hún öll færð yfir í 50 ml mæliflösku og fyllt að marki. Síðað ef nauðsyn krefur.

Reikna skal með þessari þynningu þegar deiliskammtar eru teknir og hundraðshluti snefilefna er reiknaður út í vörunni.

Aðferð 10.4

**Ákvörðun á snefilefnum með frumeindagleypnimælingu í útdrátti úr áburði
(almenn aðferð)**

1. Gildissvið

Í þessu skjali er fastsett almenn aðferð til að ákvarða innihald tiltekinna snefilefna í útdrátti úr áburði með frumeindagleypnimælingu.

2. Notkunarsvið

Þessi aðferð er notuð við greiningu áburðarsýna, sem dregin eru út með aðferðum 10.1 og 10.2, ef þess er krafist í E-þætti I. viðauka við þessa reglugerð að gefin sé yfirlýsing um heildarinnihald og/eða vatnsleysanlegt innihald járns eða sinks í áburðinum.

Laga má þessa aðferð að mismunandi snefilefnum og er því lýst í þeim aðferðum sem eru sérstaklega skilgreindar fyrir hvert frumefni.

Athugasemd

Lífræn efni í litlum mæli hafa venjulega ekki áhrif á ákvarðanir sem gerðar eru með frumeindagleypnimælingu.

3. Grundvöllur aðferðar

Eftir að útdrátturinn hefur verið meðhöndlaður, þar sem nauðsyn krefur, til að minnka eða fjarlægja truflandi efni er hann þynntur þannig að styrkur hans verði á kjörsviði litrófsmælisins á bylgulengd sem hæfir því snefilefni sem ákvarða á.

4. Prófefni

4.1. *Pynnt saltsýrulausn (HCl), u.p.b. 6 mó/l*

Einum hluta af saltsýru ($d_{20} = 1,18 \text{ g/ml}$) er blandað saman við einn hluta af vatni.

4.2. *Pynnt saltsýrulausn (HCl), u.p.b. 0,5 mó/l*

Einum hluta af saltsýru ($d_{20} = 1,18 \text{ g/ml}$) er blandað saman við 20 hluta af vatni.

4.3. *Lantansaltlausnir (10 g af La í hvern lítra)*

Þetta prófefni er notað til að ákvarða járn og sink. Það má tilreiða með tvenns konar hætti:

- með lantanoxíði sem leyst er upp í saltsýru (4.1). 11,73 g af lantanoxíði (La_2O_3) er hellt saman við 150 ml af vatni í eins lítra mæliflösku og 120 ml af 6 mó/l saltsýru (4.1) bætt við. Efnið er látið leysast upp og fyllt að einum lítra með vatni og þessu blandað vel saman. Saltsýrustyrkur þessarar lausnar er u.p.b. 0,5 mó/l, eða
- með lantanklóríð-, súlfat- eða nítratlausnum. 26,7 g af lantanklóríðheptahýdrati ($\text{LaCl}_3 \cdot 7\text{H}_2\text{O}$) eða 31,2 g af lantanítrathexahýdrati [$\text{La}(\text{NO}_3)_3 \cdot 6\text{H}_2\text{O}$] eða 26,2 g af lantansúlfatnónahýdrati [$\text{La}_2(\text{SO}_4)_3 \cdot 9\text{H}_2\text{O}$] eru leyst upp í 150 ml af vatni, síðan er 85 ml af 6 mó/l saltsýru (4.1) bætt við. Efnið er látið leysast upp og fyllt að einum lítra með vatni. Blandist vel saman. Saltsýrustyrkur þessarar lausnar er u.p.b. 0,5 mó/l.

4.4. *Kvörðunarlausnir*

Upplýsingar um tilreiðslu þessara lausna er að finna í þeim aðferðum sem eru tilgreindar fyrir ákvörðun hvers snefilefnis.

5. Búnaður

Litrófsmælir fyrir frumeindagleypnimælingar, búinn geislagjöfum sem senda frá sér geisla sem eru einkennandi fyrir snefilefnin sem á að ákvarða.

Sá sem annast greininguna skal fylgja leiðbeiningum framleiðandans og kunna skil á búnaðinum. Tækið skal þannig gert að koma megi við bakgrunnsleiðréttingu svo að það megi nota í öllum tilvikum (t.d. fyrir Zn). Nota skal loft og asetýlen.

6. Tilreiðsla lausnar til greiningar

6.1. Tilreiðsla útdráttarlausna snefilefna sem á að ákvarða

Sjá aðferð 10.1 og/eða 10.2 og, ef við á, 10.3.

6.2. Meðhöndlun prófunarlausnarinnar

Deiliskammtur af útdráettinum, sem fenginn er með aðferð 10.1, 10.2 eða 10.3, er þynntur með vatni og/eða saltsýru (4.1) eða (4.2) til að fá fram, í lokalausn til mælingar, styrkleika frumefnisins, sem á að ákvarða, er á við það kvörðunarsvið sem er notað (7.2) og saltsýrustyrkleika á bilinu 0,5 til 2,5 mól/l. Ef til vill er nauðsynlegt að þynna á ný, einu sinni eða oftar.

Lokalausnin skal fengin með þeim hætti að setja deiliskammt af þynnta útdráettinum í 100 ml mæliflösku. Rúmmál þessa deiliskammts kallast (a) ml. Bætt er í 10 ml af lantansaltlausn (4.3). Fyllt er að markinu með 0,5 mól/l saltsýrulausn (4.2) og þessu blandað vel saman. Þynningarstuðullinn er D.

7. Aðferð

7.1. Tilreiðsla núlllausnar

Núlllausnin fæst með því að endurtaka allt ferlið frá útdráttarstigi þannig að einungis prófunarsýni áburðar sé sleppt.

7.2. Tilreiðsla kvörðunarlausna

A.m.k. fimm kvörðunarlausnir eru tilreiddar í röð í 100 ml mæliflöskum, úr þeirri kvörðunarlausn sem unnið er með og tilreidd er samkvæmt aðferðinni sem tilgreind er fyrir sérhvert snefilefni, í vaxandi styrkleika innan kjörmælisviðs litrófsmælisins. Ef nauðsyn krefur er styrkleiki saltsýrunnar lagaður eins nákvæmlega og frekast er unnt að styrkleika þynntu prófunarlausnarinnar (6.2). Þegar ákvarða á járn eða sink er bætt við 10 ml af sömu lantansaltlausninni (4.3) og tilgreind er í 6.2. Fyllt er að markinu með 0,5 mól/l saltsýrulausn (4.2) og þessu blandað vel saman.

7.3. Ákvörðun

Litrófsmælirinn (5) er hafður til reiðu fyrir ákvörðunina og stilltur á þá bylgjulengd sem tiltekin er samkvæmt þeirri aðferð sem hæfir viðkomandi snefilefni.

Kvörðunarlausninni (7.2), prófunarlausninni (6.2) og núlllausninni (7.1) er úðað þrisvar í röð og niðurstaðan skráð hverju sinni og tækið skolað með eimuðu vatni í hvert sinn eftir að úðað hefur verið.

Kvörðunarferillinn verður til með því að staðsetja meðaltal aflestra litrófsmælisins fyrir hverja kvörðunarlausn (7.2) á lóðhniti og samsvarandi styrkleika viðkomandi frumefnis, gefinn upp í $\mu\text{g}/\text{ml}$, á láhniti.

Styrkleiki viðkomandi snefilefnis í prófunarlausninni x_s (6.2) og núllausninni x_b (7.1) er ákvarðaður eftir þessum ferli, þar sem hann er tilgreindur í $\mu\text{g}/\text{ml}$.

8. Framsetning niðurstaðna

Hundraðshluti snefilefnis (E) í áburðinum er fundinn út frá:

$$E (\%) = [(x_s - x_b) \times V \times D] / (M \times 10^4)$$

Hafi aðferð 10.3 verið beitt:

$$E (\%) = [(x_s - x_b) \times V \times 2D] / (M \times 10^4)$$

þar sem

E = magn þess snefilefnis sem er ákvarðað, gefið upp sem hundraðshluti áburðarins,

x_s er styrkleiki prófunarlausnarinnar (6.2) í $\mu\text{g}/\text{ml}$,

x_b = styrkleiki prófunarlausnarinnar (7.1) í $\mu\text{g}/\text{ml}$,

V = rúmmál útdráttarins, sem fæst með aðferð 10.1 eða 10.2, í ml,

D = stuðull sem samsvarar þynningunni sem gerð er samkvæmt lið 6.2,

M = massi prófunarsýnisins í grömmum, sem tekið er í samræmi við aðferð 10.1 eða 10.2.

Útreikningur á þynningarstuðlinum D:

Ef (a1), (a2), (a3), ..., (ai) og (a) er röð deiliskammta og (v1), (v2), (v3), ..., (vi) og (100) er rúmmál samsvarandi þynninga þeirra, í sömu röð, í ml er þynningarstuðullinn D jafn:

$$D = (v_1/a_1) \times (v_2/a_2) \times (v_3/a_3) \times \dots \times (v_i/a_i) \times (100/a)$$

Aðferð 10.5

Ákvörðun á bór í útdrátti úr áburði með sýrutítrun

1. Gildissvið

Í þessari aðferð er lýst ákvörðun á bórinnhaldi í útdrátti úr áburði.

2. Notkunarsvið

Þessi aðferð er notuð við greiningu áburðarsýna, sem dregin eru út með aðferðum 10.1 og 10.2, ef þess er krafist í E-þætti I. viðauka við þessa reglugerð að gefin sé yfirlýsing um heildarinnihald og/eða vatnsleyasanlegt innihald bórs í áburðinum.

3. Grundvöllur aðferðar

Flóki mannitóls og bórs myndast með eftirfarandi efnahvörfum:



Flókinn er titraður með natrúmhýdroxíðlausn uns pH-gildi er 6,3.

4. Prófefni

4.1. Metýlrauð litvísislausn

Í 100 ml mæliflösku er 0,1 g af metýlrauðu ($\text{C}_{15}\text{H}_{15}\text{N}_3\text{O}_2$) leyst upp í 50 ml af 95% etanolí. Fyllt er að 100 ml með vatni. Blandist vel saman.

4.2. Þynnt saltsýrulausn, u.p.b. 0,5 mol/l

Einum hluta af saltsýru HCl ($d_{20} = 1,18 \text{ g/ml}$) er blandað saman við 20 hluta af vatni.

4.3. Natrúmhýdroxíðlausn, um 0,5 mol/l

Verður að vera laus við koltvísýring. 20 g af natrúmhýdroxíði (NaOH) í töfluformi eru leyst upp í eins lítra mæliflösku, sem inniheldur um 800 ml af soðnu vatni. Þegar lausnin hefur kólnað er fyllt að 1 000 ml með soðnu vatni og þessu blandað vel saman.

4.4. Staðallausn af natrúmhýdroxíði, u.p.b. 0,025 mol/l

Verður að vera laus við koltvísýring. 0,5 mol/l natrúmhýdroxíðlausnin (4.3) er þynnt 20 sinnum með soðnu vatni og þessu blandað vel saman. Ákvarða ber gildi lausnarinnar sem er gefið upp sem bór (B) (sjá 9. lið).

4.5. Bórvörðunarlausn (100 $\mu\text{g}/\text{ml}$ B)

0,5719 g af bórsýru (H_3BO_3), vegin með 0,1 mg nákvæmni, eru leyst upp í vatni í 1 000 ml mæliflösku. Fyllt er að markinu með vatni og þessu blandað vel saman. Lausninni er í hellt yfir í plastflösku sem geymd er í kæli.

4.6. D-mannitol ($C_6H_{14}O_6$), duft

4.7. Natriumchloride (NaCl)

5. Búnaður

5.1. Sýrustigsmærir með glerrafskauti

5.2. Segulhræribúnaður

5.3. 400 ml bikarglas með teflonpinna

6. Tilreiðsla lausnar til greiningar

6.1. Tilreiðsla bórlausnarinnar

Sjá aðferð 10.1, 10.2 og, ef við á, 10.3.

7. Aðferð

7.1. Prófun

Deiliskammtur (a) af útdrættinum (6.1), sem inniheldur 2 til 4 mg B, er settur í 400 ml bikarglas (5.3). 150 ml af vatni er bætt við.

Nokkrum dropum af metýlrauðri litvísíslausn (4.1) er bætt við.

Þegar útdráttur fer fram samkvæmt aðferð 10.2 er lausnin sýrð með því að bæta í hana 0,5 mól/l saltsýru (4.2) uns litvísíslausn tekur breytingum, þá er öðrum 0,5 ml af 0,5 mól/l saltsýru (4.2) bætt við.

Eftir að 3 g af natriumklóríði (4.7) hefur verið bætt við er lausnin hituð að suðu til að fjarlægja koldfoxíðið. Látið kólna. Bikarglaðið er sett á segulhræribúnaðinn (5.2) og rafskaut sýrustigsmælisins (5.1), sem áður hefur verið kvarðaður, eru sett ofan í glasið.

pH-gildið er stíllt nákvæmlega á 6,3, fyrst með 0,5 mól/l natriumhýdroxíðlausninni (4.3), þá með 0,025 mól/l lausninni (4.4).

Bætt er við 20 g af D-mannitolí (4.6), það látið leysast algjörlega upp og þessu blandað vel saman. Lausnin er titruð með 0,025 M natriumhýdroxíðlausninni (4.4) uns pH-gildið er 6,3 (stöðugleiki í minnst 1 mínútu). Nauðsynlegt rúmmál er X_1 .

8. Núllausn

Núlllausnin fæst með því að endurtaka allt ferlið, allt frá tilreiðslu lausnar þannig að einungis áburðinum er sleppt. Nauðsynlegt rúmmál er X_0 .

9. Bórlinnihald (B) natriumhýdroxíðlausnarinnar (4.4)

Með rennipípu eru 20 ml (2,0 mg B) af kvörðunarlausninni (4.5) fluttir yfir í 400 ml bikarglas og nokkrum dropum af metýlrauðri litvísíslausn (4.1) bætt við. Þá er 3 g af natriumklóríði (4.7) og saltsýrlausn (4.2) bætt við uns litvísíslausn (4.1) tekur breytingum.

Fyllt er að 150 ml með vatni, lausnin hituð varlega að suðu til að fjarlægja koldfoxíðið. Látið kólna. Bikarglaðið er sett á segulhræribúnaðinn (5.2) og rafskaut sýrustigsmælisins (5.1), sem áður hefur verið kvarðaður, eru sett ofan í glasið. pH-gildið er stíllt nákvæmlega á 6,3, fyrst með 0,5 mól/l natriumhýdroxíðlausninni (4.3), þá með 0,025 mól/l lausninni (4.4).

Bætt er við 20 g af D-mannitolí (4.6), það látið leysast algjörlega upp og þessu blandað vel saman. Lausnin er titruð með 0,025 mól/l natriumhýdroxíðlausninni (4.4) uns pH-gildið er 6,3 (stöðugleiki í minnst 1 mínútu). Nauðsynlegt rúmmál er V_1 .

Núlllausn er tilreidd á sama hátt, en 20 ml af vatni koma í stað kvörðunarlausnarinnar. Nauðsynlegt rúmmál er X_0 .

Bórlinnihald (F) staðalnatriumhýdroxíðlausnarinnar (4.4) í mg/ml er sem hér segir:

$$F (\text{í mg/ml}) = 2 / (V_1 - V_0)$$

1 ml af nákvæmlega 0,025 mól/l natriumhýdroxíðlausn samsvarar 0,27025 mg B.

10. Framsetning niðurstaðna

Hundraðshluti bórs í áburðinum er fundinn út frá:

$$B (\%) = \frac{(X_1 - X_0) \times F \times V}{10 \times a \times M}$$

þar sem

B (%) = hundraðshluti bórs í áburðinum,

X₁ = rúmmál 0,025 mól/l natrúmhýdroxíðlausnarinnar (4.4) í ml, sem notist í þófunarlausnina,

X₀ = rúmmál 0,025 mól/l natrúmhýdroxíðlausnarinnar (4.4) í ml, sem notist í nállausnina,

F = bórinnihald (B), í mg/ml, í 0,025 mól/l natrúmhýdroxíðlausninni (4.4),

V = rúmmál útdráttarlausnarinnar í ml, sem fæst samkvæmt aðferð 10.1 eða 10.2,

a = rúmmál deiliskammtsins (7.1) í ml, sem tekinn er úr útdráttarlausninni (6.1),

M = massi þófunarsýnisins í grömmum, sem tekið er samkvæmt aðferð 10.1 eða 10.2.

Aðferð 10.6

Ákvörðun á kóbalti í útdrátti úr áburði með þyngdarmælingu þar sem 1-nítrósó-2-naftól er notað

1. Gildissvið

Í þessu skjali er fastsett aðferð til að ákvarða kóbalt í útdrátti úr áburði.

2. Notkunarþáttir

Þessi aðferð er notuð við greiningu áburðarsýna, sem dregin eru út með aðferðum 10.1 og 10.2, ef þess er krafist í E-þætti I. viðauka við þessa reglugerð að gefin sé yfirlýsing um innihald kóbalts í áburðinum.

3. Grundvöllur aðferðar

Kóbalt III myndar ásamt 1-nítrósó-2-naftól rauut botnfall Co (C₁₀H₆ONO)₃ · 2H₂O. Eftir að kóbaltinu, sem er í útdráttinum, hefur verið komið yfir í kóbalt III er kóbaltið botnfellt í ediksýrðum miðli með 1-nítrósó-2-naftóllausn. Að síun lokinni er botnfallið þvegið og þurrkað uns þyngdin er stöðug og síðan vegið sem Co (C₁₀H₆ONO)₃ · 2H₂O.

4. Prófefni

4.1. Vetrnisperoxíðlausn (H₂O₂, d₂₀ = 1,11 g/ml) 30%

4.2. Natrúmhýdroxíðlausn, u.p.b. 2 mól/l

8 g af natrúmhýdroxíði í töfluformi eru leyst upp í 100 ml af vatni.

4.3. Þynnt saltsýrulausn, u.p.b. 6 mól/l

Einum hluta af saltsýru (d₂₀ = 1,18 g/ml) er blandað saman við 1 hluta af vatni.

4.4. Ediksýra (99,7% CH₃CO₂H) (d₂₀ = 1,05 g/ml)

4.5. Ediksýrulausn (1:2), u.p.b. 6 mól/l

Einum hluta af ediksýru (4.4) er blandað saman við 2 hluta af vatni.

4.6. Lausn 1-nítrósó-2-naftóls í 100 ml af ediksýru (4.4). 100 ml af volgu vatni er bætt við. Blandist vel saman. Síðan skal notuð þegar í stað.

5. Búnaður

- 5.1. Síudeigla P 16/ISO 4 793, grop 4, rúmar 30 eða 50 ml
- 5.2. Hitaskápur, stilltur á 130 (± 2) °C

6. Tilreiðsla lausnar til greiningar

- 6.1. *Tilreiðsla kóbaltlausnarinnar*
Sjá aðferðir 10.1 eða 10.2.
- 6.2. *Tilreiðsla lausnar til greiningar*

Deiliskammtur af útdráttinum, sem inniheldur 20 mg eða minna af Co, er settur í 400 ml bikarglas. Ef útdrátturinn er fenginn samkvæmt aðferð 10.2 er hann gerður súr með fimm dropum af saltsýrulausn (4.3). Þá er 10 ml af vetrnisperoxíðlausninni (4.1) bætt við. Hið oxandi efni er látið verka kalt í 15 mínútur og síðan er fyllt með vatni að um 100 ml. Bikarglasinu er lokað með úrgleri. Lausnin er hituð að suðumarki og látin sjóða í um 10 mínútur. Látin kólna. Lausnin er gerð basísk með dropa fyrir dropa af natriumhýdroxíðlausninni (4.2) uns svart kóbalthýdroxíð byrjar að falla til botns.

7. Aðferð

10 ml af ediksýru (4.4) er bætt við og fyllt með vatni þar til lausnin er orðin um 200 ml. Hitað að suðumarki. 20 ml af 1-nítrósó-2-naftóllausninni (4.6) er bætt við í dropatali með mælipípu um leið og hrært er í án afláts. Að lokum er hrært duglega til að botnfallið hlaupi.

Vökvinn er síður gegnum síudeiglu (5.1) sem áður hefur verið vegin og þess gætt að deiglan stíflist ekki. Það er gert með því að sjá til þess að vökví sé ávallt yfir botnfallinu meðan síð er.

Bikarglasið er þvegið með þynntri ediksýru (4.5) til að fjarlægja allt botnfall, botnfallið í síunni er þvegið með þynntri ediksýru (4.5) og síðan þrisvar með heitu vatni.

Botnfallið er þurrkað í hitaskáp (5.2) við 130 (± 2) °C uns stöðugum massa er náð.

8. Framsetning niðurstaðna

1 mg af Co ($C_{10}H_6ONO_3 \cdot 2H_2O$) botnfalli samsvarar 0,096381 mg Co.

Hundraðshlutu kóbals (Co) í áburðinum er fundinn út frá:

$$\text{Co (\%)} = (X \times 0,0096381) \times \frac{V \times D}{a \times M}$$

þar sem

X = massi botnfallins í mg,

V = rúmmál útdráttarlausnarinnar í ml, sem fæst samkvæmt aðferð 10.1 eða aðferð 10.2,

a = rúmmál deiliskammtsins í ml sem tekinn er úr síðustu þynningunni,

D = þynningarstuðull þessa deiliskammts,

M = massi prófunarsýnisins í grómmum.

Aðferð 10.7

Ákvörðun á kopar í útdrátti úr áburði með titrunarmælingu

1. Gildissvið


Í þessu skjali er fastsett aðferð til að ákvarða kopar í útdrátti úr áburði.

2. Notkunarsvið


Þessi aðferð er notuð við greiningu áburðarsýna, sem dregin eru út með aðferðum 10.1 og 10.2, ef þess er krafist í E-þætti I. viðauka við þessa reglugerð að gefin sé yfirlýsing um innihald kopars í áburðinum.

3. Grundvöllur aðferðar

Kúpríjónunum er fækkað í súrum miðli með kalíumjoðíði:



Joðið sem losnar með þessum hætti er titrað með staðalnatríumþíósúlfatlausn þar sem sterkja kemur fyrir sem litvísir:



4. Prófefni

4.1. Saltpéturssýra (HNO_3 , $d_{20} = 1,40$ g/ml)

4.2. Þvagefni $[(\text{NH}_2)_2 \text{C} = 0]$

4.3. Ammoníumvetnisdíflúoríð (NH_4HF_2), lausn 10% w/v

Lausnina skal geyma í plastfláti.

4.4. Ammoníumhýdroxíðlausn (I+I)

Einum hluta af ammoníaki (NH_4OH , $d_{20} = 0,9$ g/ml) er blandað saman við einn hluta af vatni.

4.5. Staðallausn natríumþíósúlfats

Í eins lítra mæliflösku er 7,812 g af natríumþíósúlfatpentrahýdrati ($\text{Na}_2\text{S}_2\text{O}_3 \cdot 5\text{H}_2\text{O}$) blandað saman við vatn. Lausnin skal tilreidd þannig að 1 ml = 2 mg Cu. Nokkrum klóróformdropum er bætt við til að koma lausninni í jafnvægi. Geyma ber lausnina í glerfláti og hún varin gegn beinu ljósi.

4.6. Kalíumjoðíð (KI)

4.7. Kalíumþíósýanat (KSCN), lausn (25% w/v)

Þessa lausn skal geyma í plastflösku.

4.8. Sterkjulausn, u.p.b. 0,5%

Í 600 ml bikarglas eru sett 2,5 g af sterkju. U.p.b. 500 ml af vatni er bætt við. Látið sjóða meðan hrært er í. Kælt niður í stofuhita. Lausnin hefur takmarkað geymsluþol. Unnt er að auka geymsluþolið með því að bæta við um 10 mg af kvikasilfursjoðíði.

5. Tilreiðsla lausnar til greiningar

Tilreiðsla koparlausnarinnar.

Sjá aðferðir 10.1 og 10.2.

6. Aðferð

6.1. Tilreiðsla lausnarinnar fyrir titrun

Setja skal deiliskammt af lausninni, sem inniheldur minnst 20-40 mg Cu, í 500 ml keiluflösku.

Lausnin er soðin stutta stund til að fjarlægja umframsúrefni. Fyllt er með vatni í u.p.b. 100 ml. Þá er 5 ml af saltpéturssýru (4.1) bætt við, hitað að suðumarki og látið sjóða í u.p.b. hálfu mínuðu.

Keiluflaskan er tekin af hitatækini, um 3 g af þvagefni (4.2) er bætt við og lausnin látin sjóða á ný í u.p.b. hálfu mínuðu.

Flaskan er tekin af hitatækini og 200 ml af köldu vatni bætt við. Ef nauðsyn krefur er innihald keiluflökunnar kælt niður í stofuhita.

Ammoníumhýdroxíðlausn (4.4) er bætt við jafnt og þétt uns lausnin verður blá, þá er 1 ml til viðbótar bætt við.

50 ml af ammoníumvetnisdíflúoríðlausn (4.3) er bætt við og þessu blandað saman.

10 g af kalíumjoðíði (4.6) er bætt við og leyst upp.

6.2. *Títrun lausnarinnar*

Keiluflaskan er sett á segulhræribúnaðinn. Pinninn er settur í keiluflöskuna og stilltur á æskilegan hraða.

Staðallausn natriúmpíósúlfats (4.5) er bætt við með mælipípu uns brúnn litur joðsins, sem leyst hefur verið, dofnar.

Bætt er við 10 ml af sterkjulausninni (4.8).

Lausnin er titruð áfram með natriúmpíósúlfatlausninni (4.5) uns purpuraliturni er næstum horfinn.

20 ml af kalíumþíósíánatlausninni (4.7) er bætt við og titrað áfram uns fjólubláí liturni er algjörlega horfinn.

Skrá skal rúmmál þíósúlfatlausnarinnar sem er notað.

7. **Niðurstöður mælinga**

1 ml af þíósúlfatstaðallausn (4.5) samsvarar 2 mg af Cu.

Hundraðshluti kopars í áburðinum er fundinn út frá:

$$\text{Cu (\%)} = X \frac{V}{a \times M \times 5}$$

þar sem

X = rúmmál natrúmpíósúlfatlausnarinnar sem er notuð, í ml,

V = rúmmál útdráttarlausnarinnar í ml, í samræmi við aðferðir 10.1 og 10.2,

a = rúmmál deiliskammtsins í ml,

M = massi prófunarsýnisins í grómmum, í samræmi við aðferðir 10.1 og 10.2.

Aðferð 10.8

Ákvörðun á járni í útdrátti úr áburði með frumeindagleypnimælingu

1. **Gildissvið**

Í þessari aðferð er lýst ákvörðun á járni í útdrátti úr áburði.

2. **Notkunarsvið**

Þessi aðferð er notuð við greiningu áburðarsýna, sem dregin eru út með aðferðum 10.1 og 10.2, ef þess er krafist í E-þætti I. viðauka við þessa reglugerð að gefin sé yfirlýsing um heildarinnihald og/eða vatnsleysanlegt innihald járns í áburðinum.

3. **Grundvöllur aðferðar**

Eftir að útdrátturinn hefur hlutið viðeigandi meðhöndlun og þynningu ákvarðast járninnihaldið með frumeindagleypnimælingu.

4. **Prófefni**

4.1. *Saltsýrulausn, u.p.b. 6 mol/l*

Sjá aðferð 10.4 (4.1).

4.2. *Saltsýrulausn, u.p.b. 0,5 mol/l*

Sjá aðferð 10.4 (4.2).

- 4.3. Vetrnisperoxíðlausn (30% H₂O₂, d₂₀ = 1,11 g/ml), án snefilefna
- 4.4. *Lantansaltlausnir (10 g af La í hvern lítra)*
- Sjá aðferð 10.4 (4.3).
- 4.5. *Járnkvörðunarlausn*
- 4.5.1. Járnstofnlausn (1 000 µg/ml)
- 1 g af hreinum járvír er vegið með 0,1 mg nákvæmni í 500 ml bikarglas, bætt er við 200 ml af 6 mól/l saltsýru (4.1) og 15 ml af vetrnisperoxíðlausn (4.3). Hitað á hitaplötu uns járnið er algjörlega uppleyst. Þegar lausnin er köld er hún öll færð yfir í 1 000 ml mæliflösku. Fyllt er að markinu með vatni og þessu blandað vel saman.
- 4.5.2. Járlausn sem unnið er með (100 µg/ml)
- 20 ml af stofnlausn (4.5.1) er hellt í 200 ml mæliflösku. Fyllt er að markinu með 0,5 mól/l saltsýrulausn (4.2) og þessu blandað vel saman.

5. Búnaður

Litrófsmælir fyrir frumeindagleypnimælingar: sjá aðferð 10.4 (5). Tækið skal búið geislajafa sem sendir frá sér geisla sem eru einkennandi fyrir járn (248,3 nm).

6. Tilreiðsla lausnar til greiningar

6.1. Járnuðráttarlausn

Sjá aðferð 10.1 og/eða 10.2 og, ef við á, 10.3.

6.2. Tilreiðsla prófunarlausnarinnar

Sjá aðferð 10.4 (6.2). Prófunarlausnin skal innihalda 10% (rúmmálshlutfall) af lantansaltlausn.

7. Aðferð

7.1. Tilreiðsla núlllausnar

Sjá aðferð 10.4 (7.1). Núlllausnin skal innihalda 10% (rúmmálshlutfall) af lantansaltlausninni sem er tilgreind í lið 6.2.

7.2. Tilreiðsla kvörðunarlausna

Sjá aðferð 10.4 (7.2).

Til að fá kjörmælisvið fyrir ákvörðun á járni, sem er 0 til 10 µg/ml, er (í sömu röð) 0, 2, 4, 6, 8, og 10 ml af tilsvarandi lausn sem unnið er með (4.5.2) hellt yfir í röð af 100 ml mæliflöskum. Ef nauðsyn krefur er styrkleiki saltsýrunnar lagaður eins nákvæmlega og unnt er að styrkleika prófunarlausnarinnar. 10 ml af lantansaltlausninni, sem er tilgreind í lið 6.2, er bætt við. Fyllt er að markinu með 0,5 mól/l saltsýrulausn (4.2) og þessu blandað vel saman. Þessar lausnir innihalda (í sömu röð) 0, 2, 4, 6, 8, og 10 µg/ml af járni.

7.3. Ákvörðun

Sjá aðferð 10.4 (7.3). Litrófsmælirinn (5) er hafður til reiðu fyrir mælingar við bylgjulengd 248,3 nm.

8. Niðurstöður mælinga

Sjá aðferð 10.4 (8).

Hundraðshluti járns í áburðinum er fundinn út frá:

$$\text{Fe (\%)} = [(x_s - x_b) \times V \times D] / (M \times 10^4)$$

Hafi aðferð 10.3 verið beitt:

$$\text{Fe (\%)} = [(x_s - x_b) \times V \times 2D] / (M \times 10^4)$$

þar sem

$Fe = magn járns, gefið upp sem hundraðshlutu áburðarins,$

$x_s = styrkleiki prófunarlausnarinnar (6.2) í \mu g/ml,$

$x_b = styrkleiki núlllausnarinnar (7.1) í \mu g/ml,$

$V = rúmmál útdráttarins, sem fæst samkvæmt aðferð 10.1 eða 10.2, í ml,$

$D = stuðull þynningarinnar sem framkvæmd er í 6.2,$

$M = massi prófunarsýnisins í grömmum, sem tekið er samkvæmt aðferð 10.1 eða 10.2.$

Útreikningur á þynningarstuðli D: ef $(a_1), (a_2), (a_3), \dots, (a_i)$ og (a) er röð deiliskammta og $(v_1), (v_2), (v_3), \dots, (v_i)$ og (100) er rúmmál samsvarandi þynninga þeirra, í sömu röð, í ml er þynningarstuðullinn D jafn:

$$D = (v_1/a_1) \times (v_2/a_2) \times (v_3/a_3) \times \dots \times (v_i/a_i) \times (100/a)$$

Aðferð 10.9

Ákvörðun á mangani í útdrátti úr áburði með titrum

1. Gildissvið

Í þessari aðferð er lýst ákvörðun á mangani í útdrátti úr áburði.

2. Notkunarsvið

Þessi aðferð er notuð við greiningu áburðarsýna, sem dregin eru út með aðferðum 10.1 og 10.2, ef þess er krafist í E-þætti I. viðauka við þessa reglugerð að gefin sé yfirlýsing um innihald mangans í áburðinum.

3. Grundvöllur aðferðar

Ef klórfrjónir eru í útdráettinum eru þær fjarlægðar með því að sjóða hann með brennisteinssýru. Manganið er oxað með natrúumbismútati í saltpéturssýrumiðli. Permanganatið sem myndast er afoxað með umframmagni af járnsúlfati. Þetta umframmagn er titrað með kalíumpermanganatlausn.

4. Prófefni

4.1. Óblönduð brennisteinssýra (H_2SO_4 , $d_{20} = 1,84$ g/ml)

4.2. Brennisteinssýra, u.p.b. 9 mól/l

Einum hluta af óblandaðri brennisteinssýru (4.1) er blandað varlega saman við einn hluta af vatni.

4.3. Saltpéturssýra, 6 mól/l

Þremur hlutum af saltpéturssýru (HNO_3 , $d_{20} = 1,40$ g/ml) er blandað saman við fjóra hluta af vatni.

4.4. Saltpéturssýra, 0,3 mól/l

Einum hluta af 6 mól/l saltpéturssýru er blandað saman við 19 hluta af vatni.

4.5. Natrúumbismútat ($NaBiO_3$) (85%)

4.6. Kísilgúr

4.7. Ortófosfórsýra, 15 mól/l (H_3PO_4 , $d_{20} = 1,71$ g/ml)

4.8. Járnþófatlausn, 0,15 mól/l

Í eins lítra mæliflösku eru 41,6 g af járnþófatheptahýdrati ($FeSO_4 \cdot 7H_2O$) leyst upp.

Þá er 25 ml af óblandaðri brennisteinssýru (4.1) og 25 ml af fosfórsýru (4.7) bætt við. Fyllt er að 1 000 ml. Blandist saman.

4.9. *Kalíumpermanganatlausn, 0,020 mól/l*

3,160 g af kalíumpermanganati (KMnO_4) eru vegin með 0,1mg nákvæmni. Leyst upp og fyllt að 1 000 ml með vatni.

4.10. *Silfurnítratlausn, 0,1 mól/l*

1,7 g af silfurnítrati (AgNO_3) eru leyst upp í vatni og fyllt upp að 100 ml.

5. **Búnaður**

5.1. Síudeigla P16/ISO 4 793, grop 4, rúmmál 50 ml, uppfest á 500 ml síuflösku.

5.2. Segulhræribúnaður

6. **Tilreiðsla lausnar til greiningar**6.1. *Manganútdráttarlausn*

Sjá aðferðir 10.1 og 10.2. Ef ekki er vitað hvort klóríðjónir eru í lausninni er framkvæmt próf með einum dropa af silfurnítratlausninni (4.10).

6.2. Ef klóríðjónir eru ekki í lausninni er deiliskammtur af útdráettinum, sem inniheldur 10 til 20 mg af mangani, settur í hátt 400 ml bikarglas. Fyllt er að um 25 ml, annaðhvort með uppgufun eða með því að bæta við vatni. 2 ml af óblandaðri brennisteinssýru (4.1) er bætt við.

6.3. *Ef klóríðjónir eru í lausninni er nauðsynlegt að fjarlægja þær á eftirfarandi hátt*

Deiliskammtur af útdráettinum, sem inniheldur 10 til 20 mg af mangani, er settur í hátt 400 ml bikarglas. 5 ml af 9 mól/l brennisteinssýru (4.2) er bætt við. Vökvinn er hitaður að suðu á hitaplötu í dragskáp og látið sjóða uns efnismikill hvítur reykur myndast. Suðu er halddið áfram uns rúmmál er komið niður í um 2 ml (þunnt lag af sírópskenndum vökva á botni bikarglassins). Látið kólna niður í stofuhita.

25 ml af vatni er varlega bætt við og einu sinni enn prófað hvort klóríð finnst í lausninni með einum dropa af silfurnítratlausn (4.10). Ef klóríð finnst ennþá er aðgerðin endurtekin eftir að 5 ml af 9 mól/l brennisteinssýru (4.2) hefur verið bætt við.

7. **Aðferð**

Nú er 25 ml af 6 mól/l saltpéturssýru (4.3) og 2,5 g af natrúumbismútati (4.5) bætt út í 400 ml bikarglassið sem inniheldur próflausnina. Hrært er kröftuglega með segulhræribúnaðinum (5.2) í þrjár mínutúr.

Pá er 50 ml af 0,3 mól/l saltpéturssýru (4.4) bætt við og hrært á ný. Lausnin er síuð í lofttæmi gegnum síudeiglu (5.1) þar sem botninn er þakinn kísilgúr (4.6). Deiglan er skoluð nokkrum sinnum með 0,3 mól/l saltpéturssýru (4.4) uns síuvökvinn verður litlaus.

Síuvökvinn og skolvökvinn eru færðir yfir í 500 ml bikarglas. Vökvunum er blandað saman og 25 ml af 0,15 mól/l járnsúlfatlausn (4.8) er bætt við. Ef síuvökvinn verður gulur eftir að járnsúlfati er bætt við er 3 ml af 15 mól/l ortófosfórsýru (4.7) bætt við.

Með því að nota mælipípu er umframagn járnsúlfats titrað með 0,02 mól/l kalíumpermanganatlausn (4.9) uns blandað verður bleik og liturinn helst stöðugur í eina mínutú. Núllprófun er framkvæmd við sömu skilyrði nema prófunarsýninu er sleppt.

Athugasemd

Oxaða lausnin má ekki komast í snertingu við gúmmí.

8. **Framsetning niðurstaðna**

Einn ml af 0,02 mól/l kalíumpermanganatlausn svarar til 1,099 mg af mangani (Mn).

Hundraðshlutu mangans í áburðinum er fundinn út frá:

$$\text{Mn (\%)} \text{ þar sem} = (x_b - x_s) \times 0,1099 \times \frac{V}{a \times M}$$

þar sem

X_b = rúmmál permanganats, sem notað er við nállprófunina, í ml,

X_s = rúmmál permanganats í prófunarsýninu, í ml,

V = rúmmál útdráttarlausnarinnar í ml, í samræmi við aðferðir 10.1 og 10.2,

a = rúmmál deiliskammtsins í ml, sem tekinn er úr útdráettinum,

M = massi prófunarsýnisins í grömmum.

Aðferð 10.10

Ákvörðun á mólýbdeni í útdrátti úr áburði með þyngdarmælingu þar sem 8-hýdroxýkínólín er notað

1. Gildissvið

Í þessu skjali er fastsett aðferð til að ákvarða mólýbdeni í útdrátti úr áburði.

2. Notkunarsvið

Þessi aðferð er notuð við greiningu áburðarsýna, sem dregin eru út með aðferðum 10.1 og 10.2, ef þess er krafist í E-þætti I. viðauka við þessa reglugerð að gefin sé yfirlýsing um innihald mólýbdens í áburðinum.

3. Grundvöllur aðferðar

Mólýbdeninnihald er ákvarðað með útfellingu mólýbdenýloxinats við sérstök skilyrði.

4. Prófefni

4.1. Brennisteinssýrulausn, um 1 mó/l

55 ml af brennisteinssýru (H_2SO_4 , $d_{20} = 1,84$ g/ml) er hellt varlega í eins lítra mæliflösku sem inniheldur 800 ml af vatni. Blandist saman. Eftir kælingu er fyllt að einum lítra. Blandist saman.

4.2. Pynnt ammóníakslausn (1:3)

Eignum hluta af óblandaðri ammoníaklausn (NH_4OH , $d_{20} = 0,9$ g/ml) er blandað saman við þrjá hluta af vatni.

4.3. Pynnt ediksýrulausn (1:3)

Eignum hluta af óblandaðri ediksýrulausn (99,7% CH_3COOH , $d_{20} = 1,049$ g/ml) er blandað saman við þrjá hluta af vatni.

4.4. Dínatríumsaltlausn úr etýlendíamíntetraediksýru (EDTA)

5 g af Na_2EDTA eru leyst upp í vatni í 100 ml mæliflösku. Fyllt er að markinu og þessu blandað saman.

4.5. Jafnalausn

Í 100 ml mæliflösku eru 15 ml af óblandaðri ediksýru og 30 g af ammoníumasetati leyst upp í vatni. Fyllt er að 100 ml.

4.6. 7-hýdroxýkvínólínlausn (oxín)

Í 100 ml mæliflösku eru 3 g af 8-hýdroxýkvínólíni leyst upp í 5 ml af óblandaðri ediksýru. 80 ml af vatni er bætt við. Ammoníaklausninni (4.2) er bætt við í dropatali uns lausnin verður gruggug og síðan ediksýrunni (4.3) uns lausnin verður tær á ný.

Fyllt er að 100 ml með vatni.

5. Búnaður

5.1. Síudeigla P16/ISO 4 793, grop 4, rúmmál 30 ml

- 5.2. Sýrustigsmærir með glerrafskauti
- 5.3. Hitaskápur, stilltur á 130 til 135 C
6. **Tilreiðsla lausnar til greiningar**
- 6.1. Tilreiðsla mólýbdenlausnarinnar. Sjá aðferð 10.1 og aðferð 10.2
7. **Aðferð**
- 7.1. *Tilreiðsla þróunarlausnarinnar*

Deiliskammtur sem inniheldur 25 til 100 mg af Mo er settur í 250 ml bikarglas. Fyllt er að 50 ml með vatni.

Lausnin er stillt á pH-gildi = 5 með því að bæta brennisteinssýrulausninni (4.1) við í dropatali. 15 ml af EDTA-lausninni (4.4) er bætt við og síðan 5 ml af jafnalausninni (4.5). Fyllt er að 80 ml með vatni.

- 7.2. *Botnfallið framkallað og þvegið*

Botnfallið framkallað

Lausnin er lítið eitt hituð. Oxínlausninni (4.6) er bætt við um leið og hrært er í sífelli. Útfellingu er haldið áfram meðan hennar verður vart. Prófefni er bætt við uns lausnin sem flýtur ofan á verður eiltíð gul. Oftast nægja 20 ml. Botnfallið er hitað eiltíð áfram í tvær til þrjár mínútur.

Síun og þvottur

Síð er gegnum síudeiglu (5.1). Skolað er nokkrum sinnum með 20 ml af heitu vatni. Skolvatnið á smám saman að verða litlaust, sem sýnir að oxínið er horfið.

- 7.3. *Botnfallið vegið*

Botnfallið er þurrkað við 130 til 135 C uns stöðugri þyngd er náð (í minnst eina klukkustund).

Látið kólna í þurrkara og síðan vigtað.

8. **Framsetning niðurstaðna**

1 mg af mólýbdenýloxínati, $\text{MoO}_2(\text{C}_9\text{H}_6\text{ON})_2$, svarar til 0,2305 mg af Mo.

Hundraðshluti mólýbdens í áburðinum er fundinn út frá:

$$\text{Mo (\%)} = X \times 0,02305 \times \frac{V \times D}{a \times M}$$

þar sem

X = massi mólýbdenýloxínatbotnfallssins í mg,

V = rúmmál útdráttarlausnarinnar í ml, í samræmi við aðferðir 10.1 eða 10.2,

a = rúmmál deiliskammtsins í ml sem tekinn er úr síðustu þynningunni,

D = þynningarstuðull deiliskammtsins,

M = massi þróunarsýnisins í grómmum.

Aðferð 10.11

Ákvörðun á sinki í útdrátti úr áburði með frumeindagleypnimælingu

1. **Gildissvið**

Í þessari aðferð er lýst ákvörðun á sinki í útdrátti úr áburði.

2. Notkunarsvið

Þessi aðferð er notuð við greiningu áburðarsýna, sem dregin eru út með aðferðum 10.1 og 10.2, ef þess er krafist í E-þætti I. viðauka við þessa reglugerð að gefin sé yfirlýsing um innihald sinks í áburðinum.

3. Grundvöllur aðferðar

Eftir að útdrættirnir hafa hlotið viðeigandi meðhöndlun og þynningu er sinkinnihaldið ákvárdar með frumeindagleypnimælingu.

4. Prófefni

4.1. Saltsýrulausn, u.p.b. 6 mól/l

Sjá aðferð 10.4 (4.1).

4.2. Saltsýrulausn, u.p.b. 0,5 mól/l

Sjá aðferð 10.4 (4.2).

4.3. Lantansaltlausnir (10 g af La í hvern lítra)

Sjá aðferð 10.4 (4.3).

4.4. Sinkkvörðunarlausnir

4.4.1. Sinkstofnlausn (1 000 µg/ml)

1 g af sinkdufti eða sinkflögum, vegið með 0,1 mg nákvæmni, er leyzt í 25 ml af 6 mól/l saltsýrulausn (4.1) í 1 000 ml mæliflösku. Þegar sinkið er algjörlega uppleyst er fyllt að markinu með vatni og þessu blandað vel saman.

4.4.2. Sinklausn sem unnið er með (100 µg/ml)

20 ml af stofnlausninni (4.4.1) eru þynntir með 0,5 mól/l saltsýrulausn (4.2) í 200 ml mæliflösku. Fyllt er að markinu með 0,5 mól/l saltsýrulausn og þessu blandað vel saman.

5. Búnaður

Litrófsmælir fyrir frumeindagleypnimælingar.

Sjá aðferð 10.4 (5). Tækið skal búið geislagjafa sem sendir frá sér geisla sem eru einkennandi fyrir sink (213,8 nm). Litrófsmælirinn skal þannig gerður að koma megi við bakgrunnsleiðréttingu.

6. Tilreiðsla lausnar til greiningar

6.1. Sinkútdráttarlausn

Sjá aðferð 10.1 og/eða 10.2.

6.2. Tilreiðsla prófunarlausnarinnar

Sjá aðferð 10.4 (6.2). Prófunarlausnin skal innihalda 10% (rúmmálshlutfall) af lantansaltlausn (4.3).

7. Aðferð

7.1. Tilreiðsla núlllausnarinnar

Sjá aðferð 10.4 (7.1). Núlllausnin skal innihalda 10% af lantansaltlausninni, sem tilgreind er upp er í 6.2, miðað við rúmmál.

7.2. Tilreiðsla kvörðunarlausnanna

Sjá aðferð 10.4 (7.2). Til að fá kjörmælibil fyrir sink, sem er 0 til 5 µg/ml, er (í sömu röð) 0, 0,5, 1, 2, 3, 4 og 5 ml af tilsvarandi lausn sem unnið er með (4.4.2) hellt yfir í röð af 100 ml mæliflöskum. Ef nauðsyn krefur er styrkleiki saltsýrunnar lagaður eins nákvæmlega og unnt er að styrkleika prófunarlausnarinnar. 10 ml af lantansaltlausninni, sem er tilgreind í lið 6.2, er bætt í hverja mæliflösku. Fyllt er að 100 ml með 0,5 mól/l saltsýrulausn (4.2) og þessu blandað vel saman.

Þessar lausnir innihalda (í sömu röð) 0, 0,5, 1, 2, 3, 4 og 5 µg/ml af sinki.

7.3. Ákvörðun

Sjá aðferð 10.4 (7.3). Litrófsmælirinn (5) er hafður til reiðu fyrir mælingar við bylgjulengd 213,8 nm.

8. Niðurstöður mælinga

Sjá aðferð 10.4 (8).

Hundraðshluti sinks í áburðinum er fundinn út frá:

$$Zn (\%) = [(x_s - x_b) \times V \times D] / (M \times 10^4)$$

Hafi aðferð 10.3 verið beitt:

$$Zn (\%) = [(x_s - x_b) \times V \times 2D] / (M \times 10^4)$$

þar sem

Zn = magn sinks, gefið upp sem hundraðshluti áburðarins,

x_s = styrkleiki þróunarlausnarinnar í µg/ml,

x_b = styrkleiki núlllausnarinnar í µg/ml,

V = rúmmál útdráttarlausnarinnar í ml, sem fæst samkvæmt aðferð 10.1 eða 10.2,

D = sá stuðull sem samsvarar þynningunni sem gerð er samkvæmt lið 6.2,

M = massi þróunarsýnisins í grómmum, sem tekið er samkvæmt aðferð 10.1 eða 10.2.

Útreikningur á þynningarstuðlinum D:

Ef (a1), (a2), (a3), ..., (ai) og (a) er röð deiliskammta og (v1), (v2), (v3), ..., (vi) og (100) er rúmmál samsvarandi þynninga þeirra, í sömu röð, í ml er þynningarstuðullinn D jafn:

$$D = (v1/a1) \times (v2/a2) \times (v3/a3) \times \dots \times (vi/ai) \times (100/a)$$

*V. VIDAUKI***A. SKRÁ YFIR SKJÖL SEM FRAMLEIÐENDUR EDA FULLTRÚAR ÞEIRRA SKULU HAFA HLIÐSJÓN AF ÞEGAR
ÞEIR TAKA SAMAN TÆKNISKJÖL FYRIR NÝJA TEGUND ÁBURDAR SEM ÞEIR ÓSKA EFTIR AÐ VERDI
BÆTT VID I. VIDAUKA VID PESSA REGLUGERD**

1. Leiðbeiningar um samantekt tækniskjala fyrir umsókn um að fá að auðkenna áburð með heitinu „EB-áburður“.

Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna L 138 frá 20.5.1994, bls. 4.

2. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE frá 5. mars. 1991 þar sem mælt er fyrir um sérstök upplýsingakerfi er varða hættulegar efnablöndur við framkvæmd 10. gr. tilskipunar 88/379/EBE.

Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna L 76 frá 22.3.1991, bls. 35.

3. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 93/112/EB frá 10. desember 1993 um breytingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE þar sem mælt er fyrir um sérstök upplýsingakerfi er varða hættulegar efnablöndur við framkvæmd 10. gr. tilskipunar ráðsins 88/379/EBE.

Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna L 314 frá 16.12.1993, bls. 38.

**B. STAÐLAR FYRIR FAGGILDINGU RANNSÓKNARSTOFA SEM ERU TIL PESSIONAR OG HAFA HEIMILD TIL
AD VEITA NAUDSYNLEGA ÞJÓNUSTU VID EFTIRLIT MED SAMRÆMI EB-ÁBURDAR VID ÁKVÆDI
PESSIONAR REGLUGERDAR OG VIDAUKA VID HANA.**

1. Eftirfarandi staðall gildir að því er varðar rannsóknarstofur:

EN ISO/IEC 17025, almennar hæfniskröfur um prófanir og kvörðunarrannsóknarstofur.

2. Eftirfarandi staðall gildir að því er varðar faggildingarstofnanir:

EN 45003, kvörðun og prófanir á faggildingarkerfum fyrir rannsóknarstofur, almennar kröfur um rekstur og viðurkenningu.